## ÉG ER ENGIN PRÍMADONNA

*Hljómsveitin Sometime hefur notið mikilla vinsælda að undanförnu. Fréttablaðið yfirheyrði söngkonuna Rósu Ísfeld*











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. apríl 2008 — 99. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



LAUGARDAGUR



**Eiður borgar oftast**

Sveppi og Auddi ræða vináttu og störf **VIÐTAL 28**

**RADDIR BARNA, GÖNGUSKÍÐI OG VATNSVIKA UNICEF**

Sérblað um börn fylgir Fréttablaðinu í dag





**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART MEÐ KÖFLUM** Í dag verða austan og norðaustan 3-10 m/s, hvassast með ströndum suðaustan til og við Breiðafjörð. Bjart með köflum en hætt við stöku éljum með norður- og austurströndinni. **VEÐUR 4**

# Íslendingur fundinn sekur í Færeyjum

**Kviðdómur í Færeyjum úrskurðaði 25 ára Íslending sekan í tveimur ákæruliðum af þremur í Pólstjörnumálinu. Eins og að lenda í hakkavél, segir móðirin.**

**DÓMSMÁL** Kviðdómur í Færeyjum komst að þeirri niðurstöðu síðdegis í gær að 25 ára Íslendingur í Færeyjum, Birgir Páll Marteinsson, væri sekur um vörslu á fíkniefnum í Pólstjörnumálinu svokallaða. Þyngd refsingar hafði ekki verið ákvörðuð þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.

Pólstjörnumálið snerist um smygl á um 40 kílóum af fíkniefnum frá Danmörku, með viðkomu í Færeyjum, hingað til lands. Tveir menn sigldu skútunni með efnunum, en sex menn voru síðan dæmdir vegna málsins.

Birgir var fundinn sekur um að hafa efnin í vörslu sinni hluta þess tíma sem tveir af smyglurunum, þeir Guðbjarni Traustason og Alvar Óskarsson, voru í Færeyjum. Þá var Birgir fundinn sekur um að hafa hjálpað til við að smygla efnunum á þessum tíma með því að hafa á ýmsan hátt hjálpað skútumönnunum áður en þeir héldu för sinni áfram hingað til lands. Loks var hann sakfelldur fyrir að hafa tekið á móti miklu magni amfetamíns og e-töfludufts sem átti að fara til ónafngreinds manns í Færeyjum.

Það ríkti mikill kvíði hjá Birgi og aðstandendum hans í Færeyjum í gærkvöld, þegar beðið var úrskurðar kviðdóms og dómara um þyngd refsingarinnar.

„Sonur minn skilur þetta ekki, þetta er eins og að lenda í hakkavél,“ sagði Íris Inga Svavarsdóttir, móðir Birgis. „Þegar þessir drengir komu til hans og hann vissi hvað var í gangi þá var hann kominn inn í aðstæður sem hann réði ekkert við. Hann varð einfaldlega hræddur. Það er ekkert elsku mamma í fíkniefnaheiminum og hann ætlaði hvorki að fara að leggja vini sína né ættingja heima á Íslandi í hættu. Hann lagði sig í líma að losna við mennina í burtu þegar hann vissi hvers kyns var.“

Nær hálfs árs einangrunarvist sem Birgir mátti sæta hefur verið gagnrýnd. Færeyjadeild Amnesty International hyggst í kjölfarið kanna hversu mikið einangrun er nýtt sem úrræði í færeyskum fangelsum. **- jss**



**OLÍULEKI Í SUNDAHÖFN** Um eitt þúsund lítrar af dísilolíu láku í sjóinn í Sundahöfn við Korngarða í gær. Óhappið varð þegar verið var að dæla olíu úr skipinu Laxfossi sem lá við bryggju. Olían þakti hátt í 800 fermetra svæði í höfninni en starfsmönnum slökkviliðsins gekk vel að dæla henni úr sjónum. Ekki er talið að mikið tjón hafi hlotist af óhappinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk lögregluyfirvöld bíða eftir handtökubeiðni frá Póllandi:

# Eftirlýstur vegna morðs

**LÖGREGLUMÁL** Pólskur karlmaður, sem eftirlýstur er í heimalandi sínu af pólsku lögreglunni vegna rannsóknar á morðmáli, hefur dvalið hér á landi undanfarna mánuði. Hann vinnur hér í byggingarvinnu, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Íslenskum lögregluyfirvöldum er kunnugt um málið. Þau hafa hins vegar ekkert getað aðhafst þar sem pólsk lögregluyfirvöld hafa hvorki sent eftirlýsingu né handtökubeiðni á manninn hingað til lands, þrátt fyrir tilmæli héðan.

Maðurinn sem um ræðir er grunaður um hrottalegt morð sem framið var í Wloclawek í Póllandi. Pólska lögreglan gaf út handtökuskipun á hann á síðasta ári. Hann var þá í tengslum við glæpahóp sem fékkst einkum við fíkniefnasölu, peningaþvætti, vopnuð rán og fleira þvíumlíkt. Lögreglu grunar að þessi hópur sé að færa út kvíarnar, meðal annars með því að selja pólskar konur í vændisþjónustu í Þýskalandi. Þegar handtökuskipunin var gefin út hélt hann til Íslands. Í úttekt sem pólska dagblaðið Gazeta hefur gert á samfélagi Pólverja á Íslandi kemur fram að maðurinn og félagar hans stundi að taka hús á löndum sínum, búsettum hér, og neyði þá til að láta þá hafa peninga, sem þeir geri til að forðast vandræði.



**BROSIÐ GREINT** Japönsk kona prófar nýju tæknina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný tækni tekin í notkun:

# Brosmælingar hafnar í Japan

**JAPAN, AP** Japanskt fyrirtæki kynnti í vikunni nýja tækni sem mælir hve breitt bros er á andliti fólks.

Tölvuforrit skannar ljósmynd af fólki og greinir andlit fólks á myndinni. Síðan er mælt hve breitt fólk brosir, og er þá stuðst við greiningu á myndum af milljón manns og brosum þeirra.

Bros hafa mælst allt frá núll prósent og upp í 89 prósent, en fyrirtækið Omron telur að þessi tækni geti nýst á mörgum sviðum. Meðal annars megi nota þetta í þágu læknavísindanna, til að meta sálarástand sjúklinga. Einnig geti fólk notað tæknina til að bæta broshæfileika sína, auk þess sem þetta getur auðveldað vélmennum að skilja svipbrigði fólks. **- gb**

Flugmenn hjá Icelandair:

# Hefja verkfallsundirbúning

**KJARAMÁL Samninganefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) hefur verið falið að hefja undirbúning að boðun verkfalls vegna endurnýjunar kjarasamninga við Icelandair. Þetta var samþykkt á félagsfundi á fimmtudag.**

**Samningar hafa verið lausir síðan um áramót og funda aðilar nú hjá ríkissáttasemjara. Fundur í gær var árangurslaus og næsti fundur er boðaður á miðvikudag.**

**Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður FÍA, segir að ef ekkert gangi á þeim fundi hefjist verkfallsundirbúningur. - kóp**





**Við stöndum upp úr**

Fréttablaðið er með 64,20% meiri lestur en 24 stundir og 91,44% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára skv. könnun Capacent 1. nóv. 2007–31. jan. 2008

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11 | www.bilathing.is

OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP

Einn ferð betra verð

**SPURNING DAGSINS**



*Guðni, er Seðlabankinn í stýrivaxtarækt?*

„Nei, því miður, þetta er eyðimerkurganga.“

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, telur að vaxtahækkun Seðlabankans slái ekki á verðbólgu. Á hinn bóginn verði hún til að dauðrota íslenskt athafnalíf.

Þrjú banaslys hafa orðið á veginum milli Hveragerðis og Selfoss á rúmu ári:

# Karlmaður lést eftir harðan árekstur

**SLYS** Karlmaður á sextugsaldri lést í hörðum árekstri á Suðurlandsvegi í Ölfusi í gærmorgun.

Slysið varð með þeim hætti að pallbifreið sem ekið var vestur Suðurlandsveg fór yfir á rangan vegarhelming og rakst á vinstra horn vörubifreiðar sem kom úr gagnstæðri átt. Pallbifreiðin rann áfram eftir hlið vörubílsins og skall síðan framan á litlili sendibifreið sem var ekið á eftir vörubifreiðinni.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti ökumann sendibílsins á Landspítalann í Fossvogi, þar sem hann var úrskurðaður látinn. Ökumaður pallbílsins var einnig fluttur með þyrlunni en meiðsli hans reyndust ekki alvarleg.

Lögreglan á Selfossi rannsakar tildrög slyssins. Aðstæður til aksturs voru góðar þegar slysið varð, vegurinn þurr og bjart í veðri.

Slysið varð á móts við Hvammsveg við Gljúfurárholt og er þriðja banaslysið sem verður á vegakaflanum milli Hveragerðis og Selfoss á rúmu ári. Þar hafa nú orðið fjögur banaslys frá árinu 1992. Gunnar Geir Gunnarsson, verkefnastjóri slysaskráningar hjá Umferðarstofu, segir að slys séu vissulega tíð á þessum kafla en þó í meðallagi séu allir vegakaflar í grennd við höfuðborgarsvæðið skoðaðir.

Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. - þo



MYND/ÓLAFUR Þ. ÓLAFSSON

**HARÐUR ÁREKSTUR** Pallbíllinn rakst á vörubifreið og kastaðist síðan á sendiferðabíl. Ökumaður sendibílsins lést.



**GRÍMSEYJARFERJAN SÆFARI** Áætlunarferðir milli Grímseyjar og Dalvíkur með nýjum Sæfara hófust í gær. MYND/FREYR ANTONSSON

Grímseyjarferjan Sæfari:

## Nýr Sæfari hefur siglingar

**SAMGÖNGUMÁL Sæfari, ný Grímseyjarferja, fór í sína fyrstu ferð í gær þegar siglt var frá Dalvík. Þaðan mun ferjan halda uppi reglulegum siglingum til Grímseyjar.**

**Við komuna til Grímseyjar var Grímseyingum, samgönguráðherra og vegamálastjóra boðið til athafnar um borð í Sæfara. Að því búnu var siglt í kringum eyjuna. Sigling nýs Sæfara milli Dalvíkur og Grímseyjar tók um þrjár klukkustundir og fimmtán mínútur. Það er litlu skemmri tími en tók gamla Sæfara að sigla þá 67 kílómetrar sem eru þar á milli.** - ovd

Akranesbær spyr HB Granda:

## Vilja vita hvert kvótinn fór

**FISKVINNSLA** Bæjarráð Akraness hefur falið bæjarstjóra og formanni Verkalýðsfélags Akraness að krefja forsvarsmenn HB Granda um svör varðandi tilfærslu aflaheimilda.



**GÍSLI S. EINARSSON**

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segir að kallað verði eftir úttekt á stöðunni. „Við viljum vita hvað hefur farið mikið af heimildum frá þeim og hvert,“ segir Gísli.

Hann segir Akurnesinga ósátta með tilfærsluna. „Við skiljum ekki af hverju verið er að færa heimildir frá Akranesi, þar sem fiskvinnsla er ríkjandi, til Reykjavíkur þar sem hún er víkjandi.“ - kóp

**PAKISTAN**

### Stjórnin aflléttir hömlum

Nýja ríkisstjórnin í Pakistan hófst í gær handa við að afturkalla margar umdeildar ákvarðanir Pervez Musharrafs forseta. Í gær var lagt fram frumvarp um að aflétta hömlum á starfsemi fjölmiðla.

**KJARAMÁL**

### Viðræður dragast á langinn

Kjaraviðræður flugumferðarstjóra standa enn yfir en þær hófust í lok janúar. Loftur Jóhannesson, formaður samninganefndar flugumferðarstjóra, segist vonast til að sættir náist fljótt en eitthvað beri þó enn á milli.

# Hrun fasteignaverðs alþjóðlegt vandamál

**Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands segir spá um 30 prósenta verðlækkun á íbúðaverði vera raunsæja og eðlilega. Hluti af alþjóðlegri þróun. Guðmundur Bjarnason segir stjórnvöld geta brugðist við með stuðningi við Íbúðalánasjóð.**

**HÚSNÆÐISMÁL** „Fasteignaverðbólan var alþjóðlegt fyrirbæri og skýrist fyrst og fremst af einstaklega hagstæðum fjármálaskilyrðum og lægstu vöxtum á mörkuðum í hundrað ár. Hjöðnun þessa fasteignaverðs verður líka alþjóðlegt fyrirbæri,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands. Hann segir spá bankans um þrjátíu prósenta lækkun fasteignaverðs fram til loka árs 2010 raunsæja og eðlilega.

Arnór segir bankann ekki geta spáð nákvæmlega fyrir um verð frekar en aðrir sem það reyni. Hins vegar sé nauðsynlegt að skoða málin í samhengi við ástandið eins og það er. „Ef við horfum á raunverðið [á fasteignamarkaði] erum við ekki að gera ráð fyrir að það falli niður fyrir meðaltalsraunverðið á undanförnum tíu árum. Það meðaltalsraunverð er miklu hærra en meðaltalsraunverðið áratugina á undan. Að vissu leyti erum við því bara að reikna með því að fasteignamarkaðurinn fari í venjulega stöðu,“ segir Arnór.

Arnór segir efnahagslægðina sem nú einkenni alþjóðleg hagkerfi meðal annars hafa þau einkenni að fasteignaverð falli. Þá séu markaðsaðstæður hér á landi óhagstæðar á mörgum vígstöðvum. „Það sem við stöndum frammi fyrir núna er raunlækkun sem er meiri en nokkurn tíma áður. Við stöndum líka frammi fyrir viðskiptahalla sem er meiri en nokkurn tímann áður. Við erum líka með efnahagsreikninga einstaklinga og fyrirtækja sem eru viðkvæmari fyrir gengislækkun en nokkurn tímann áður. Gengislækkunin síðan í nóvember er hraðari og meiri en við höfum séð áður. Það er því ansi margt sem er í meira ójafnvægi en það hefur verið,“ segir Arnór.

Hann segir verðlækkanir komnar fram víða um heim. Meðal annars hafi fasteignaverð víðs vegar um Bandaríkin lækkað mikið, um fimmtán til tuttugu prósent á einu ári. Merki mikilla verðlækkana sjáist nú í Englandi, Írlandi, Spáni, Danmörku og Noregi.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segist stjórnvöld geta gert margt til þess að koma í veg fyrir skell á fasteignamarkaðnum. „Ég hef ekki trú á því að ástandið sé eins slæmt og Seðlabankinn spáir en það er ekki gott að segja. Það má afnema brunabótamatsviðmið á lánum Íbúðalánasjóðs og hækka hámarkslán hans til þess að bregðast við stöðunni. Hámarkslán hjá okkur er átján milljónir, sem er auðvitað allt of lágt miðað við markaðsstöðuna. Þá finnst mér koma til greina að hækka lánshlutfallið í níutíu prósent.“ - mh



**ÍBÚÐABYGGINGAR** Seðlabankinn spáir þrjátíu prósenta verðlækkun á fasteignum til ársloka 2010. Meðal þess sem getur kynt undir verðlækkun er mikið framboð húsnæðis á sama tíma og eftirspurn er lítil. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gylfi Magnússon dósent:

### Spáin getur kallað fram verðlækkun

„Ef Seðlabankinn spáir því að fasteignaverð muni lækka og sú spá er talin trúverðug þá getur það kallað fram lækkun,“ segir Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands.

Aðspurður hvort hann telji að Seðlabankinn sé með spánni að reyna að tala verðbólguna niður, í ljósi þess að fasteignaverð er inni í vísitölureikningum, segist Gylfi telja það ósennilegt. „Hins vegar tiltur ef það að eina sem geti lækkað verðbólguna hratt eins og sakir standa sé mikil lækkun á fasteignamarkaði, því aðrir hlutir gefa ekki mikið eftir.“



**HREINSUNARÁTAK** Sjötíu prósent fasteigna við Laugaveg hafa þegar verið hreinsuð.

Átak í hreinsun veggjakrots:

## Laugavegurinn næstum hreinn

**UMHVERFISMÁL** Tvö þúsund fermetrar af veggjakroti hafa nú þegar verið hreinsaðir við Laugaveg í átaki í hreinsun veggjakrots í miðborg Reykjavíkur.

Átakið hefur staðið yfir í rétt rúma viku og hafa farið rúmlega 500 vinnustundir í að hreinsa sjötíu prósent fasteigna við Laugaveg. Að sögn verkefnisstjóra átaksins hefur hreinsunin gengið mjög vel og viðbrögð eigenda, rekstraraðila og almennings verið mjög jákvæð. Vegfarendur um Laugaveg hafa einnig látið í ljós ánægju sína og hvatt starfsmenn borgarinnar og verktaka til dáða. - kg

Gengi deCODE lækkar enn:

## Gengi deCODE aldrei lægra

**FJÁRMÁL Gengi deCODE Genetics, móðurfélags Íslenskrar erfðargreiningar, féll í 1,20 í gær. Er þetta lægsta gengi sem félagið hefur náð. Þegar leið á daginn hækkaði gengið og fór hæst í 1,37, en var í 1,34 við lokun markaða.**

**Markaðsvirði félagsins er samkvæmt þessu um 81,5 milljónir dala, sem samsvarar tæpum sex milljörðum íslenskra króna.**

**Gengi félagsins hefur verið á niðurleið undanfarna daga og nam lækkunin í gær tæpum þremur prósentustigum.** - kóp

Formaður Starfsgreinasambandsins um forsendur nýgerðra kjarasamninga:

# Köllum eftir víðtæku samráði

**EFNAHAGSMÁL** Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, SGS, segir að ekki reyni á starf forsendunefndar fyrr en í byrjun næsta árs þegar tímamörkin í framlengingarákvæði kjarasamninga komi til umræðu. Verkalýðshreyfingin hafi hins vegar kallað eftir samráði við stjórnvöld og vinnuveitendur og fengið undirtektir en svo gerist ekki neitt.

Forsendur samninga á almennum vinnumarkaði eru tvær; að kaupmáttur standi í stað eða fari ekki minnkandi, og verðbólgumarkmið. „Ef svo heldur fram sem horfir fjúka bæði þessi skilyrði og ansi dugar til að samningurinn verði ekki framlengdur,“ segir Kristján og kveðst hafa áhyggjur af þróuninni.

„Mér finnst ríkisstjórnin láta reka á reiðanum. Þetta veldur óskaplegum óstöðugleika. Við höfum af þessu verulegar áhyggjur, bæði félögin og Alþýðusambandið. Mér finnst við fljóta að feigðarósi.“

Framkvæmdastjórnarfundur verður hjá Starfsgreinasambandinu í næstu viku og býst Kristján við að staðan í efnahagsmálum verði til umræðu þar. „Það hafa allir á þessu skoðanir. Krónan er eins og sökkvandi skip og alltaf að bætast fleiri í þann hóp sem vilja yfirgefa krónuna. Samtök atvinnulífsins eru nú með hugmyndir um bakleiðir að evrunni. Þeim væri ráðlegast að koma alveg út úr skápnum og leggja til að við tökum upp viðræður við Evrópusambandið og göngum í það. Við í verkalýðshreyfingunni viljum aðildarviðræður.“ - ghs



**LÆTUR REKA Á REIÐANUM** „Mér finnst ríkisstjórnin láta reka á reiðanum,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins.

Metmjólkurframleiðsla 2007:

## 124 milljónir mjólkurlítra

**LANDBÚNAÐUR** Í fyrra voru framleiddar 124 milljónir lítra af mjólk á landinu og hefur magnið aldrei verið svo mikið. Þetta kom fram á aðalfundi Auðhumlu sem haldinn var á fimmtudag.

112 lítrar komu frá framleiðendum Auðhumlu, eða sem svarar 91% allrar mjólkurframleiðslu.

Auðhumla er samvinnufélag í eigu um 700 mjólkurframleiðenda og rekur meðal annars Mjólkursamsöluna.

Heildarsala félagsins nam 12,6 milljörðum króna í fyrra og var rekstrartap 588 milljónir króna. Tapið nam 196 milljónum þegar horft er til fjármagnstekna. - kóp




BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND, TYRKLAND OFL.

Smáralind
Kópavogi
Næg bílastæði

**Sýningin fer fram**
**í Vetrargarðinum í Smáralind.**

lau. og sun. 12. - 13. apríl
11:00 - 18:00
Aðgangur ókeypis

## GENGIÐ 11.4.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,91 | 73,25 |
| Sterlingspund | 143,87 | 144,57 |
| Evra | 115,32 | 115,96 |
| Dönsk króna | 15,458 | 15,548 |
| Norsk króna | 14,518 | 14,604 |
| Sænsk króna | 12,268 | 12,34 |
| Japanskt jen | 0,7183 | 0,7225 |
| SDR | 119,52 | 120,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
148,096

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dótturfyrirtæki Glitnis í Noregi staðið að lögbrotum og svipt starfsleyfi:

# Áfall hjá Glitni í Noregi

**VIÐSKIPTI** „Þetta er ákveðið áfall, það er ekki hægt að neita því,“ segir Már Másson, talsmaður Glitnis banka.

Dótturfyrirtæki Glitnis, Glitnir Privatøkonomi, hefur verið svipt starfsleyfi fyrir alvarleg og kerfisbundin brot á lögum um verðbréfaviðskipti, að því er segir í yfirlýsingu norska fjármálaeftirlitsins.

Greint er frá þessu í Aftenposten, einu útbreiddasta dagblaði Noregs, auk þess sem fréttastofa Reuters hefur þegar greint frá málinu.

Norska fjármálaeftirlitið segir í yfirlýsingu að málið snerti ekki aðrar deildir Glitnis.




**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS** Norska fjármálaeftirlitið hefur svipt dótturfyrirtæki Glitnis í Noregi starfsleyfinu.

Már Másson segir að þótt starfsleyfi hafi verið skilað inn til fjármálaeftirlitsins snúi málið að takmörkuðum þætti í rekstri Glitnis Privatøkonomi og hafi hverfandi áhrif á rekstur Glitnis í Noregi.

„Við lítum málið alvarlegum augum,“ segir Már, spurður um alvarleika þess að nafn bankans sé í útbreiddum fjölmiðlum tengt við starfsleyfissviptingu og lögbrot á sama tíma og íslensk fjármálafyrirtæki leitist við að bæta ímynd sína og auka traust erlendis. Hann bætir því við að náið sé starfað með fjármálaeftirliti Noregs auk þess sem allir innri ferlar í Glitni Privatøkonomi séu í endurskoðun.

Í nýlegri skýrslu forsætisráðuneytisins um ímynd Íslands erlendis segir að hún sé almennt jákvæð, en veikburða. **- ikh**

Franskir gíslar frelsaðir:

## Lausir úr höndum sjóræningja

**FRAKKLAND, AP** Sjóræningjar hafa látið lausa 30 gísla sem voru um borð í snekkju sem þeir rændu undan strönd Sómalíu í síðustu viku. Franski forsetinn Nicolas Sarkozy greindi frá þessu í gær.

Í yfirlýsingu frá forsetanum segir að hann þakki franska hernum og öðrum frönskum aðilum fyrir það hve snögglega tókst að binda enda á málið. Í yfirlýsingunni kom ekki fram hvar eða hvenær gíslarnir voru látnir lausir. Hjá franska utanríkisráðuneytinu fengust þær upplýsingar að gíslarnir væru komnir til Djíbúti og flogið yrði með þá til Parísar. **- aa**

# Fleiri konur með áverka en færri kæra

**Mun fleiri konur sem leituðu til Kvennaathvarfsins í fyrra nefndu líkamlegt ofbeldi sem ástæðu komu. Framkvæmdastýra athvarfsins segist hafa áhyggjur af því að ofbeldi sé að harðna. Færri konur kæra.**

**FÉLAGSMÁL** Í Kvennaathvarfið leituðu 288 konur á síðasta ári. Mun fleiri konur en áður nefndu líkamlegt ofbeldi sem ástæðu komu og segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra athvarfsins, það vekja áhyggjur um hvort ofbeldi sé hugsanlega að harðna.

Á síðasta ári leituðu hins vegar færri konur ásjár Kvennaathvarfsins en árið 2006. Það segir Sigþrúður þó ekki endilega gleðifréttir og segi lítið um ofbeldi sem viðgangist á heimilum í samfélaginu heldur aðallega um það hve margar konur leiti sér hjálpar. Einnig bendir hún á að á þessu ári hafi rúmlega tvöfalt fleiri konur komið til athvarfsins vegna heimilisofbeldis en á sama tíma í fyrra. Ásókn eftir þeirri aðstoð sem veitt er í Kvennaathvarfinu sé mjög sveiflukennd.

Einnig vekur athygli að þótt samtals hafi komur í athvarfið verið 469 í fyrra en 712 árið á undan voru fleiri í fyrra sem komu í til dvalar og dvöldu þær lengur í athvarfinu en áður. Það segir Sigþrúður líklegast skýrast af ástandi á húsnæðismarkaðnum. Þegar erfiðara sé að verða sér úti um húsnæði sé ljóst að konur sem verði fyrir heimilisofbeldi eigi í færri hús að venda. Reynt sé að taka saman tölur um hvert konur fari að lokinni dvöl og sýni þær að í fyrra fóru þrjátíu prósent aftur í óbreyttar aðstæður, tólf prósent í breyttar aðstæður og er þá átt við við að ofbeldismaðurinn hafi flutt af heimilinu, farið í meðferð eða byrjað að vinna í sínum málum, en 22 prósent kvennanna þurftu að flytja í nýtt húsnæði. „Sem þýðir í raun að konan og börnin þurfa að flytja af heimilinu vegna ofbeldis en ofbeldismaðurinn verður eftir heima án þess að þurfa að takast á við nein vandræði sem flutningum fylgja,“ segir Sigþrúður. Rúmlega tuttugu prósent kvennanna fluttust þá til vina eða ættingja eftir dvöl í athvarfinu.

Í fyrra tók Kvennaathvarfið í fyrsta skipti saman upplýsingar um líðan þeirra kvenna sem þangað leituðu. Langflestar þeirra þjáðust af kvíða, þreytu og einkennum þunglyndis, um helmingur þeirra hafði tíða höfuðverki og vöðvabólgur, tæplega þriðjungur þeirra hafði íhugað sjálfsvíg og þriðjungur sagðist hafa greinst með sjúkdóm þann tíma sem þær bjuggu við ofbeldi svo sem þunglyndi, átröskun og gigt.

Aðeins fimmtán prósent kvennanna kærðu ofbeldið og er það fækkun frá árinu 2006 en Sigþrúður bendir á að langfæstar kærurnar leiði til ákæru og því hafi lagaumhverfið og réttarkerfið ekki hvetjandi áhrif. „Það er afar sjaldgæft að dómar falli í svona málum og eru þeir þá venjulega mjög vægir,“ segir Sigþrúður. **karen@frettabladid.is**



**SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR** Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir fleiri konur leita til athvarfsins sem hafi líkamlega áverka. Andlegt ofbeldi sé þá ávallt óumflýjanlegur fylgifiskur líkamlegs ofbeldis og veki fjölgunin áhyggjur um hvort ofbeldi sé að harðna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KOMUR Í KVENNA-ATHVARFIÐ 2006-2007**

| | 2006 | 2007 |
|---|---|---|
| Komur samtals | 469 | 712 |
| Viðtöl | 368 | 613 |
| Dvöl | 101 | 99 |
| Dvalarkonur án barna | 55 | 58 |
| Dvalarkonur með börn | 46 | 41 |
| Fjöldi barna | 68 | 57 |



**STURLA JÓNSSON** Talsmaður bílstjóra segir aðgerðina í gær hafa verið óskipulagða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Atvinnubílstjórar minna á sig:

## Töfðu umferð í Ártúnsbrekku

**MÓTMÆLI Hópur atvinnubílstjóra tafði umferð í Ártúnsbrekku upp úr í hádegi í gær. Keyrðu þeir langt undir löglegum hámarkshraða og tepptu allar akreinar.**

**Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, segir þessa aðgerð hafa verið óskipulagða. „Menn voru að fá sér að borða saman og ákváðu að taka einn hring eftir matinn. Þetta datt bara í menn,“ segir Sturla.**

**Fulltrúar bílstjóra funda með lögfræðingi fjármálaráðuneytis á þriðjudag. Sturla segir engin frekari mótmæli fyrirhuguð, en atvikið sýni að allt geti gerst. - kóp**

**FASTEIGNAMARKAÐUR**

### Velta minnkar

Velta á fasteignamarkaði dróst saman í síðustu viku frá vikunni á undan. Veltan var 2,2 milljarðar miðað við 2,8 í vikunni á undan.

**SLYS**

### Öll þrjú á batavegi

Fólkið sem slasaðist í árekstri á Reykjanesbraut á miðvikudagsmorgun er enn á sjúkrahúsi. Einn liggur enn á gjörgæslu en hin tvö hafa verið útskrifuð þaðan á aðrar deildir. Að sögn læknis eru þau öll á batavegi.



**MÓTMÆLI Á INDLANDI** Tíbetar á Indlandi hafa óspart mótmælt Kínastjórn undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínastjórn harðorð:

## Bregst ókvæða við ályktun

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld fordæma ályktun Bandaríkjaþings, þar sem Kínastjórn er hvött til þess að hætta að berja niður mótmæli í Tíbet og hefja viðræður við Dalai Lama.

Kínverskir ríkisfjölmiðlar sögðu samtök ungra Tíbeta á Indlandi vera hryðjuverkasamtök. Kínastjórn rökstyður þessar ásakanir með því að segja mótmæli Tíbeta lið í ofbeldisherferð, sem hafi það markmið helst að kollvarpa Kínastjórn og eyðileggja Ólympíuleikana. Samtökin, sem eru í tengslum við útlagastjórn Tíbeta á Indlandi, sögðu ekkert hæft í þessum ásökunum. **- gb**

Viðbúnaður vegna flugvélar:

## Drap á hreyfli

**FLUG Flugmaður tveggja hreyfla flugvélar frá Flugskóla Íslands lenti vélinni á öðrum hreyflinum á Reykjavíkurflugvelli upp úr hádegi í gær.**

**Var flugvélin að koma inn til lendingar þegar flugmanninum tókst ekki að draga úr afli á öðrum hreyflinum. Ákvað hann því að slökkva á hreyflinum og lenti hann vélinni án nokkurra vandræða. Nokkur viðbúnaður var á Reykjavíkurflugvelli vegna þessa. - ovd**




Þú ert það sem þú hugsar

2 fyrir 1

Síðustu tvö helgarnámskeiðin með Guðjóni Bergmann:

· 18. til 20. apríl ·
· 30. maí til 1. júní ·

~~Fullt verð: 32.900 kr.~~
Tilboðsverð, 2 fyrir 1: 16.450 kr. pr. mann

*2 fyrir 1 tilboðið gildir frá 8. til 18. apríl.*

gbergmann.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGIN**
Þessa helgina má búast við rólegheitarveðri um mest allt land. Í dag verður víða nokkuð bjart veður, einkum þó sunnan til og vestan. Á morgun þykknar hins vegar víða upp og verður nokkuð þungbúið. Er hætt á að víða falli lítilsháttar úrkoma og þá él norðan til en skúrir eða slydduél syðra.



**Á MORGUN** Hæg, breytileg átt.

**MÁNUDAGUR** Hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Billund | 10° |
| Ósló | 7° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 8° |
| London | 14° |
| París | 12° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 20° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 14° |
| Eindhoven | 12° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 20° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Blandaðir vendir
1999 kr
10 stk/60sm Rósir
2499 kr
10 stk/50sm Rósir
1199 kr
10 stk Túlpanar
699 kr
5 stk Krýsi
1199 kr
Evrópuverð
í Blómavali
Vorlaukar
30% afsláttur
DAHLIA
RANUNCULUS
ANEMONE
ÍS á 10 kr
í Skútuvogi
KAFFI GARÐUR
Heitt súkkulaði með rjóma og kökusneið
190 kr.
Útsæði
20% afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Er umferðarmerkingum á Reykjanesbraut ábótavant?*

JÁ 76,1%

NEI 23,9%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú líklegt að fasteignaverð lækki um 30 prósent á næstu tveimur árum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Nánir samstarfsmenn Bandaríkjaforseta ræddu umdeildar yfirheyrsluaðferðir:

# Cheney heimilaði pyntingar

**BANDARÍKIN, AP** Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, og aðrir háttsettir embættismenn í stjórn George W. Bush forseta, gáfu heimild til þess að beita grunaða hryðjuverkamenn vatnspyntingum og öðrum harkalegum yfirheyrsluaðferðum.

Cheney og hinir embættismennirnir, þar á meðal, gættu þess vandlega að halda Bush forseta utan við fundi sína um yfirheyrsluaðferðir bandarísku leyniþjónustunnar. Á fundunum, sem haldnir voru í beinu framhaldi af árásunum 11. september 2001 fram á árið 2003, voru John Ashcroft, þáverandi dómsmálaráðherra, Colin Powell, þáverandi utanríkisráðherra, George Tenet, yfirmaður leyniþjónustunnar CIA, og Condoleezza Rice, þáverandi þjóðaröryggisráðgjafi, auk varaforsetans.



**DICK CHENEY** Varaforseti Bandaríkjanna gaf, ásamt fleiri nánum samstarfsmönnum Bush forseta, leyfi til þess að bandaríska leyniþjónustan beitti pyntingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umræðuefnið var hvort lagalegar heimildir væru fyrir því að leyniþjónustan CIA beitti þessum umdeildu aðferðum á fanga, sem grunaðir voru um hryðjuverk.

Bandaríska sjónvarpsstöðin ABC skýrði fyrst frá þessu. Fréttastofan AP fékk þetta síðan staðfest hjá fyrrverandi yfirmanni í bandarísku leyniþjónustunni, sem vildi þó ekki láta nafns síns getið þar sem hann hefur ekki heimild til að ræða þessi mál opinberlega. - gb

Fyrrverandi saksóknari í Haag:

# Sakar Serba um líffærasölu

**KOSOVO, AP Carla Del Ponte, fyrrverandi aðalsaksóknari stríðsglæpadómstólsins í Haag, segir í nýrri bók að hópur Kosovo-Albana hafi árið 1999, í lok Kosovostríðsins, drepið tugi Serba og selt líffæri þeirra.**

**Mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja hana styðja mál sitt nægilega sterkum rökum til að hefja þurfi rannsókn á málinu. Í bókinni segir Carla að nokkur hundruð manns hafi verið fluttir frá Kosovo inn í Albaníu. Sumt af yngra fólkinu í hópnum hafi verið drepið og læknar hirt úr því líffæri, sem síðan voru seld.** - gb





Viltu skilja orsakir og áhrif umhverfisbreytinga og vinna að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda?

Meistaranám í umhverfis- og auðlindafræði er tilvalið framhaldsnám fyrir hvern þann sem áhuga hefur á að takast á við mikilvægustu mál samtímans: Umhverfismál og auðlindanýtingu. Námið er þverfræðilegt og hentar hverjum þeim sem hefur BS- eða BA-gráðu.

**Nýleg dæmi um meistaraverkefni eru:**
» Umhverfisstjórnun fyrirtækja
» Vistvænar samgöngur
» Innivist: Mengun innandyra
» Svifryksmengun í Reykjavík
» Umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana
» Stjórnun strandsvæða
» Félagslega ábyrgar fjárfestingar
» Skipulag og umhverfi
» Umhverfi og lýðræði

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl nk.**
Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á vefnum: **umhverfi.hi.is**
Umsjón: Brynhildur Davíðsdóttir dósent í umhverfis- og auðlindafræði (bdavids@hi.is)

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 41966 04/08

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Nýjungar í endurnýjanlegri orku

Orkugjafar framtíðar

Breska sendiráðið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Iðnaðarráðuneytið og Orkuveita Reykjavíkur standa fyrir málþingi um nýjungar í endurnýjanlegri orku **fimmtudaginn 17. apríl** næstkomandi **kl. 08:20 – 10:00** í húsi Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1.

Framsögumenn:

***Þorsteinn Ingi Sigfússon***, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
*- The Renewables of the World: The Options at Hand -*

***Sue Whitbread***, framkvæmdastjóri PWX Limited, Bretlandi
*- Iceland – UK: Energy Technology Co-operation towards the Future -*

***Hólmfríður Sigurðardóttir***, verkefnisstjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur
*- CarbFix: $CO_2$ Fixation into Basalts at the Hellisheiði Geothermal Plant -*

***Geir Guðmundsson***, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands
*- Marine-Energy Potentials in Iceland -*

Fundarstjóri er ***Alp Mehmet*** sendiherra Bretlands.
***Össur Skarphéðinsson*** iðnaðarráðherra ávarpar fundinn.

Málþingið verður haldið á ensku.
Skráning er hafin á *postmaster@britishembassy.is*.

*Allir velkomnir*

Iðnaðarráðuneytið

British Embassy Reykjavik

Orkuveita Reykjavíkur


# Verðbólga stefnir í átján ára hámark

**Talsmenn neytenda telja að bankar og sparisjóðir hækki strax vexti á óverðtryggðum lánum. Framkvæmdastjóri ASÍ segir verðbólgu stefna í átján ára hámark. Samráðsvettvangur um mótun efnahagsstefnunnar talinn óvirkur.**

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, ASÍ, segir að Alþýðusambandið hafi „í vaxandi mæli“ áhyggjur af því að stjórn og staða efnahagsmála sé komin í hið mesta óefni. Verðbólga verði á næstu mánuðum í átján ára hámarki. Hún stefni í tveggja stafa tölu á tólf mánaða grunni og hafi þá ekki verið meiri frá því fyrir gerð þjóðarsáttar. Með sama framhaldi stefni í „nauðlendingu“.

„Það þýðir að allur sá árangur sem þjóðarsáttin skóp er endanlega fyrir bí. Kaupmáttur okkar félagsmanna mun fara mjög illa, verðtryggð lán munu fara upp úr þakinu, atvinnulífið mun frjósa yfir með þessa vaxtastefnu. Það er enginn sem getur staðist þessa vexti, hvorki fólk né fyrirtæki,“ segir Gylfi.



**DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI** Seðlabankinn hækkaði í vikunni stýrivexti um hálft prósentustig og eru þeir nú 15,5 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Besta leiðin til að takast á við þessa óvissu er að vinna sameiginlega að því að sporna gegn henni. Ég hélt að ríkisstjórnin væri þannig samsett að hún hefði skilning á þessu. Hún hafði frumkvæði að því að stofna formlegan vettvang um mótun efnahagsstefnunnar. Fyrsti fundur var haldinn í byrjun júlí en hópurinn hefi ekki verið kallaður saman síðan. „Hvers konar samráðsvettvangur er þetta þá?“ spyr Gylfi.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að bankar og sparisjóðir muni væntanlega hækka strax vexti á óverðtryggðum lánum, til dæmis yfirdráttarlánum. „Þannig að við sláum enn eitt heimsmetið í háum vöxtum,“ segir hann. „Þetta eru dapurleg tíðindi fyrir neytendur að mínu mati.“

Jóhannes vonar að bankarnir hækki vexti sem minnst og minnir á að heimilin séu þegar að kikna undan háum vöxtum. „Þau mega varla við meiru,“ segir hann.

„Þetta er því miður hálfgerð hrossalækning og ég er ekkert voðalega hrifinn af svona hrossalækningum,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda. „Það er verið að lækna erfiðan sjúkdóm með hrossalækningu sem virkar afar takmarkað. Stýrivaxtahækkunin virkar aðallega á yfirdráttarheimildir landsmanna og vextirnir eru alltof háir. Ég held að þarna þurfi önnur lækningatæki til, til dæmis gjaldmiðil sem virkar,“ segir Gísli spurður um það hvaða lækningatæki það væru. Stjórnmálamenn verði að leysa úr því sem fyrst. ghs@frettabladid.is

Viðræður að hefjast um launaliði í kjarasamningum grunnskólakennara:

# Kjaraviðræður ganga vel

**KJARAMÁL** Samningaviðræður grunnskólakennara og samninganefndar sveitarfélaganna ganga vel og má búast við að viðræður um launaliði hefjist í næstu viku. Grunnskólakennarar stefna að því að gera 12-14 mánaða samning að þessu sinni. Líkur eru á því að gildistími kjarasamninga kennara verði samræmdur gildistíma annarra starfsmanna sveitarfélaga í tveimur áföngum.



**ÓLAFUR LOFTSSON**

„Of djúpt er í árinni tekið að segja að við séum að ljúka þessum samningum en við erum búnir að ná í höfn langflestum öðrum málum, aðallega ágreiningsmálum sem hafa komið upp á samningstímanum,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Karl Björnsson, formaður samninganefndar sveitarfélaganna, segir að kjaraviðræðurnar hafi verið vinsamlegar og gengið vel. Stefnt sé að því að ljúka samningum fyrir mánaðamót.

„Við höfum rætt um að á einhverjum tímapunkti sé mikilvægt að kjarasamningur kennara hafi sama gildistíma og aðrir kjarasamningar. Þeir hafa yfirleitt verið með lausa samninga á öðrum tímum en aðrir starfsmenn sveitarfélaga. Vilji er til að færa kjarasamninga kennara inn í þann farveg. Mjög miklar líkur eru á því að þetta þurfi að gera í tveimur áföngum. Síðari samningurinn yrði þá með sama endapunkt og aðrir samningar sem sveitarfélögin gera næsta haust,“ segir hann.

Kjarasamningar annarra starfsmanna sveitarfélaga losna 30. nóvember. - ghs




**KJARABARÁTTA** Grunnskólakennarar fóru síðast í verkfall árið 2004. Ekki er útlit fyrir að kennarar fari í verkfall nú miðað við góðan gang samningaviðræðna.

# Allt í steik
## frábær tilboð!

OPIÐ til 20 alla daga




**Nautalundir**
- úr kjötborði

**2.998kr/kg**
Verð áður 3.997.




**Nautafile**
- úr kjötborði

**1.998kr/kg**
Verð áður 3.330.-




**Lambahryggur**
- úr kjötborði

**1.176kr/kg**
Verð áður 1.569.-

Santa Maria

Mesta úrvalið
af kryddi!




*meira krydd í tilveruna*



**Ítalskt eðal pasta**
- ferskt pasta beint frá Toscana




**Classico pastasósur**
- finndu muninn




**Richfood sykurpúðar**
- góðir á grillið

Gildir til 13. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




ÁRBÆR - SAMRÁÐSFUNDUR ÍBÚA OG BORGARSTJÓRA
Í dag laugardaginn 12. apríl kl. 12–14 í Árbæjarskóla




GRAFARVOGUR - SAMRÁÐSFUNDUR ÍBÚA OG BORGARSTJÓRA
Í dag laugardaginn 12. apríl kl. 13–15 í Rimaskóla




BREIÐHOLT - SAMRÁÐSFUNDUR ÍBÚA OG BORGARSTJÓRA
Í dag laugardaginn 12. apríl kl. 14–16 í Seljaskóla

SAMRÁÐ UM BETRA BORGARUMHVERFI

EINN, TVEIR OG REYKJAVÍK!
www.reykjavik.is sími: 411 11 11


Vaxandi heift milli stuðningsmanna Clinton og Obama:

# McCain styrkir stöðu sína

**BANDARÍKIN, AP** Heiftin milli stuðningsmanna Baracks Obama og Hillary Clinton er orðin það mikil að sumir þeirra segjast frekar ætla að kjósa repúblikanann John McCain en frambjóðanda demókrata, fari svo að þeirra frambjóðandi nái ekki sigri í prófkjörsbaráttunni.

Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun, sem bandaríska fréttastofan AP og skoðanakönnunarfyrirtækið Ipsos birtu á fimmtudag.

Samkvæmt sömu könnun nýtur Obama 46 prósenta fylgis en Clinton 43 prósenta. Þessar fylgistölur eru óbreyttar frá því síðasta könnun var birt.

Ef Clinton færi í framboð á móti McCain fengi hún 48 prósent en hann 45 prósent. Færu leikar hins vegar svo að Obama etti kappi við McCain fengju þeir báðir 45 prósenta fylgi.

McCain hefur þar með bætt verulega stöðu sína, því í síðustu könnun, sem gerð var í lok febrúar, hafði Obama tíu prósenta forskot á McCain. Mestu munar þar um minnkandi fylgi Obama meðal kvenna, en hann hefur einnig tapað fylgi í fleiri kjósendahópum, og má þar nefna unga kjósendur, auðuga, hörundshvíta og kaþólska kjósendur. **- gb**



**JOHN MCCAIN** Stendur nú jafnfætis bæði Clinton og Obama samkvæmt skoðanakönnunum. Þarna er hann að greiða fyrir pitsusneið í miðri kosningabaráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherrar Íslands og Bandaríkjanna áttu fund í Washington í gær:

# Vilja efla kvenráðherrasamstarf

**UTANRÍKISMÁL** Efling samstarfs kvenutanríkisráðherra, öryggismál og vegabréfsáritanir fyrir Íslendinga sem sinna viðskiptum vestanhafs voru meðal þeirra mála sem bar á góma á fundi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra með hinni bandarísku starfssystur sinni Condoleezzu Rice í Washington í gær.

Ingibjörg Sólrún segir þær hafa verið sammála um að efla samstarf þeirra kvenna sem gegna embætti utanríkisráðherra og voru sammála um að ein lykiláherslan í slíku samstarfi væri ályktun Sameinuðu þjóðanna númer 1.325 um konur, frið og öryggi. Það mál verði tekið upp á fundi kvenutanríkisráðherra í haust.

Einnig var rætt um ástand mála í Mið-Austurlöndum og Afganistan, Norðurslóðir, og öryggissamstarf Íslands og Bandaríkjanna. Einnig um þá enda sem hnýta þarf í kjölfar brotthvarfs Bandaríkjahers frá Íslandi haustið 2006 og framhald reglubundins öryggissamráðs ríkjanna, en næsti fundur innan þess ramma verður haldinn í lok apríl.



**KVENRÁÐHERRASAMRÁÐ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Condoleezza Rice heilsast í Washington í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðskipti ríkjanna voru einnig á dagskrá, einkum áritanir fyrir þá sem sinna viðskiptum vestra og þurfa að dvelja þar til lengri eða skemmri tíma. Lagði Ingibjörg Sólrún á það áherslu að Íslendingar kæmust í hóp þeirra þjóða sem eru undanþegnar kröfu um vegabréfsáritun fyrir kaupsýslumenn.

„Það skýtur dálítið skökku við að eftir um sjötíu ára samskiptasögu ríkjanna tveggja skuli Íslendingar ekki vera í þessum hópi þjóða. Ég fékk jákvæð viðbrögð en málið hefur velkst í kerfinu ytra,“ segir Ingibjörg.

Aðspurð segist hún hafa nefnt framboð Íslands til Öryggisráðs SÞ, en ekki fengið nein svör, enda ekki búist við þeim. **- aa/kóp**


ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

# Viðskipta-málsverðir

Grand Hótel 17. apríl 2008

PIPAR • SÍA • 80760



Bergþór Pálsson er einn þekktasti óperusöngvari þjóðarinnar. Hann hefur skrifað bók um veislur og borðsiði, auk þess hefur hann haldið fjölmörg námskeið um sama efni fyrir stjórnendur fyrirtækja og félagasamtök.

Við framkvæmd viðskipta er nauðsynlegt að hafa borðsiði á hreinu enda fer stór hluti viðskipta fram við borðhald og í veislum.

Útflutningsráð Íslands stendur fyrir stuttu hádegisnámskeiði í borðhaldi og „etiquette“ sem tengist viðskiptamálsverðum **fimmtudaginn 17. apríl nk.** Leiðbeinandi er Bergþór Pálsson. **Námskeiðið fer fram á Grand Hótel, 4. hæð, og stendur yfir frá kl. 11.00-13.00.** Samskonar námskeið var haldið á vegum Útflutningsráðs fyrr á árinu og komust færri að en vildu.

**Fyrirlesturinn er ætlaður fólki í viðskiptum.** Þar verður m.a. farið yfir grunnatriði í borðsiðum og sætaskipan. Sá sem ber sig kunnáttusamlega að við borðhaldið er vís til að hafa pappírana einnig á hreinu. Einnig verður komið inn á hugarfar sem framkallar traust milli fólks í viðskiptum.

Verð á þetta skemmtilega námskeið er 5.900 kr. Hádegisverður er innifalinn. Fjöldi sæta er takmarkaður.

Skráning fer fram í netfanginu **utflutningsrad@utflutningsrad.is** eða í síma 511-4000. Nánari upplýsingar veitir Bergur Ebbi Benediktsson, verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

## Allt að gerast á VORGLEÐI laugardag og sunnudag

- Lífrænt ræktaðar kryddplöntur – Ingólfur á Engi gefur ráð á laugardeginum kl. 14.00 – 16.00
- Ræktun á svölum – sjáið hugmyndir
- Krakkarnir fá að sá fræi í pott
- Prófaðu réttu klippurnar
- Fáið hugmyndir að sumarbústaðaföndri
- Kynning á hinum frábæru Weber grillum – sérfræðingur frá kl. 13.00 – 16.00 báða dagana
- Skoðið úrvalið af nýju garðljósunum
- Kynnist nýjum bláberjaplöntutegundum
- Skoðið nýjar reyniplöntutegundir
- Kynnið ykkur ýmsar tegundir af mold
- Lærið að gera hengikörfur: kryddkörfu eða með blómum
- Eru vandamál í garðinum – þiggið GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA
- Sérfræðingur frá Himneskri hollustu verður með ráðgjöf í heilsudeildinni, laugardag og sunnudag

Pylsur og kók **50kr**

Kaffi og kleinur í boði Garðheima

Blessað vorið er komið og Garðheimar eru nú komnir í vorbúninginn. Gróðurhúsin og verslunin full af nýjum spennandi plöntum og vörum fyrir garðinn þinn!

# Vorgleði Garðheima
## er um helgina

## 20% helgarafsláttur af...

















### Garðheimablaðið

Stútfullt blað af góðum ráðum - skemmtilegum greinum - umfjöllun um sumarblóm og trjáplöntur -náðu þér í frítt eintak!






**NJÓTUM VORSINS – munið: GARÐVINNA ER GAGNLEGT SPORT!**




GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



Landsmenn kaupa meira af mat og drykk þrátt fyrir hækkun vöruverðs:

# Aukin velta í dagvöruverslun

**VIÐSKIPTI** Velta í dagvöruverslun jókst um 7,2 prósent í marsmánuði miðað við sama mánuð í fyrra. Er þá miðað við fast verðlag. Hækkunin nam hins vegar fjórtán prósentum á breytilegu verðlagi. Kemur þetta fram í niðurstöðum Rannsóknarseturs verslunarinnar á Bifröst.

Minni munur var á milli febrúarmánaða í ár og í fyrra og er skýringa líklega að leita í því að í ár var páskahátíðin í mars með tilheyrandi aukinni verslun. Þá hækkaði verð á dagvöru um 6,4 prósent nú í mars frá því í mars í fyrra.

Sala á áfengi í mars jókst um 4,4 prósent á breytilegu verðlagi frá því í mars í fyrra. Verð á áfengi hækkaði um 2,3 prósent á sama tíma.

Samdráttur varð hins vegar í fata- og skóverslun þar sem hún dróst saman um þrettán prósent milli marsmánaða 2007 og 2008. Á breytilegu verðlagi nam samdrátturinn 8,7 prósentum. Verð á fötum hækkaði um fimm prósent á tímabilinu og verð á skóm um 11,6 prósent samkvæmt verðmælingum Hagstofu Íslands.

Í tilkynningu frá Rannsóknarsetri verslunarinnar segir að þó að töluverðar hækkanir hafi orðið á matvælum að undanförnu hafi velta dagvöruverslana hækkað meira en þeim verðhækkununum nemur. - ovd



**TÍSKUVERSLUN** Samdráttur varð í fata- og skóverslun í mars.

Pólskur slökkviliðsmaður:

## Kveikti í til að geta keypt gjöf

**PÓLLAND** **Átján ára pólskur slökkviliðsmaður á yfir höfði sér tíu ára fangelsi fyrir íkveikjur. Glæpinn framdi hann svo að hann fengi að vinna meiri yfirvinnu og hefði efni á gjöf handa kærustunni sinni.**

**Maðurinn er sakaður um að hafa kveikt í hlöðu í bænum Studzianski og farið svo á slökkvistöð bæjarins þar sem hann starfaði fyrir jafnvirði tæpra 300 króna á tímann. Lögregla segir að hann hafi kveikt í tveimur öðrum hlöðum í vikunni á eftir, en að lokum verið staðinn að verki.** - sgj



**JOSE LUIS ZAPATERO** Spánarþing hefur staðfesti Zapatero í embætti forsætisráðherra.

Atkvæðagreiðsla á Spánarþingi:

## Zapatero staðfestur í embætti

**SPÁNN, AP** Spánarþing staðfesti í gær Jose Luis Rodriguez Zapatero, leiðtoga sósíalista, í embætti forsætisráðherra annað kjörtímabilið í röð.

Sósíalistaflokkurinn vann þingkosningar sem fram fóru 9. mars en náði ekki hreinum meirihluta. Ekkert samkomulag hefur enn tekist sem tryggir þingmeirihluta og því náði Zapatero ekki tilskildum stuðningi er fyrst var kosið um staðfestingu hans í embætti á mánudag. Því kom til annarrar umferðar atkvæðagreiðslunnar þar sem einfaldur meirihluti dugði. Zapatero mun stýra minnihlutastjórn sem þarf að semja við smáflokka um hvert þingmál. - aa



**HREFNUVEIÐAR** Rannsaka næringarvenjur og áhrif á fiskistofna. MYND/HAFRÓ

Vísindaveiðar Japana:

## Veiða 60 hrefnur í Kyrrahafi

**JAPAN, AP** **Japanska sjávarútvegsráðuneytið tilkynnti í gær að það hefði í nafni vísindaveiðaáætlunar sinnar gefið út kvóta til veiða á sextíu hrefnum í norðanverðu Kyrrahafi næstu vikurnar.**

**Fimm hvalveiðibátar, sem gerðir eru út í rannsóknaskyni, munu annast veiðarnar og hefja þær strax á næstu dögum á miðunum norður af Japan. Meðal þess sem rannsakað verður er á hverju hvalirnir nærast og áhrif þeirra á nytjafiskastofna.**

**Í nafni vísindaveiðaáætlunar sinnar, sem er lögleg samkvæmt reglum Alþjóða hvalveiðiráðsins, veiða Japanar um 1.000 hvali á ári.** - aa

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Sinubruni í Fossvogi**

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út um miðjan dag í gær til að slökkva eld í sinu við Aðalland í Fossvogi. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.


VIÐ SENDUM ALLA ÚR LANDI!

NEW YORK KAUPMANNAHÖFN HONG KONG AVIGNON PEKING BUENOS AIRES LONDON BARCELONA FRANKFURT BERLÍN SHANGHAI QINGDAO EINDHOVEN MADRID CHENNAI TORINO



ALLIR nemendur í meistaranámi í alþjóðaviðskiptum við HR fara í 3–6 mánuði til útlanda og stunda nám í öðrum háskólum eða sinna sérverkefnum hjá samstarfsfyrirtækjum HR. Í haust fara 50 nemendur til 20 borga víðs vegar um heiminn.

Fyrri umsóknarfrestur er til 15. apríl.
Seinni umsóknarfrestur er til 30. maí.
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0660





SAMRÁÐ UM BETRA BORGARUMHVERFI

EINN, TVEIR OG REYKJAVÍK!
www.reykjavik.is sími: 411 11 11

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Bið á skýrslu um áhættumat:

# Þjórsárvirkjanir kynntar íbúum

**UMHVERFISMÁL** Enn er bið á því að skýrsla um áhættumat þriggja virkjana í Þjórsá komi út. Niðurstöður liggja þó fyrir og hafa verið kynntar heimamönnum. Fundur verður haldinn með íbúum austan ár í næstu viku.

Einhverjir hafa gagnrýnt að niðurstöður séu kynntar áður en skýrslan kemur út.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að það hafi verið gert vegna óska Flóamanna, sem vildu nýta sér matið í skipulagsvinnu. Niðurstöðurnar sé hægt að kynna sér á heimasíðu Landsvirkjunar. Von er á skýrslunni á næstu vikum. - kóp

Forseti Íslands talaði á ráðstefnu í Andorra:

# Smáríki að ganga inn í efnahagslegt endurreisnarskeið

**FORSETI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir að 21. öldin sé endurreisnarskeið smáríkja í efnahagslegu tilliti. Þær grundvallarbreytingar sem orðið hafi á alþjóðlegum mörkuðum henti smáríkjum vel. Þetta sagði forsetinn í ræðu í gær, á ráðstefnu um stöðu smáríkja gagnvart Evrópusambandinu, sem haldin var í Andorra.

Á ráðstefnunni var rætt um stöðu evrópskra smáríkja, einkum Liechtenstein og Andorra, og voru ráðamenn þeirra ríkja viðstaddir, sem og fjöldi sérfræðinga, fjármálamanna og forystumanna í þjóðmálum.

Ólafur Ragnar sagði að smáríki hefðu meiri sveigjanleika en stærri ríki. Auðveldara væri að sjá hvernig hægt væri að tengja mismunandi þætti þjóðlífsins saman og finna lausnir á erfiðum verkefnum.

Þá nefndi forsetinn sérstaklega stöðu Íslands, sem nyti þess besta úr báðum heimum. Vegna EES-samningsins hefðu Íslendingar aðgang að innri markaði Evrópusambandsins. Á sama tíma þýddi veran utan Evrópusambandsins að við gætum gert tvíhliða samninga við ýmis ríki. Nefndi hann Kína sérstaklega.

Forsetinn verður í dag viðstaddur vígslu nýs óperuhúss í Ósló ásamt forsetafrúnni. Á mánudag hefst opinber heimsókn forsetans til Skagafjarðar. - kóp



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Telur sveigjanleika smáríkja gefa þeim forskot í alþjóðaviðskiptaumhverfi.



**GENGIÐ Á SVÆÐINU** Aðstaða til skíðagöngu í nágrenni Húsavíkur er afar góð. Heimamaðurinn Sigurður Helgi Ólafsson sést hér á göngu í blíðskaparveðri um páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐBERGUR

Gengið á skíðum í dag:

# Buch-gangan fer fram í dag

**ÚTIVIST „Hér verður eflaust mikið um dýrðir. Ég held að það sé óhætt að segja að aðstaðan á Reykjaheiði til skíðagöngu sé ein sú besta á landinu," segir Sigurgeir Stefánsson sem unnið hefur að skipulagningu Buch-göngunnar svokölluðu sem er liður í Íslandsgöngu Skíðasambands Íslands. Hún fer fram í dag og hefst klukkan tvö.**

**Gangan fer fram á Reykjaheiði, ofan við Meyjarskarð í nágrenni Húsavíkur. Gengið verður um Höskuldsvatnssand og í nágrenni Reyðarárhnjúks að vestanverðu.**

**Keppt verður í tuttugu, tíu, fimm og eins kílómetra göngu.** - mh

Ármann Kr. Ólafsson:

# Vill auka öryggi á vinnustöðum

**ALÞINGI** Ármann Kr. Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, vill að innkaupastefna ríkisins verði endurskoðuð með það að markmiði að koma í veg fyrir óhöpp eða slys við framkvæmdir á vegum hins opinbera.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

Ármann lagði fram þingsályktunartillögu þess efnis í vetur.

Í greinargerð segir að fjöldamörg slys hafi orðið í tengslum við framkvæmdir sem rekja megi til þess að ekki hafi nægilega vel verið hugað að öryggismálum.

Öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut hafa verið til umræðu eftir tíð slys þar síðustu daga og vikur. Tillaga Ármanns er til meðferðar efnahags- og skattanefndar. - bþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefni fundust við húsleit

Húsleit var gerð í Reykjanesbæ í fyrrinótt og fannst þar lítilræði af fíkniefnum, meðal annars kannabisefni, amfetamín og ein e-tafla. Húsráðandi, sem er á þrítugsaldri var handtekinn en sleppt að lokinni skýrslutöku. Málið telst upplýst.



**FRÉTTASKÝRING:** Unglingar á hraðferð inn í harðan heim — 2. hluti – Vímuefnaneysla

# Í skugga þeirra sem afvega fóru

Forvarnastarfið í efstu bekkjum grunnskóla hefur borið mikinn árangur. Vímuefnaneysla í framhaldsskólum hefur ekki aukist en menntamálaráðherra, sem og fleiri, hefur áhyggjur af því að margir hefji neyslu á fyrstu árum framhaldsskóla. Því verður forvarnastarf þar eflt. Unglingum á Vogi hefur fækkað frá aldamótum en hlutfall ungra sjúklinga er samt enn hátt. Unglingar krefjast viðurkenningar fyrir það sem meirihluti þeirra er að gera í stað þess að vera dæmdir af misnotkun og myrkraverkum fárra.

„Þrátt fyrir afar neikvæða umfjöllun sem unglingar fá í dag þá er staðreyndin sú að sífellt færri nota vímuefni, en þeir sem misstíga sig eitthvað á þessari braut lenda hins vegar ansi illa í því,“ segir Gabríela Unnur Kristjánsdóttir, formaður Félags íslenskra framhaldsskólanema.

Í þessum orðum formannsins kristallast einnig skilaboðin sem Fréttablaðið fékk frá nemendum í Rimaskóla, Austurbæjarskóla og Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Og þegar leitað er svara í rannsóknum bendir ekkert til annars en að þau hafi á réttu að standa.

## VISSIR ÞÚ AÐ...

- að árið 2001 fóru fleiri stúlkur 17 ára og yngri á Vog en strákar í sama aldurshópi*?
- að þeir framhaldsskólanemendur sem reykja daglega eru óánægðari með námsárangur sinn en þeir sem reykja ekki eða sjaldnar en daglega**?
- að til er bindindisfélag í Fjölbrautaskóla Garðabæjar með um 40 félagsmönnum?
- að skylda var að vera í bindindisfélagi í Lærða skólanum og leiddi það til uppþots sem jafnan er kallað „pereatið“ árið 1850?

* HEIMILD: ÁRSSKÝRSLA SÁÁ 2007

** HEIMILD: RANNSÓKNIR OG GREINING 2005

## Bindindisfélag í Garðabæ

Bæði rannsóknir Þórodds Bjarnasonar, prófessors í félagsfræði í Háskólanum á Akureyri, og Rannsóknar og greiningar sýna fram á að sífellt færri unglingar í efstu bekkjum grunnskóla neyta vímuefna. Reyndar segir Þóroddur neysluna hér á landi vera með því lægsta sem þekkist í Evrópu.

Rannsóknir og greining gerði samanburð á vímuefnaneyslu framhaldsskólanema á árunum 2000 og 2004. Þar kemur fram að eilítið færri neyttu áfengis árið 2004 en fjórum árum þar á undan en munurinn á hassneyslu var óverulegur, eða 0,1 einu prósentustigi minni árið 2004. Álfgeir Logi Kristjánsson, sem vann rannsóknina ásamt Ingu Dóru Sigfúsdóttur, forseta kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík og Jóni Sigfússyni, segir þó mikilvægt að hafa það í huga að líklega sé vímuefnaneyslan meiri hjá þeim unglingum á aldrinum 16 til 20 ára sem ekki eru í framhaldsnámi og mælast því ekki í rannsókninni. En þess má einnig geta að framhaldsskólanemendum fjölgaði um tæp tvö þúsund á tímabilinu.

Stefán Rafn Sigurbjörnsson, formaður nemendafélagsins í Fjölbrautaskóla Garðabæjar (FG), segir að ekki hafi dregið úr aðsókn á dansleikjum á vegum skólans þrátt fyrir að nú sé strangt eftirlit sem meðal annars beinist að því að gestir mæti ekki ölvaðir. Gabríela segir flesta framhaldsskóla einnig hafa þann háttinn á og með góðum árangri.

Í FG er einnig starfandi bindindisfélag frá því í haust og eru félagsmenn orðnir um 40. „Við erum ekki að segja það að við munum aldrei koma til með að drekka heldur hitt að það er ekki á dagskrá núna,“ segir Hjálmar Orn Elísson Hinz sem er í stjórn félagsins.

Það er því kannski ekki nema von að allir þeir sem Fréttablaðið ræddi við skyldu vera ósáttir við það að hópurinn „sem lendir ansi illa í því“, eins og Gabríela komst að orði, skuli fá mestu athyglina.



**GABRÍELA UNNUR KRISTJÁNSDÓTTIR** Formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema segir nóg um athyglina sem unglingar fá sem farið hafi villu vegar meðan minni gaumur sé gefinn að því jákvæða sem unglingar aðhafast. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**FORMAÐUR NEMENDAFÉLAGSINS OG STJÓRNARMAÐUR Í BINDINDISFÉLAGINU** Stefán Rafn Sigurbjörnsson, formaður nemendafélags Fjölbrautaskólans í Garðabæ, segir að ekki hafi dregið úr aðsókn á skólaböllin þó að nú sé grannt fylgst með því að gestir mæti ekki ölvaðir. Hjálmar Örn Elísson Hinz er í stjórn bindindisfélags skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nærsamfélagið er öryggisnet unglinganna

Inga Dóra og Álfgeir Logi segja að þennan árangur í efstu bekkjum grunnskóla megi að miklu leyti rekja til þess að tekist hefur að skapa það sem þau kalla nærsamfélag sem virki eins og stuðningsnet fyrir unglingana. Þetta nærsamfélag samanstendur af foreldrum, kennurum og öðrum sem vinna með unglingum og allir leggjast á eitt um að veita þeim athygli og aðhald.

Af viðtölum við nemendur í Austurbæjarskóla að dæma er afar lítil áfengisneysla meðal nemenda þar. Sigrún Lilja Jónasdóttir kennari er einnig þeirrar skoðunar og þakkar því að þar sé þetta nærsamfélag mjög virkt. „Margir foreldranna þekkjast og hjálpast því að við að hafa eftirlit með börnunum svo hver foreldri veit hvar barnið sitt er og með hverjum það er,“ segir hún. „Svo hafa margir kennaranna starfað hér lengi og það er gott því ég tel að nemendurnir finni fyrir meira öryggi þar sem lítið rót er á hlutunum.“

Framhaldsskólanemarnir sem Fréttablaðið ræddi við voru einnig á þeirri skoðun að jafningjafræðslan hefði haft verulega mikið að segja í forvarnastarfinu en hún byggist á því að unglingar fræði jafnaldra sína um málefni sem á þeim brenna. Álfgeir segir þó að á meðan forvarnastarfið í grunnskólum sé afar vel heppnað sé eins og botninn detti úr því þegar nemendurnir komi í framhaldsskóla og úr því verði að bæta. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er þessu sammála og segir það áhyggjuefni hversu margir byrja að neyta vímuefna á fyrstu árunum í framhaldsskóla. „Þess vegna er í nýju framhaldsskólafrumvarpi gert ráð fyrir því að fræðsluskyldan nái til 18 ára aldurs og að komið verði á foreldraráði í framhaldsskólum,“ segir hún.

## „Grýluáróður“ virkar ekki lengur

Allmargir nemendur sem Fréttablaðið talaði við höfðu nokkuð út á

### VÍMUEFNANEYSLA 9. OG 10. BEKKINGA

| | 1998 | 2007 |
|---|---|---|
| Hafa drukkið áfengi síðustu 30 daga | 42% | 20% |
| Hafa reykt hass síðustu 30 daga | 17% | 10% |
| Hafa reykt tóbak síðustu 30 daga | 23% | 7% |

HEIMILD: RANNSÓKNIR OG GREINING

### UNGIR EINSTAKLINGAR Á SJÚKRAHÚSINU VOGI

**19 ára og yngri á árunum 1991-2006**




HEIMILD: SÁÁ



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN · VISTA · LÍFEYRISAUKI · KAUPÞING

### FRUMGREININGAR HJÁ SÁÁ, 19 ÁRA OG YNGRI

**Ástæður innlagnar á árunum 2000 og 2006**




HEIMILD: SÁÁ

### HVAÐ ER MIKILVÆGT AÐ HAFA Í HUGA VARÐANDI UNGLINGA?

„Við erum bara gott fólk.“
**Alex Pétursson,** nemandi í Rimaskóla.

„Við verðum stundum að viðurkenna það að unglingar standa okkur framar á vissum sviðum.“
**Inga Dóra Sigfúsdóttir,** forseti Kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík.

„Það er eiginlega ekkert um að vera fyrir þá sem eru 16 til 18 ára.“
**Gabríela Unnur Kristjánsdóttir,** formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema.

„Við erum ekki að segja það að við munum aldrei koma til með að drekka heldur hitt að það er ekki á dagskrá núna.“
**Hjálmar Örn Elísson Hinz,** í stjórn Bindindisfélags FG.

### NEYSLA ÁFENGIS SL. 30 DAGA HJÁ FRAMHALDS-SKÓLANEMENDUM




HEIMILD: RANNSÓKNIR OG GREINING

forvarnastarfið að setja. Til dæmis sögðust margir myndu kjósa frekar að ræða um áfengi frá hlutlægum sjónarhóli í stað þess að vera endalaust að tala um skaðsemi þess og hætturnar sem fylgt geta neyslunni. Nær væri að kenna frekar æskilega meðhöndlun þess þar sem áfengi væri orðið að sjálfsögðum hlut í okkar samfélagi.

Hvað segir Inga Dóra um þessa gagnrýni? „Lengi vel var lögð rík áhersla á að uppfræða unglinga og búa til einskonar grýlu úr ákveðnum hlutum,“ svarar hún. „En þetta er ekki sú aðferð sem við í Rannsóknum og greiningu erum hrifnust af því fræðsla ein og sér er ekki nóg. Við höfum séð að það sem skiptir mestu máli er að skapa unglingum aðstæður til að lifa heilbrigðu lífi. Það er ekki nóg að hafa áhrif á viðhorfin því þau þurfa ekki endilega alltaf að vera í takt við hegðunina. Til dæmis gæti einhver talið það skynsamlegt að reykja ekki en reykir síðan samt sem áður ef hann kemst í aðstæður þar sem þrýstingur er í þá átt. Enda höfum við séð það að stór hluti þeirra sem reykja er mótfallinn reykingum og myndi helst ekki vilja reykja.“

**Uppsveifla í neyslu um aldamótin**

Um aldamótin fjölgaði sjúklingum 19 ára og yngri á Vogi svo mjög að menn höfðu ekki séð annað eins. Árið 2001 voru innritanir sjúklinga í þessum aldurshópi tæplega þrjú hundruð en síðan hefur þeim fækkað ört og árið 2006 voru þær 234. Hlutfall 19 ára og yngri á Vogi það ár var þó um 14 prósent og hefur aldrei verið hærra ef frá er talin uppsveiflan um aldamótin.

Neyslumynstrið hefur líka breyst hjá þessum hópi á undanförnum árum þar sem neysla kannabisefna og amfetamíns verður sífellt fyrirferðarmeiri en minna ber á áfengisneyslu. Þetta er hópurinn „sem lendir ansi illa í því“ og minnir okkur á að lítið má út af bera svo unglingar hverfi ekki inn í hinn harða heim fíkniefnanna sem erfitt getur reynst að losna úr. Nemendur sem Fréttablaðið talaði við sögðu að unglingar sem byrjuðu að neyta fíkniefna einangruðust og dyttu jafnvel úr námi.

Það er því kannski ekki nema von að forráðamenn séu uggandi vegna þeirrar hættu sem blasir við unglingum. Áreitin sem unglingar verða fyrir nú til dags eru einnig mörg og koma úr ótal áttum svo hætt er við því að dómgreindin láti einhvern tímann í minni pokann fyrir einhverju þeirra. Unglingar fara á hraðbraut inn í harðan heim og áreksturinn getur því orðið býsna harður ef ekki er haldið vel um stýrið. En hinu má þó ekki gleyma að í raun hefur mikill meirihluti unglinga borið sig skynsamlega að í aðstæðum þar sem erfitt getur reynst að finna fótum sínum forráð. Nú kalla þau eftir viðurkenningu fyrir það eða að minnsta kosti að því sé gefinn nokkur gaumur.



FRÉTTASKÝRING
**JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
jse@frettabladid.is

**ÖNNUR GREIN AF FIMM**
**Á mánudag:**
Unglingar og foreldrar.




# Aðalfundur

Landsbanka Íslands hf. verður haldinn á Grand Hótel, Sigtúni 38, 105 Reykjavík, miðvikudaginn 23. apríl 2008 kl. 16.00

## Dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári
4. Ákvörðun um lækkun hlutafjár með niðurfellingu eigin bréfa
5. Ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa
6. Kosning bankaráðs
7. Kosning endurskoðenda
8. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum
9. Tillögur um breytingar á samþykktum
10. Tillaga um Starfskjarastefnu Landsbanka Íslands hf. lögð fram til endurstaðfestingar
11. Tillaga bankaráðs um framlag í Menningarsjóð Landsbanka Íslands hf. fyrir árið 2008 og um breytta skipulagsskrá Menningarsjóðs Landsbanka Íslands hf. lögð fram til samþykktar
12. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil
13. Önnur mál, löglega fram borin

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs eigi síðar föstudaginn 18. apríl kl. 16. Dagskrá, endanlegar tillögur, skýrsla bankaráðs, ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda liggja frammi í Aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund. Á sama stað munu upplýsingar um framboð til bankaráðs liggja frammi tveimur dögum fyrir aðalfund. Einnig er hægt að nálgast þessi gögn á www.landsbanki.is

Gerð er tillaga um að aðalfundur samþykki lækkun hlutafjár Landsbankans um kr. 300.000.000.- að nafnvirði með niðurfellingu á eigin hlutum Landsbankans. Jafnframt er gerð tillaga um að aðalfundur samþykki hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta um kr. 300.000.000.- að nafnvirði. Gerðar eru eftirfarandi tillögur um breytingar á samþykktum félagsins; að aðalfundur samþykki heimild til hækkunar hlutafjár Landsbankans um allt að kr. 1.200.000.000, með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýju hlutanna, skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu í 2. máls. 4. mgr. 7. gr. samþykktanna, að arður skuli greiddur þeim sem skráðir verða í hlutaskrá eftir að uppgjör viðskipta við lok aðalfundardags hefur farið fram. Þá er gerð tillaga um að aðalfundur samþykki heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa um allt að kr. 60.000.000.000.- og jafnframt hækkun hlutafjár um allt að kr. 1.500.000.000.- að nafnverði í tengslum við slíka útgáfu. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta vegna breytanlegra skuldabréfa, skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Loks er gerð tillaga um að ný málsgrein bætist við 11. gr. samþykktanna um heimild til rafrænna samskipta við hluthafa.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við inngang í upphafi fundar. Hluthöfum er gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur á dagskrá aðalfundar með rafrænum hætti, sjá nánar á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is

Hluthöfum er bent á að kynna sér tillögurnar fyrir fundinn.

Nánari upplýsingar gefur Gunnar Viðar, forstöðumaður Lögfræðiráðgjafar, í síma 410-7740.

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 41975 04/08

Landsbankinn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.275 **-1,37%**

**Fjöldi viðskipta:561**
**Velta:** 5.621 milljón

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS** | +1,01% | **EXISTA** | -4,17% |
| **ATORKA** | +0,81% | **FL GROUP** | -2,68% |
| **ALFESCA** | +0,44% | **SPRON** | -2,51% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** -0,45% ... Eimskipafélagið 24,95 +1,01% ... Exista 12,19 -4,17% ... FL Group 6,90 -2,68% ... Glitnir 17,25 -2,68% ... Icelandair 24,00 -1,03% ... Kaupþing 836,00 -1,18% ... Landsbankinn 30,35 -1,46% ... Marel 90,50 -0,11% ... SPRON 5,82 -2,51% ... Straumur-Burðarás 12,44 -1,11% ... Teymi 4,46 -0,67% ... Össur 91,40 -0,65%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Skortur á gegnsæi*



### Skortur á gegnsæi

Erfiðlega gekk að fylgjast með vefútsendingu frá útgáfum Peningamála og blaðamannafundi Seðlabankans og greinilegt að tölvukerfi bankans ræður ekki við þá miklu aðsókn sem er að útsendingunni. Það er auðvitað afleitt, þar sem fáir komast á blaðamannafundinn, raunar miklu færri en vilja. Þannig hafa greiningardeildir bankanna óskað eftir aðgangi, en verið synjað. Blaðamenn fá aukinheldur aðeins Peningamál í hendur eftir framsögur og gefst því vart tími til að spyrja bankastjórnina á grundvelli þeirra upplýsinga.

### Kallaður fyrir þingnefnd?

Víða erlendis er meira gegnsæi uppi við ákvarðanir sem þessar, meðal annars er gefið upp hvort einhugur var meðal bankastjóra um ákvarðanir og eins er algengt að þingnefndir kalli bankastjóra fyrir og óski upplýsinga eða jafnvel skýringa á þjóðarbúskapnum. Hér á landi gæti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til að mynda kallað seðlabankastjóra fyrir til þess að ræða ástand og horfur og óskað skýringa á því ójafnvægi sem einkennir íslenskt efnahagslíf þessa dagana með hækkandi verðbólgu, vöxtum og sveiflum á gengi krónunnar. Er óhætt að fullyrða, að slíkur fundur gæti orðið mjög fróðlegur.

# Mesta verðbólga í 18 ár

Greiningardeild Landsbankans spáir því að tólf mánaða verðbólga verði 10,1 prósent í þessum mánuði. Þetta yrði mesta verðbólga sem mælst hefur hér á landi frá því í október 1990, þegar hún var 10,1 prósent.

Verðbólga í síðasta mánuði mældist 8,7 prósent.

Greiningardeild Landsbankans segir að töluverð hækkun á matarverði sé fram undan. Hækkun á mjólkurverði hafi áhrif á aðra innlenda matvælaframleiðslu, auk hækkunar á innfluttum vörum vegna gengisfallsins. Þá hafi verð á bílum hækkað mikið frá áramótum.

- ikh

www.volkswagen.is




| Volkswagen hjálpar þér að fara betur með eldsneytið | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Polo | Golf | Passat | Touran | Tiguan |
| 4,5 l/100 km | 5,0 l/100 km | 5,8 l/100 km | 5,9 l/100 km | 6,9 l/100 km |
| Eyðsla, miðað við TDI® vél frá Volkswagen í blönduðum akstri. | | | | |

**TDI® vél og meiri lúxus fyrir 400.000 kr.**
- 1.9 TDI® dísilvél
- fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- aðkomuljós
- hiti í sætum
- 16" álfelgur,
- leðurklætt stýri
- leðurklædd handbremsa
- leðurklædd gírstöng
- vegleg VW regnhlíf

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

# Djúp kreppa eina leiðin til að verðbólgumarkmið náist

„Það er vel þekkt erlendis að ótrúverðugir seðlabankar séu nánast óstarfhæfir," segir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands. Hann segir stefnu Seðlabankans ekki hafa gengið upp hingað til og ekkert útlit sé fyrir að svo verði.

„Þvert á móti sjáum við nú fram á verðbólgu í tveggja stafa tölu í fyrsta sinn á öldinni," segir Gylfi og bætir því við að gengi krónunnar hafi lækkað verulega. „Jafnframt blasir við að erlendir aðilar hafa litla trú á fjármálakerfinu í heild."

Gylfi segir að háir stýrivextir hafi ekki unnið á verðbólgunni en þeir hafi haldið gengi krónunnar háu og ýtt undir viðskiptahalla og skuldasöfnun. Þá hafi Seðlabankinn ekki aukið nægjanlega við gjaldeyrisvarasjóðinn, „þrátt fyrir að augljóst hafi verið árum saman að hann er allt of lítill í samanburði við erlendar skuldir landsmanna og umsvif viðskiptabankanna".

Gylfi segir að svo virðist sem djúp kreppa, þar sem meðal annars yrði hrun á fasteignaverði, sé eina leiðin til þess að Seðlabankinn nái markmiði sínu um 2,5 prósenta verðbólgu.


GYLFI MAGNÚSSON

„Því tel ég óhjákvæmilegt að fengin verði fagleg stjórn yfir bankann, sem leysi af hólmi núverandi bankastjórn og bankaráð, og taki allar meiri háttar ákvarðanir, meðal annars um vexti." Þar sætu innlendir sem erlendir sérfræðingar sem hefðu traust markaðarins, bæði innanlands og utan. Þá þurfi að stækka gjaldeyrisforðann „þótt það sé mjög dýrt um þessar mundir," segir Gylfi.

Hvorki náðist í Halldór Blöndal, formann bankaráðs Seðlabankans, né Davíð Oddsson, formann bankastjórnar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. En þess má geta að Davíð sagði við ákvörðun stýrivaxta í fyrradag að hann væri ekki á förum úr bankanum.

# Áfram verði unnið að fjármálamiðstöð

Lárus Welding, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, sagði að þótt einhverjir efuðust um getu fjármálageirans til að standa undir framtíðar hagvexti hér á landi, felist mikil tækifæri í vexti og viðgangi íslenskra fjármálafyrirtækja. Því væri brýnt að halda áfram að vinna að hugmyndum um alþjóðlega fjármálamiðstöð hérlendis. „Grunngerð íslenska fjármálamarkaðarins gerir slíkt raunhæft, skattalegt umhverfi er hagstætt, lagaumhverfið traust og menntunarstig hátt."

Lárus sagði að stjórnvöld hefðu í auknum mæli áttað sig á þessum þáttum. „En í því ljósi skýtur skökku við að stjórnvöld skuli enn sjálf reka banka sem nýtur ýmissa forréttinda og keppir í skjóli


LÁRUS WELDING

þeirra um viðskiptamenn við fjármálafyrirtæki á frjálsum markaði." Lárus spurði einnig hvort ójafnvægi í efnahagskerfinu og vanda peningastefnunnar mætti rekja til þess að skipulagi Íbúðalánasjóðs var ekki breytt þegar Seðlabankinn tók upp verðbólgumarkmið.

- ikh

# Staðan mun betri en tölurnar sýna

„Mest sláandi niðurstaðan er að hrein staða þjóðarbúsins er betri en áður var talið út frá opinberum hagtölum,“ segir Daníel Svavarsson, hagfræðingur í Seðlabankanum.

Hann segir í Peningamálum að sé staða þjóðarbúsins reiknuð út frá markaðsvirði í stað bókfærðs virðis, hafi hrein erlend staða verið neikvæð um 27 prósent af þjóðarframleiðslu við lok þriðja fjórðungs síðasta árs. Sé hins vegar miðað við bókfærða virðið eins og gert er í opinberum tölum, hafi staðan verið neikvæð um 120 prósent.

Hér er rætt um skuldir umfram eignir, en skuldirnar nema hátt í 800 prósentum af vergri landsframleiðslu. Hún var í fyrra tæplega 1.300 milljarðar króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Daníel segir eðlilegt að miða við markaðsvirði. „En ef stuðst er við þessa aðferðafræði, þá verða sveiflurnar meiri en ella,“ segir hann.

Hann bendir jafnframt á það í greininni að eftir því sem hærra hlutfall af heildarauði þjóðfélagsins er í erlendum eignum, þeim mun meiri áhrif hafi breytingar á erlendum mörkuðum á innlent efnahagslíf. „Það sýnir að þjóðarbúið er mjög berskjaldað,“ segir Daníel.

- ikh

# FL Group tapar mestu

FL Group skilar tapi upp á 44,5 milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við 15 milljarða hagnað á sama tíma í fyrra. Þetta er mesta tap skráðs félags í Kauphöllinni á fjórðungnum, samkvæmt nýrri afkomuspá greiningardeildar Kaupþings.

Í spánni er gert ráð fyrir að fjárfestingarfélögin skili öll tapi. Á eftir FL Group kemur Exista, með tap upp á fjórtán milljarða og Atorka, með tap upp á rúman einn milljarð króna.

Þá er spáð að Bakkavör skili mestum hagnaði, 813 milljónum króna, á meðan Teymi tapar 4,1 milljarði. Hagnaður Teymis dregst mest saman á milli ára, eða um 356 prósent.

Greiningardeildin telur að hagnaður bankanna muni dragast talsvert saman á tímabilinu, að Landsbankanum undanskildum. Mestur er samdrátturinn hjá SPRON. Áætlað tap sparisjóðsins nemur sjö milljörðum króna sem er samdráttur upp á 817 prósent. Á sama tíma er spáð að hagnaður Landsbankans nemi 19 milljörðum króna en það er 5,5 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra. Það er jafnframt mesti hagnaður skráðs félags á tímabilinu, samkvæmt spá greiningardeild Kaupþings, sem spáir ekki fyrir um eigin afkomu.

- jab



**RÝNT Í VERSTA UPPGJÖR ÍSLANDSSÖGUNNAR** Greiningardeild Kaupþing spáir því að tap FL Group verði það mesta á fyrstu þremur mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






# Hvatt til sameininga

**Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir að fjármálafyrirtækin verði að huga að aðhaldi, sameiningum, krossstjórnarsetu og aukins gegnsæis í upplýsingagjöf.**

„Æskilegt væri, með það að markmiði, að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, að fjármálafyrirtæki og eigendur þeirra hugi ekki eingöngu að krosseignartengslum heldur einnig að krossstjórnarsetu í fyrirtækjum í fjármálaþjónustu,“ sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, í ræðu á degi Samtaka fjármálafyrirtækja í fyrradag.

Þessi ábending var ein þeirra sex ábendinga til fjármálafyrirtækja sem Jónas setti fram í ræðunni. Hann sagði einnig að stjórnendur bankanna þyrftu að sýna að þeir kynnu að rífa seglin í þeim stormi og stórsjó sem nú gengi yfir „og lækka kostnað og minnka efnahag sinn“. Hann benti á að meginábyrgðin hvíldi á stjórnendum og eigendum bankanna. Þeir nytu hagnaðarins og bæru tapið.

Jónas sagði einnig að nýta ætti núverandi aðstæður til að huga að hagræðingu og sameiningum á innlendum fjármálamarkaði. „Þá á ég ekki endilega við stórsamruna,“ sagði Jónas og benti á að hér á landi hefðu 34 fyrirtæki starfsleyfi sem lánafyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki væru þarna ekki talin með.

Þá vill Jónas að bankar auki gegnsæi í upplýsingagjöf, auk þess sem bankarnir þyrftu, ef það hægir á í efnahagslífinu, að huga að útlánagæðum, grípa fljótt inn í séu vandræði í uppsiglingu og leggja strax til hliðar inn á afskriftarreikning. „Jafnframt þurfa fjármálafyrirtækin að gæta jafnræðis í meðhöndlun sinni á skuldurum.“

„Í sjötta lagi er stóra verkefnið að vinna að fjármögnun og viðhalda lausafjárstöðu,“ sagði Jónas og bætti því við að bankarnir hefðu staðið vel að vígi þegar lausafjárerfiðleikar hófust á alþjóðamörkuðu. Hins vegar verði þetta ár tiltölulega létt í endurfjármögnun, en menn verði að sýna árvekni „því lausafjárerfiðleikar eru áhætta sem getur birst með skömmum fyrirvara“.

ingimar@markadurinn.is



**FRÁ DEGI SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA** Lárus Welding, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, ræðir við félagsmenn. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir tímabært fyrir fjármálafyrirtækin að huga að sameiningum. MYND/SFF

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Forystumenn efnahagsmála þurfa að vera samtaka við erfiðar markaðsaðstæður.

## Vannýtt tækifæri

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Margir hafa sett fram það sjónarmið að stjórnendur efnahagsmála í landinu hafi ekki notað tækifærið í tengslum við stýrivaxtafund Seðlabankans í fyrradag til að kveða fast að orði um aðgerðir til að sporna við neikvæðri þróun sem blasir við í efnahagslífi þjóðarinnar. Stýrivaxtaákvörðun ein og sér hafi lítil sem engin áhrif. Það sýndi sig með lækkun á gengi krónunnar í kjölfarið, sem Seðlabankinn telur að sé nú þegar of lágt.

Þessi gagnrýni kemur í kjölfar þess að ekki var heldur brugðist við af festu fyrir páskafrí þegar gengi krónunnar og hlutabréfaverð féll hratt. Nokkurs taugatitrings gætti við þær aðstæður en fátt kom út úr fundi forsætisráðherra með fréttamönnum að loknum ríkisstjórnarfundi 18. mars síðastliðinn. Aftur voru væntingar nokkrar um yfirlýsingar á ársfundi Seðlabankans 28. mars. Þá talaði Geir Haarde aðeins skýrar og sagði að ríkissjóður hefði mikinn fjárhagslegan styrk og gæti tekið að láni verulegar fjárhæðir ef á þyrfti að halda.

Á miðvikudag í þessari viku var forsætisráðherra enn skýrari í tali við erlendu viðskiptafréttaveituna Bloomberg þar sem hann sagði að í undirbúningi væri að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans svo hægt væri að mæta erlendum eignum íslensku bankanna. Í Financial Times var svo haft eftir honum að ríkisstjórnin gæti auðveldlega gefið út skuldabréf til að styrkja gjaldeyrisforðann.

Það voru því nokkur vonbrigði að engin yfirlýsing um þetta kom á fimmtudaginn í kjölfar þess að Seðlabanki Íslands tilkynnti um enn eina stýrivaxtahækkunina. Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði stækkun gjaldeyrisforðans vissulega til skoðunar innan bankans en verið væri að bíða eftir hagfelldari skilyrðum. Og enn bíða menn.

Svo virðist sem forystumenn efnahagsmála séu ekki á sömu blaðsíðunni þegar kemur að aðgerðum til að styðja við bakið á fjármálakerfinu hér á landi. Formenn ríkisstjórnarflokkanna hafa talað of lengi um erlenda lántöku án þess að nokkuð gerist. Það er spurning hvort andstaða sé við þá aðgerð innan Seðlabankans sjálfs, sem annast framkvæmd erlendra lána ríkisins samkvæmt samningi sem gerður var í september 2007.

Davíð Oddsson gerir sér grein fyrir að vaxtahækkun ein og sér er ekki nóg til að stuðla að þægilegri aðlögun hagkerfisins svo það leiti í langtímajafnvægi. Það kom fram í máli hans á fimmtudaginn. Annað þarf að koma til eins og innstreymi gjaldeyris og styrking krónunnar. Því er Seðlabankinn kominn með einhvers konar gengismarkmið við hliðina á verðbólgumarkmiði þó að það sé ekki viðurkennt opinberlega. Áhyggjur af stíflu á gjaldeyrisskiptamarkaði eru vísbending um það.

Vaxtahækkun er ekki nóg en hún var nauðsynleg til að bankastjórarnir sannfærðu alla enn og aftur um að þeir væru staðráðnir í að ná verðbólgunni niður. Trúverðugleikinn er mikilvægt tæki og því eru bein áhrif stýrivaxtahækkunar á verðlag ekki grundvallarforsenda í þessari ákvörðun. Nema kannski til að styðja við gengið.

Þess vegna skýtur það skökku við að stjórnendur efnahagsmála, sem þurfa að vera samtaka í þessari baráttu, nýttu ekki tækifærið á fimmtudaginn til að tilkynna um frekari aðgerðir. Seðlabankinn hefði þá færst nær því markmiði sínu að beina aðlögun hagkerfisins frekar í gegnum gengishækkun en verðbólgu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871





Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

**Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com**

COME 2 SCANDINAVIA

**Sími:** +45 3325 6425 • **Netfang:** info@come2scandinavia.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki nefnd einu orði

Aðalfundur Samfylkingarinnar í Hafnarfirði var haldinn í vikunni. Fyrir fundinn var yfirlýst markmið að fá konu í formennsku og hafði Valgerður Halldórsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi, sem vakti athygli í fyrra fyrir andstöðu við stækkun álversins í Straumsvík, gefið kost á sér. Valgerður dró að vísu formannsframboð sitt til baka en gaf kost á sér til stjórnarsetu. Hún virðist hins vegar ekki hafa átt upp á pallborðið hjá uppstillingarnefnd því ekki var minnst á framboð hennar einu orði á fundinum. Spurning hvort flokksmennirnir erfi andstöðuna við hið ástkæra álver…

### Náðu ekki markmiðinu

Gunnar Axel Axelsson heitir hins vegar nýr formaður Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. Af nafni og útliti nýja formannsins að dæma er hann karlmaður. Ekki ber því á öðru en að yfirlýst markmið Samfylkingarinnar í Hafnarfirði um að fá konu í formannsembættið hafi ekki gengið eftir.



### Í ökkla eða eyra

Seðlabankinn spáir að húsnæðisverð muni hrynja á næstu tveimur árum. Því er Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, ósammála.



Hann segir ekkert benda til þess að fasteignaverð hrynji. Ekkert. Hér ber nokkuð á milli. Ljóst er að Grétar og aðrir fasteignasalar hafa hag af því að fasteignaverð haldist hátt. Á hinn bóginn hefur Seðlabankinn hag af því að húsnæðisverð hrynji, það myndi slá á verðbólgu. Hér þarf hlutlaust mat. Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild HÍ, bendir á að búið sé að skrúfa fyrir lán nánast að fullu og því eðlilegt að fasteignaverð lækki talsvert í kjölfarið. Það er eitthvað, þó ekki endilega hrun.

ghs@frettabladid.is

bergsteinn@frettabladid,is

## Ógönguráðherrar

Með reglulegu millibili erum við minnt á hve brýnt er að landið verði eitt kjördæmi.

Í febrúar birtist lítil frétt sem bar í sér stærra hneyksli þótt hvorugt færi hátt. Í byrjun árs 2006 seldi fyrrverandi samgönguráðherra gömlu Breiðafjarðarferjuna án auglýsingar á 37,8 milljónir til einkafyrirtækis. Tveimur vikum síðar seldi fyrirtækið ferjuna til finnskra aðila fyrir 100 milljónir. Mismunurinn var litlar 62,2 milljónir. Ekki kom á óvart að fyrirtækið sem á svindlinu græddi er staðsett í heimabæ ráðherrans. Það fylgdi jafnvel sögunni að forstjórinn hafði setið með honum í bæjarstjórn. Hér virtist því um dæmigerða klíkubræðraaðgerð að ræða. Kjördæmisherranum tókst að pota nokkrum milljónatugum heim í hérað. Einhverstaðar hefði orðið út lögreglumál en ekki á Íslandi. Ráðherrann fyrrverandi gegnir nú einu æðsta embætti landsins, er forseti Alþingis.

**Nýr ráðherra – sama stefna**

Ráðherratíð hans lumar á fleiri sóunarmálum sem reika enn um fréttasíður. Í gær fór „nýja“ Grímseyjarferjan í jómfrúarsiglingu sína, þremur árum og hundruðum milljóna eftir að hún var keypt. Og á dögunum birtust fréttir af því að tékkneskir bormenn sæju til sólar út úr fjalli við Héðinsfjörð. Á meðan hefur Sundabraut breyst í Syndabraut, þar sem hún liggur enn óteiknuð á kannski-borðinu, og nær daglega slasast vegfarendur á þrengslavegum suð-vestur-hornsins, á meðan fjölskyldufeður aka skjálfandi norður heiðar, af ótta við flutningaferlíkin sem mæta þeim á korters fresti og voru hannaðir fyrir evrópskar hraðbrautir en ekki íslenska sveitavegi. En vegna stefnu fyrrverandi og núverandi ógönguráðherra sigla strandferðarskipin nú yfir



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Samgöngumál

Holtavörðuheiði með mjöl og sement. Af sjávarsöknuði hefur þeim tekist að breyta þjóðveginum í öldótt haf.

Í gær bættist enn einn krossinn í safnið við Kögunarhól. Bílstjóri sendibíls lést á veginum milli Selfoss og Hveragerðis eftir að pallbíll hafði rekist utan í flutningabíl og lent síðan framan á bifreið hans. Á síðustu fimm árum hafa 40 manns slasast á þessum vegarkafla. Í fyrra létust þar tveir.

Fyrir ári settist nýr maður í samgöngustólinn. Dugmikill norðanmaður tók við af ferjukaupmanninum úr Stykkishólmi. En sá nýi notar stefnu þess fyrri. Sundabraut er áfram Syndabraut, Reykjanesbrautin enn hálfköruð (þremur árum eftir tvöföldun hennar hófst) og tvöföldun á Hellisheiði er aðeins áætluð á þeim kafla sem skástur er, en ekki á fyrrnefndum dauðakafla. Hins vegar gengur vinna við Héðinsfjarðargöng samkvæmt áætlun og gulltryggt er að Vaðlaheiðargöng verði tilbúin áður en Sundabraut kemst af kannski-borðinu. Og nú er jafnvel farið að tala um ný og breiðari Ólafsfjarðargöng… Það eina sem nýi ráðherrann hefur gert fyrir íbúa höfuðborgarinnar er að lofa þeim nýrri flugstöð á Reykjavíkurflugvelli, þeirri sem forveri hans lét sig dreyma um og báðir kalla „samgöngumiðstöð“. Kannski er henni ætlað að binda endanlegan hnút á samgöngur í Reykjavík. Í ráðuneyti ógöngumála hefur ekkert breyst nema hvað milljónapumpan hefur verið færð úr Breiðafirði yfir í Eyjafjörð, í kjördæmi núverandi ráðherra. Lengi lifi kjördæmapotið.

**Sama mjölið**

Í vikunni varð enn eitt bílslysið á ófrágengnum hluta Reykjanesbrautar. Þekkt andlit lenti á gjörgæslu og fólk átti því auðveldara með að finna til með þessu síðasta fórnarlambi stefnunnar í ógöngumálum. Kastljósið beindist enn og aftur að stuttum vegarkafla sem undanfarin misseri hefur slasað fleira fólk en afgangurinn af leiðinni. Verktaki fór á hausinn og skildi veginn eftir úti í hrauni. Og þar hefur hann verið síðan þá, í heila fjóra mánuði. Vegagerðin og ráðherra bera fyrir sig flóknar reglur. Er sú afsökun gild? Samkvæmt áliti lögfróðra er hún líka úti í hrauni. Menn hefðu getað ráðið nýjan verktaka á staðnum. Erfitt er að ímynda sér að millilandaþotum væri gert að lenda á bráðabirgðabraut útí hrauni mánuðum saman ef breikkun flugbrautar hefði óvart stöðvast. Seint yrði líka látið viðgangast að vinna við gælugöngin nyrðra lægi niðri sökum vanefnda verktaka.

Um Reykjanesbraut fara 15.000 bílar á dag. Um Héðinsfjarðargöng er gert ráð fyrir 350 bílum á dag. Í þeim fyrrnefndu sitja kjósendur forsætis-, fjármála-, menntamála-, umhverfis-, utanríkis-, félagsmála-, iðnaðar-, dómsmála- og heilbrigðisráðherra en síðarnefndu bílunum aka kjósendur samgönguráðherra.

Þetta er ekki lengur bara spurning um gamaldags kjördæmapot. Núgildandi ógöngustefna er lífshættuleg. Hún meiðir fólk á hverjum degi.

Kristján L. Möller og Sturla Böðvarsson ættu báðir að huga að pokanum sínum. Það virðist vera sama mjöl í báðum.

## Það sem höfðingjarnir hafast að

**UMRÆÐAN**

Loftslagsmál



GLÚMUR JÓN BJÖRNSSON

Árið 1992 gaf Al Gore út bókina Earth in the Balance um umhverfismál. Þar vitnaði hann til ræðu indíánahöfðingjans Chief Seattle sem höfðinginn átti að hafa haldið árið 1855 um ást sína á náttúrunni. Án efa hafa margir umhverfissinnar tárast við lestur hennar og hugsað líkt og Gore hve nútímamaðurinn væri mikill umhverfissóði í samanburði við góða indíánann. Ræðan var reyndar samin af handritshöfundinum Ted Perry árið 1971.

Gore stundar svipuð vinnubrögð í nýlegri kvikmynd sinni An Inconvenient Truth sem byggð er á fyrirlestri hans um hlýnun andrúmsloftsins. Hann fullyrðir að enginn ágreiningur sé um þessi flóknu vísindalegu álitaefni. Hann slær hins vegar ýmsu fram sem þetta sama vísindasamfélag hefur ekki tengt við loftslagshlýnun eða einfaldlega talið ólíklegt. Dæmi um það eru afdrif Golfstraumsins sem Gore málar dökkum litum í mynd sinni. Í skýrslu loftslagsnefndar SÞ er málið alls ekki lagt upp á þennan hátt. Mér skilst að þetta atriði hafi ekki verið borið á borð fyrir Íslendinga í Háskólabíói. Er Golfstraumurinn hættur við að hætta? Hið sama má segja um spár hans um bráðnun tveggja jökla sem Gore segir samanlagt hækka sjávarmál um 13 metra. Gore tengir líka fellibylinn Katrínu óhikað við loftslagsbreytingar.

Í myndinni reynir Gore að sannfæra áhorfendur um að ef þeir elski börnin sín og hafi snefil af sómakennd verði þeir að breyta um lífsstíl. Sjálfur býr hann í þremur glæsihýsum, ekur um fjölskyldubúgarðinn á pallbíl og ferðast meira en flestir.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, kvartar undan því í grein hér í blaðinu á þriðjudaginn að mér hafi verið boðið í nokkurra mínútna spjall í Silfri Egils um þessi mál. Hann kallar stjórnanda þáttarins „loddara“ fyrir vikið. Efnislega hefur Árni þó ekkert við málflutning minn að athuga, sem kemur á óvart, miðað við æsinginn yfir því að ég hafi fengið að tjá mig.

Umhverfissamtökin sem Árni veitir forstöðu þiggja ríkisstyrki til starfsemi sinnar. Árni virðist telja þessum fjármunum skattgreiðenda best varið í tilraunir til að hefta umræðu um umhverfismál.

*Höfundur er efnafræðingur.*

# Enn bíða borgarbörn

**UMRÆÐAN**
Leikskólamál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Uppbyggingaráætlun í leikskólamálum sem meirihluti sjálfstæðismanna og Ólafs F. Magnússonar kynntu á blaðamannafundi síðastliðinn miðvikudag er til fimm ára, eða til ársins 2012. Áætlunin gerir ráð fyrir því að leikskólaplássum sem koma til styttingar á biðlistum muni á þessum tíma fjölga um 350. Til viðmiðunar fæðast mánaðarlega um 140 börn í Reykjavík þannig að áætlun meirihlutans samsvarar því að hægt verði að taka börn inn á leikskóla rúmum tveimur mánuðum fyrr en nú er gert og það eftir fimm ár.

Í áætlunum borgarstjórnar meirihlutans munar mestu um að þar er gert ráð fyrir að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks lengi fæðingarorlof í 12 mánuði, árið 2010. Gangi það eftir léttir það vissulega á dagmæðrakerfinu þar sem foreldrar barna á þeim aldri þurfa þá ekki þjónustu borgarinnar. Lenging fæðingarorlofs myndi raunar gera meira en öll uppbyggingaráform meirihlutans til fimm ára til að mæta þörfum ungbarnafjölskyldna. En sú aðgerð er vitanlega ekki á valdsviði borgarinnar heldur ríkisins.

Kosið verður til borgarstjórnar árið 2010 og því rétt að skoða hver staðan verður samkvæmt áætlun meirihlutans í Reykjavík árið 2010. Þó gert sé ráð fyrir því að fæðingarorlofið lengist fer því fjarri að við lok kjörtímabilsins verði hægt að bjóða öllum 12 mánaða börnum þjónustu, leikskólaþjónustu eða þjónustu dagforeldra. Börnum sem verða 12 mánaða í september, október og nóvember mun að líkindum bjóðast þjónusta en börn fædd á öðrum árstímum verða að bíða eftir þjónustu fram á næsta haust. En áætlanir meirihlutans gera ráð fyrir því að vandi þeirra sem bíða verði leystur með 35 þúsund króna heimgreiðslu.

Þetta lítur auðvitað ekki nógu vel út. Hugsanlega er það ástæðan fyrir því að áætlun meirihlutans er til fimm ára eða fram í rúmt mitt næsta kjörtímabil.

Áætlunin gerir raunar ráð fyrir því að af þeim 350 plássum sem taka á í notkun umfram mannfjöldaspá á þessum fimm árum verði 306 pláss á einkareknum leikskólum. Raunar er ekki búið að gera samninga við rekstraraðila og því treyst á að uppbyggingin verði, þó ekkert sé enn í hendi í þeim efnum.

Rekstrarkostnaður við þessi pláss er nokkuð umfram nýsamþykkta þriggja ára áætlun, enda þessi viðleitni væntanlega viðbrögð við harðri gagnrýni minnihlutans á metnaðarleysið í leikskólamálum sem þriggja ára áætlunin endurspeglaði. Gert fyrir viðbótarframlagi úr borgarsjóði til málaflokksins um 120 milljónir á þessu ári og 56 milljónir á því næsta. En svo er gert ráð fyrir að skorið sé niður í borgarleikskólunum fyrir restinni eða um 300 milljónir á árunum 2009-2011.

Þannig ætlar meirihlutinn í Reykjavík að treysta því að einkaaðilar muni fjármagna uppbygginguna og ætlar svo að skera niður hjá leikskólum borgarinnar það sem upp á vantar til að mæta viðbótar rekstrarkostnaði vegna einkareknu leikskólanna.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# Framtíðarsýn óskast

**UMRÆÐAN**
Samgöngumál

Á næstu árum stefnir í að rúmum hundrað milljörðum af skattfé almennings verði varið til samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirhuguð jarðgöng, stokkalausnir og mislæg gatnamót víðs vegar um borgina eru dýrar og umfangsmiklar framkvæmdir. Á sama tíma er ráðgert að kanna möguleika á lagningu léttlestarkerfis í Reykjavík sem myndi kosta sitt.



SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Þó að einstök verkefni hafi verið rædd bæði í borgarstjórn og fagráðum hefur umræðan verið tilviljanakennd og ómarkviss. Fjallað hefur verið um verkefnin sem sjálfstæðar einingar en sjaldnast í samhengi við áhrif þeirra hvert á annað eða á nærliggjandi götur, umhverfi, lífsgæði og borgarbrag. Enn fremur skortir á samhengi milli eflingar almenningssamgangna og fjölgunar einkabíla.

Í samgöngustefnu Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að greiðar samgöngur verði tryggðar, án þess að gengið sé á umhverfi, heilsu og borgarbrag, að fjölbreyttar ferðaþarfir borgarbúa verði uppfylltar á jafnréttisgrundvelli, og að samgöngukerfi borgarinnar verði fullnýtt. Fyrirheit meirihlutans eru ekki í samræmi við þessa stefnu. Ef jafnmiklu fjármagni væri varið í uppbyggingu hjólreiðastíga og hefðbundinna gatna liti borgin heldur betur öðruvísi út.

Nú verða borgaryfirvöld að staldra við og ákveða hvert halda skuli. Hundrað milljarðar eru miklir peningar sem verður að nýta með skynsamlegum hætti. Fara verður yfir allar mögulegar og ómögulegar leiðir til að uppfylla þau markmið sem borgin hefur sett sér. Á sama tíma og möguleg uppbygging léttlestarkerfis er skoðuð er nauðsynlegt að kanna kosti neðanjarðarlestarkerfis og hvaða áhrif slíkt myndi hafa á umferð einkabíla í borginni. Getur verið að með tilkomu létt- eða neðanjarðarlestarkerfis væri hægt að draga mjög úr byggingu samgöngumannvirkja?

Auðvitað á ekki að setja allar gatnaframkvæmdir á ís. Hér þarf að tryggja öflugt samgöngukerfi – en í samhengi við stefnu okkar og sátt við framtíðina. Því verða borgaryfirvöld að hugsa upp á nýtt hvort og þá hvernig samgöngumannvirki þurfi að byggja, stækka eða breyta. Ef við trúum því raunverulega að efling almenningssamgangna skili árangri, verðum við að ráðast í það verkefni af alvöru – og draga þar með úr þörfinni fyrir stokka, göng og mislæg gatnamót.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi.*




# Sumardagsgrautur með kanil og rúsínum

**UMRÆÐAN**
Þjóðmenning



EYRÚN INGADÓTTIR

Sumardagurinn fyrsti er á næsta leiti. Einhvern veginn hefur merking þessa frídags máðst út í nútímanum og nú er svo komið að margir vilja fá hann færðan til föstudags. Það er því ekki úr vegi að rifja upp af hverju það er frí þennan fyrsta dag í hörpu sem var lengi vel eini frídagurinn sem ekki var tengdur helgihaldi.

### Tvær árstíðir

Áður fyrr var sumardagurinn fyrsti annar af mikilvægustu frídögum fólks en hinn dagurinn var aðfangadagur jóla. Jafnvel sá siður að gefa sumardagsgjafir er eldri en að gefa gjafir á jólum. Þennan dag klæddist fólk sparifötum og unnin voru einungis brýnustu nauðsynjastörf. Sérstaklega var horft til veðurs og þótti vita á gott ef sumar og vetur frusu saman. Í gamla norræna tímatalinu skiptist árið í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þegar Íslendingar tóku upp rómverska tímatalið var hið norræna lagað að því en ekki lagt niður. Dagurinn merkir því ekki að sumarið sé komið heldur að sumarmisseri sé hafið. Þetta kemur meðal annars fram í Sögu daganna eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing.

### Magafylli á fyrsta sumardegi

Í handritum Jóns Pálssonar segir frá miklum veislum á Eyrarbakka á sumardaginn fyrsta á 19. öld. Menn hlökkuðu til þessa dags og byrjuðu að afla fanga með góðum fyrirvara. Húsfreyjur geymdu grjón og sauðakjöt til dagsins en þótt hungur væri byrjað að sverfa að fengu allir magafylli þennan dag. Borða mátti ótakmarkað af sumardagsgrautnum, sem var oftast hrísgrjónagrautur með rúsínum og kanel. Kaffið flæddi og bökuð voru fjöll af lummum. Brennivín þótti jafn nauðsynlegt í sumardagsgleðina og hangikjöt á jólum og kaupmaðurinn neitaði engum um pott af brennivíni sama hver skuldastaðan var. Útgerðarmenn buðu vermönnum og fjölskyldum þeirra í sumardagsveislu og var ekkert til sparað. Menn hristu af sér vetrarhaminn og gátu komið með athugasemdir um náungann til að gera upp veturinn án þess að það væri erft við þá á eftir. Brennivínsdrykkjan má kannski alveg missa sig og eins sá siður að láta samferðamennina „heyra það“. Grauturinn og lummurnar ættu hins vegar að vera á hvers manns diski á sumardaginn fyrsta eins og skata á Þorláksmessu. Veitingahús landsins gætu til dæmis tekið upp þann sið að bjóða landsmönnum upp á sérstakan sumardagsmatseðil með þessum kræsingum.

### Vetur konungur og Sumardísin

Á Hvammstanga er sumri fagnað með sérstökum hætti. Fyrir rúmlega hálfri öld ákvað ungt fólk í þorpinu að halda hátíð og safna fé til að rækta upp trjágarð. Garðurinn var útbúinn en allar götur síðan hefur hátíðin verið haldin með sama sniði. Vetur konungur og Sumardísin eru persónugerð og fara fyrir skrúðgöngu ásamt börnum sem eru þeim til halds og trausts. Vetur konungur er virðulegur, með kórónu og sítt skegg. Í félagsheimilinu flytur hann ljóð og afhendir Sumardísinni, sem er klædd litríkum sumarkjól í ætt við sígauna, veldissprota sinn. Táknræn og falleg athöfn um sumarkomuna. Þrátt fyrir að vera löngu flutt í burtu fæ ég alltaf heimþrá á sumardaginn fyrsta en í mínum huga jafnast engin hátíð á við þessa. Ef lesendur hafa áhuga á þessari sérstæðu hátíð þá hefst hún klukkan 14.00 með skrúðgöngu en það eru 200 km frá Reykjavík til Hvammstanga og því nóg að leggja af stað þremur tímum fyrr.

*Ég ætla gera það að tillögu minni að landsmenn hristi af sér vetrarhaminn á sumardaginn fyrsta, borði hnausþykkan sumardagsgraut með rúsínum og kanelsykri og heil fjöll af lummum. Kaupum svo litlar gjafir handa yngstu kynslóðinni í tilefni dagsins.*

### Fögnum sumri

Ég ætla að gera það að tillögu minni að landsmenn hristi af sér vetrarhaminn á sumardaginn fyrsta, borði hnausþykkan sumardagsgraut með rúsínum og kanelsykri og heil fjöll af lummum. Kaupum svo litlar gjafir handa yngstu kynslóðinni í tilefni dagsins. Minnumst þannig forfeðra og formæðra okkar sem fengu oft magafylli þennan eina dag á vormánuðum. Við skulum fagna sumri á sumardaginn fyrsta að fornum sið.

Gleðilegt sumar.

*Höfundur er sagnfræðingur og rithöfundur.*






# Viðskiptafræðimenntun í 90 ár

**UMRÆÐAN**
Háskólamenntun



REYNIR KRISTINSSON

Viðskiptamenntun sú sem er forveri núverandi viðskiptamenntunar við Háskólann á Bifröst hófst árið 1918 og hefur því verið óslitin í 90 ár. Stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga samþykkti í ágúst 1918 að halda skóla „fyrir samvinnumenn“ og varð Jónas Jónsson frá Hriflu fyrsti skólastjórinn. Jónas skilgreindi skólann sem foringjaskóla og mótaði hann eftir fyrirmynd Ruskin College í Oxford þar sem hann hafði sjálfur verið við nám.

Hliðstæður skóli var stofnaður í Kaupmannahöfn árinu áður í sama tilgangi og fyrir samvinnuhreyfinguna sem þá var starfandi þar. Þetta var forveri Copenhagen Business School – CBS – sem er einn af samstarfsskólum Háskólans á Bifröst í dag.

Sumarið 1955 var skólinn fluttur að Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði og hefur verið starfræktur þar síðan. Árið 1988 verður skólinn sérskóli á háskólastigi. Samvinnuskólinn, Samvinnuháskólinn, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Háskólinn á Bifröst eru ein og sama stofnunin. Fram til 1990 var skólinn deild innan Sambands íslenskra samvinnufélaga og í eigu þess. Frá 1990 hefur skólinn verið sjálfseignarstofnun.

Í dag er Háskólinn á Bifröst fjölbreyttur háskóli, sem býður nemendum sínum upp á framúrskarandi fræðslu, þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði og viðskiptalögfræði sem og heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Hlutverk skólans er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst býður nú upp á þrjár línur í meistaranámi: MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi sem er ætlað þeim sem vinna eða vilja vinna í fjármálastarfsemi, MS í alþjóðaviðskiptum sem er ætlað öllum þeim sem vilja vinna í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi hér á landi og erlendis og MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu ætlað þeim sem vilja taka þátt í stjórnun einkarekinnar eða opinberrar heilbrigðisþjónustu í sinni víðustu mynd.

Meistaranámið er þannig upp byggt að nemendur geta stundað vinnu samhliða því en kennslan er sambland af stað- og fjarnámi. Um helmingur kennara kennir við erlenda háskóla eða er viðurkenndir sérfræðingar á sínu sviði erlendis.

Auk meistaranámsins býður viðskiptadeildin upp á BS í viðskiptafræði sem kennd er í staðnámi á Bifröst annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku. Einnig er boðið upp á viðskiptamenntun í fjarnámi.

Fjarnámið við Háskólann á Bifröst byggist á notkun netsins og sérhæfðs hugbúnaðar þannig að kennarar geta haldið fyrirlestra þar sem þeir eru staddir hverju sinni og nemendur geta sótt kennsluefni og verkefni hvar sem þeir eru og þegar best hentar. Þannig geta nemendur aðlagað nám, vinnu og fjölskyldulíf og gert menntun að eðlilegum þætti daglegs lífs.

Til þess að þjálfa og þroska nemendur býðst þeim að stunda hluta af námi sínu við erlenda samstarfsskóla og nemendur frá þeim stunda nám við Háskólann á Bifröst. Því má segja að Háskólinn á Bifröst taki virkan þátt í útrásinni með íslensku atvinnulífi.

*Höfundur er forseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst.*

# Samfylkingin kostar Hafnfirðinga milljarða

**UMRÆÐAN**
Bæjarmál í Hafnarfirði



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

Meirihluti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur ákveðið að taka þriggja milljarða króna erlent lán. Ástæðan er sögð miklar framkvæmdir í bæjarfélaginu á árinu. Þessi lántaka er því miður glöggt dæmi um afar lélega áætlanagerð og fjármálastjórn Samfylkingarinnar því að í desember samþykkti sami meirihluti fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 þar sem segir: „Þrátt fyrir þessar stórfelldu framkvæmdir og fjárfestingar á árinu 2008 er ekki gert ráð fyrir hækkun langtímalána nema um 200 m.kr. vegna átaks við fjölgun leiguíbúða.“

Hvað hefur breyst á örfáum vikum? Hvers konar áætlanagerð er þetta? Af hverju þarf Hafnarfjarðarbær fyrst sveitarfélaga að taka lán um leið og harðnar á dalnum í efnahagslífinu?

Meirihluti Samfylkingarinnar hefur í stjórnartíð sinni hingað til hitt á óskastund því góðæri þjóðarinnar hefur verið í sögulegu hámarki. Skatttekjur síðustu ára hafa ævinlega verið mun hærri en áætlað var. Nú þegar hægir á hjólum efnahagslífsins kemur strax í ljós hversu illa Samfylkingin hefur stýrt fjármálum bæjarins.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til á bæjarstjórnarfundi 4. september síðastliðinn að hlutur Hafnarfjarðar í Hitaveitu Suðurnesja yrði seldur strax til Orkuveitu Reykjavíkur en fyrir lá tæplega átta milljarða króna tilboð sem gilti til áramóta. Tillagan var felld af Samfylkingunni. Þar vildu menn bíða – staldra við og skoða málin. Næstu mánuði breyttust hratt aðstæður í efnahagslífinu. Nú er svo komið að Samkeppniseftirlitið gerir miklar athugasemdir við fyrirhuguð kaup og málið er í erfiðum hnút.

Hefði strax verið farið að tillögu sjálfstæðismanna væri staða bæjarsjóðs miklu betri. Hægt hefði verið að greiða niður tvö erlend lán sem síðan þá hafa hækkað um 1.300 milljónir króna vegna falls krónunnar. Auk þess væri bærinn að fá hundruð milljóna króna í vexti af eftirstöðvum söluandvirðisins. Þess í stað horfum við nú upp á háar lántökur með tilheyrandi skuldaaukningu bæjarins. Líkt og í álversmálinu forðum var meirihluta Samfylkingarinnar fyrirmunað að taka ákvörðun. Þessi ákvörðunarfælni hefur kostað Hafnfirðinga 1.500 milljónir króna. Það munar um minna.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*

# HABITAT LOKAR

EN VIÐ OPNUM AFTUR NÝJA OG GLÆSILEGA
VERSLUN Í HOLTAGÖRÐUM LAUGARDAGINN 19. APRÍL

habitat




## Er pallurinn klár fyrir vorið?





**Omega 200EX**
6.2 Kw
Grillflötur 50x36cm
Tvískiptur brennari
Emeleruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð
Neistakveikja, þrýstijafnari
3000235
**13.590**



## Gagnvarin fura
Algengasta pallaefni á Íslandi.

| 21 x 95 mm | 28 x 95 mm | 98 x 98 mm |
|---|---|---|
| 0.9 - 4.5 m | 0.9 - 4.5 m | |
| 621601 | 628601 | 698600 |
| **139** kr/m | **199** kr/m | **499** kr/m |



## Lerki
Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni á Norðurlöndum.

21 x 90 mm **219** kr/m
721600

28 x 95 mm **269** kr/m
728600



BANDARÍSK GÆÐAVARA

**SPIRIT E310**
3 ryðfríir brennarar:
11,0 kW/h - 36.000 BTU
Samhæfður kveikjari
Grillgrindur og lok
postulín-glerungshúðað
Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki
Skápur með ryðfríum hurðum
Grillflötur: 61x44 sm
Heildar utanmál með lok opið:
160x137x76 sm
Þrýsti-uppkveikjurofi
Gaskútur fylgir ekki
Afhent ósamsett
3000256
**73.990**



**Hleðsluborvél**
14,4V, 2 rafhlöður, taska
5245006
**3.995**
~~5.999~~

**Hægt er að bera á pallinn við lágt hitastig.**
Kuldi þarf ekki að koma í veg fyrir að bera á pallinn því JOTUN TREOLJE má nota við hitastig niður í - 5°C.

**Pallaolía**
3 ltr
7049123-37
**1.799**
~~2.629~~




**Hekkklippur**
HiPoint
5084664
**999**
1.549

**Greinaklippur**
HiPoint
5084669
**899**
~~1.499~~

**Greinaklippur**
HiPoint
5084660
**799**
~~1.345~~



**Laufhrífa**
5084335
**899**
~~1.299~~



**Hekkklippur**
**Texas**, rafmagns, 650W, 60 cm blað, klippigeta 20 mm, 4,1 kg
5083595
**6.995**



**3.995**
~~5.499~~

**Hjólbörur**
80 ltr
5080038



VERTU TIL
VORIÐ
KALLAR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl

# BESTU KAUPIN
## UM HELGINA



## Ruslafötur
í úrvali

**60%** AFSLÁTTUR



## Unica 26″
***EVRÓPSK GÆÐAVARA***

AUTHOR

21 gira
**Shimano Revoshift**
skipting



Afturskipting
**Shimano TX-31**

Álgrind

Framskipting
**Shimano C050**

**V Alloy**
bremsur

3899978

**22.995**

## Impulse 26″
***EVRÓPSK GÆÐAVARA***

AUTHOR

21 gira
**Shimano Revoshift**
skipting



Afturskipting
**Shimano TX-30**

Demparar að
framan

Álgjarðir

**Artek "V"**
bremsur

Heavy duty
álgrind

3899973

**26.995**

## Reiðhjóla-
grindur



**4.899**
~~6.999~~

**2.589**
~~3.699~~

## Melody 20″
***EVRÓPSK GÆÐAVARA***

AUTHOR

6 gira
**Shimano Revoshift**
skipting



Afturskipting
**Shimano TY-18**

Handbremsur **Tektro**
plast/ál

Álgjarðir

**Artek "V"**
bremsur

3899971

**14.595**

## Energy 20″
***EVRÓPSK GÆÐAVARA***

AUTHOR

6 gira
**Shimano Revoshift**
skipting



Afturskipting
**Shimano TY-18**

Handbremsur **Tektro**
plast/ál

Álgjarðir

**Artek "V"**
bremsur

3899969

**12.995**



**899**
~~1.899~~

**Járnsög**
Cosmos Ultra
5001796



**2.499**
~~4.998~~

**Skrúfjárnasett**
Cosmos 75 stk.
5010140



**299**
~~995~~

**Bogasög 24″**
5000523



**Verkfærataska Mastermate**
Á hjólum, 2 skúffur
5024620

**3.995**
~~7.779~~



**Verkfærataska Falcon**
17″
5024627

**799**
~~1.229~~



**Verkfærasett**
50 stk.
5000473

**1.499**
~~2.995~~

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Auðmenn kaupa sér velvild með aflausnarbréfum

Ögmundi Jónassyni finnst lítið til gjafa auðmanna til samfélagsmála koma og segir þá hafa sagt sig úr lögum við samfélagið.

## Í fyrsta sinn

Þjóðþekktir Íslendingar deila fyrstu reynslu sinni af margvíslegum persónulegum hlutum.

## Matur

Matur fylgir með Fréttablaðinu á sunnudag

**ÍSLENSKT HRÁEFNI**

Tyllidagasúpa með suðrænu ívafi, silkimjúkir skyreftirréttir, fróðleikur um íslensk fjallagrös, saðsamir sjávarréttir, matarpistill Nönnu Rögnvaldardóttur og leynivopn sem hefur ekki klikkað í 52 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





MAÐUR VIKUNNAR

# Dagfarsprúður hlaupagikkur

Á sunnudagskvöld lýkur Mannaveiðum, sakamálaþáttaröðinni sem sýnd hefur verið við miklar vinsældir í Sjónvarpinu. Þættirnir eru byggðir á bókinni Afturelding eftir Viktor Arnar Ingólfsson, sem vakti talsverða athygli þegar hún kom út árið 2005. Viktor Arnar er maður vikunnar.

Viktor Arnar fæddist á Akureyri, heimabæ móður sinnar, en flutti til Reykjavíkur eins árs gamall og sleit barnsskónum að mestu í Háaleitis- og Hlíðahverfi. Faðir hans er hins vegar mikill KR-ingur og því kom ekki til greina að Viktor færi í Fram eða Val – hann hefur verið í KR frá blautu barnsbeini og býr nú aðeins steinsnar frá KR-vellinum í Vesturbænum. Faðir hans kom frá Flatey á Breiðafirði og dvaldi Viktor þar mörg sumur sem drengur, hjá ömmu sinni og afa, og ber sterkar taugar til staðarins.

Viktor var bókhneigt barn, las mikið og fór sjálfur brátt að dunda við skriftir. Þegar hann var fjórtán ára fékk hann sumarvinnu hjá Vegagerðinni við brúarvinnu. Honum líkaði vel, var þar í lausavinnu þar til hann hafði lokið námi í Tækniskóla Íslands en hefur verið fastráðinn þar allar götur síðan og annast útgáfumál stofnunarinnar. Hann hefur því unnið meira eða minna hjá Vegagerðinni frá fermingu. Hann hefur líka víðfeðma þekkingu á samgöngumálum og skrifar stundum um þau á heimasíðuna sína þegar hann fjallar ekki um bókmenntir.

Jafnlyndi og nákvæmni eru þau orð sem vinir og vandamenn Viktors Arnar grípa helst til þegar hann ber á góma. Hann þykir mjög dagfarsprúður og skiptir sjaldan skapi. Hann vill hafa allt á hreinu og velkist sjaldan í vafa um hvernig hann vill hafa hlutina. Hann þykir traustur vinur og greiðvikinn og fólk veit hvar það hefur hann. Hann er ekki hvatvís, bregst ekki óvænt við og flanar aldrei að neinu.

Viktor Arnar gaf út sína fyrstu skáldsögu árið 1978, þá 23 ára gamall. En þótt hann færi ekki dult með áhuga sinn á skriftum kom það ekki á óvart þótt hann færi í nám í Tækniskólanum og gerði ritstörfin að aukabúgrein. Hann vill hafa hlutina í föstum skorðum og það hentaði því ekki að gera skriftir að fullu starfi. Honum þótti ekki aðlaðandi kostur að láta reka á reiðanum og vera óviss um afkomu sína. Það er ekki í hans anda.

Viktor Arnar hefur hins vegar tekið áhættu í skrifum sínum og er óhræddur við að prófa nýja hluti og öðruvísi hugmyndir í bókum sínum. Í fyrsta lagi helgaði hann sig glæpasögum, bókmenntagrein sem átti ekki upp á pallborðið hér á landi og var jafnvel litið niður á. Viktor þykir fjölhæfur höfundur og smásögur hans bera þess vitni að hann getur vel skrifað aðrar tegundir skáldskapar en krimma. En þrátt fyrir að íslenskar glæpasögur hlytu lengst framan af ekki náð fyrir augum hins almenna lesenda hélt hann sínu striki.

Um tveimur áratugum eftir að Viktor Arnar gaf út sína fyrstu glæpasögu, Dauðasök, má segja að reyfarinn hafi fengið uppreisn æru hér á landi fyrir tilstilli höfunda á borð við Arnald Indriðason, Ævar Örn Jósepsson, Árna Þórarinsson og Viktor Arnar, og árið 1999 tók hann þátt í stofnun Hins íslenska glæpafélags. Bókin Engin spor, sem kom út árið 1998, var árið 2001 tilnefnd til norrænu glæpasagnaverðlaunanna, Glerlykilsins, fyrst allra íslenskra bóka. Árið 2002 kom bókin Flateyjargáta út, þar sem Viktor kinkar kolli til æskustöðvanna. Árið 2005 kom hins vegar þekktasta bók Viktors Arnar út, Afturelding. Þar tók Viktor aftur áhættu, sem fólst í því að láta raðmorðingja leika lausum hala í örsamfélaginu Íslandi. Og það þótti takast vel. Þarna kom það Viktori til góða hvað hann er mikill nákvæmnismaður. Honum er meinilla við lausa enda og leggur mikla vinnu í rannsóknir fyrir bækur sínar.

Viktor Arnar er mikill langhlaupari og hefur hlaupið ófá maraþonhlaup og Laugavegshlaup. Hann sameinar með því reyndar tvö áhugamál því hann hlustar iðulega á hljóðbækur í iPod-spilaranum sínum þegar hann hleypur, og kemst þannig í gegnum að minnsta kosti tvær bækur á mánuði.

Í gegnum starf sitt hjá Vegagerðinni hefur Viktor fengið staðgóða þekkingu á landinu. Hann er hins vegar ekki mikið gefinn fyrir ferðalög, er þvert á móti afar heimakær.

Helstu gallar Viktors Arnars eru sagðir liggja í kostum hans. Öll skipulagningin og nákvæmnin geti stundum verið honum fjötur um fót þegar hann hefði ef til vill gott að því að sleppa af sér beislinu. En án agans myndi hann aftur á móti tæpast skrifa mikið, því hann gerir honum kleift að vinna jafnt, þétt og markvisst.

## VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON




## ÆVIÁGRIP

Viktor Arnar Ingólfsson fæddist á Akureyri hinn 12. apríl 1955, en er alinn upp í Reykjavík. Foreldrar hans eru Margrét Jensdóttir innanhússarkitekt og Ingólfur Viktorsson loftskeytamaður. Þau skildu. Stjúpi Viktors, Sigfús Örn Sigfússon, er látinn. Viktor er kvæntur Valgerði Geirsdóttur. Dóttir hans heitir Margrét Arna en auk hennar á hann stjúpdótturina Emilíu Björt Gísladóttur. Hann býr í Vesturbænum og styður KR af heilum hug. Hefur auk þess áhuga á bókum, samgöngumálum og langhlaupum.

Viktor Arnar útskrifaðist sem byggingartæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands árið 1983. Hann hafði unnið ýmis störf hjá Vegagerðinni með námi frá 1969 til 1983, en verið í fullu starfi þar síðan og unnið við útgáfur stofnunarinnar frá 1985.

Viktor hefur frá árinu 1978 gefið út fimm skáldsögur, allt spennusögur. Hann er einn af stofnendum Hins íslenska glæpafélags, sem sett var á laggirnar árið 1999. Skáldsaga hans, Engin spor, var tilnefnd til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna, árið 2001, fyrst íslenskra bóka. Einnig hafa birst eftir hann smásögur í blöðum og tímaritum.

Árið 2005 gaf hann út skáldsöguna Aftureldingu, sem vakti mikla athygli og var gefin út í Þýskalandi ári síðar. Eftir henni eru sjónvarpsþættirnir Mannaveiðar gerðir, sem eru á dagskrá Sjónvarpsins um þessar mundir. Viktor vinnur nú að sinni sjöttu skáldsögu.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR?

Hljóp Reykjavíkurmaraþon á rétt rúmum þremur klukkustundum og 40 mínútum árið 2001. Hljóp Laugaveginn á tæplega sjö klukkustundum og 27 mínútum árið 2002.

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Að fylgjast með ferli hans er dálítið eins og að fylgjast með snigli. Þótt hann fari hægt kemst hann þangað sem hann ætlar sér. Hann setur sér markmið og lætur ekkert trufla sig fyrr en hann nær þeim.“

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur og vinur.

## HVAÐ SEGIR HANN?

„Ég var staddur í útlöndum fyrir fjölmörgum árum og ætlaði að kaupa mér föt. Ég hafði alltaf notað gallabuxur af stærð 32 en var hins vegar farinn að fylla ansi vel út í þær. Ég lét samt ekki bugast og keypti mér þrennar gallabuxur – allar af stærð 32 – í þeirri von að ég næði mér aftur niður í gamalt form. Ég fór aldrei í þær buxur.“

Viktor um sín verstu kaup, í Fréttablaðinu 29. desember 2005.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## Græn skref í Reykjavík:

# Milljón þakkir til milljón farþega!

Síðan námsmannakortin voru gefin út í fyrra hefur farþegum í strætó fjölgað um eina milljón á ársgrundvelli.

Þetta eru frábær tíðindi enda hefðu þessar milljón ferðir að óbreyttu verið farnar á einkabílum og því hefur dregið verulega úr vegsliti, umferð og loftmengun í borginni.




*Þakka ykkur milljón sinnum fyrir að hafa komið Strætó aftur á kortið og tekið þátt í að byggja upp betri almenningssamgöngur í Reykjavík!*

**Nánari upplýsingar um Græn skref í Reykjavík á www.reykjavik.is**

Reykjavíkurborg

# Meiri Íslendingur en ég!

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá samskiptum við brúnan hest, undurfagran. Einnig er vikið að snillingnum Balthazar. Fjallað um listaverk og læknisfræði og spurt í framhaldi af slysum hvort allir geti alltaf og endalaust kjaftað sig frá ábyrgð.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson**

**LAUGARDAGUR, 5. APRÍL.**

### Einfalt uppeldiskerfi

Í dag kom hestaflutningabílstjóri í bæinn með brúna klárinn sem ég fékk augastað á fyrir austan. Ég má hafa hann hjá mér næstu daga til að kynnast honum til að athuga hvort við eigum saman og getum orðið vinir.

Hesturinn var soldið var um sig eftir ferðalagið svo að ég lét duga að kemba honum og strjúka og kenna honum að góða og kurteisa framkomu launa ég með graskögglum úr lófa mínum.

Í þessu einfalda uppeldiskerfi eru engar refsingar aðrar en sú sem felst í því að fara á mis við að fá verðlaun eða umbun.

**SUNNUDAGUR, 6, APRÍL.**

### Læknisfræði og listaverk

Ætlaði á hestbak í dag en það fór öðru vísi en ætlað var því að ég var gersamlega þreklaus og lá fyrir mestallan daginn og las um gigtarsjúkdóma í lækningabókum. Það sem að mér gengur telja læknar að sé fjölvöðvagigt.

Því meira sem ég les um mannslíkamann, þeim mun meira vex virðing mín fyrir læknum, líffræðingum, lífeðlisfræðingum, sálfræðingum, grasalæknum og öllu því lærða fólki sem eyðir ævi sinni í að rannsaka líkama og sál.



Eins og flestir vita er stórhættulegt fyrir leikmenn að lesa sér til um sjúkdóma því að fyrr en varir finnst manni að þeir hafi allir sem einn tekið sér bólfestu í manni sjálfum.

Sem betur fer skil ég ekki nema lítinn hluta af því sem ég er að lesa. Lái mér hver sem vill en ég hef ekki læknisheila og skil ekki bofs í fræðunum þegar þau gerast flókin, hvað þá að ég treysti mér til að þýða eitthvað á borð við þetta:

„The peroxynitrite-mediated increased permeability of the blood-brain barrier allows increased access of organic chemicals to the CNS, which could cause neural sensitization and multiple chemical sensitivity.“



Stundum koma þó setningar sem ég skil og mér rennur kalt vatn milli skinns og hörunds við lesturinn. Til dæmis þessi:

„Aukaverkanir lyfja eru fjórða algengasta dánarorsök fólks í Bandaríkjunum á eftir hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini og slysförum.“

Enn sem komið er hef ég þó engan sjúkdóm fengið sem er nógu magnaður til að halda mér heima þegar vinir okkar Kristjana og Balthazar bjóða til matarveislu. Við fórum til þeirra í kvöld og gleymdum öllum áhyggjum.

Balthazar, eins og flestir aðrir sannir listamenn sem ég hef kynnst, er lítillætið uppmálað.

Kristsmyndirnar sem hann sýnir í Hallgrímskirkju og byggjast á orðum Krist á krossinum eru í senn áhrifamikið og sígilt listaverk. Þetta verk er svo magnað að það ætti að gera Hallgrímskirkju kleift að hafa það til sýnis á hverri páskaföstu.

Núna eru þau hjónin Kristjana og Balthazar á leið til Barcelona, því að þar verða mikil hátíðahöld til að heiðra minningu afa Balthazars sem var tónskáld – og flúði land undan Franco.

Það hefur dregist að heiðra gamla manninn sem nú hefur hvílt í gröf sinni í 30 ár. Vonandi bíða Íslendingar ekki svo lengi með að heiðra sonarsoninn sem kaus að gera Ísland að heimalandi sínu. Að því leyti er Balthazar meiri Íslendingur en ég að hann valdi sér Ísland fyrir ævistarfið. Ég er hérna bara af tilviljun.



**MÁNUDAGUR, 7. APRÍL.**

### Á hestbaki

Eftir hádegið var komið að því. Við frú Sólveig fórum upp í hesthús og fórum saman í okkar fyrsta sameiginlega útreiðartúr í vetur.

Það var mestan part yndislegt. Það eina sem skyggði á gleðina var að hesturinn sem mér finnst svo mikið augnayndi er ekki jafnhrifinn af mér og ég af honum. Frú Sólveig saup hveljur þegar við rukum fram úr henni á harða stökki.

Það var samt lítil hætta á ferðum, því að klárinn er alveg


Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

Í samstarfi við:

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri


Ljósmynd : Agnes Geirdal

**Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun**

Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun býr nemendur undir að takast á við eitt af mest knýjandi viðfangsefnum framtíðarinnar, nýtingu og stjórnun auðlinda.

Kennsla fer fram á Ísafirði við Háskólasetur Vestfjarða en námsleiðin er í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Nánari upplýsingar: www.hsvest.is

Umsóknarfrestur: 5. júní 2008



hrekklaus og engin illska í honum. Bara einhverjir bannsettir dyntir. Kannski er hann með athyglisbrest því að hann virtist eiga soldið erfitt með að einbeita sér að því sem hann átti að gera.

Þegar við komum úr reiðtúrnum góndi klárinn á mig, eins og hann væri að furða sig á því að ég skyldi ekki troða upp í hann heilum rúgbrauðshleif í þakklætisskyni.

Ég gaf honum nokkra grasköggla og hvíslaði því að honum að hann yrði að standa sig betur næst.

**ÞRIÐJUDAGUR, 8. APRÍL.**

## Graskögglar handa stjórnmálamönnum

Hélt áfram að streða við klárinn. Hann er svo skrambi fallegur og hæfileikaríkur að það pirrar mig að ég skuli ekki geta fengið hann til að gleyma allri sérvisku og leyfa hæfileikunum að njóta sín.

Ég hef soldið verið að skemmta mér við að blogga á Eyjunni, það er að segja eyjan.is. Þar get ég rausað um pólitík og hellt úr skálum reiði minnar yfir spillingu, hégóma, heimsku og hroka.

Mér finnst það vera borgaraleg skylda mín að tjá skoðanir mínar á því hvernig landinu okkar er stjórnað. Hvort skoðanirnar eru réttar eða rangar er ekki aðalatriði heldur hitt að tómlæti gagnvart störfum stjórnmálamanna er hættulegt fyrir lýðræðið.

Stjórnmálamenn þurfa aðhald og eftirlit eins og aðrir starfsmenn hérna í víngarðinum. Þeir eru hrekkjóttari en brúni klárinn að því leyti að þeir bíða ekki eftir því að ég fari í vasa minn eftir einhverju til að umbuna þeim með, heldur sækja þeir sér verðlaunin sjálfir í vasa mína hvort sem mér líkar betur eða verr.

**MIÐVIKUDAGUR, 9. APRÍL.**

## Að kjafta sig undan ábyrgð

Í dag varð ekki undan því vikist lengur að taka ákvörðun um hestinn sem ég hef verið að prófa að undanförnu.

Þetta er ótrúlega flottur klár en of fjörugur fyrir mig, nema mér fari fram og honum aftur.

Hann fer því aftur í sína heimasveit og bíður eftir að yngri og betri reiðmaður en ég taki hann að sér.

Núna loksins stendur víst til að gera eitthvað rótttækt til að koma í veg fyrir fleiri slys vegna ófullnægjandi merkinga á Reykjanesbrautinni.

Eftir síðasta slys sagði blaðafulltrúi Vegagerðarinnar: „Það er auðvelt að vera vitur eftir á.“

Hvaða dónaskapur er þetta? Eftir á – hvað? Hinn 21. mars sl. skrifaði ég um heimferð mína frá Keflavíkurflugvelli:

„...mér rennur kalt vatn milli skinns og hörunds þegar ég hugsa til þess að drengirnir (mínir) skyldu leggja sig í lífshættu til að taka af mér það ómak að ferðast með rútubíl síðasta áfangann.

Þótt varlega væri ekið var ökuferðin frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur beinlínis lífshættuleg í náttmykrinu vegna furðulegra umferðarhindrana og enn furðulegri ljósabúnaðar sem komið hefur verið upp á nokkrum stöðum á leiðinni eftir að einhver verktaki fór á hausinn.“

Ég er ekki sá eini sem hefur bent á þessa slysagildru – og þær ábendingar komu fyrirfram, ekki eftir á – með allri virðingu fyrir blaðafullatrúa Vegagerðarinnar.

Samgönguráðherra sagði eitthvað í þá veru að orsök slysa væri of hraður akstur. Það má til sanns vegar færa – en þær slysagildrur sem mest hefur verið kvartað undan á Reykjanesbrautinni eru af manna völdum. Og frá þeirri ábyrgð geta menn ekki kjaftað sig. Hvort og hvernig þeir axla hana kemur svo í ljós.

**FIMMTUDAGUR, 10. APRÍL.**

## Verðbólguhitastig á vordegi

Í dag er tíundi apríl og það var tíu stiga hiti í Seltjarnarneslauginni og verðbólgan komin í um tíu prósent. Vonandi eltir verðbólguprósentan ekki hitastigið í sumar.

Ég er sammála Davíð Oddssyni (ef ég hef þá skilið hann rétt) um að ríkið á ekki að skaffa bönkunum fallhlífar. Ef ég mætti ráða byðist ríkið til að kaupa bankana aftur með skuldum og eignum og listaverkasöfnum fyrir eina evru stykkið. Tilboðið gæti staðið þangað til á mánudaginn. Þeir bankar sem höfnuðu því þyrftu ekki að vænta frekari aðstoðar frá ríkissjóði.

En hvað sem verðbólgunni líður er það notalegt að hitastigið skuli smám saman fara hækkandi. Kannski kemur einhvern tímann sumar á landinu bláa.


Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



# Fallegar skrifstofur í hjarta borgarinnar

## Skúlatún 2

Enn er rými laust í þessari eftirsóttu byggingu. Alls eru til ráðstöfunar um 200 m² á efri hæðum og stór hluti jarðhæðar sem hentar sérlega vel undir verslun eða þjónustu. Hér er frábært tækifæri til að tryggja sér fallegt skrifstofuhúsnæði í sögufægu húsi á besta stað í borginni.

Húsið er alls um 3.250 m² en dæmigerð hæð um 585 m². Skilaástand á leigðum rýma er samkomulagsatriði.

**Húsnæðið er laust til afhendingar.**



## Lyngháls 4

Þakhæð á Lynghálsi 4 er til leigu, um 370 m² að flatarmáli í nýlegri byggingu við Lyngháls. Frábært útsýni og góð aðstaða í rúmgóðu og vel búnu húsnæði.




## Borgartún 1 - skoðaðu þetta!

Til leigu eru 930 m² á þremur hæðum sem skiptast í kjallara og tvær hæðir með sameign. Hver hæð er 310 m² og húsið býður upp á mikla möguleika. Húsið er laust í sumar.



## Borgartún 3

Þjónustu- eða verslunarhæð á jarðhæð, um 435 m² og þrjár skrifstofuhæðir. Vel búið húsnæði í góðu standi. Húsið er laust í júní.



## Hverfisgata 14 A

Gullfallegt hús á skemmtilegum stað. Í húsinu eru 2-3 skrifstofuhæðir, ríflega 100 m² hver, auk setustofu í risi. Húsið er laust í júní.



Nánari upplýsingar veitir Arngrímur Blöndahl
í síma 595 4400 / 822 4401 - arngrimur@eykt.is

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

2007

# 1. SÆTI
BYGGINGAVÖRUVERSLANIR

## Þökkum traustið

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísi og Capacent Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum, sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina.

Samtök iðnaðarins · capacent · STJÓRNVÍSI

**197** kr./lm

Vnr. 0058324
**Fura**
Fura, alheflað, 27x95 mm, A-gagnvarið.

Vnr. 0058504
**Fura** **264** kr./lm
Fura, alheflað 45x95 mm, A-gagnvarið.

Vnr. 0058506
**Fura** **392** kr./lm
Fura, alheflað 45x145 mm, A-gagnvarið.

Vnr. 0059954
**Fura** **498** kr./lm
Fura, alheflað 95x95 mm, A-gagnvarið.

# Skrúfa, bora, saga, hefla, mæla og negla



**34.900**

Vnr. 50630102
## Gasgrill
OUTBACK TROOER PLUS gasgrill með tveimur brennurum. Pottjárn á grillgrind. 8,6kW, grillflötur 48x42 cm. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind og fitubakki. Mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgja.
Vnr. 50634139 Yfirbreiðsla **kr. 3.590**



**29.900**

Vnr. 50632101
## Gasgrill
ELEGANT UNION gasgrill með þremur brennurum, emelerað járn í grillgrind. Grillflötur 49x65 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind. Niðurleggjanleg hliðarborð. Yfirbreiðsla fylgir. 12,3KW. Þrýstijafnari og slanga fylgja.



**59.900**

Vnr. 50632309
## Gasgrill
OUTBACK DIMOND gasgrill 65x49 cm grillflötur, 3 brennarar, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind, þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð. 11,8 KW.
Vnr. 50632138 Yfirbreiðsla **4.330,-**.



Vnr. 92301100-3
## Vettlingar
SAHARA vettlingar, stærðir 7-10, S-XL.
**499**



Vnr. 50147040-47
## Gúmmístígvél
HARVIK/VÍKING gúmmístígvél, stærðir 28-39.
**2.490**
Stærðir 40-47.
**2.990**



BOSCH
Vnr. 74890010
## Mosatætari
BOSCH ARM 32 F, mosatætari, 400W, 27 l. kassi, sláttubreidd 32 cm.
**17.900**

**Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!**

# FRÁBÆR VORTILBOÐ Í BYKO




ÓDÝRT

**17.900**

Vnr. 50632102

**Gasgrill**

ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum, pottjárn í grillgrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind.



Vnr. 68316410

**Stórgreinaklippa**

LUX stórgreinaklippa.

**1.490**



Vnr. 68315205

**Hekkklippur**

LUX hekkklippur.

**2.490**

BOSCH

Vnr. 74890004

**Hekkklippur**

BOSCH hekkklippur AHS 4-16.
Sverðlengd 42 cm, 390W.

**6.490**



## Garðahönnun og ráðgjöf

**Í ár eins og undanfarin ár mun BYKO veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf og faglegar ráðleggingar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í garðinum.**

Bjarnheiður Erlendsdóttir garðahönnuður mun sjá um ráðgjöf fyrir viðskiptavini BYKO í sumar. Hún hefur áratuga reynslu í hönnun og vinnslu á görðum, bæði nýjum sem gömlum.

Ráðgjöfin hefst 1. apríl og felst hún aðallega í því að koma fólki af stað í framkvæmdum á pöllum og girðingum. Skráning fer fram hjá Halldóru í BYKO í síma **515 4134** á milli kl. 10 og 16 virka daga.

Hver viðskiptavinur fær hálftíma ráðgjöf sem kostar kr. 9.900, en þær fást endurgreiddar við kaup á palla- og girðingaefni hjá BYKO.




Vnr. 55090005

**Kalk** **1.190**

TURBO-Kalk á grasflatir, 12,5 kg.



Vnr. 79291100

**Hjólbörur**

GINGE hjólbörur, 100 l.

**5.990**

BYKO

## UMMÆLI VIKUNNAR

*Það er nefnilega ekki hægt að eiga orðaskipti við þingmenn Vinstri grænna vegna þess að þeir gagga eins og hænur úr sæti sínu.*

***Geir H. Haarde forsætisráðherra.***

*Samfylkingin á að skammast sín fyrir að þurfa að beita ósannindum og lygum til að moka yfir endaleysuna og þvæluna í sjálfum sér í þessum málaflokki.*

***Árni Þór Sigurðsson VG.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Stjórnmálamenn kunni að tefla

Það ætti að vera regla að allir stjórnmálamenn kunni að tefla, sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, í þinginu á fimmtudag. Og hvers vegna? Jú, vegna þess að rökhyggjan eflist með skákinni, sagði hann.

Guðni greindi frá þessari skoðun þegar hann mælti fyrir tillögu um skáksetur í Reykjavík, helgað afrekum Bobbys Fischer og Friðriks Ólafssonar.

Tíu þingmenn úr öllum flokkum flytja tillöguna, ásamt Guðna, sem er líkleg til að verða samþykkt enda ólíklegt að einhver verði til að mæla gegn því að afrekum stórmeistaranna tveggja verði sýndur sómi. Báðir tengjast þeir Alþingi; Friðrik var skrifstofustjóri þess um árabil og þingið samþykkti að Fischer skyldi veittur ríkisborgararéttur.



Lengi vel var mikið teflt á Alþingi en dregið hefur úr því. Fátt er ljóst um skákfærni þingmanna. En auðvitað færi vel á því að Guðni flytti sérstakt þingmál um að fólk þyrfti að geta eitthvað í skák til að fá að skipta sér af stjórnmálum.

## 29 dagar eftir

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis eru 29 dagar eftir af vorþinginu sem nú stendur. Rúmum helmingi daganna verður varið til hefðbundinna þingfunda en aðra daga funda nefndir og þingflokkar eða þingmönnum er gert að rækja kjördæmi sín. Þá eru ótaldir Eldhúsdagur og þingfrestunardagur.

### ÞAÐ SEM EFTIR LIFIR

| | |
|---|---|
| Þingfundadagar | 16 |
| Nefndadagar | 5 |
| Kjördæmadagar | 4 |
| Þingflokksfundadagar | 2 |
| Eldhúsdagur | 1 |
| Þingfrestunardagur | 1 |

### VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

## *Formið formsins vegna*



Alþingi starfar eftir mörgum reglum, bæði skráðum og óskráðum, og hefur gert lengi. Sumar eru góðar en aðrar síðri. Sumar eru sjálfsagt nauðsynlegar en aðrar kannski óþarfar.

Einstaka reglur virðast haldnar í heiðri vegna reglnanna sjálfra en ekki á forsendum þingstarfanna. Að baki hlýtur að búa misskilningur í þá veru að fyrst hlutirnir voru svona á dögum Jóns Sigurðssonar eigi þeir að vera það á dögum Höskuldar Þórhallssonar.

Það eykur ekki á virðingu Alþingis að hlusta á þingmenn pönkast í ræðustóli á orðunum hæstvirtur og háttvirtur. Margir virðast ekki hafa hugmynd um hvort þeir eigi að nota og segja ýmist bæði eða hvorugt. Þarf þá forseti að berja í bjöllu og beina viðkomandi á rétta braut. Sama á við þegar forsetinn er ávarpaður, oft lekur einhver orðasúpa út úr þingmönnum eins og þeir taki bara sénsinn á að hitta á eitthvað sem samrýmist þingsköpum.

Númer þingmanna og kjördæmi er svo annar handleggur. Ef menn leggja sig fram um að fara örugglega rétt með þær nákvæmu og innihaldsríku upplýsingar þurfa þeir að stafa sig í gegnum þær á hraða trukkabílstjóra í mótmælaaðgerðum. Ef þeir slengja þessu fram bara sisona komast þeir oft í bobba. Og þurfa svo að leiðrétta sig eftir ábendingar forseta.

Í ofanálag er þingmönnum gert að tala um aðra þingmenn í þriðju persónu og í ræðum ber þeim að beina máli sínu til forseta. Hefur það vafist fyrir mörgum góðum drengnum. Skiljanlega.

Líf margra yrði þægilegra ef slakað væri á kröfunum. Ekki bara þingmannanna sem eiga erfitt með að tala eftir reglunum heldur líka þeirra sem hlusta. Klúðrið getur nefnilega verið pínlegt.

Svo er spurning hvort ekki sé komið að því að stjórnmálamenn og aðrir fyrirferðarmiklir í opinberu lífi verði kallaðir gælunöfnum, líkt og tíðkast til dæmis í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þar eru Billar og Bobbar og Tonyar. En hér eru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmssonar og Karl Wernersson. Væri ekki hressandi að heyra Solla, Gulli, Villi og Kalli, svona við og við?


**Frábært tilboð til**

**Alicante**

**9. maí**

**frá kr. 15.400**

***Aðeins örfá sæti í boði!***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Alicante 9. maí í 12 nætur. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarauka á frábærum kjörum á einum vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. **15.400**
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (KEF-ALC), 9. maí.

Verð kr. **26.990**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, 9. maí í 12 nætur.

Heimsferðir

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




# Segja fyrirheit um gott samstarf vera orðin tóm

**Þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna segja ríkisstjórnina ekki hafa staðið við fyrirheit um að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi. Birkir Jón Jónsson og Jón Bjarnason eru einarðir í þeirri skoðun en afstaða Kristins H. Gunnarssonar er mildari.**



**BIRKIR JÓN JÓNSSON** Framsóknarflokki.



**JÓN BJARNASON** Vinstri grænum.



**KRISTINN H. GUNNARSSON** Frjálslynda flokknum.

„Ég hef ekki enn orðið var við það samráð sem var boðað," segir Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks segir að stjórnin muni leitast við að eiga gott samstarf við alla flokka.

Birkir Jón segir það hafa komið fljótlega á daginn að fyrirheitin séu orðin tóm. „Það sýndi sig á fyrstu metrunum, þegar mótvægisaðgerðirnar voru boðaðar, þá var hvorki haft samráð við flokka né hagsmunaaðila. Svo hefur hvert málið rekið annað og maður les bara um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlum." Hann segir deginum ljósara að engin innistæða hafi verið fyrir fyrirheitum Samfylkingarinnar, í aðdraganda kosninga, um svonefnd samræðustjórnmál.

Jón Bjarnason, Vinstri grænum, segir ljóst að ríkisstjórnin hafi ekki lagt sig eftir að eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna. Breytingar á stjórnskipan og þingsköpum Alþingis séu til marks um það. „Þau mál voru keyrð í gegn með miklum hraða en venjan hefur verið að taka langan tíma í slíkar breytingar og ná um þær sáttum meðal allra flokka." Jón nefnir líka aðgerðirnar – eða aðgerðaleysið – vegna efnahagsástandsins nú. Flokkur hans hafi hvað eftir annað boðið upp á samstarf en því ávallt verið svarað af hroka. Hann kveðst búast við að stjórnarflokkarnir afgreiði með hraði fjölda mála úr þinginu nú á vordögum, án minnsta samráðs við stjórnarandstöðuna.

> „Ríkisstjórnin mun leitast við að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi og standa vörð um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess."
>
> ÚR STEFNUYFIRLÝSINGU RÍKISSTJÓRNARINNAR.

Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, tekur ekki jafn djúpt í árinni og Jón og Birkir Jón. Reynslan sé ekki fyllilega í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en vinnubrögðin þó í áttina. „Það verður nú að gefa mönnum það sem þeir eiga," segir Kristinn.

Hann nefnir sem dæmi að fyrirheit um samstarf í öryggis- og varnarmálum hafi verið efnt. Þá hafi þingið verið styrkt með löggjöf og fjárveitingum. Kristinn segir sumt þó enn með gamla laginu og nefnir meðferð þingmannamála í þinginu sem dæmi. „En margt er á réttri leið þó að þetta geti hrokkið til baka þegar foringjarnir verða valdþreyttir."

# Ekkert upplýst um staðsetningu starfs

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra svaraði ekki ítrekuðum spurningum Bjarna Harðarsonar Framsóknarflokki, í þinginu á fimmtudag, um hvar starf framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðar verður staðsett. Kvaðst hún halda að ekki væri búið að setja skrifstofuna niður en bætti þó við að unnið væri að málinu.

Gat hún þess að ekki skipti máli fyrir verkefni framkvæmdastjórans hvar starf hans væri niðursett.

Samfylkingin hefur beitt sér fyrir flutningi eða stofnun starfa á landsbyggðinni undir fororðinu: Störf án staðsetningar.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Þórunn greindi hins vegar frá því að verið væri að ráða í störf land- og þjóðgarðsvarða, alls rúmlega þrjátíu störf, að fjöldi starfa myndi skapast vegna þjóðgarðsins og að afleidd störf myndu skipta hundruðum. Þetta væri í raun einhver mesta byggðaaðgerð sem ráðist hefði verið í.



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



ALFREÐ ÞORSTEINSSON

## Alfreð ekki forsenda nýs spítala

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur tekið af allan vafa um hvort hægt sé að reisa nýjan spítala án aðkomu Alfreðs Þorsteinssonar að verkinu.

„Ef menn halda að það sé forsenda þess að reisa spítala að hafa Alfreð Þorsteinssonar á launum er það gríðarlegur misskilningur," sagði Guðlaugur í þinginu á fimmtudag.

Og þá vitum við það.

# HEITIR DAGAR

10.–20. APRÍL

## TILBOÐSVERÐ

15% afsláttur

AEG
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

OFNAR
HELLUBORÐ
HÁFAR



TILBOÐSPAKKAR
Helluborð + Ofn + Háfur
**20% afsláttur**



Helluborð 66030-M • Ofn B 4101-4-M • Veggh//áfur DK 9660 (60 cm)
SAMTALS LISTAVERÐ: 248.700 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 198.961 kr.**

Helluborð 66030-M • Ofn B 3051-5-M • Vegghháfur 8060 D-M
SAMTALS LISTAVERÐ: 195.700 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 156.561 kr.**

FABER

Bjóðum nú einnig stórglæsilega eyjuháfa frá FABER.
AXIA PLUS ISOLA (breidd 90 cm) LISTAVERÐ 120.322 kr. **TILBOÐSVERÐ 84.000 kr.**
DISKO PLUS ISOLA (breidd 90 cm) LISTAVERÐ 138.602 kr. **TILBOÐSVERÐ 95.000 kr.**

Tilboðsverð á hágæða AEG heimilistækjum í örfáa daga.
Gríptu tækifærið! Veldu vandað.

KVIKA

# ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KS FROSIN LAMBASVIÐ 50% AFSLÁTTUR

KS frosin lambasvið **aðeins 199 kr./kg.** *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*







Móa grillaður heill kjúklingur *CA. 1100g* **598 kr.stk.**




Móa eldaðir kjúklingastrimlar
**1189 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1699 KR./KG.*

## Ferskur Holta kjúklingur **40% afsláttur**




Holta ferskar kjúlingabringur
**1679 kr./kg.** *MERKT VERÐ 2799 KR./KG.*

Holta ferskir kjúklingavængir
**239 kr./kg.** *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*

Holta fersk hálfúrbeinuð kjúklingalærin
**642 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1069 KR./KG.*




KS frosinn lambabógur **aðeins 489 kr./kg.** *MERKT VERÐ 699 KR./KG.*




Óðals beikon
**1079 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR./KG.*

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ




**Ali ferskar svínakótilettur**
**1070 kr./kg.** MERKT VERÐ 1783 KR./KG.




**Ali ferskur svínabógur**
**aðeins 498 kr./kg.**




**Ali ferskar svínahnakkasneiðar**
**1259 kr./kg.** MERKT VERÐ 1798 KR./KG.




**Toppur 2 ltr. 98 kr.**

## Íslenskt ungnautakjöt á góðu verði í Bónus




**Nautaat ferskt 100% íslenskt ungnautahakk**
**aðeins 798 kr./kg.**




**Nautaat ferskir íslenskir ungnautahamborgarar**
**4 stk m/brauði 489 kr pakkinn.**




**Emmes ísblóm 6 stk 259 kr.**
JARÐABERJA OG DAIM

## BÓNUS BAKKELSI ALLTAF NÝBAKAÐ




**Bónus kleinuhringir 2 stk 198 kr.**
KARAMELLU & SÚKKULAÐI




**Bónus nýbakað Baguette**
**1 stk 98 kr.**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00



*Elskulegur eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Hörður Bachmann Loftsson**
Hrafnistu í Reykjavík, áður
Borgarholtsbraut 67, Kópavogi,

lést sunnudaginn 6. apríl. Útförin fer fram í Áskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 11.00.

**Arnbjörg Davíðsdóttir**
**Örn Harðarson** **Halla Mjöll Hallgrímsdóttir**
**Þórhalla Harðardóttir**
**Jóhanna Guðný Harðardóttir** **Sigurður Ingólfsson**
**Ari Harðarson** **Hjálmfríður Lilja Nikulásdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hólmar Finnbogason**
Frostafold 44, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 6. apríl síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð hjúkrunarþjónustu.

**Karitas Magný Guðmundsdóttir**
**Íris Hildigunn Hólmarsdóttir** **Gerald Leonard**
**Rut Hólmarsdóttir** **Morten Wenneberg**
**Halla Björk Hólmarsdóttir** **Ríkharður Örn Ríkharðsson**
**Jóna Brynja Hólmarsdóttir**
**Heimir Örn Hólmarsson** **Þórunn Karolína Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bryndís Gróa Jónsdóttir**
Melteig 22, Keflavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 10. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Emil Ágústsson**
**Ingileif Emilsdóttir** **Snorri Eyjólfsson**
**Anna María Emilsdóttir** **Árni Hannesson**
**Ægir Emilsson** **Sóley Ragnarsdóttir**
**Sigríður Þórunn Emilsdóttir**
**Valdimar Ágúst Emilsson** **Ágústa Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Bjarni Pétursson**
Hjallabraut 15, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn mánudaginn 14. apríl kl. 13.00 í Víðistaðakirkju, Hafnarfirði.

**Þórunn S. Kristinsdóttir**
**Bjarni Þór Bjarnason** **Þórunn Guðmundsdóttir**
**Kristinn Ásgeir Bjarnason** **Helga Lára Kristinsdóttir**
**Berglind Bjarnadóttir** **Jón Andrés Valberg**
**Gústaf Bjarni Valberg** **Emil Gauti Valberg**
**Sólveig Pétursdóttir**
**Kristín Pétursdóttir**
**Steingrímur Pétursson**



*Okkar ástkæri,*

**Flosi Ólafsson**
múrarameistari, Jónsgeisla 1, Reykjavík,

sem lést af slysförum 2. apríl, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. apríl kl. 13.00.

**Sigríður Steinunn Jónasdóttir**
**Hólmgeir Elías Flosason** **Berta Björg Sæmundsdóttir**
**Valgeir Ólafur Flosason**
**Valgerður Guðmundsdóttir.**

**ANDY GARCIA LEIKARI 52 ÁRA**

*„Mér er sagt að konur þrái að sjá mig naktan, en því miður er engin linsa nógu stór til að ráða við starfann."*

***Kúbverski stórleikarinn Andy Garcia er einn sá vandlátasti á hlutverk í Hollywood og neitar ávallt að koma nakinn fram.***



**ÞETTA GERÐIST:** 12. APRÍL 1857

## *Frú Bovary kemur út*

Þennan dag fyrir 151 ári kom út skáldsagan Frú Bovary eftir franska rithöfundinn Gustave Flaubert, sem var kunnur fyrir endalausa leit að „nákvæmlega rétta orðinu".



Frú Bovary er eitt frægasta og umtalaðasta skáldverk allra tíma. Sagan þótti afar klámfengin þegar hún var fyrst birt sem framhaldssaga í La Revue de Paris 1856 og var Flaubert stefnt af opinberum saksóknurum vegna ósómans, en eftir illræmd réttarhöld hlaut hann sýknudóm og uppreisn æru. Í kjölfarið var sagan útgefin og stendur enn sem ein áhrifaríkasta og mikilsmegandi skáldsaga sögunnar.

Frú Bovary segir af læknafrúnni Emmu Bovary sem stundar framhjáhald til að flýja hversdagsleikann. Þótt söguþráðurinn sé fremur einfaldur liggja töfrar sögunnar í smáatriðum hennar og leyndum fléttum.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

GUNNARSSTOFNUN Á SKRIÐUKLAUSTRI: STOFNAR TIL LOMBERSLAGS Í DAG

# Húnvetningar svo fjári slyngir

Í dag verður mikill lomberslagur að Öngulsstöðum í Eyjafirði, þegar Austfirðingar mæta Húnvetningum í þriðja sinn með spilastokkinn.

„Lomber er 500 ára gamalt spil sem á rætur að rekja til Suður-Evrópu. Það var mikið spilað í Frakklandi og varð vinsælt sem fjárhættuspil hér á landi á fyrri hluta síðustu aldar, en margar góðar sögur eru til af mönnum sem lögðu undir mörg lömb og jafnvel konur sínar líka," segir Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri, sem er einn þeirra sem berjast munu með spilum á móti Húnvetningum í dag.

„Lomber er spilað á fjörutíu spil úr spilastokknum og er sagnaspil sem spilast einn á móti tveimur. Spilin raðast svolítið öðruvísi en venjulega, en spilið er ekki flóknara en svo að hægt sé að læra það á einum góðum degi," segir Skúli Björn, sem í minningu Gunnars Gunnarssonar skálds ákvað að blása lífi í lomberinn árið 2001.

„Gunnar var ástríðufullur lomberspilari og lomber uppáhaldsspilið hans. Eins og með mörg önnur spil sem algeng voru, þá hættu menn að spila það og undir lok síðustu aldar voru frekar fáir á Austurlandi sem kunnu lomber. Þá gekk Gunnarsstofnun í að halda regluleg spilakvöld og -daga, og nú hefur meðalaldur spilamanna lækkað töluvert," segir Skúli Björn.

Meðal landsmanna hafa Húnvetningar verið einna duglegastir að viðhalda lomber, ásamt Austfirðingum.

„Í báðum Húnavatnssýslum hefur verið spilaður lomber reglulega til margra ára. Það eru þrjú ár síðan Austfirðingar og Húnvetningar ákváðu að hittast fyrst og reyna með sér í lomber. Auðvitað spilum við bara upp á plastpeninga og stig, en því er ekki að leyna að mörgum gömlum mönnum finnst ekki mark á þessu takandi nema að nota að minnsta kosti krónu bit," segir Skúli Björn sposkur.

Alls mæta um tuttugu manns frá hvoru landsvæði til keppninnar.

„Við spilum á tíu borðum og tökum mörg hundruð spil frá hádegi til kvöldmatar. Menn geta vissulega komið og fylgst með, því lomber er ekki eins alvörugefinn og bridge þar sem menn sitja í þöglum sal, heldur er yfirleitt svo mikill hlátur og kliður að menn þurfa að sussa hver á annan," segir Skúli Björn sem undanfarin ár hefur leitað að fleiri hópum á landinu sem spila lomber, en við lítinn árangur, og kallar eftir fleiri spilahópum til framtíðar landsmóts í lomber.

„Húnvetningar hafa tekið okkur aðeins í bakaríið þegar við höfum hist, en nú verðum við að vinna. Ég er reyndar ekkert alltof bjartsýnn, því þeir eru svo fjári slyngir, Húnvetningarnir," segir hann glaður og kvíðinn í senn.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að spila lomber má benda á lítinn bækling á www.skriduklaustur.is.

**thordis@frettabladid.is**



**Í SIGURVON EN EKKI OF SIGURVISS** Skúli Björn Gunnarsson er forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri. Hann mætir Húnvetningum í lomberslag í dag, ásamt sterku liði Austfirðinga sem á harma að hefna. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ásgeirs Kristinssonar**
frá Höfða, Stórasvæði 4, Grenivík,

sem lést þann 20. mars síðastliðinn.

**Elísa Friðrika Ingólfsdóttir**
**Heimir Ásgeirsson** **Ólöf Bryndís Hjartardóttir**
**Ingólfur Kristinn Ásgeirsson** **Álfheiður Karlsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Einarína Magnúsdóttir**
áður til heimilis að Blikabraut 3,
Keflavík,

lést 10. apríl á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi. Jarðsett verður frá Hvalsneskirkju, föstudaginn 18. apríl kl. 11.00.

**Samúel Björnsson**
**Guðbjörg Samúelsdóttir** **Kristján Þórðarson**
**Björn Samúelsson** **Svanhildur Gunnarsdóttir**
**Rósa Samúelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingu Jennýjar Guðjónsdóttur**
Gullsmára 11, Kópavogi.

**Gyða Vigfúsdóttir** **Knútur Birgisson**
**Gréta Vigfúsdóttir** **Guðmundur Birgisson**
**Árni Guðjón Vigfússon** **Hrönn Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Sveinsdóttir**
frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum,
áður til heimilis að Hæðargarði 35,

lést á Hrafnistu Reykjavík fimmtudaginn 10. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Leifur Þorsteinsson** **Sigríður S. Friðgeirsdóttir**
**Sturla Þorsteinsson** **Ingibjörg Haraldsdóttir**
**Áshildur Þorsteinsdóttir** **Lúðvík Friðriksson**
**og barnabörn.**




**Fjarfundalausnir Nýherja veita þér aukinn tíma**

Með fjarfundalausnum Nýherja spara fyrirtæki drjúgan tíma og geta dregið verulega úr ferðakostnaði jafnframt því sem skilvirkni eykst og minni tími fer í ákvarðanatöku. Fjarfundalausnir greiða auk þess fyrir nánum samskiptum og árangursríkri samvinnu. Með fjarfundalausnum Nýherja verða samskipti við samstarfsaðila, birgja og viðskiptavini markvissari og hagkvæmari en nokkru sinni fyrr.

„LSH og Nýherji hafa starfað náið saman að uppbyggingu fjarfundalausna spítalans í fjölda ára. Núverandi fjarfundalausn hefur tryggt starfsmönnum LSH og heilsugæslustöðva á landsbyggðinni auðveldan og hagkvæman aðgang að fyrirlestrum og námskeiðum í heilbrigðisfræðum með rauntímaaðgangi.“

*Þorgeir Pálsson, sviðsstjóri Heilbrigðistæknisviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.*

**Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.**

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.

NÝHERJI

**NÝHERJI hf.   sími 569 7700   www.nyherji.is**

# Eiður Smári borgar oftast

**Leiðir þeirra Sverris Þórs Sverrissonar og Auðuns Blöndal lágu fyrst saman þegar þeir fóru með umsjón eins vinsælasta sjónvarpsþáttar fyrr og síðar – 70 mínútna. Í dag liggja leiðir þeirra aftur saman í sjónvarpsþáttunum Ríkinu sem sýndir verða á Stöð 2 í haust. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við félagana um þættina sem komu þeim á kortið, besta vininn Eið Smára og vinasamband í átta ár.**

*Hvað vitið þið um æsku hvor annars?*
**Auddi:** Sveppi ólst upp í Breiðholtinu, í Bökkunum. Hann æfði handbolta með ÍR og varð fyrir sorg þegar hann var 7 ára held ég. Þá lést bróðir hans sem var 9 ára. Svo veit ég að hann fór í FB og var þar svona trúður. Hann þykist hafa spilað einhvern handboltaleik með unglingalandsliðinu en mér finnst það nú eitthvað ótrúlegt því hann segir að það hafi verið á móti Grænlandi. Ég held það séu sex manns á Grænlandi sem spila. Ég hugsa að Sveppi hafi annars verið ágætis krakki og að við hefðum náð mjög vel saman hefðum við þekkst þá. Við höfum til dæmis alltaf verið mun líkari heldur en til dæmis ég og Pétur eða Sveppi og Pétur.
**Sveppi:** Auðunn ólst auðvitað upp á Sauðarkróki og bjó þar alla sína ævi.
**Auddi:** Nú? Af hverju er ég þá svona ógeðslega góður í ensku?
**Sveppi:** Já, alveg rétt – hann bjó sem sagt aðeins líka í útlöndum. Í Oklahóma í tvö ár. En hann er samt að mestu Sauðkræklingur. Hann var dálítið ofvirkur sem krakki og hagaði sér eins og einkabarn þótt þau systkinin hafi verið þrjú. Auðunn var í íþróttum á fullu og er enn og var að æfa körfubola og fótbolta með Tindastóli. Svo var auðvitað ekkert mikið meira að gera á Sauðárkróki annað en að labba upp á Tindastól og hanga með vinunum. Sama ár og hundurinn hans dó þá skildu mamma hans og pabbi. Þá var hann 12 ára eða eitthvað.
**Auddi:** Nei.
**Sveppi:** 16?
**Auddi:** Nei.
**Sveppi:** 17?
**Auddi:** Nei! Ég hef alltaf sagt þér árið – það var 1998. 19 ára. Það er nú kannski ekki æska. En það var leiðinlegt ár.
**Sveppi:** Og þá fluttirðu suður.

### Var maðurinn á Króknum

*Hvert var ykkar fyrsta verkefni í fjölmiðlaheiminum?*
**Sveppi:** Ég var fenginn til þess að grennslast fyrir um starfsemi strippstaða á Íslandi í sjónvarpsþættinum Ísland í dag. Þeir sendu mig með falda myndavél og 3.000 kall íslenskar – til að athuga hvort þeir væru að selja vændi.
**Auddi:** Hvers konar vændi áttirðu eiginlega að kaupa fyrir það? Klapp? Ekki að ég sé í þessum bransa en ég veit að þú færð lítið fyrir þrjú þúsund.
**Sveppi:** Eftir það labbaði ég svo hringinn með útvarpsstöðinni Mónó. Hún var farin á hausinn áður en ég kom til baka.
**Auddi:** Mitt fyrsta verkefni var í þætti í Ríkissjónvarpinu. Þetta voru þættir þar sem farið var um land allt og sýnt frá lífi á landsbyggðinni. Þar á Króknum lék ég í Mr. Bean atriði fyrir þáttinn, þegar ég var 14 ára eða eitthvað. Eftir það fékk ég fullt af giggum og var orðinn svona pínulítið „maðurinn“ á Sauðárkróki.
**Sveppi**: Nehei – Bean Blöndal?
**Auddi:** Já. Og Sauðkræklingar voru alltaf að biðja mig um að taka þetta atriði aftur og aftur, þó að allir væru búnir að sjá þetta í sjónvarpinu.

### Brjálaðir íþróttafréttamenn

*Þið hafið unnið lengi saman – í 70 mínútum, Strákunum, Svínasúpunni, Leitinni að strákunum og svo núna í þáttunum Ríkið. Hvaða tímabil þykir ykkur nú vænst um?*
**Sveppi:** Okkur þykir mjög vænt um Svínasúpuna – það heppnaðist vel, við vorum þar að skrifa saman og leika og það er dálítið sjarmerandi að það séu bara til tvær seríur af þáttunum. Svo voru það þættirnir okkar 70 mínútur – þá þykir okkur mjög vænt um.
**Auddi:** Já, allra mest af öllu.
**Sveppi:** Þetta var samt svolítið skrítið fyrirbrigði þessi þáttur. Maður veit ekki alveg hvort hann var vel heppnaður eða hvort það varð honum til happs að vera mjög misheppnaður. En það var eitthvað rosalega krúttlegt við hann. Við vorum inni í litlu Sýnarstúdíói þar sem enska boltanum er lýst í dag. Við máttum eiginlega aldrei vera þar nema rétt þegar við tókum upp þáttinn og hann var alltaf tekinn upp í hádeginu á meðan starfsfólk Sýnar fór í mat. Þá fengum við rétt að skreppa inn.
**Auddi:** Samt var 70 mínútur þá orðinn einn vinsælasti þáttur landsins og við vorum búnir að selja einhverja 12.000 DVD-diska. En enn vorum við að laumast inn í stúdíó og alltaf með íþróttafréttamennina brjálaða á eftir okkur. Þá var kannski verið að sýna leik úr Meistaradeildinni um kvöldið, þar sem landsliðsþjálfarar mættu í stúdíóið, og ég hafði þá um hádegið verið að æla í skóinn minn í sama rými. Lyktin var því kannski eftir því í stúdíóinu. Daginn eftir kom Höddi Magg yfirleitt froðufellandi.

### Ólíkir og líkir og...

*Hvernig er sambandi ykkar háttað? Og á hvaða sviðum bætið þið hvor annan upp?*
**Sveppi:** Vá, hvað þetta er erfið spurning. Það sem mér fannst alltaf gott við Audda, er að hann hefur afar mikinn metnað fyrir því að gera allt alveg ógeðslega vel. Og stundum var það meira að segja pirrandi. Það skipti hann miklu máli hvernig 70 mínútum var til dæmis raðað upp – hvort væri á undan – Falin myndavél eða Áskorun á meðan ég lét mér það í léttu rúmi liggja. Manni fannst stundum eitthvað vera að honum að vera svona mikið að spá í þetta. Svo var hann inni á Gallup.is og var að kíkja á áhorfstölur og mikið að pæla. En auðvitað er það gott að menn hafi metnað fyrir því sem þeir eru að gera eins og Auddi hefur. Vá Auddi – fannst þér þetta ekki gott svar hjá mér?
**Auddi:** Þú byrjaðir rosalega vel en svo kom þetta út í endann eins og ég væri bara snarruglaður.
**Sveppi:** Nei, nei, þetta var svona plús – mínus – plús svar.
**Auddi:** Sveppi bara kom með Sveppa. Ég stoppaði hann oft af til að þetta yrði ekki of steikt. Sveppa langaði til að gera allt og gat hlegið að öllu. „Hvað, fólk hefur gaman af því að sjá okkur gera þetta,“ sagði hann en um leið fannst mér það kannski of steikt. En þátturinn hefði aldrei verið neitt án hans. Hann er segull á börn og við bætum hvor annan upp með það hvað við erum ólíkir sjálfir og hvað við erum líkir.
**Sveppi:** Vá, hvað þetta var gott svar. Við bætum hvor annan upp vegna þess hvað við erum ólíkir sjálfir og hvað við erum líkir? Ha?



**GAMAN AÐ FÁ FRÍTT** Sveppi segir að það besta við frægðina sé að fá hitt og þetta gefins eða með afslætti. Auðunn kann best að meta að allir heilsi sér, enda alinn upp á landsbyggðinni þar sem allir þekkja alla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> ” **Sveppi:** Auðunn ólst auðvitað upp á Sauðarkróki og bjó þar alla sína ævi.
> **Auddi:** Nú? Af hverju er ég þá svona ógeðslega góður í ensku?

### Allir breytast

*Hefur frægðin breytt ykkur? Og hvað er það besta og versta við frægðina?*
**Auddi:** Mér finnst mjög steikt þegar ég heyri að frægðin hafi breytt manni, því til dæmis var ég tvítugur þegar ég byrjaði í sjónvarpi og ég er 28 ára núna. Þannig að þótt ég væri ennþá bara að dóla mér á Króknum væri ég samt búinn að breytast.
**Sveppi:** Ég meina, pabbi keypti pulsuvagn. Það breytti honum geðveikt.
**Auddi:** Það breytast allir.
**Sveppi:** Það eru ekkert allir bara: „Djöfull er hann breyttur eftir að hann keypti vagninn. Talar ekki um annað en pulsur!“
**Auddi:** Auðvitað er maður breyttur, en það er ekkert út af frægðinni – mér finnst þeir sem ég þekkti fyrir tíu árum líka breyttir.
**Sveppi**: Best við frægðina er að fá allt frítt. Maður fær oft frítt í bíó, er boðið á alls konar drasl og fær afslátt. Ég fæ kannski ekki matinn gefins en oft afslátt.
**Auddi:** Maður fær samt ekkert svo mikið frítt, Sveppi.
**Sveppi:** Jú, víst.
**Auddi:** Ókei, kannski. En það hefur minnkað svolítið eftir að við hættum með þættina 70 mínútur því þá vorum við jafnframt að kynna fullt af hlutum.
**Sveppi:** En svo er maður auðvitað bara athyglissjúkur og finnst rosalega gaman að fá athygli. Það er alveg gaman að allir skulu þekkja mann.
**Auddi:** Sérstaklega fyrir mig þar sem ég er nú fæddur og uppalinn á Króknum og vanur því að allir heilsi manni í svo litlu bæjarfélagi. Mér fannst því mjög gaman að geta haldið því áfram eftir að hafa flutt í bæinn – allir að heilsa.
**Sveppi:** Það versta við frægðina er kannski þegar maður er illa upplagður og þarf að halda uppi spjalli við börn í Bónus. Stundum er það allt í lagi en svo er maður líka stundum ekkert til í að vera að tala við nokkurn mann.
**Auddi:** Ég hef lent í því um verslunarmannahelgar að breytast í barnapíu. Þá er ég kannski jafnvel fullur og foreldrarnir í næsta tjaldi eru að grilla og kalla á krakkana sína: „Nei, sjáiði þarna er Auddi – farið og leikið við hann.“
**Sveppi:** En svo má maður ekki gleyma því að það er krökkunum og fólkinu sem kemur að tala við mann að þakka að maður er að gera það sem maður er að gera.
**Auddi:** Ókostirnir eru því ekkert miklir í raun – það er ekki nema maður sjálfur sé illa upplagður.
*Nú er Pétur Jóhann einmitt yfirleitt með derring ef fjölmiðlar reyna að fá viðtal við hann – hvað finnst ykkur um það? Er hann þá alltaf illa upplagður?*
**Sveppi:** Já, hann Pétur – hann nennir engu. Honum finnst allt vera vesen.
**Auddi:** Eiginlega er líka alveg sama í hvaða verkefni Pétur Jóhann er að fara – honum finnst það bögg.
**Sveppi:** Bara það að hringja í hann og biðja hann að koma og fá sér kaffi, þá finnst honum það eitthvað maus. Honum finnst voða gott að vera bara laus við þetta allt. Latur? Tja, ég veit ekki.
**Auddi:** Jú, Sveppi, hann er svolítið latur. Hann er líka svo mikill einfari. Honum finnst bara þægilegt að vera einn og rölta og hanga með sjálfum sér.
**Sveppi:** Kíkja í göngutúra og svona. En hann er allt öðruvísi en við.
**Auddi:** Og yndislegur drengur. Við erum góðir vinir við þrír.

### SPURNINGAKEPPNI AUDDA OG SVEPPA - Hversu vel þekkjast þeir?

**Hvað borðar Sveppi/Auddi ekki?** **Sveppi:** Auddi er mjög matvandur yfirhöfuð. Hann borðar ekki mikinn fisk. Og getur ekki fengið sér skinku sem hann opnaði ekki sjálfur. ***Rétt.*** **Auddi:** Sveppi borðar allt. Hann étur kattamat. ***Rétt.***

**Hvað er eftirlætis snakkið?** **Sveppi:** Grænn Pringles. ***Rétt. Nema Auddi vill frekar rautt Pringles.*** **Auddi:** Sveppi er held ég Maaruud mix gæi. Vill hafa hringi og skrúfur í bland. ***Rangt. Sveppi á ekkert uppáhalds snakk***.

**Hvaða gæludýr átti Auddi/Sveppi, hvað hét það og hver urðu örlög þess?** **Sveppi:** Hann átti hund sem hét Snoddas og honum var lógað árið 1998. **Rétt**. **Auddi:** Sveppi hefur ekki átt neitt gæludýr. ***Rétt.***
















María bregður á leik í sögubílnum Æringja sem Borgarbókasafnið á og Brian Pilkington myndskreytti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Um borð í sögubílnum

***Skrautlegur og skemmtilegur Volkswagen-bíll bættist nýlega á götur borgarinnar. Þetta er sögubíllinn Æringi sem fer á milli leikskóla Reykjavíkur með ævintýrin innanborðs. Bílstjóri er María Pálsdóttir leikkona.***

„Ég keyri milli leikskólanna með einhvern úr Borgarbókasafninu með mér. Við tökum tíu krakka inn í bílinn í einu og upplifum þar ævintýrastund. Sum börnin eru pínu smeyk en önnur voða spennt og spyrja mig: „Hvenær ætlarðu að keyra af stað? Þau skilja ekki alveg hvað við erum að hanga þarna í sömu sporum. En það er ekki pælingin að fara með þau á rúntinn heldur bara hlýða á góða sögu." Þannig lýsir María starfi sínu á sögubílnum Æringja.

En hvernig kom þessi sögubíll til sögunnar? Því svarar María. „Hugmyndin kviknaði þegar Borgarbókasafnsfólk fór á þing til Suður-Kóreu árið 2006. Þar var líka bókasafnsfólk frá Danmörku sem kynnti svipað fyrirkomulag þar nema hvað um sögugám er að ræða sem er fluttur á milli með dráttarvél. Þetta þótti snjallt og sniðugt og í haust var ég ráðin í að setja þetta verkefni á laggirnar hér. Þá var ákveðið að kaupa sendibíl og hafa hann sem sögubíl sem gæti ekið á milli á eigin hjólum. Það kom í ljós þegar grennslast var frekar fyrir um danska gáminn að það var svolítið fyrirtæki að flytja hann á milli svo stundum var hann lengi á sama stað. Svo var farið að spara í flutningsdeildinni og þá hætti dráttarvélin að rúnta með hann."

Það varð úr að keyptur var glænýr Volkswagen Golf hjá Heklu og að sögn Maríu styrkti umboðið þetta skemmtilega verkefni. „Við létum innrétta bílinn sérstaklega fyrir okkur og stóðum fyrir myndlistarsamkeppni um skreytingar utan á hann sem Brian Pilkington vann," lýsir hún.

María hefur ekið á Æringja milli leikskólanna í Grafarvogi frá því í febrúarbyrjun. „Þetta gefst mjög vel og það er mikill spenningur hjá krökkunum að fá okkur. Við byrjuðum í Grafarvogi og erum þar enn en færumst yfir í Grafarholt og Árbæ í næstu viku. Bíllinn er samt ekki bara bundinn leikskólunum heldur getur hann dúkkað upp víða. Til dæmis nálægt bókasöfnunum og þar sem eitthvað er um að vera, á námskeiðum ÍTR og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum," segir María áhugasöm. „Við erum auðvitað nýbyrjuð en svona á þetta að rúlla ár eftir ár."

*gun@frettabladid.is*


**Alvöru dísil jeppi**
fyrir íslenskar aðstæður...



**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

ÖRFÁ EINTÖK Á GAMLA GENGINU
3.990.000
DÍSIL - SJÁLFSKIPTUR




Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 ltr á 100 km.

SSANGYONG — ACTYON SPORTS — KYRON — REXTON II

**Reykjavík** Bílabúð Benna, Tangarhöfða 8-12, Sími 590 2000
**Akureyri** Bílasalan ÓS, Njarðarnesi 1, Sími 462 1430
**Borgarnes** Bílasala Vesturlands, Sólbakka 2, Sími 437 2100
**Egilsstaðir** Bílasala Austurlands, Fagradalsbraut 21-23, Sími 471 3005
**Reykjanesbær** Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, Sími 420 3300

Bílabúð Benna
www.benni.is - 590 2000



**Bónaðu bílinn** Berið bónið jafnt á með litlum hringlaga strokum og látið standa. Nuddið bónið af með sömu mjúku strokunum.




# Skynsamlegustu bílakaupin 2008

***Í Þýskalandi fékk VW Golf Variant viðurkenningu sem öruggasti og umhverfisvænasti bíllinn.***

Lesendur stærsta tímarits neytenda í þýskalandi, Guter Rut, völdu Golf Variant skynsamlegustu kaupin 2008 í flokki langbaka.

Akstursþægindi, snjöll hönnun og mikið innanrými réðu úrslitum við valið. Þriðja kynslóð Golf-langbaksins tekur allt að fimm manns í sæti og hefur 690 lítra farangursrými.

Hægt er að fá nýja langbakinn með tveimur gerðum dísilvéla, 105 og 140 hestafla, sem eru einhverjar sparneytnustu vélar sem í boði eru. Hjá Heklu verður Volkswagen Golf Variant með 4Motion sítengdu fjórhjóladrifi fáanlegur innan skamms. *- mmr*



Mikið innanrými er í Golf Variant og snjöll hönnun.



Nýr og endurhannaður Mazda6.

# Frumsýning um helgina

***Brimborg frumsýnir um helgina nýja kynslóð af Mazda6-bílnum.***

Mazda6 hefur verið endurhannaður og hefur hann breyst verulega í útliti. Mazda6 hefur nú sportlegri línur og er allur veglegri að innan.

Bíllinn er með nýrri sjálfskiptingu, sautján tommu álfelgur og tvöfalda loftkælingu. Rýmið er meira og vistvæn tækni bílsins hefur verið aukin. Frumsýningarbíllinn verður fáanlegur með 2.0 l 147 hö/184 Nm vél í þremur útgáfum eða sem 4 dyra stallbakur, 5 dyra hlaðbakur og 5 dyra langbakur.

Bíllinn verður frumsýndur í Reykjavík og á Akureyri og stendur sýningin frá kl. 12 til 16 á laugardag og 13 til 16 á sunnudag. *- mmr*












Mættur til leiks á ný.

# Nýr Lancer

***Nýr Mitsubishi Lancer var nýlega frumsýndur hjá Heklu.***

Hinn nýi Mitsubishi Lancer hefur verið endurhannaður frá grunni og þykja breytingarnar marka skil í sögu Lancer en hann var um árabil vinsælasti bíll landsins.

Mitsubishi Lancer er nú rúmbetri en áður og fæst með 143 hestafla vél. Bíllinn er með ríkulegan staðalbúnað og má þar helst nefna sextán eða átján tommu álfelgur, ESP-stöðugleikastýringu og spólvörn.

Mitsubishi Lancer hefur fengið góðar undirtektir erlendis og sagt að hann sé mættur til leiks á nýjan leik. Hægt er að skoða Mitsubishi Lancer hjá Heklu á Laugavegi 172 og hjá umboðsmönnum um allt land. *- mmr*



**Sólarpúður** fyrir sumarið. Ekki er óhætt að liggja í sólböðum og brúnkukremin skila misjöfnum árangri en auðveldlega má ná frísklegu útliti með sólarpúðri.



# Saumað fyrir sumarið

***Rósóttir kjólar og stórmynstraðir verða áberandi í sumar eftir því sem tískuspekúlantar spá. Enn er tími til að sauma sér einn slíkan áður en hitinn nær tveggja stafa tölu.***

Í versluninni Virku í Mörkinni 3 eru mynstruð og rósótt teygjuefni það fyrsta sem fangar augað. Að sögn Ásdísar Einarsdóttur afgreiðslustúlku eru efnin blönduð úr jersey, bómull og polyester og flíkur úr þeim bera sig vel. „Þetta eru vinsæl efni og við seljum mikið af þeim í kjóla nú fyrir vorið. Það er svo gott að eiga við þau og einfalt að sauma úr þeim ef sig sag-sporið er notað á saumavélinni."

Gína í Virku er í einföldum en klæðilegum kjól með belgpilsi sem hægt er að gera með ýmsum hætti að sögn Ásdísar. Vandaðast er að rykkja pilsið neðst og fóðra það með þrengra fóðri en einnig má setja stroff. „Það getur verið borði úr efninu sem teygt er aðeins á og svo faldað með. Þá kemur svona rykking neðst og smá púff," lýsir hún og heldur áfram leiðbeiningunum. „Að ofan er hægt að ganga frá kjólnum með teygju sem þrædd er inn í faldinn og kemur undir handveginn en fyrir ofan brjóstin. Svo er haft belti við. Getur ekki verið einfaldara."

Verðið á teygjuefnunum er aðeins mismunandi, metrinn í 1,40 m breidd er frá 1.990 upp í 2.850 krónur, að sögn Ásdísar. „Fleiri efni eru væntanleg í þessum dúr," segir hún. „Þetta er bara byrjunin." *- gun*



Gínan sýnir dæmi um einfalt snið á sumarkjól.



Bleikar rósir og rómantík. Metrinn kostar 2.760 krónur.



Shiffonefni sem ekki er teygja í. Kostar 1.790 kr. metrinn.



Teygjuefni með þrenns konar mynstrum. Dökkbrúnt með appelsínugulu og gráu er á 1.990 kr., með gráum tónum á 2.760 kr. og brúnt og bleikt á 2.760 kr.


ÞÚ GETUR ENDURNÝJAÐ HÚÐINA Á AÐEINS FIMM DÖGUM!

GREEN PEEL, peeling-jurtameðferðin hefur hlotið viðurkenningu lækna og snyrtifræðinga um allan heim, en hún var þróuð af Dr. Christine Schrammek.

Þessi meðferð örvar endurnýjun húðarinnar og á aðeins 5 dögum sést ótrúlegur árangur. Húðin verður unglegri og sléttari, svitaholur minnka og ör sjást minna en áður, bólur og dökkir blettir hverfa. Meðferðina má einnig nota annars staðar en á andlit, t.d. til að vinna á appelsínuhúð, húðsliti og örum. Árangurinn er ótrúlegur.

Umboðsaðili fyrir Green Peel er Hafrún María Zsoldos.

Nánari upplýsingar um Green Peel-meðferðina er hægt að nálgast á www.greenpeel.com.
Fyrirspurnum er svarað í síma: 577 7007.




cera snyrtihús

Stórhöfða 17 · Sími: 577 7007












**Ferðalög** nálægt miðbaug kalla á mikla sólarvörn. Forðist sólina meðan hún er hæst á lofti, smyrjið vel af vörn á líkamann og berið sólhatt.



# Brúneygar górillur og brosandi börn í Rúanda

***Sigrún Þorsteinsdóttir fór í ellefu manna hópi í ævintýralegt ferðalag til Rúanda og Úganda í Afríku.***


Fólkið í Afríku er hjálpsamt og ljúft og börnin brosa framan í ferðamenn. MYNDIR/SIGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR

Sigrún er sjálf leiðsögumaður ásamt manni sínum og hefur leitt hópa um strendur Indlandshafs og Kenía en í þetta skiptið voru þau meðal ferðamannanna.

„Ferðalög eru áhugamálið okkar en við störfum bæði í tölvu- og tæknigeiranum svona dags daglega. Maðurinn minn, Jóhannes Örn Erlingsson, hefur leiðsagt hópum á Keníafjall og Kilimanjaro í Tansaníu og við gátum hreinlega ekki sleppt þessari ferð,“ segir Sigrún en þetta var í fyrsta skipti sem hún kom til Rúanda og Úganda. Hún segir ferðina hafa verið ógleymanlega upplifun.

„Fólkið í Afríku er síbrosandi og er nánast alls staðar kurteist og ljúft. Það er skelfileg saga á bak við Rúanda og alls staðar er áminning um voðaverk Hútúa þegar þeir myrtu 800.000 Tútsa á kerfisbundinn hátt.“

Sigrún nefnir sérstaklega hvað börnin í Rúanda eru glöð og brosandi þrátt fyrir hrikalega sögu landsins. Þau veifi til ferðamanna og kalli „mzungu, mzungu“ sem þýðir hvítur maður og þekki jafnvel til íslenskra fótboltastjarna. „Það var svolítið skemmtilegt að í 2.300 metra hæð, í kræklóttum fjallshlíðum Úganda á leið til Rúanda, höfðum við keyrt í um þrjá tíma án þess að sjá sálu. Allt í einu, eins og í söngleik, stökkva fram tveir strákpjakkar, hoppa hæð sína í loft og byrja að dansa og hrópa „Arsenal, Arsenal“! Fótboltinn hefur greinilega ítök víða og margir þekkja Eið Smára víðar í Afríku, sem var alveg magnað.“

Spurð hvað standi helst upp úr ferðinni segir Sigrún að dýralífið og landslagið sé ógleymanlegt. „Landslagið í fjöllum Úganda á leið til Rúanda er hreint ótrúlegt, alls staðar er frjósöm jörð, teakrar, mangótré, bananar og pálmatré. Við fórum meðal annars í flúðasiglingu á Níl í Úganda og í safarí þar sem við sáum ljón í trjám. Mér finnst alltaf jafn ótrúlegt að sjá dýrin í sínum náttúrulegu heimkynnum og að sjá górillurnar var auðvitað stórkostlegt. Að horfa í brún, tindrandi augun á górillu, mitt inni í frumskóginum, er nokkuð sem ég á aldrei eftir að gleyma meðan ég lifi.“

Ferðina skipulagði ferðaskrifstofan Afríka-Ævintýraferðir í samvinnu við Bændaferðir og verður önnur ferð farin í haust.

*heida@frettabladid.is*



ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Á FERÐ UM HEIMINN
Ógleymanleg ævintýri

AUSTUR PÝRENEAFJÖLL
21. - 27. apríl
KILIMANJARO
7. - 22. júní
Mt. BLANC
21. - 29. júní
UMHVERFIS Mt. BLANC
1. - 9. júlí
SUÐUR GRÆNLAND
18. - 25. júlí
25. júlí - 1. ágúst örfá sæti laus
1. - 8. ágúst
MAROKKÓ
6. - 13. september
NEPAL
18. október - 10. nóvember

www.fjallaleidsogumenn.is · sími: 587 9999



Fuerteventura
3. eða 17. júní
frá kr. 44.990

Frábært sértilboð
Aparthotel Dunas Alisios



Mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði!
Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til Fuerteventura, sem hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað við góðan aðbúnað. Að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann. Dunas Alisios íbúðahótelið í Correlejo er vel staðsett og örstutt frá strönd og í stuttu göngufæri frá iðandi mannlífinu, veitingastöðum, verslunum og börum. Á hótelinu er góð sólbaðsaðstaða, útisundlaug, barnasundlaug og leikaðstaða fyrir börnin, s.s. barnaklúbbur og skemmtidagskrá, en einnig er sundlaugarbar, billiardborð, tennisvöllur og skvass.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. Sértilboð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.

Verð kr. 54.990
Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. Sértilboð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.

Heimsferðir
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Á að veiða í sumar?




Nú er rétti tíminn til þess að undirbúa næsta veiðitímabil. Veiðikortið veitir aðgang að rúmlega 30 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins 5000 kr. Frí heimsending þegar verslað er beint á www.veidikortid.is
Tryggðu þér Veiðikortið í tíma!



„Við hefðum tekið myndir en höfðum engan kubb...“
- ÚFÓ, Stuðmenn, Höf: Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson



Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?
Tónlist.is



allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga


Makindaleg ljónin hvíla sig uppi í trjánum í skugganum.


Sigrún segir það engu líkt að fylgjast með villtum dýrum í náttúrulegum heimkynnum sínum.


Sigrún og Jóhannes horfðust í augu við brúneygar górillur í skógum Rúanda. Lífsreynsla sem þau gleyma aldrei.


Gróðursælar hlíðar Úganda eru þaktar teökrum og mangótrjám.



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890







Bókaðu bílinn fyrir 1. maí á **www.hertz.is** og fáðu 1000 vildarpunkta hjá Vildarklúbbi Icelandair.
**Tilboðið gildir til 1. maí.**

Vildarklúbbur

Hertz hefur yfir 7600 afgreiðslustaði í 146 löndum.

Hertz Car Rental
Flugvallarvegi
101 Reykjavik, Iceland
hertz@hertz.is
Tel. +354 522 44 00
Fax. +354 522 44 01

Hertz
www.hertz.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Lykill að fallegu heimili

felst í nýju húsi frá Scanwo – dönsk hönnun, frábær einangrun í veggjum (245 mm) og í þaki (400 mm) – þú sparar orku og krónur. Er það búgarður, bústaður, einbýli,tvíbýli, ein hæð eða tvær?

**Lausnina finnur þú hjá Scanwo**



Scanwo A/s

www.scanwo.dk scanwo@gmail.com s: 895 6811

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




# Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330.
Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar.
Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

pósthúsið – ódýrari valkostur



Subaru Forester bsk. árg. '00, ek. 166 þ.km. Fallegur bíll í góðu ástandi, ný skoðaður. Fæst á góðu verði. Uppl. s. 867 9432.



Topp eintak!! Ford Focus Ghia, 11/2002, ekinn 68.000. Sjálfskiptur. Einn eigandi. Verð aðeins 850.000, gott lán. Uppl. í s. 894 5400.



Renault Scenic 2001 diesel ek.130 þús., 5 dyra og 5 manna æðislegur fjölsk.bíll. Verð 500.000. Uppl. í s. 663 8413.



M.Benz E280 árg. 93, Sportline útg. 200hö. Ekinn aðeins 198þ. Toppeintak, reglulegt viðhald, smurbók fylgir. Mikill aukabún. Toppl., þjófavörn, álfelg. ofl. Sjá fl. myndir á stjarna.is. Verð 650þ eða tilb. 8460900

Toyota Corolla 1600vvti Terra Sedan, grár samlitaður, bsk. Nýr motor, nýjir demparar framan og aftan, nýtt í bremsum. abs rafmagn í rúðum fjarstýrðarsamlæsingar. Ekinn 187.000. Ný skipt um allar olíur og vökva. Verð 695 þús. Upplýsingar í síma 694 4439.

## 1-2 milljónir



RenaultClioII 2006 1,4L.Bsk.Ek.9þkm. Ásett 1940þ Lán 1350þ Verð 1540þ S:8643839



Landcr. 90 VX ss. diesel '97. 33" dekk, 8 manna, ek. 190 þ., smurbók, reykl. Sérstaklega gott eintak. V. 1560 þ. S. 862 5158.

## 2 milljónir +



BMW 330Ci, ek.47þ, árg.2003, rauður, rafmagn í öllu, glæsilegur bíll, sími: 866-4643



Til sölu, Subaru Impreza Wrx árg. 2006. ekinn 28 þ.km. Verð 2850 þús. Einn eigandi. S. 695 4337.

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID
270hp - 7,5L/100km!
10% útborgun - Íslensk ábyrgð
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

## Bílar óskast

BMW 530 diesel eða 330 D árg. 2004-05 óskast gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 899 0820.

Óska eftir Audi A4 eða A6 á verðb. 0-700 þ. Uppl. í s. 770 0534 & 690 0132.

Gangfær og sk. bíll óskast. Verðh. 0-50 þ. Uppl. í s. 663 8266.

Námsmaður óskar eftir bíl fyrir sumarið, skoða allt. v:50-80. s: 8463214 - Takk

Óska eftir bíl á 0-150 þ. ekki eldri en '98. Má þarfnast lagf. S. 691 9374.

**Öflugur sportbíll óskast**
Óska eftir sportbíl á yfirtöku eða góðu verði. Uppl í s. 894 9002.

## Jeppar



Nissan Terrano 3.0 Diesel Turbo ssk. Árg. '03. Ek. 87.500. Verð 2.200.000. Uppl. í s. 864 5372 & 567 8711 bolli. bollason@seljakirkja.is



Toyota Landcruiser VX 90 skr. 12/'98 ekinn 199 þús. Nýskoðaður án ath, vel með farinn, sjálfskiptur, diesel. Verð 1550 þús. Uppl. í síma 821 2032.



Landcruiser 100 VX '02 ek 100þ glæsilegt eintak frábært staðgreiðsluverð 6995642



Hyundai Tucson 11.08.05 lux útgáfa með öllu. Vsk. bíll, sérútbúinn með 2 sætum, ekkert mál að breyta til baka. Viðhaldið og þrifinn af fagmönnum. Ásett verð 3.190 fæst á 2.500 m/vsk. S:8972010



Toyota Landcruiser 90, árg '00 ekinn aðeins 135 þús. Mjög fallegur og vel með farinn. 200 út og yfirtaka á láni. Uppl. 691 5469



**Ótrúlegt tilboð aðeins 590 þ.**
Til sölu MMC Pajero Sport. Diesel. Árg. '00. Ek. 220 þ. km. Leður, topplúga. Ný kúpling, nýtt í bremsum, ný dekk, demparar. Mikið yfirfarinn. Nýsk. '09. Fæst á aðeins 590. þús. Uppl. s. 897 0999



**Útsala-Útsala**
Grand Cherokee Hemi til sölu. Árg. '05 (Dökkblár, ek. 69 þ. km) útsala 2.990 þ. Möguleiki á góðu láni. S. 669 9668.



TOYOTA 4RUNNER '92,300V6,38"Næsta skoðun 2009 V.400þ S.6943279

LAGERSALA JEPPAR
Fáðu Betra Tilboð!
10% útborgun - Íslensk ábyrgð
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. www.islandus.com



toyota avensins liftb. sol. 99 árg. keyrður 147þ. sk. 09 ný vetrad. 550þ 8247077

Opel Frontera '97 ek. 158 þ. Listaverð 310 þ. Þarfnast smá lagfæ. Tilboð 160 stgr. S. 899 0407.

LandCruiser 120 GX diesel 06/'05, ljósgrár, 33", ek. 38 þ. ssk. 6diska CD, krókur, húddhlíf, sílsalistar. Hagstætt bílalán. S. 892 9804.

Ford Mustang GT 5.0 1994. ekin 150. verð 800 th. Nissan Sunny 1995. ekin 150. verd 120 th. s.8471514

Til sölu Thumpstar 125 árg '06. Lítið notað og vel með farið. Uppl s:661-7072

## Fornbílar



Buick Century árg. '77, ek. 60 þ.míl., það er ekki til ryð í honum, í toppst., m. fulla sk. án athugas. S. 895 7118 & 577 4747 hofdarbilar.is



Ford Mustang 1973 blæjubíll alveg órygðaður 8 cyl , auto. Nýskoðaður simi 896 0758

## Pallbílar



Frábært pallhýsi til sölu. Palomino Maverick mjög vel útbúið, lítið notað og vel með farið. Einnig Ford 350 árg. 2005, 35" breyttur Uppl. gefur Hilmar 864 6077.



Ford 250 árg. '05 m. Caperfestingum. Einn með öllu. Verð 3980 þ. S. 897 1945.

LAGERSALA Pallbílar
Fáðu Betra Tilboð!
10% útborgun - Íslensk ábyrgð
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. www.islandus.com

## Sendibílar



Til sölu VW Transp. árg. '01 sk. '09 2. dekkjag. á felgum Dráttarb. Verð 840 þús. S. 897 3360.

Til sölu kælir Thermo King R134A. V. 50 þús. Uppl. í s. 894 3351.

## Hópferðabílar



Til Sölu: Setra S415 HD árgerð 2002 með lúxus innréttingu. 49 sæta + 2. Einnig er WC, kaffiaðstaða og 2 flatskjáir í lofti. Upplýsingar í síma 893-9782



MAN 11.190 1995 35+1+1 ek.430 þ. Heddpakkning farin, bíllinn er annars mikið yfirfarinn. M.a. nýlegur ZFgírkassi, nýjar bremsur og skálar, nýr vatnskassi, startari, framrúða, ballanstöng, sumardekk 80% + nagladekk 80%, nýlegt púst og pústgreinar. Eyðir 20l á 100 til sölu á yfirtöku 2m. eða tilboð. Uppl. í síma 896 8212.

## Vörubílar



Man 26-403 árg. '96 400 hö., færanlegur stóll, Sturtugír. Ek. 350 þús.km. V. 1800 þ. + vsk. Uppl. í s. 897 4164 & 659 9199.



Volvo FH12/460 árg. 2002 með HIAB 700 krana.Smurkerfi, vökvahemill og mikill búnaður. 270 þ. km. Getum útvegað þennan bíl ásamt fleiri bílum og tækjum. Varahlutir í vörubíla. Fjaðrir og ýmsir notaðir hlutir. Heiði rekstrarfélag ehf. sími 696 1051.



MAN 32.460 8x4 árg. 2003 með HIAB 244 krana og krabba. Smurkerfi og annar góður búnaður. 258 þ. km. getum útvegað þennan bíl ásamt fleiri kranabílum. Heiði rekstrarfélag ehf. sími 696 1051.



N-Bens árg 2002, ek. 204 þús.km. Nýskoðaður. Verð 5,5 m + vsk. Uppl. í s. 822 3650

Óska eftir Gámafletum, 2x20 feta eða 1x40 feta. Uppl. í s. 893 5444.

Scania 118 með krana, ar86 þarfnast viðgerða verð 350þ uppl 7705451

## Húsbílar



Ford Transit Blu Camp. Árg '05, ek. 28.þ fallegur og góður bíll. Uppl. í s. 565 2727 &

565 1225 & 892 7502.

pallhysi.is
Sun-Lite

**Til sölu gott úrval Pallhýsa.**
Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhýsi.is JS Campers ehf.



Fiat Ducato árg. '06, 2.0, ek. 17 þ.km. Verð 3.7 m. S. 860 2701.



**Einn með öllu !**
Fiat Elnagh P250, 2,8L, árg. 07/2006. Ekinn 8 þús. km. Hlaðinn aukabúnaði. Gjörsamlega eins og nýr. Verð 6,9 m. Uppl. í s. 898 2111.



Gamall húsbíll til sölu. Uppl. í s. 822 3650

## Mótorhjól



KTM 990-S '07 ávíl.1210þús, verð1390þús. Yamaha TTR-125 '01 verð .190þús. Suzuki RM-85 '03 verð.210þús S:820-4200



**Til sölu Suzuki GSXF 750cc árg.'99**
Ek. 23 þús. Ný uppteknir framdemparar, ný keðja og tannhjól, olía, olíusía og kerti. Hjólið er voða flott og í góðu standi. Ásett verð 640 þús. Uppl. í s. 847 8803 & 567 2415.



Honda CBR 600 árgerð 1990. Lítur mjög vel út ekið 29 þ. Hjólið er í toppstandi og mikið yfirfarið. Tilvalið hjól fyrir byrjendur. Verð 350.000 Sími 565 1285 GSM 820 6470.



Til sölu Honda VTX 1800N Árg. '04 V. Mikið af aukahl. S. 896 5658.



Yamaha Midnight Warrior Special Edition árg.2007 Ekinn 850km Verð kr.1.500þús Uppl.844-2162 um helgar og eftir kl.17 virka daga



Kawasaki ER6F 2007 Svart - Gott byrjendahjól ekið ca: 4500 km. Sími 5550604



Husqvarna CR 125 '07. Lítið notað. V-force3, hole shot, fat bar, Öhlins afturdempara. Fæst f. lítið. S. 616 2828.

## HÚSBÍLAR



# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 12. APRÍL 2008



**HEIMILIÐ**

## Diplómatískur skúlptúr

**INNLIT**

## Þrjár íbúðir á Þórsgötu

**HÖNNUN**

## Frakkastígur í nýrri mynd

FRÉTTABLAÐIÐ





## HEIMILISHALD
JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR

# Merkt og kremuð

Þegar við systkinin vorum að alast upp voru tveir hlutir sem móðir okkur trúði á. Annar hét Cetaflex. Hinn hét merkipenni. Fyrir ykkur sem ekki munið eftir Cetaflexi var það sárakrem sem selt var lyfseðilslaust í apótekum og þótti duga vel við hvers kyns skeinum, sólbruna og slíku. Kreminu makaði mamma framan í okkur hvort sem það var kuldatíð eða okkur hætt við sólbruna á ágústdögum og fyrstu minningar yngri bróður míns eru á þá leið að hann er staddur úti á leikvelli, fjögurra ára sirka, andlitið hvítt eftir Cetaflex-aðfarir móður hans og krakkarnir standa í hring í kringum hann og spyrja hvað hann sé með framan í sér – „Ertu snjókall?“ Æskan litaðist sem sem sagt af því að við systkinin vorum á hlaupum undan móður okkar með kremtúpuna á lofti ef hún sá minnsta tilefni til. En nóg af töfrakreminu Cetaflexi (sem móðir mín lætur flytja inn fyrir sig í dag eftir að innflutningi þess var hætt fyrir um meira en tíu árum).

> Seinna um kvöldið þegar kom að því að halda heim á leið, og smella sér í frakkann, rekur hann augun í kunnuglega handskrift innan á fóðrinu. Stórum stöfum stendur þar: Bjartmar Oddur.

Og að hinu trúartákni heimilisins: Merkipennanum. Auðvitað er það ekkert nýtt að mæður merki sokka, pennaveski og úlpur barna sinna stórum stöfum og að sjálfsögðu beit maður í það epli að allt manns hafurtask væri útkrotað langt fram í gaggó. Þá nýlundu bar hins vegar við að nú um síðustu jól fékk bróðir minn, 25 ára gamall, forláta Boss-frakka í jólagjöf frá foreldrum sínum og var auðvitað hæstánægður með gripinn. Seinna um kvöldið þegar kom að því að halda heim á leið, og smella sér í frakkann, rekur hann augun í kunnuglega handskrift innan á fóðrinu. Stórum stöfum stendur þar: Bjartmar Oddur – heimilisfang – og símanúmer – og nei, nei, ekki hans – heldur foreldra hans. Eins og það er erfitt að stoppa þann sem eitt sinn fer að trúa á Cetaflex er jafn erfitt að flæma móðureðlið í burtu þótt afkvæmin séu farin að draga úlpurnar sínar í bankana og á aðra hávirðulega vinnustaði. Og eflaust mun hann Bjartmar vera ánægður með uppátækið þegar hann gleymir frakkanum sínum næst á galeiðunni.



● **Forsíðumynd:** Anton Brink tók mynd á heimili Lilju Gunnarsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.


íslenskar listakonur
fegurð - frumleiki - fagmennska
kíktu við... heitt á könnunni
gallerí THORS
Opið virka daga kl. 11-18, laugard. 11-16
Linnetstíg 2 - 220 Hafnarfirði
S. 565 0955 - www.gallerithors.net

● **KÖRFUGERÐ ÚR VÍR** Spænski vöruhönnuðurinn Patricia Urquiola var undir áhrifum frá tágahúsgögnum sjötta áratugarins þegar hún hannaði RE-TROUVÉ-útihúsgögnin. Þau eru úr stálvír sem fléttaður er saman líkt og tágar í körfugerð. Patricia er þekkt fyrir einfalda og jarðbundna hönnun og segist sjálf bæta örlitlu af glamúr og mýkt við hlutina. RE-TROUVÉ-línan samanstendur af stólum og borðum sem fást í nokkrum litum en línuna hannaði hún fyrir ítalska framleiðslufyrirtækið Emu. Það leggur áherslu á stálhúsgögn og má lesa nánar um hönnun Patriciu á vefsíðunni www.emu.it.



# Bollar úr öllum áttum

● Arndís Gísladóttir myndlistarkona á fallegt bollasafn. Engir tveir bollar eru eins og þeir koma hver úr sinni áttinni.

Arndís Gísladóttir hefur lengi safnað bollum úr ýmsum áttum en áhuginn kemur frá móður hennar og móðurömmu.

„Ég ólst í raun upp við þennan áhuga og erfði svo bollasafnið hennar ömmu. Síðan kom þetta koll af kolli og nú á ég um tuttugu bolla sem eru hver úr sinni áttinni,“ segir Arndís. Þetta eru bæði kaffi-, te- og espressóbollar en sjálf drekkur Arndís þó ekki kaffi. „Ég er meira fyrir te en get boðið gestum í skemmtileg kaffiboð á tyllidögum.“

Henni þykir sérstaklega vænt um rósóttan bolla og könnu sem pabbi hennar gaf henni en settið er frá langömmu hennar. „Föðurafi minn keypti heilt bollastell handa mömmu sinni þegar hann var lítill strákur en til þess notaði hann öll launin sem hann vann sér inn eitt sumarið. Það er lítið eftir af stellinu í dag en pabbi skipti því sem var heilt á milli mín og systra minna. Ég erfði bolla með undirskál, kökudisk og könnu,“ segir Arndís.

Henni þykir líka mjög vænt um hvítan bolla með gylltri rönd og krossi frá móðurömmu sinni. „Afi og amma ferðuðust mikið þar sem afi var flugmaður og hafði amma það fyrir reglu að kaupa einn bolla á hverjum stað. Þessi er úr einni slíkri ferð,“ útskýrir Arndís.

Arndís, sem gerir videóverk og teikningar, er með vinnustofu í Skipholti 33b ásamt öðrum myndlistarmönnum, ljósmyndurum og tónlistarfólki. Á laugardag og sunnudag milli klukkan tvö og fimm munu vinnustofurnar þeirra standa opnar og gefst gestum og gangandi kostur á að skoða hvað þar er um að vera. Sýningin ber heitið Útburður og erfidrykkja. *- ve*



Arndís Gísladóttir hefur erft bolla eftir báðar ömmur sínar og auk þess fengið þá að gjöf frá vinum og vandamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Rósótta stellið er frá föðurömmu Arndísar en fremri bollinn frá móðurömmu hennar.**


Danfoss ofnhitastillar
Danfoss
Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir
þægilega húshitun og hámarks orkusparnað
Við erum leiðandi í hönnun og
framleiðslu ofnhitastilla
Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

MIRALE

**Mirale tekur við umboði fyrir hið þekkta franska húsgagnafyrirtæki Ligne Roset**



**Af því tilefni höfum við ákveðið að rýma til í versluninni og bjóða**

**25% afslátt**

**af öllum vörum**



**lokadagur**



Cassina

ALESSI

**MIRALE**
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

**Opið**
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
**www.mirale.is**



## Hollenskur borðbúnaður

Hollendingar eru þekktir fyrir óhefðbundna postulínsgerð sína og er hollenski hönnuðurinn Monique Gossens engin undantekning í þeim efnum. Það er gaman að sjá hvernig hún leyfir munstrinu í blúndudúknum að endurtaka sig í hvítu hnífapörunum. Hún hefur einnig búið til óhefðbundnar skálar og annan borðbúnað þar sem hún leikur sér að því að snúa hlutföllum á hvolf. Nánari upplýsingar um hönnun Gossens má finna á slóðinni: http://www.flickr.com/photos/87541656@N00/sets/292244/

# Diplómatískur skúlptúr

Nýjasti stóll húsgagnahönnuðarins Péturs B. Lútherssonar heitir Diplo. Hann er háttvís, lipur og ráðkænn, eins og diplómötum sæmir, framleiddur af Norðmönnum og fer beint á heimsmarkað.

„Stóll þarf vitaskuld að vera þeim gæðum gæddur að á honum sé gott að sitja, en svo virðist sem hægt sé að lesa persónueinkenni hönnuða í stóla þeirra því stólar bera sterkari einkenni þeirra en önnur húsgögn. Stólum má því vel líkja við skúlptúra,“ segir Pétur B. Lúthersson, húsgagna- og innanhúsarkitekt, sem á næstu dögum fylgir nýjasta stól sínum, Diplo, á heimsmarkað.

„Diplo er nýstárlegur að mörgu leyti. Skel hans er formbeygð og áhugaverð í formi, og inn í hana koma eins og spékoppar þar sem seta og bak koma saman. Það gerir skelina sterkari en ella því annars konar kraftur verður á álaginu. Þá er setan þykkri og þynnist upp í bakið, sem bæði framkallar óvenjulegt útlit og léttir stólinn, en það er gert með nýrri tækni þannig að spónn er heflaður þynnri í annan endann,“ segir Pétur, en þess má geta að smíði móta á skel sem þessari er aðeins á færi örfárra aðila í heiminum að vinna.



Séð á bak Diplo, hvernig bak og sessa mynda spékopp um miðjuna, en bak stólsins er þynnra en setan. MYND/ÍMYND



Pétur B. Lúthersson, húsgagna- og innanhússarkitekt, á fallegu heimili sínu með tvær mismunandi útgáfur stólsins Diplo. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Sköpun Diplo hefur tekið mig á annað ár, en stólinn teiknaði ég fyrir Scan Sörlie A/S í Noregi. Hann er fjölnota og ætlaður fyrir sali og ráðstefnur, auk þess að vera til heimilisbrúks. Stólnum má stafla upp og tengja saman á auðveldan hátt,“ segir Pétur, sem hannað hefur fjórar útgáfur af Diplo, þar á meðal armstóla, stóla á fjórum fótum, sleðagrind og með útbúnaði fyrir skrifplötur. Viðartegundir eru margar og einnig er hægt að fá bólstrun á setu og bak.

„Þeir skipta tugum, stólarnir sem ég hef hannað, en í suma þeirra er meira lagt en aðra. Diplo er geysilega vandaður, úr úrvalsmálmi og falleg vinnan á honum. Norðmenn hugsa hann fyrir heimsmarkað, enda stóllinn af þeim gæðum að geta gengið hvar sem er, og hönnunin stendur fyrir sínu.“

Diplo kemur á markað í maí. Söluaðili á Íslandi er E.G. Skrifstofuhúsgögn við Síðumúla. *-þlg*

Norm - X

Heimasíðan okkar er www.normx.is
Íslensk framleiðsla

heitir pottar





Norm - X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum.
Lok, fjótandi veitingabakka og m.fl. Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900


COMFORT solutions®
By King Koil®
RÝMINGARSALA!
Vegna nýrrar vörulínu frá King Koil Comfort solution
verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga
á gamla genginu með allt að 30% afslætti.
AVERY
Spine support
(Full XL 135x203)
kr. 84.800
AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)
kr. 89.900
AVERY
Spine support
(King size 193x203)
kr. 129.800
AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)
kr. 68.900
AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)
kr. 129.800
Enn eru til svefnsófar
og stillanleg rúm
á gamla genginu.
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).
SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI
Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.
rekkjan
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is
HEILSURÚM

# Frakkastígur í nýrri mynd

Sýning á verkefni fyrsta árs nema í arkitektúr hjá Listaháskóla Íslands stendur yfir í Norræna húsinu.



Frakkastígsrannsókn í teikningum, myndum og líkönum verður til sýnis í Norræna húsinu fram í maí.



„Þetta er í þriðja skipti sem verkefnið er unnið, en það fól í sér að skoða borgarrými og þróun þeirra. Útgangspunkturinn er sá að lifandi borg er breytingum háð og borgir breytist eftir væntingum,“ segir Sigrún Birgisdóttir, fagstjóri í arkitektúr hjá Listaháskóla Íslands, sem kenndi nemendum námskeiðið ásamt Maximo Santanicchia.

„Nemendur tóku Frakkastíginn fyrir með það í huga og var hann rannsakaður frá Hallgrímskirkju til sjávar. Verkefninu má skipta í þrjá hluta. Í þeim fyrsta teiknuðu nemendur upp grunn- og útlitsmyndir af hverju húsi og gátu þannig dregið upp mynd af allri götunni. Út frá því gátu þeir farið að kynna sér hvað er að gerast á hverjum reit og þess háttar, skoðað líf og starfsemi, kynntu sér íbúðartölur og fleira. Frá byggðarkönnuninni skoðuðu nemendurnir sögu og þróun götunnar frá upphafi,“ segir Sigrún. Í öðrum hluta þurftu nemendur að gera tillögu að heildrænu götuskipulagi, koma með heildstæða mynd af því hvernig mætti bæta Frakkastíginn. Í þeim þriðja þurfti hver og einn að hanna innsetningu í götuna,“ segir Sigrún og bætir við að nemendur hafi þurft að hafa í huga að Listaháskólinn verði fluttur á Frakkastíg.

Fyrsti og annar hluti er til sýnis í Norræna húsinu en hægt er að fylgjast með þeim þriðja, Innsetning í borg, næstu þrjár vikurnar á www.innsetningiborg.blogspot.com. Þar sjást hvernig gengur nemendunum við hönnunina og innsetninguna í borgina. Sýningin stendur yfir til miðjan maí.



Sigrún Birgisdóttir við tillögur nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þess má geta að nemendasýningin er hluti af stærra verkefni í Norræna húsinu sem kallast Byggingarlist í brennidepli. Það samanstendur af vinningstillögu að skipulagi Vatnsmýrarinnar, tillögu að viðbyggingu skála við Norræna húsið og loks sýning á uppbyggingu í Malmö í Svíþjóð. *- mmr*






Vor í liggalá

liggalá
Komdu út að leika
**Ps.** ennþá er hægt að gera góð kaup á útsöluvörum og í fjársjóðskistu..
Laugavegur 67 • 101 Reykjavík • Sími: 551 8228

# börn

LAUGARDAGUR 12. APRÍL 2008

## Skíðagöngufélagið Ullur

**Krakkaæfingar á laugardögum**

BLS. 6



## Börn hjálpa börnum

**UNICEF kynnir börnum hjálparstarf.**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Viltu vera memm...
Hnokkar & Hnátur
Betri barnaföt
Skólavörðustíg 20
Sími 5615910

# Leikgleði, spuni og frelsi

**Börn og unglingar geta hitað upp fyrir heita sumardaga í Kramhúsinu um þessar mundir, þar sem nú eru að hefjast vornámskeið og margt spennandi í boði.**

Kramhúsið er þekkt fyrir að fara nýjar slóðir og verður þar engin breyting á að þessu sinni. Krump og hiphop er ein tegund af nýjum dansi sem kenndur er í Kramhúsinu, þar sem þátttakendur fá útrás fyrir reiði, leiða, gremju og stress. Sandra Erlingsdóttir kennari lærði krump í New York og segir hann götudans sem átti upptök sín hjá krökkum í fátækari hverfum Los Angeles. Dansinn notuðu þau til að fá útrás fyrir reiði sem áður leiddi til slagsmála eða eiturlyfjanotkunar.

„Krakkarnir í Kramhúsinu skemmta sér vel í krumpinu,“ segir Sandra, sem byrjaði sjálf að dansa þegar hún var aðeins fimma ára. „Ég blanda saman krumpi og hip hop hjá yngstu krökkunum en eldri hóparnir taka krumpinu á annan hátt og fá meiri útrás. Það er svo gott að hitna og svitna til að brjótast út úr amstrinu og stressinu sem hver og einn dílar við. Dansinn er góð leið til að ná jafnvægi til móts við annað áreiti í lífinu,“ segir hún rólega.

Af öðrum nýjum námskeiðum má nefna afródans fyrir sjö til tíu ára börn, en hópar geta einnig bókað fjölskyldudaga og allir dansað saman, bæði börn og fullorðnir. „Í afró kynnast börnin afrískri tónlist og rytma, læra afríska söngva, þýðingu þeirra og létta dansa. Taktur er stór þáttur í námskeiðinu og eins að leyfa börnunum að kynnast þessari tegund tónlistar og fá tilfinningu fyrir menningunni,“ útskýrir Þórunn Óskarsdóttir, verkefnastýra hjá Kramhúsinu.

Að sögn Bryndísar Jónsdóttur, hjá Kramhúsinu, líkar börnum einnig vel að geta prófað aðrar tómstundir en þær sem krefjast stöðugrar ástundunar og keppni. „Hjá Kramhúsinu er megináhersla lögð á leikgleði, spuna og frelsi,“ segir Bryndís brosandi. „Á dögunum voru tveir leiklistarhópar að klára og settu upp frábæra sýningu þar sem þeir fjölluðu um ástina út frá Rómeó og Júlíu. Framhaldshópur verður nú á vordögum og þar kenna þrár frábærar leikkonur, þær Harpa Arnardóttir, Álfheiður Árnadóttir og Magnea Valdimarsdóttir. Þær sjá um að spinna með krökkunum og líklega fá borgarbúar að sjá afraksturinn þegar sól hækkar á lofti.“

Þórunn bætir við að í júní hefjist sumarskóli Kramhússins þar sem börnum á aldrinum sjö til tólf ára gefst kostur á fimm daga námskeiði í leiklist og spuna, hip hop og afródansi, myndlist og jóga auk þess sem skyggnst er í sirkusheiminn. „Hvert námskeið endar með lítilli sýningu þar sem foreldrum gefst kostur á að sjá afrakstur vikunnar. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að virkja leikgleði og sköpunarkraft og er markmiðið að þroska persónuleika einstaklingsins, samskiptahæfileika og auka sjálfsöryggi.“ Reyndir kennarar standa að námskeiðinu en í Kramhúsinu hefur verið starfrækt listasmiðja barna og unglinga síðastliðin 25 ár.“ *- vaj*



Álfheiður Anna Pétursdóttir og Sandra Erlingsdóttir kenna hip hop, krump og afró hjá Kramhúsinu, þar sem börn og ungmenni geta ýmist lært að tileinka sér rytma, sungið eða fengið útrás fyrir reiði og streitu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Hvert barn hefur hundrað mál

**Ráðstefnan Rödd barnsins verður haldin í Borgarleikhúsinu 18. apríl. Þar verður fjallað um leiðir til að hlusta á raddir leikskólabarna og gefa sjónarmiðum þeirra aukið vægi.**

Ráðstefnan Rödd barnsins verður haldin í Borgarleikhúsinu 18. apríl. Þar verður fjallað um leiðir til að hlusta á raddir leikskólabarna og hvernig tryggja megi að þau hafi áhrif á viðfangsefni sín og umhverfi. Eins og segir í tilkynningu frá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar, sem ásamt RannUng stendur að ráðstefnunni, er viðfangsefnið nýstárlegt og mikilvægt, og fjallað er um hvernig megi tryggja vellíðan og gefandi námsumhverfi fyrir börnin á þeirra forsendum.

Einn fyrirlesara er Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri. Fyrirlestur hennar kallast „Hvert barn er sinn eigin kór“ og fjallar um aðferðir til að gefa röddum barna vægi í leikskólastarfinu. Heiti fyrirlestrarins er vísun Kristínar í frægan uppeldisfræðing og heimspeking, Loris Malaguzzi að nafni, sem lét eitt sinn hafa eftir sér að hvert barn kynni hundrað mál en frá því væru tekin níutíu og níu.

„Það eru ótal aðferðir til að gefa röddum barna vægi,“ segir Kristín. „Það má ekki gleyma því að raddir barna eru ekki bara þessi rödd sem kemur úr kokinu, heldur eru raddirnar miklu fleiri. Barn sem lyftir höndum til starfsmanns er að tjá sig með líkamanum. Barn sem leikur sér er dæmi um rödd. Sömuleiðis þegar það syngur eða teiknar. Að gefa röddum barna vægi og hlusta er ekki bara að eiga í samræðum heldur að veita þeim eftirtekt á miklu fjölbreyttari og nærfærnari hátt.”



Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri, fjallar um aðferðir til að gefa röddum barna vægi í leikskólastarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frá því að fyrsta uppeldisáætlunin um leikskóla á Íslandi kom fram árið 1985 hefur verið inni í uppeldisáætluninni ákvæði um barnafundi þar sem börn fá að taka ákvarðanir um ákveðin mál, ræða reglur og annað slíkt að sögn Kristínar. Hún segir það samt sem áður ekki þýða að börnin fái þá að ráða öllu. „Sumir telja þetta þýða að börnin séu brúðumeistarar leikskólakennara og þeir strengjabrúður barnanna. En við fylgjum okkar markmiðum í gegn, en tökum inn sjónarmið barna með því að hlusta á þau,“ segir Kristín.

„Á einum leikskóla í Reykjavík er búið að hanna spil þar sem þátttakendur eiga á ákveðnum tímapunkti að segja hvað sé skemmtilegt, erfitt, leiðinlegt eða áhugavert í skólanum. Þannig er spilið notað til að komast að því hverju börnin hafa áhuga á. Næsta skref væri að kennararnir spyrðu sjálfa sig hvers vegna eitthvað er skemmtilegt eða leiðinlegt,“ bendir Kristín á.

„Varðandi lýðræðislegt val í leikskólum þá er mikilvægt að það standi um eitthvað sem skiptir máli,“ heldur hún áfram. „Það er til dæmis algengt að leikskólakennararnir velji hvaða myndir eftir börnin foreldrar fá að sjá en það á að gera í samstarfi við barnið, því myndin er stolt þess.“

Um þetta og fleira mun Kristín fjalla í Borgarleikhúsinu 18. apríl. Aðrir fyrirlesarar eru Sue Dockett sem fjallar um þátttöku ungra barna í rannsóknum, Anne Trine Kjörholt sem flytur fyrirlesturinn Beyond Listening, Jóhanna Einarsdóttir sem ræðir ólíka sýn á börn og hvernig sú sýn hefur áhrif á barnarannsóknir og loks Anna Magnea Hreinsdóttir sem flytur fyrirlesturinn „Út af því að fjögurra ára stelpur eru í leikskóla“. *- nrg*

# Hjólaðu út í vorið

***Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólum***
*Öll hönnunin miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellið er t.d. sérstaflega lágt við sætið til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.*



Jamis Lady Bug
12", 2-5 ára
Verð 13.990 kr.



Jamis Hot Rod
12", 2-5 ára
Verð 13.990 kr.



Jamis Laser 2.0
20", 5-9 ára álstell, fótbremsa
Verð 18.990 kr.



Jamis Laser 1.6
16", 3-6 ára
Verð 15.990 kr.



Jamis Miss Daisy
16", 3-6 ára
Verð 15.990 kr.



**Tilboð: 30% afsláttur**

Jamis Ranger fjallahjól
17"- 21", álstell, 21 gírar, ýmsir litir
Verð áður 23.990 – 29.990 kr.
Verð nú 16.793 – 20.993 kr.



Jamis X20
20", 6-9 ára, álstell, 6 gíra
Verð 24.990 kr.



Jamis X24
20", 7-12 ára, álstell, 7 gíra
Líka til svart
Verð 26.990 kr.

## NÝ HJÓLADEILD!

***Komdu og sjáðu glæsilega hjóladeild í nýju búðinni okkar – Útilíf Holtagörðum***

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 41842 04/07

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

Keramik fyrir alla

Höldum afmælisveislur, námskeið og fleira
Opið fyrir hópa frá 6 manns (8 manns í barnaafmæli) til kl. 21.
Tímapantanir í síma **5522882** eða **keramik@keramik.is**
Gera skal ráð fyrir amk 2 tímum til að mála.












Vatnsviku UNICEF lýkur um helgina. Markmiðið var að vekja fólk til umhugsunar um ýmis gæði hérlendis sem eru ekki eins sjálfsögð og aðgengileg fyrir alla. Hreint og gott drykkjarvatn er meðal þess. Bergsteinn Jónsson segir mikilvægt að halda áfram með vitundarvakningu og fræðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ærsl, íþróttir og áheit

**Bergsteinn Jónsson, verkefnastjóri skóla og ungmennastarfs UNICEF á Íslandi, vinnur að því að kynna hjálparstarf fyrir börnum.**

Þegar umræða berst að hjálparstarfi virðist sjaldan koma til tals hvernig ungmenni og sérstaklega börn geti látið til sín taka. Bergsteinn Jónsson, verkefnastjóri skóla og ungmennastarfs UNICEF á Íslandi, hefur unnið að því að kynna hjálparstarf fyrir börnum til að sýna hvernig þau geta ekki síður en fullorðnir látið gott af sér leiða.

„Eitt af því sem við hjá UNICEF gerum fyrir börn og unglinga er að koma á fót UNICEF-hreyfingu, sem er nýtt verkefni unnið út frá finnskri fyrirmynd. Við útvegum þá skólum og leikskólum fræðsluefni og aðstoðum við skipulagningu skemmtidags, þar sem blandað er saman fræðslu, hreyfingu og söfnun. Krakkarnir geta þá safnað áheitum og skólarnir standa fyrir íþróttadegi,“ útskýrir Bergsteinn og bætir við að þrír skólar í Reykjavík hafi tekið þátt í verkefninu í fyrra með góðum árangri.

„Við viljum hvetja sveitarfélög jafnt sem skóla til að skipuleggja einhverjar uppákomur og aðstoðum þá sem vilja. Mikilvægt er að allir geti verið með, hvort sem krakkarnir safna áheitum eða ekki.“

Að sögn Bergsteins er meginmarkmiðið með verkefninu vitundarvakning og samtvinnun hreyfingar og fræðslu. „Með því að taka þátt í deginum, ærslast og hlaupa, sýna nemendur og þátttakendur samstöðu sína með þurfandi börnum,“ segir hann og er ánægður með hversu margir eru reiðubúnir að sýna vilja í verki. Sem dæmi um það nefnir Bergsteinn leikskóla í Reykjanesbæ sem var nýlega með uppboð á listaverkum eftir börnin þar sem náðist að safna 90.000 krónum. Eins nemendur í 8. og 9. bekk í Álftamýrarskóla sem sameinuðu árshátíðina sína við söfnun, með því að vera með safnbauka á staðnum.

Fleiri aðferðir eru fyrir hendi. Má þar nefna að börn hafa oftsinnis brugðið á það ráð að halda tombólur og hlutaveltur til að safna fé til hjálparstarfs. Er starfsfólk hjálparstofnana ætíð tilbúið að gefa góð ráð og hjálpa til við skipulagningu á söfnunum eða fræðslu. *- vaj*



Börn sem sækja kaþólskan skóla í afríska þorpinu Ndim. UNICEF/MICHAEL KAMBER



Börn að leik með kennara sínum í leikskóla fyrir börn flóttamanna frá Palestínu. UNICEF/SHEHZAD NOORANI



Moses Faya, 12 ára, og Patrick Tamba, 10 ára, frá Liberíu geta með stuðningi frá UNICEF stundað nám. Skólinn þeirra er sambland af leikskóla og grunnskóla. UNICEF/GIACOMO PIROZZI

©Inter IKEA Systems B.V. 2008




Opið virka daga 10:00-20:00 | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

# OFNÆMI... NEI TAKK




## ÞESS VEGNA INNIHALDA NÝJU BARNAVÖRURNAR FRÁ NEUTRAL ENGIN ILMEFNI EÐA ÓNAUÐSYNLEG VIÐBÓTAREFNI

Þriðjungur allra barna á það á hættu að fá ofnæmi. Notkun ilmefna og ónauðsynlegra viðbótarefna eykur þá hættu. Neutral vill ekki stuðla að ofnæmi. Þess vegna innihalda nýju barnavörurnar frá Neutral engin aukaefni og eru allar heilbrigðisvottaðar í samstarfi við astmasérfræðinga. Það er framlag Neutral til heilbrigðrar húðar.




NORDISK MILJØMÆRKNING 527 040

Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

Neutral®
verndar viðkvæma húð

ENNEMM / SIA / NM33114



Að sögn Hólmfríðar Völu eru börnin fljót að ná tökum á skíðagöngunni. Þau gangi nánast sjálfkrafa þegar þau eru sett á skíðin.
MYND/HÓLMFRÍÐUR VALA SVAVARSDÓTTIR



Ungmennadeild Ulls reynir að hittast vikulega til að skella sér á skíði ef veður leyfir.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Stórfiskaleikur og boðhlaup á skíðum

**Hólmfríður Vala Svavarsdóttir kennir námskeið í skíðagöngu fyrir börn á öllum aldri og beitir skemmtilegum aðferðum við kennsluna.**

Skíðagöngufélagið Ullur samanstendur af hópi höfuðborgarbúa sem hefur áhuga á gönguskíðum. Á hverjum laugardegi hittist síðan ungmennadeild félagsins í Bláfjöllum til að leika sér á skíðum ef veður leyfir. Hólmfríður Vala Svavarsdóttir hefur umsjón með laugardagsnámskeiðum barna.

„Við hittumst klukkan eitt í Bláfjöllum og erum mikið í leikjum. Svo göngum við,“ segir Hólmfríður Vala. „Þetta er svona ein klukkustund og við leggjum áherslu á að krakkarnir læri á skíðin í gegnum leik. Leikirnir eru yfirfærðir á gönguskíðin en við förum í boðhlaup, eltingaleik og stórfiskaleik.“

Hólmfríður Vala segir börnin mjög fljót að ná tökum á skíðagöngunni. „Í raun er hægt að setja skíðin á þau og þá ganga þau sjálfkrafa. Við byrjuðum með æfingar í janúar en flestir krakkarnir höfðu þá reynt gönguskíði áður. Nú eru hins vegar að bætast í hópinn krakkar sem hafa ekkert verið á skíðum og þau stóðu í lappirnar alveg um leið. En þau detta reyndar oftar og fara hægar yfir.“

Að sögn Hólmfríðar Völu áætlar Ullur síðan að fara með fimmtán börn á Andrésarleikana í mánuðinum, sem verður að teljast gott miðað við ungan aldur félagsins en það var stofnað á vordögum í fyrra.

Að sögn Hólmfríðar Völu er ekkert æfingagjald tekið en hægt er að nálgast upplýsingar um æfingar og fá fréttir af starfi félagsins á heimasíðu þess, www.skidagongufelagid.blog.is. „Ég set efni inn á síðuna á miðvikudegi eða fimmtudegi, hvort það verði æfing um helgina og svo framvegis. Þar er einnig hægt að skrá sig í félagið á mjög einfaldan hátt. Krökkunum finnst mjög gaman að síðunni og eru mjög ánægð.“ *- nrg*



Hólmfríður Vala ætlar með fimmtán börn á Andrésarleikana í mánuðinum, sem hlýtur að teljast gott mið við ungan aldur deildarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Sigurbjörg Fjölnisdóttir er einn leiðbeinandanna á SOS-uppeldisnámskeiðunum en einungis sálfræðingar kenna á þeim.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jákvæð hegðun styrkt

**Á uppeldisnámskeiðinu SOS er foreldrum kennt að hafa áhrif á hegðun barna sinna.**

„Grunnhugmynd námskeiðsins er að gefa foreldrum tæki til að hafa áhrif á hegðun barna. Þannig hámörkum við vellíðan barnanna sem og foreldranna,“ segir Sigurbjörg Fjölnisdóttir sálfræðingur sem er einn af leiðbeinendum uppeldisnámskeiðsins SOS. Félagsvísindastofnun stendur fyrir námskeiðinu en það hefur verið í gangi hérlendis í tíu ár og nýtur mikilla vinsælda.

„Námskeiðið kemur frá Bandaríkjunum og er þróað af sálfræðingnum Lynn Clark. Það byggist mestmegnis á kenningum atferlissálfræðinnar um lögmál hegðunar; hegðun sem er umbunað fyrir styrkist en hegðun sem refsað er fyrir veikist. Þessi lögmál eru sett í samhengi við uppeldisaðferðir foreldra og þeim meðal annars bent á að þeir búa oftar en ekki til hegðunarvandamál fremur en útrýma þeim,“ segir Sigurbjörg og bendir á að þegar foreldrar láta undan suði í börnum og fara að vilja þeirra, séu þeir að umbuna óæskilega hegðun og auka líkurnar á því að hún endurtaki sig.

Umbun getur verið á ýmsu formi og misjafnt hvað virkar á hvern einstakling að sögn Sigurbjargar. „Sumum finnst gaman að vera starfsmaður mánaðarins og fá mynd af sér hengda upp á vegg. Aðrir eru feimnir og myndu alls ekki vilja fá mynd af sér upp á vegg. Þannig eru verðlaunin orðin að refsingu fyrir þann einstakling og hegðunin að reyna að standa sig vel ekki lengur styrkt,“ segir Sigurbjörg en á námskeiðinu er mest áhersla lögð á félagslega umbun svo sem hrós, athygli, bros og uppörvandi orð. „Einnig er notast við efnislega umbun eins og vasapeninga, bíóferð, límmiða og fleira.“

Nokkrar tegundir refsinga eru kenndar en allar eru þær vægar. „Við förum ítarlega í hlé en þar er barnið til dæmis látið sitja á stól úti í horni í nokkrar mínútur. Einnig er hægt að taka farsímann af unglingi í einhvern tíma eða setja hann í útivistarbann,“ segir Sigurbjörg.

Annað sem foreldrar læra á námskeiðinu er að gefa skýr fyrirmæli til að hafa stjórn á hegðun barna. „Einnig förum við inn á hugræna sálfræði og kennum virka hlustun. Við kennum foreldrunum að hlusta á tilfinningar barnsins, ýta á að það tjái sig og að foreldrarnir endurspegli það sem börnin eru að segja.“

Um 30 SOS námskeið eru haldin árlega og teygja þau anga sína víða um land. Lærðir sálfræðingar kenna á námskeiðunum sem hvert og eitt stendur yfir í sex vikur. „Þetta hefur reynst afskaplega vel, foreldrar eru öruggari og þar af leiðandi rólegri. Reykjanesbær tók upp á því fyrir svolitlu síðan að senda alla uppeldismenntaða starfsmenn á námskeiðið og segja starfsmenn að mikið hafi dregið úr hegðunarvandamálum,“ segir Sigurbjörg að lokum. Áhugasamir foreldrar geta fengið upplýsingar um næstu námskeið á vefsíðunni www.felagsvisindastofnun.is eða í síma 525 4545. *- mþþ*





**Þríhjól**

Touring Pink.
Vandað, létt og endingargott

**kr. 7.900**

# Full búð af hjólum



**Þríhjól m/skúffu**

Transporter með skúffu.
Vandað, létt og endingargott

**kr. 8.900**



**Barnahjól**

VIVI Sweety barnahjól.
Létt, sterk og meðfærileg barnahjól með hjálpardekkjum og fótbremsu.

3-4 ára 9.920
4-5 ára 10.320



**Barnahjól**

VIVI Scrambler barnahjól.
Létt, sterk og meðfærileg barnahjól með hjálpardekkjum og fótbremsu.

3-4 ára 9.920
4-5 ára 10.320
5-7 ára 10.800



**GIANT MTX fjallahjól**

Vandað fjallahjól með álstelli, dempara og Shimano gírum.

20" 6-8 ára 23.900
24" 8-11 ára 27.900



**GIANT MTX fjallahjól**

Vandað fjallahjól með álstelli, demparar framan og aftan og Shimano gírum.

20" 6-8 ára
kr. 27.500



**GIANT STP fjallahjól**

Vandað fjallahjól með álstelli, dempara og Shimano gírum.

24" 8-11 ára
kr. 35.900



**Scott Voltage fjallahjól**

Hjól fyrir vandláta.
Álstell, flottur útbúnaður.

20" 6-8 ára 39.000
24" 7-11 ára 43.000



**GIANT ROCK fjallahjól**

Vandað fjallahjól með álstelli, fram dempara og Shimano gírum.
Dömu og herra stell í XS - XL.

**Kr. 32.900**

MARKIÐ

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni.

Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði. Aðeins vönduð hjól með ábyrgð, öll barnahjól með CE viðurkenningu. Frí upphersla fylgir innan tveggja mánaða.

# Nýr Heilsuleikskóli opnar í Hafnarfirði

## Spennandi störf í boði

**Skólar ehf.** hafa gert þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ um rekstur heilsuleikskóla við Hamravelli í Hafnarfirði, sem gert er ráð fyrir að muni opna að hluta til í júní á þessu ári.

Skólar hafa rekið leikskóla í rúm sjö ár bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á Suðurnesjum. Innan fyrirtækisins er mikil reynsla sem snerta bæði fag- og rekstrarsviði leikskóla.

Til að stýra leikskólanum hafa þær Salvör Jóhannesdóttir og Kristín Auður Harðardóttir gengið til liðs við Skóla. Salvör sem leikskólastjóri og Kristín sem aðstoðarleikskólastjóri. Salvöru hefur lengi starfað sem leikskólastjóri og unnið eftir Heilsustefnunni til langs tíma. Salvör er leikskólakennari að mennt með framhaldsmenntun í stjórnun.



„heilbrigð sál í hraustum líkama"

Stefna Skóla er að auka veg Heilsustefnunnar og fjölga Heilsuskólum á Íslandi

**www.skolar.is**

### Spennandi störf í boði

Ef þú ert leikskólakennari sem hafur áhuga á næringu, hreyfingu og listum átt þú samleið með okkur. Við leitum að kennurum til að vinna í nýjum heilsuleikskóla í Hafnarfirði þar sem næring, hreyfing og listir eru höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu.

Spennandi störf í boði og kjörið tækifæri fyrir kennara sem vilja taka þátt í að móta leikskóla frá grunni með viðmiðum Heilsustefnunnar að leiðarljósi.

Við leitum að:

- **Deildarstjórum**
- **Sérkennslustjóra**
- **Fagstjórum í íþróttum og listum**
- **Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu fólki**

Hafðu endilega samband og kynntu þér málið ef þú hefur áhuga á að vinna í leikskóla sem er staðsettur á skemmtilegum stað í Hafnarfirði með sterk tengsl við náttúruna og þar sem skýr leikskólastefna er til staðar.

Unnur Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólasviðs Skóla, mun taka vel á móti öllum fyrirspurnum.

**Netfang: skolar@skolar.is**
**Sími: 420-4213**

**www.skolar.is**

Skólar ehf. – Netfang skolar@skolar.is – Heimasíða www.skolar.is


2 fyrir 1 af öllum púðum um helgina
þú greiðir fyrir dýrari og
færð annan frítt!
2 fyrir 1
Púðaútsala
um helgina!
the PIER
FOR YOUR HOME
Snyrtifræðingur
verður á staðnum
11. og 12. apríl og kynnir
okkar náttúrulegu
snyrtivörur
20-50% afsláttur
um helgina
20%
afsláttur
af handklæðum
Frábær tilboð á snyrtivörum
the PIER
glæsileg og framandi húsgagna- og gjafavöruverslun
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

# Samtakamáttur í hjarta Reykjavíkur

Við Þórsgötu 19 í Reykjavík stendur fallegt fjölbýlishús sem mikið hefur verið nostrað við.

Þórsgata 19 var byggð árið 1922 eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar. Þá var húsið þrílyft, hlaðið úr grásteini og steinsteypt.

Árið 1927 var það stækkað um 50 fermetra að grunnfleti eftir nýjum teikningum Þorleifs Eyjólfssonar húsameistara og breytti það útliti þess mikið. Ári síðar var bætt ofan á húsið steinsteyptum kvistum og geymslum út frá stigagangi. Árið 1973 var húsið síðan „augnstungið“ eða skipt um glugga.

Í húsinu eru nú átta íbúðir, tvær á hverri hæð. Mikill samtakamáttur er á meðal íbúa og fyrir fimmtán árum var húsið múrað. Nú fyrir síðustu jól var ákveðið að færa gluggana aftur í upprunalegt horf en fyrirtækið Bæjarhús sá um verkið.

„Nú hefur framhlið hússins verið endurnýjuð að fullu en við tökum vonandi bakhliðina fljótlega,“ segir Lilja Gunnarsdóttir, einn íbúa hússins. „Við höfum fengið styrki bæði frá Húsafriðunarnefnd og húsverndarsjóði Reykjavíkur vegna framkvæmdanna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir,“ bætir hún við.

Beverly Ellen Chase, sem býr í risinu ásamt manni sínum Kristjáni Magnúsi Hjaltested, hefur búið í húsinu í níu ár og kann því vel. „Hér er frábært að vera og gott fólk í húsinu. Garðurinn er líka mjög fínn og þar samnýtum við grillið á sumrin,“ segir Beverly.

Halldóra Jónsdóttir, sem hefur búið lengst í húsinu af núverandi íbúum, er mjög ánægð með þá andlitslyftingu sem það hefur fengið og telur húsið setja fallegan svip á miðbæinn.

Flestir íbúarnir hafa einnig farið höndum um íbúðir sínar að innan og fékk Fréttablaðið að skyggnast inn til þeirra Lilju, Halldóru og Beverly. *- ve*



**Húsið var byggt árið 1922. Framhlið þess hefur verið tekin í gegn og gluggarnir færðir í upprunalegt horf.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Borðstofa og vinnuhorn Halldóru.**



**Fyrir ofan sófann í íbúð Halldóru er annars vegar mynd af Orustuhól eftir Richard Valtingojer og hins vegar mynd eftir Elías B. Halldórsson.**



**Þennan ruggustól keypti Halldóra Jónsdóttir á menntaskólaárum sínum. Hann er fyrsta húsgagnið sem hún eignaðist.**



**Eldhúsinnréttingin hjá Halldóru er nýleg. Í glugganum hangir snúra með seglum sem hún keypti í París en á seglana festir hún póstkort.**



**Hér má sjá forfeðrahorn Halldóru en þar eru myndir af langafa hennar, langömmu og tveimur sonum þeirra sem létust af slysförum ungir að aldri. Í miðjunni er mynd af foreldrum Halldóru í tilhugalífinu.**



Í húsinu eru átta íbúðir. Hér eru fjórir íbúanna en þeir eru frá vinstri: Beverly Ellen Chase, sem býr í risinu, Lilja Gunnarsdóttir, Sara Soroya Chelbat og Halldóra Jónsdóttir.



Svefnherbergið hjá Kristjáni og Beverly er undir súð.



Hér má sjá fyrstu skó Chase Antons Hjaltested, sonar Beverly og Kristjáns.



Beverly Ellen Chase býr, ásamt eiginmanni sínum Kristjáni Magnúsi Hjaltested, í risinu. Þessi mubla, sem er frá ömmu Kristjáns, er keypt í Kaupmannahöfn og er nánast aldargömul.



Í stofunni hjá Beverly og Kristjáni trónir málverk eftir Jón Óskar Hafsteinsson.



Lilja Gunnarsdóttir og maður hennar Eyjólfur Ingi Ásgeirsson smíðuðu bókahillu í loftið á ganginum og nær hún allan hringinn.





Búrið inni af eldhúsi Lilju og Eyjólfs er upprunalegt.



Í svefnherberginu er gamalt fataherbergi sem Lilja og Eyjólfur smíðuðu hillur inn í og breyttu í fataskáp.


3


4


2

# Sællegar kýr úti á túni

Gott er að tylla sér niður úti í garði og njóta veðurblíðunnar nú þegar fer að vora.

Margir eru farnir að huga að garðhúsgögnunum, grafa þau út úr geymslum og bera olíu á viðinn. Þeir sem eru lítið fyrir viðhald geta fundið sér falleg plasthúsgögn í garðinn í hressandi litum til að lífga enn meira upp á sumarið. Svo eru þeir sem vilja hafa hlutina sem náttúrulegasta og hvað er náttúrulegra en að tylla sér á liggjandi kú úti á túni?

**1. Þýski hönnuðurinn** Julia Lohmann hannaði þessar fallegu kýr sem lúra makindalega þótt það vanti á þær hausinn. Kýrnar eru bólstraðar með leðri svo gott er að „reka“ þær inn að kveldi svo þær skemmist ekki. Fram kemur á heimasíðu hönnuðarins að hún hafi unnið á íslenskum bóndabæ svo jafnvel kýrnar hennar eiga sér íslenska fyrirmynd.

**2. Upplýsingar um kýrnar** má finna á heimasíðu hönnuðarins www.julialohmann.co.uk.

**3. Þeir sem eru lítið fyrir** viðhald en vilja hafa það notalegt úti ættu að geta fellt sig við líflegan sófa eða bekk úr grænu plasti. Blómapottur er innbyggður í sófann svo hægt er að sitja innan um blóm þó að sófanum sé stillt út á svalirnar. Sófinn er hannaður af El Ultimo Grito, sjá www.nola.se

**4. Garðveislan verður lífleg** og hressandi þegar þessum skærlitu plaststólum hefur verið dreift um grasflötina. Drop Chair fæst í mörgum litum og þolir vel vætu og vind en upplýsingar um hann má finna á vefsíðunni www.zuomod.com


1











PLEXIGLER
4 200 500
Plexigler ehf er fyrirtæki sem sérhæfir sig í efnissölu og sérsmíði með plastefni.
www.Plexigler.is
plexigler@plexigler.is





Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður
Trégluggar og -hurðir
Prodema viðarklæðning
Álprófílar – Sapa Building System
Sólstofur og svalalokanir
Hraðhurðir
Stálhurðir með og án glugga
Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!
Álklæddir trégluggar
Álgluggar og -hurðir
Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir
Rennihurðir
Alux öryggislokanir
Renson loftunarristar
Gluggasmiðjan
Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði




Gerum hús að heimili

TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

Gönguferðir í Skotlandi sumarið 2008 Velkomin á heimasíðuna okkar www.skotganga.co.uk og kynnið ykkur sumar áætlunina.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

50% Off summer prices - Icelandic for foreigners- Level I: 4 weeks Md-Frd; 8-19:30 start 28/4, 26/5, Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 14/4, 14/7. Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 29/4, 7/7. Level IV: 20 w; Sund 10-11:30 start 13/4. Ármúli 5 S. 588 1169 www.icetrans.is/ice

## Kennsla

Gítartímar fyrir alla! Verð 3000kr. per tími. Opinn tímafjöldi. Sími 695 3893

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

5mán. dökkbrúnn Bramdon leðurhornsófi kostaði nýr 140 þ. selst á 80 þ., pianó á 80 þ., 2 sjónvörp á 15 þ. S. 696 7429.

## Heimilistæki

Husqvarna Viking 1 Útsaumsvél selst undir hálfvirði forrit fylgir Upplýsingar í 8649797

## Gefins

Stór amerísk dýna/rúm (a.m.k. 200x200) fæst gefins gegn því að vera sótt. Mikið notuð en nothæf. s. 824-0789

## Dýrahald



Stóru hundagerðin komin aftur. Lengd 340 Breidd 200 Hæð 175 cm verð 42,000 kr. www.liba.is

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Amerískir Cocker Spaniel hvolpar á góðu verði. Bliðir heimilis- og veiðihundar. Uppl. í s. 895 7096.



Vizsluhvolpar til sölu. Ættbók frá HRFÍ, örmerktir og bólusettir. vizsla.blog.is upplýsingar í s. 6920279



Labradorhvolpar til sölu, ættb.færðir hjá H.R.F.Í, tilb. til afh. um miðjan maí. Nánari uppl. í s. 822 2118 & 822 0383einnig á www.labbapabbi.dyraland.is



Chihuahua hvolpar til sölu tilbúnir til afhendingar upplýsigar í síma 865 0992.

Gullfallegir hreinræktaðir Papilon hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091.

www.icelandichusky.com

Alaskan Malamute hvolpar til sölu. 2 rakkar og 3 tíkur. Verða ættb.færð hjá HRFÍ. Uppl. í s: 6600366

Gullfallegir ljósir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 863 4028.

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**
**Kanadískir heitir pottar**
**30 ára afmælistilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. 13 ára reynsla á Íslandi. Eigum örfáa potta eftir á gamla genginu.**
**Opið alla daga frá 09 til 21.00.**
**Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Íbúð til leigu í Barcelona. Uppl. www.ibudbcn.blogspot.com og ibud.bcn@gmail.com



TORREVIEJA - SPÁNN Til leigu - 49þús vikan www.fotki.com/elmelrose s:862 1525

Glæsileg íbúð til leigu í hjarta Orlando. Verð kr. 8500 nóttin. Sjá nánar http://www.evesta.is/Vacation-Rentals/34716.aspx eða í síma: 8440907

Tveir miðar til og frá LONDON: 1.200 kr. per midi adra leid og 2.100 hina leidina (plús skattar). 28 april og 8 maí. Uppl: 6916962

## Gisting

Glæsileg heimagisting á Vestu Sjálandi með fitness og nuddaðstöðu.

Sendið mail og fáið nánari uppl. á gudanm@hotmail.com

S. 0045 40197519 & 0045 59208961.

## Fyrir veiðimenn

Riffill óskast, 243 eða stærri. Má vera með sjónauka. S. 893 5537, Arnar.

## Hestamennska



Reiðbuxur úr leðri. Brúnar og svartar. Dömu kr. 23.500,- Herra kr. 23.950,- Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534-1024

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmgóð geymsla í risi til leigu er staðsett í 101 Rvk. Uppl. í s. 695 1730.

Til leigu 5 herb. einbýlishús m/ bílskúr í Vogum á Vatnsleysuströnd. Leigist í 3 mán í senn. Uppl. í s. 424 6421.

30 ára kk. auglýsir e. góðum meðl. í 71 fm íb.í 200 Kóp. Björt & notal. Fullb. eldh., aðg. að þvottav. S. 848 7648 & 899 4339.

Góð 2. herb. Íbúð í vesturbæ 107 Rvk. laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 898 1188.

Til leigu iðnaðarhúsnæði í hfj. Heildarstærð er 86 fm. með innkeyrslu hurð. Húsnæðið er nýlegt og í góðu ástandi. Uppl. í s. 860 5107 Davíð Þór.

# ÞJÓNUSTA

Viltu láta dekra við þig í notalegu umhverfi þar sem sumarið er á næsta leiti?



Pantaðu þér hand og fótsnyrtingu á Dong Fang Salon og fáðu litun og plokkun frítt. Tilboðið gildir til 1. júní. Sannkölluð sumargjöf!

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

# FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

# Félagsfundur
## Eflingar-stéttarfélags
**miðvikudaginn 16. apríl kl. 18.00**

EFLING STÉTTARFÉLAG Stendur með þér!

Efling-stéttarfélag boðar til félagsfundar í Kiwanishúsinu við Engjateig miðvikudaginn 16. apríl 2008. Fundurinn hefst kl. 18.00.

Dagskrá:
1. Sameiningarmál við Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðann. Bráðabirgðaákvæði og lagabreytingar vegna sameiningar.
2. Laga- og reglugerðarbreytingar fyrir aðalfund Eflingar.
3. Staðan í kjaramálum við ríkið og hjúkrunarheimilin.
4. Önnur mál.

Félagar! Mætum vel og stundvíslega.
Stjórn Eflingar-stéttarfélags

Ertu ad flytja til Danmerkur - Sudur Jótland 5 herb. einbýlishús med bilskúr til leigu, ca. 10 km fra Aabenraa. húsal. 7500 DK á mán. Uppl. í s. 820 7318 & 0045 74698288.

### 3 herb. í 107 til leigu
með húsgögnum. 42" flatskjá, græjum, öllum húsbúnaði, þvottavél, ísskápur, uppþvottavél o.fl. Laus fljótlega. Leigutími samkomulag. Leiga 200 þús. Uppl. í s. 615 1074.

Til leigu í skamman tíma 160 fm. hæð + bílsk. í Rimahverfi ísskápur og uppþvottav. til staðar. Bankaábyrgð + 1 mán fyrirf. Upplýsingar í síma 864 0990.

2 herb.60fm ibud i Breidholt,90000 kr a man.Laus strax.S:8476880

Björt og vel skipulögð 4-5 herb. íbúð+bílskúr til leigu í 200 Kópavogi, samt. 175 fm. Íbúðin, sem er efri sérhæð, telur stóra og rúmg. stofu og borðstofu. Stórt og gott eldhús með borðkrók. 3 svefnherb. og auðvelt að bæta því 4ja við. Tvær snyrtingar. Gott þvottahús. Rúmg. bílskúr. Gengið beint inn frá götunni - engar tröppur. Leiguverð 195 þús. á mán. Áhugas. hafið samb. í s. 699-4353 og 899-1110.

Til leigu 120 fm húsnæði í Þingholtunum. Fyrir ýmsa starfssemi. Uppl í s 696 5310.

Herbergi í svæði 101. Frá 1 maí til 1 okt. Uppl í s 696 7267.

187 fm einbýlishús til leigu í vesturbænum 101 Rvk. uppl. í s:893-2329 og 868-6058.

Til leigu falleg og björt 81 fm íbúð með stæði í bílageymslu í Lómasölum í Kópavogi. Allt innifalið í leigu + örbylgja, ísskápur,þvottavél og húsgögn. Leigan er 135.000 kr á mán. Uppl í síma 699-4407

Til leigu 55fm nýuppgerð glæsileg 3.herb íbúð á Lagarnesvegi 120.000 á mán. 2 mán.fyrirfram Laus strax, langtímaleiga Eingöngu reglusamt fólk Ekki hundar/kettir leifðir GSM 896 2964

Til sölu einbýlishús á Seyðisfirði. Bein sala. Losnar í sept. Uppl. í s. 869 4892.

## Húsnæði óskast

### Reykholt - Biskupstungu
**Mig vantar húsnæði. Átt þú sumarhús eða annað húsnæði í nágrenni Reykholts í Biskupstungum, vilt þú leigja húsið í lengri eða skemmri tíma. Skoða allt.**
**Sími 866 9139.**

Reglus. 4 barna fjölsk. óskar e. 5-6 herb. húsn. til leigu á sanngjörnu verði í Rvk. frá 1.6 . Uppl. í s. 690 7583 & 844 1525.

Ungt par sem er ný flutt heim eftir nám í þýskalandi óskar eftir 2-3 herbergja íbúð í miðbænum til lengri tíma, greiðslugeta 80-100 þ. á mánuði getum útvegað tryggingar ef óskað er.(ekki kjallari) Uppl. í síma 699 0912 Sverrir Örn - 896 0860 Anna wolff email: sverrirorn@yahoo.com

Ungur þýskur arkitekt óskar eftir stúdio eða 2 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. daniel@krark.is Sími 848 4361.

Bræður utan af landi óska eftir 33-4 herb. íbúð. Á viðráðanlegu verði, langtímaleiga. Eru í námi. Uppl. í s. 865 0297.

27 ára rólegur & reglusamur járnamaður óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð til leigu á h.b.svæðinu Birgir..6594214

Óska eftir 3 herb. íbúð á höfuðb.sv. Uppl. í s. 616 6805.

## TILKYNNINGAR

# KOLAPORTIÐ
# OPIÐ
## um helgina frá kl. 11-17
pantaðu bás á netinu:
**www.kolaportid.is**

## Sumarbústaðir



### Gestahús til sölu
Til sölu 25 fm heilsárshús tvö herb./forst. /bað, mjög vandað og hentar vel íslenskum aðstæðum. Húsið er fullbúið að utan og tilbúið til afhendingar. Panilklætt að innan, með raflögnum en án gólfefna og baðinnréttingar. Tilvalið fyrir þann sem vill stækka sumarhúsið sitt. Húsið er til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 820 0051.



Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, fokhelt að innan. Sumarhus.com S. 615 2500.

Óska eftir sumarbústað til leigu í eina viku seinnipartinn í júlí. S. 893 2284.

2 eignalóðir í Grímsnesi til sölu. 0,8ha hvor, 3,2millj hvor. S. 867 2647 www.ymislegt.net/lodir

## Atvinnuhúsnæði

4 skrifstofuherbergi á Strandgötu Hfj til leigu. Ca. 20fm hvert. Leigist hvert í sínu lagi eða fleiri saman. Uppl. í s. 899 8121.

210 fm atvinnuhúsnæði til leigu við Skemmuveg, mikil lofthæð, Góðar innkeyrskudyr, laust, uppl í síma 898-0206

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Fiskistofa óskar eftir að taka á leigu 100 fm geymslurými helst á jarðhæð í Hafnarfirði eða nágr. Húsnæðið óskast sem fyrst þó eigi síðar en 01.06.08. Tilboð óskast sent á thordur@fiskistofa.is eða karitas@fiskistofa.is eigi síðar en 20.04.08

## Bílskúr

27 fm bílskúr í efra -Breiðholti til leigu. Leiga 30 þ. á mán. S. 893 5662.

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Eldhús - Vaktavinna
**Leitum að aðstoðarmanni við kokkatörf, viljum ráða mann með reynslu af eldhússtörfum. Umsóknir á www.kringlukrain.is & í s. 893 2323.**

### Búr ehf - Vaktstjóri
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við af sumarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

### Viltu vinna vaktavinnu? Viltu vinna með skóla ?
**Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu fólki í vaktavinnu. Hentar vel með skóla, mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.**

### Helgarvinna
**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga.**
**Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.**

icelandic FISH & CHIPS Organic bistro

Veitingahúsið Icelandic Fish & Chips óskar eftir fólki í sumarstörf og aukavinnu í framreiðslu og aðstoð í eldhús. Einnig vantar fólk í uppvask. Hafið samband í síma 8207121

### Ísbar/Booztbar, Kringlunni.
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

# miðlun

**Miðlun ehf** óskar að ráða spyrla til að annast gagnaöflun vegna spurningakannana á kvöldin og um helgar. Lámarksaldur er 18 ár en við leitum ekki síður af fullorðnu fólki með fjölbreytta reynslu að baki. Viðkomandi þarf að hafa góða og skýra framsögn í síma og geta unnið 2-3 kvöld/helgar í viku.

**Þeir sem hafa áhuga sendið tölvupóst til eva@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**

AMERICAN STYLE

### American style Nýbýlavegi
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sæktu um á americanstyle.is

### Veitingahúsið Nings
**Óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í fullt starf í afgreiðslu. Unnið er á 15 daga vöktum. Hentar vel fyrir þá sem eiga auðvelt með að vinna með öðrum og hafa góða þjónustulund. Nauðsynlegt er að vera íslenskumælandi. Einnig vantar afgreiðslufólk í kvöld og helgarvinnu.**
**Uppl. í síma 822 8870 eða á www.nings.is**

TABASCO'S mexican bar - grill

### Tabascos

### Nýr mexikanskur veitingastaður.
**Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Vaktstjóra í sal og starfsfólk í sal í kvöld og helgarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið.**
**Uppl. í síma 842 2800 eða á helgi@redchili.is**

### Hjá Jóa Fel Holtagarðar
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Einnig vantar fólk um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

### Gullnesti Grafavogi
**Óskar eftir íslenskumælandi starfsmanni í fullt starf.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.**

### Cafe Bleu.
**Óskum eftir þjónum fullt starf. Góð laun í boði. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Uppl. gefur Berglind 899 1965 Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300 eða á staðnum.**

GARÐABRÆÐUR

### Garðabræður
**Óskum eftir faglærðum eða vönum starfskröftum í garðyrkjuvinnu, hellulögn og pallasmíði.**
**Upplýsingar í síma 898 3094, Ingvar. www.gardabraedur.is**

SÍMSTÖÐIN Láttu okkur sjá um símann

### Kvöld og helgarvinna
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 Símstöðin ehf simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

### Sólpallar ehf
**Óskar eftir samviskusömum og vandvirkum smiðum í skemmtileg verkefni.**
**Vinsamlegast sendið umsókn á solpallar@solpallar.is**

### Málarar óskast
**Vanur málari óskast til starfa hjá traustu fyrirtæki. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar veitir Kristján í síma 861 0006. KJ Málun ehf.**

### Flokkstjórn í ræstingum



**ISS Ísland ehf. óskar eftir að ráða í nokkur störf flokkstjóra í ræstingum á svæði 103 og 104 og 220 .**

Starf flokkstjóra í ræstingum felst m.a. í:
* umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað
* ræstingu á verkstað
* samskiptum við viðskiptavin
* kennslu og þjálfun starfsmanna

Vinnutími er eftirfarandi:
* Starfi 1 á svæði 103: kl. 08.00 - 16:00 og önnur hver helgi.
* Starf 2 á svæði 103: kl. 11:00 - 19:00 og önnur hver helgi.
* Starf 3 á svæði 220: kl. 07:00 - 14:00, *verður að hafa bíl til umráða.*
* Starf 4: kl. 13:00 - 19:00

Flokkstjóri á svæði 220 verður að hafa bílpróf og bíl til umráða.

*Í starfi flokkstjóra er áhersla lögð á lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.*

**Upplýsingar í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is**

ISS ÍSLAND

Óskum eftir dugmiklu starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir skal senda á elin@dekkjahollin.is eða koma á staðinn. Dekkjahöllin S.462 3002.

### Stýrimann
Vantar á MB Mörtu Ágústsdóttur, til netaveiða frá Grindavík strax. S. 894 2013 & 426 8286.

### Ölstofa Kormáks & Skjaldar
Vantar starfsfólk - Barþjóna - Fólk í eldhús - Dyraverði. Aldurstakmark 20 ára. Uppl. í s. 899 4687.

Óska eftir vandvirkum starfsmanni á trésmíða & lakkverkstæði í Hfj. Þarf að geta byrjað strax. www.innsmidi.is S. 555 3039.

### Hellulagnir / lóðaframkvæmdir
Sólgarðar óska eftir starfsmönnum í lóðaframkvæmdir. Garykjumenn, vanir menn eða óvanir. Uppl. í s. 692 0711.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Sif / Helga gefur uppl. í síma 696 0939 & 699 5423.

### Sumar/Framtíðarstarf strax
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Castello. Óskum eftir að ráða duglegan og ábyggilegan starfsmann í útkeyrslu frá kl 17-21. Uppl. í s. 5773 333 & 692 3051.

### Ísbúðin Smáralind
Óskar eftir dagmannesku í sumarvinnu. Aldurstakmark 25 ára. Góð laun í boði. Uppl. í s. 660 1770.

### Rafvirkjar
Óska eftir rafvirkja til starfa. Rafloft s. 896 2660.

### Garð Klippingar
Vantar vanan mann strax til starfa í klippingar. Sækið um á gardlist.is eða í síma 899 6151.

Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagar frá kl. 12-19, 7 daga frá 8-15. Vaktavinna. Unnið 20 daga í mánuði. S. 843 9950.

Mjólka og Vogabær óska eftir að ráð fólk til starfa við kynningar á vörum fyrirtækjanna. Vinnutími er venjulega milli klukkan 14 og 18 fimtudaga, föstudaga og laugardaga. Nánari upplýsingar veitir Dómhildur í síma 6641651.

Vantar þig aukavinnu? Duglegur starfskraftur óskast seinni hluta dags (frá kl. 4), á kvöldin og/eða um helgar, samkvæmt nánara samkomulagi. Upplýsingar í síma 8932265. Fatahreinsun Kópavogs, Hamraborg 7 (Hamrabrekkumegin).

Barngóðrar, duglegrar og viðkunnalegrar ömmu er leitað af hálfu 5 manna fjölskyldu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar í síma 553 8333.

AU-PAIR S-Frakkland byrja í maí ein 3 ára stelpa frekari upplýsingar í 6162414

Vantar manneskju í sauðburð, gott ef reynsla er til staðar. Uppl. s. 864 2146, Rúnar.

Starfsmaður óskast í gluggahreinsun. Framtíðarstarf. Uppl. s. 895 1886.

### Rizzo Pizzeria.
Óskar eftir hressu og jákvæðu starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Íslensku kunnáta skylirði. Umsóknir liggja fyrir á Rizzo Grensásvegi 10

## Atvinna óskast

### Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

32 ára Pólsk kona óskar eftir atvinnu á höfuðborgarsvæðinu allt kemur til greina ég tala ágæta ensku og er að læra íslenskuna sími 8667851

Smiði vantar vinnu. Vinnum með gifs, parket og fleira. Áhugasamir hafið samband í síma 847 0638.

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

36 ára gamall karlmaður óskar eftir vinnu, margt kemur til greina. Uppl. í s. 892 5003.

## Viðskiptatækifæri

Gefðu þér gjöf. Fjárfestu í 10 tímum í viku og hafðu +5 m. á ari eftir 2 ár. Einar s. 662 5599.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kerru stolið! Vegleg fundarlaun. Auðkenni. Uppl. í s. 892 4624.

## Einkamál

### SÍMAÞJÓNUSTUR
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### Símaþjónusta
### Spjalldömur
**S. 908 6666**
**Opið allan sólarhringinn.**

Við erum par! Par á besta aldri sem að langar til þess að hitta önnur pör. Höfum reynslu, 100% trúnaður skilyrði! ;) Við erum „HotSwing" á www.einkamal.is

# Ryðfrí stálsmíði

Stálsmiður vanur ryðfrírri smíði óskast til starfa.
Umsókn með nafni og síma umsækjanda
má senda á netfangið: klaki@klaki.is

**Upplýsingar veittar mán-fös í síma: 554-4225.**

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska
eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

VERKTAKAR MAGNI

Vantar verkamenn til starfa strax
Mikil vinna framundan

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

VERKTAKAR MAGNI

Vantar vanan mann á
skotbómulyftara til starfa strax
Mikil vinna framundan

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Þarftu að leigja?
Rentus LEIGUMIÐLUN
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000





## Frábærar tekjur hjá frábæru fyrirtæki

365 miðlar óska eftir drífandi sölufulltrúum við sölu á áskriftum að sjónvarpsstöðvum 365 miðla.

Vinnutími er frá 17:00 til 22:00, að lágmarki tvö kvöld í viku.

Boðið er upp á fast tímakaup auk sölubónusa en raunhæf laun, fyrir góða sölumenn, eru yfir 20.000 kr. á kvöldi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu- og/eða kynningarstörfum, séu stundvísir, heiðarlegir, þjónustulundaðir og ekki síst metnaðargjarnir.

Umsóknir skulu sendar á Jóhann Kristinsson, vaktstjóra áskriftadeildar 365 miðla, á netfangið johann.kristinsson@365.is.

2 | 2 SPORT | BYLGJAN 98,9 | FRÉTTABLAÐIÐ | vísir.is | 365

# Aðalfundur 2008

**Aðalfundur Félags bókagerðarmanna verður haldinn á Grand Hótel v/Sigtún laugardaginn 19. apríl kl. 10:00.**

**Reikningar, fundargerðir, tillögur um lagabreytingar og aðrar framkomnar tillögur liggja frammi á skrifstofu FBM frá og með 10. apríl 2008.**

**Boðinn verður morgunverður milli kl. 9:00 og 10:00 og einnig matur í fundarhléi.**

***Reykjavík, 29. mars 2008,***
***Stjórn Félags bókagerðarmanna***

Ingunn Þráinsdóttir

VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA

Aðalfundur Verslunarmannafélags Suðurnesja verður haldinn að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ, mánudaginn 21. apríl nk. kl. 20:00

DAGSKRÁ
Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins

Stjórn Verslunarmannafélags Suðurnesja

## Frá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Nokkur sæti eru laus í eftirtaldar sumarferðir hjá okkur:

| | |
|---|---|
| Austurland | 18. - 21. júní. |
| Vesturlan | 23.- 27 júní. |
| Danmörk | 6. - 12. júní. |
| Skotland | 26 júní. - 1. júlí. |

Nánari upplýsingar á skrifstofunni Hverfisgötu 69, mánud. þriðjud. og miðvikudaga kl. 16:30 - 18:00 í síma 5512617 eða 8642617.

**Stjórnin**



# Komum hreyfingu á hlutina

Kíktu á www.eignaleit.is

Þegar hægir um þarf hraðar hendur!

RE/MAX




Gunnar Valsson
Sölustjóri

Skúli Örn Sigurðsson
Sölufulltrúi

Erna Karlsdóttir
Skjalavinnsla

Kristján Kristjánsson
Sölufulltrúi
**520 9500**
**899 5300**
kk@remax.is

Hreiðar Jakobsson
Sölufulltrúi

Vignir Már Garðarsson
Sölufulltrúi

Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

Hringdu núna **899 5300**

RE/MAX Lind



**Bóas**
Sölufulltrúi
**699 6165**
boas@remax.is



**Þórarinn Jónsson Hdl.**
Löggiltur fasteignasali

**100%** þjónusta fyrir þig
**Hringdu núna 699 6165**

## Kvistavellir 44, *221 Hafnarfjörður*

**Sölusýning í dag kl. 16.00 – 17.30**







**Verktaki lánar allt að 90% á eftir íbúðalánasjóði. Góð lán með 6,5% vöxtum til 20 ára.**

### Glæsilegar 2 - 4ra herbergja íbúðir í nýju LYFTUHÚSI

á fjórum hæðum á GÓÐUM STAÐ í Hafnarfirði. Hérna er um einstakt tækifæri að ræða bæði hvað varðar verð og greiðslu fyrirkomulag.

Íbúðirnar eru sérstaklega vandaðar. Gólfhiti er í öllum íbúðum. Extra hljóðeinangrun er á milli hæða. Vandaðar innréttingar frá AXIS. Innréttingar upp í loft. Granítborðplötur í eldhúsi.

Húsið afhendist fullfrágengið að utan, lóð tyrfð, stéttar hellulagðar og bílastæði malbikuð.
**AFHENDING Í MAÍ-JÚNÍ 2008**

### Dæmi um fjármögnun

| Stærð | Verð | Íls.lán | Viðbótar lán | Eigið fé | Gr. pr. mán. |
|---|---|---|---|---|---|
| 2ja herb. | 18.900.000 | 15.120.000 | 1.890.000 | 1.890.000 | 90.820 |
| 3ja herb. | 21.800.000 | 17.440.000 | 2.180.000 | 2.180.000 | 104.745 |
| 4ra herb. | 27.100.000 | 18.000.000 | 6.390.000 | 2.710.000 | 136.060 |

RE/MAX Lind • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur

Frum

www.arborgir.is

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR

*Guðjón Ægir, Sigurjónsson hrl.*

**Austurvegi 6 – Sími 482 4800 – www.arborgir.is**

**Sölusýning laugardaginn 12. apríl milli klukkan 14:00 og 16:00 að Austurvegi 34, Selfossi.**








***Nýjar og vandaðar íbúðir í sérflokki með góðu útsýni í hjarta bæjarins.***

***2ja herb.:*** Stofa opin inní eldhúsið, gott svefnherbergi, baðherbergi.anddyri og svalir
***3ja herb.:*** Góð stofa + borðstofa, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi, anddyri og svalir.
***Penthouse:*** Er á tveimur hæðum og telur eldhús , stofu, 2 - 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stórar svalir með frábæru útsýni, heitur pottur og gasgrill fylgir.

Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna þó eru votrými flísalögð, innréttingar eru góðar. Að utan er húsið viðhaldslítið, klætt með álklæðningu. Áhvílandi lán geta fylgt.

**Hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Verið velkomin!**


**Elísabet Agnarsdóttir**
Lögg.fast. / Framkv.stjóri


**Ásdís Ósk Valsdóttir**
Lögg. fast. Sölufulltrúi


**Arnbjörn Arason**
Sölufulltrúi


**Ágúst Daði Guðmundsson**
Sölufulltrúi


**Helga Pálsdóttir**
Sölufulltrúi


**Ólafur Geir Jóhannesson**
Sölufulltrúi


**Sigrún Jónsdóttir**
Sölufulltrúi


**Thelma Hrund Andrésdóttir**
Sölufulltrúi

# RE/MAX Skeifan

## Blómvangur 15, 220 Hfj. — Einbýli



**Verð 57.000.000,-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 209,8 fm.** | **Bygg.ár: 1983**

5 herbergja einbýlishús með garðskála og skemmtilegum garði. Eldhús með nýlegri innréttingu. Búr og þvottahús með geymslu. Forstofuherbergi og snyrting. Baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. Kjörin eign fyrir fjölskyldufólk.

**Nánari upplýsingar veitir Arnbjörn í síma 892 9818.**

## Opið hús — Rjúpnasalir 6 – 201 Kóp. — 4ra herb.



**Verð 34.0900.000,-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 144,10 fm.** | **Bygg.ár: 2000**

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 13:00-13:30**

Mjög falleg 4ra herb. íbúð á 3. og efstu hæð í 6-býli. Frístandandi bílskúr (möguleiki á að kaupa íbúð án bílskúrs). Komið inn í forstofu, eldhús, stofa með útgengi á svalir, 3 herb., baðh. og þv.húsi.

**Uppl. veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402 og Helga í síma 822 2123**

## Opið hús — Dalhús 9, 112 Rvk. — 4ra herb.



**Verð29.700.000,-** | **Bílskúr. Nei**
**Stærð: 120,20 fm.** | **Bygg.ár: 1990**

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 14:00-14:30**

Forstofa með flísum, innang. í þv.hús, komið inn í hol, innaf holi er gestasnyrting. Eldhús. Rúmgóð stofa. Efri hæð: Hol, 3 góð svefnh. og gott baðh.

**Uppl. veita Helga í s: 822 2123 eða Ásdís Ósk í s: 863 0402**

## Opið hús — Dalhús 9, 112 Rvk. — 5 herb.



**Verð 34.500.000.-** | **Bílskúr. Nei**
**Stærð: 135,5 fm.** | **Bygg.ár: 1944**

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 15:00-15:30**

Sérhæð með sérinng. og risi. Hæðin: forst., eldhús, baðh., 2 svefnh. og 2 rúmgóðar saml. stofur. Ris: þv.hús, stórt svefnh., geymsla og salerni. Sérbílast.

**Nánari uppl. veita Ágúst í s: 698-1328 eða Ásdís Ósk í síma: 863-0402**

## Opið hús — Hamravík 28 – 112 Rvk — 3ja herb.



**Verð 24.400.000.-** | **Bílskúr. Nei**
**Stærð: 87,9 fm.** | **Bygg.ár: 2001**

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 16:00-16:30**

Fallega 3ja herb. íbúð með sérinngangi af svölum á vinsælum stað. Stutt í alla þjónustu og íþróttaiðkun. Skemmtilegar gönguleiðir við sjóinn og meðfram golfvellinum.

**Nánari upplýsingar veita Ágúst í síma 698 1328 eða Helga í síma 822 2123**

## Opið hús — Kvistavellir 43 – 221 Hfj. — Einbýli



**Verð 43.500.000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 210,8 fm.** | **Bygg.ár: 2007**

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 17:00-17:30**

5 herb. einbýli með innb. bílskúr. Þv.hús, geymsla og bílsk. Eldh., borðst., sjónv.hol og stofa. 4 svefnh. og baðh. Afhent tilbúið til spörslunar, fullbúið að utan.

**Nánari upplýsingar veita Ágúst í síma 698 1328 eða Helga í síma 822 2123**

## Opið hús — Súlunes 14, 210 Garðabær — Hæð



**Verð 65.900.000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 169 fm.** | **Bygg.ár: 2004**

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 16:00-16:30**

Vönduð 5 herb. neðri sérhæði í tvíbýli. Forst., alrými með eldh., borðst., sjónv.holi og stofu. 3 svefnh. Fallegt baðh., þv.hús og bílskúr. Eign í sérflokki.

**Nánari uppl. veita Ágúst í s: 698-1328 eða Ásdís Ósk í síma: 863-0402**

## Opið hús — Njörvasund 17, 104 Rvk — 4ra herb.



**Verð 19.900.000.-** | **Bílskúr. Nei**
**Stærð: 75,8 fm.** | **Bygg.ár: 1956**

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 15:00-15:30**

RE/MAX Skeifan kynnir: Í einkasölu 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík. Stutt er í alla þjónustu og hinn rómaða Laugardal

**Nánari upplýsingar veitir Thelma Hrund í síma 862 9669 eða thelmahrund@remax.is**

## Borgarholtsbraut 31 200 Kóp. — 4-5 herb.



**Verð 33,900,000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 151,9 fm.** | **Bygg.ár: 1960**

Falleg og björt hæð á þessum einstaka stað í Kópavogi. Hæðin skiptist í hol, ný standsett eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpshol, 3 góð svepnherbergi og eitt lítið herb. Baðherb. í upprunalegu ástandi. Nýjar hurðar eru í allri íbúðinn. Eignin býður uppá mikla möguleika á þessum fjölskylduvæna stað í hjarta Kópavogs.

**Upplýsingar gefur: Óli Geir s. 692 1649 eða oligeir@remax.is.**

## Borgarveg 15, Njarðvík — Einbýli



**Verð 24,900,000.-** | **Bílskúr. Nei**
**Stærð: 143,2 fm.** | **Bygg.ár: 1924**

Mikið endurnýjað einbýlishús á 3 hæðum með 5 svefnherbergjum. Sér inngangur er á jarðhæð og eru allar tengingar til að útbúa sér íbúð á jarðhæðinni. Til eru teikningar af svölum út af annarri hæð sem og 31,5 fm bílskúr sem stæði við suður og austur lóðamörk, 60 fm sólpallur er við húsið reistur árið 2006.

**Nánar upplýsingar og skoðun gefur Pálmi Þór í síma 895 5643 eða palmi@remax.is**

## Breiðavík 11, 112 Reykjavík — 3ja herb.



**Verð 24,900,000.-** | **Bílskúr. Nei**
**Stærð: 93,3 fm.** | **Bygg.ár: 1995**

3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér garði í barnvænu umhverfi og í næsta nágrenni við skóla og leikskóla. Íbúðin er öll hin syrtilegasta, parket á öllum gólfum flísar á baði og forstofu, sprautulökkuð hvít eldhúsinnrétting, fataskápar í hjónaherbergi og forstofu. Baðherbergi nýlega tekið í gegn. Geymsla og þvottahús innan íbúðar.

**Nánari upplýsingar veitir Sigrún í síma 864 2599 eða sigrunjons@remax.is**

## Reykás, 112 Reykjavík — 4ra herb.



**Verð 33,900,000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 164,8 fm.** | **Bygg.ár: 1983**

3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér garði í barnvænu umhverfi og í næsta nágrenni við skóla og leikskóla. Íbúðin er öll hin syrtilegasta, parket á öllum gólfum flísar á baði og forstofu, sprautulökkuð hvít eldhúsinnrétting, fataskápar í hjónaherbergi og forstofu. Baðherbergi nýlega tekið í gegn. Geymsla og þvottahús innan íbúðar.

**Nánar upplýsingar og skoðun gefur Pálmi Þór í síma 895 5643 eða palmi@remax.is**

## Þorláksgeisli 43, 113 Rvk — 4ra herb.



**Verð 35,800,000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 139 fm.** | **Bygg.ár: 2003**

Remax skeifan kynnir til sölu fallega 4ra herbergja íbúð í litlu fjölbýli í Þorláksgeisla 43. Íbúðin samanstendur af 3 svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baði og þvottahúsi. Einnig fylgir bílskúr með geymslu.

**Nánari upplýsingar veitir Thelma Hrund í síma 862 9669 eða thelmahrund@remax.is**

## Esjuvellir, 300 Akranesi — Einbýli



**Verð 27,900,000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 179,1 fm.** | **Bygg.ár: 1973**

Vel skipulagt 4ja til 5 herbergja einbýlishús með bílskúr og stórum garði miðsvæðis á Akranesi. Stór upphitaður bílskúr með rafmagni fylgir húsinu og er góð geymsla innst í honum. Mjög hagstæð lán hvíla á eigninni sem möguleiki er að yfirtaka. Hér er um að ræða gott hús á grónum og góðum stað í bænum.

**Nánar upplýsingar og skoðun gefur Pálmi Þór í síma 895 5643 eða palmi@remax.is**

## Hlíðarbær, 300 Akranesi — Einbýli



**Verð 24,500,000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 189,4 fm.** | **Bygg.ár: 1988**

RE/MAX SKEIFAN KYNNIR: Gott raðhús á Hvalfjarðarströnd í Hvalfjarðarsveit. Upphaflega voru tvær íbúðir í húsinu sem nú er búið að sameina í eina stóra. Stór pallur er fyrir framan húsið. Stór bílskúr er með húsinu og er hann upphitaður og með rafmagni. Í sveitafélaginu er gjaldfrjáls leikskóli og góð þjónusta. Einstök náttúrufegurð er í kringum húsið.

**Nánar upplýsingar og skoðun gefur Pálmi Þór í síma 895 5643 eða palmi@remax.is**

## Höfðabraut, 300 Akranesi — 4ra herb.



**Verð17,900,000.-** | **Bílskúr. Já**
**Stærð: 150 fm.** | **Bygg.ár: 1956**

RE/MAX SKEIFAN KYNNIR: Rúmgóða vel skipulagað 4ja herberga íbúð á jarðhæð með bílskúr í þríbýlishúsi. Parketið á allri íbúðinni er úr eik og er síðan 2006. þrjár nýjar hvítar hurðar eru í íbúðinni eða síðan 2006. Bílskúrinn er upphitaður og með rafmagni. Góð og snyrtileg íbúð á góðum stað. Mjög hagstæð lán hvíla á íbúðinni sem hægt er að yfirtaka.

**Nánar upplýsingar og skoðun gefur Pálmi Þór í síma 895 5643 eða palmi@remax.is**

Frum

**RE/MAX Skeifan** - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400

vodafone Iceland Express 10-11 ...alltaf opið! vörður

SPORT 2
enski boltinn

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

Á MORGUN KL. 14:30

# MAN. UTD. ARSENAL




## Í DAG

| | | |
|---|---|---|
| KL. 13:50 | Bolton – West Ham | SPORT 2 |
| KL. 13:55 | Reading – Fulham | SPORT 3 |
| KL. 13:55 | Birmingham – Everton | SPORT 4 |
| KL. 13:55 | Tottenham – Middelsbrough | SPORT 5 |
| KL. 13:55 | Sunderland – Man. City | SPORT 6 |
| KL. 16:00 | Portsmouth – Newcastle | SPORT 2 |
| KL. 18:10 | 4 4 2 með Guðna Bergs | SPORT 2 |

## Á MORGUN

| | | |
|---|---|---|
| KL. 12:20 | Liverpool – Blackburn | SPORT 2 |
| KL. 14:30 | Man. Utd. – Arsenal | SPORT 2 |

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

### Eiður borgar oftast

*Þið eigið líka fleiri vini. Hvernig er að vera „bestu vinir“ Eiðs Smára og rata alltaf í blöðin fyrir það?*
**Auddi:** Sveppi og hann ólust auðvitað upp saman og hafa alltaf verið bestu vinir. Ég kynnist Eiði svo bara í gegnum Sveppa. En Eiður og allt sem hann gerir vekur alltaf athygli.
**Sveppi:** Ég man einmitt að það kom heil opna í DV einhvern tímann síðasta sumar þar sem allt sem Eiður hafði gert frá því að hann kom heim í sumarfrí og þar til hann fór út aftur – var rakið eins og atburðarás í fíkniefnamáli. „19. júní sást hann á Oliver með Sveppa. 20. júní á snekkju. 30. júní sást til hans í þrítugsafmæli og var laminn í bænum. Og þar eftir.“
**Auddi:** En hann er auðvitað súperstjarna svo ég er ekkert hissa á því að blöð á Íslandi fylgist með honum þegar hann er heima.
**Sveppi:** Svo eiginlega verður maður bara að hætta að pæla í þessu. Maður getur ekki farið út og fengið sér bjór og verið að velta því fyrir sér hvort maður eigi ekki bara að vera heima.
*Er Eiður Smári eins og Tom Cruise er víst við vini sína – borgar alltaf fyrir þá þegar þeir fara út að borða og svona – græðið þið eitthvað á þessu?*
**Sveppi:** Jú, jú, það dettur inn og það dettur líka alveg inn að við borgum – bara svona til að sýna lit. Meinarðu að hann borgi oftast af því að hann er ríkastur?
**Auddi:** Tja, ef við eigum að vera hreinskilnir, Sveppi, þá borgar hann oftar en við.
**Sveppi:** Það er líka þannig að þegar við erum erlendis og förum eitthvað mjög, mjög fínt út að borða – þar sem maður myndi annars ekkert láta sjá sig og myndi heldur líklega ekkert fá borð nema af því að maður er með Eiði – að þá kannski borgar Eiður.
**Auddi:** En ef við förum kannski á Vegó og fáum okkur tvo bjóra og Lúsíana-kjúkling þá borgum við Sveppi.

### Hinn glaður og annar fífl

*Nú hafið þið nýlokið við að leika saman í sjónvarpsþáttunum Ríkinu – hvað leikið þið? Og hvernig finnst ykkur að leika eftir skrifuðu handriti?*
**Sveppi:** Ég leik Pál og Auddi leikur Sighvat.
**Auddi:** Sighvatur er algjört fífl.
**Sveppi:** Og Páll er góður gæi. Jákvæður og hress og finnst gaman í vinnunni.
**Auddi:** Páll er saklaus og góður meðan Sighvatur er fáviti og mér hefur aldrei fundist jafngaman að leika neinn.
**Sveppi:** En samt meikar það alveg sens að Páll sé leiðinlegur, maður skilur það alveg því fólkið í kringum hann er allt algjörir vitleysingar. En þetta eru sketsa-þættir.
**Auddi:** Svolítið sambland af til dæmis Svínasúpunni og Næturvaktinni. Við leikum alltaf sömu karaktera en samt er þetta skrifað í sketsa-formi. Þannig á ég kannski eina eiginkonu í einum þætti og svo aðra í þeim næsta.
**Sveppi:** Að fara eftir skrifuðu handriti getur verið fínt en ég finn það samt stundum í leikhúsinu að ég á svolítið erfitt með að halda mig við textann, það er svo gaman að bulla eitthvað. Enda fæðist oft svo mikið í kringum það.
**Auddi:** Blandað er fínt – handrit og spuni. Ég er ekkert það heilladur af leiksviðinu en ég væri til í að leika í bíómynd og finnst virkilega gaman að leika í leiknu sjónvarpsefni. Ég hugsa að það henti mér betur. Pródúksjón bak við myndavélina er hins vegar nokkuð sem ég get jafnt hugsað mér sem og að vera fyrir framan myndavélina.




NORDIC KARATE CHAMPIONSHIP, SATURDAY APRIL 12TH 2008, REYKJAVÍK, ICELAND

# NORÐURLANDAMÓTIÐ Í KARATE 2008

LAUGARDAGINN 12. APRÍL Í LAUGARDALSHÖLL KL. 10:00

KEPPT VERÐUR Í KATA OG KUMITE
KEPPENDUR FRÁ: DANMÖRKU, EISTLANDI, FINNLANDI, ÍSLANDI, NOREGI OG SVÍÞJÓÐ

LIÐ ÍSLANDS Í KATA UNDIR STJÓRN HELGA JÓHANNESSONAR SKIPA:

MAGNÚS KR. EYJÓLFSSON
PATHIPAN KRISTJÁNSSON
TÓMAS LEE RÓBERTSSON
ÁSA KATRÍN BJARNADÓTTIR
HEKLA HELGADÓTTIR
RAGNA KJARTANSDÓTTIR

LIÐ ÍSLANDS Í KUMITE UNDIR STJÓRN JÓNS INGA ÞORVALDSSONAR SKIPA:

ANDRI SVEINSSON, *-80 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ*
ARI SVERRISSON, *-75 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ*
GUÐBJARTUR ÍSAK ÁSGEIRSSON, *-70 KG OG LIÐ*
KRISTJÁN Ó. DAVÍÐSSON, *-70 KG OG LIÐ*
GUÐRÚN ÓSKARSDÓTTIR, *+60 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ*
HELENA MONTAZERI, *-60 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ*
BJÖRG JÓNSDÓTTIR, *LIÐ*

KARATESAMBAND ÍSLANDS

# Ævintýrið er hafið



**Rockwood fellihýsi**
Sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum með galvaníseraðri grind, fjöðrum fyrir akstur á erfiðum vegum og upphituðum lúxusdýnum.

Fjöðrun f. ísl. aðstæður · Evrópskar þrýstibremsur · Vatn tengt heitt/kalt · CD spilari/útvarp · 12 cm Upphitaðar lúxusdýnur

**Polar hjólhýsi**
Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir. Evrópskar þrýstibremsur, galvaníseruð grind, iDC stöðugleikakerfi og ríkulegur staðalbúnaður.

-40 °C 44mm einangrun · Evrópskar þrýstibremsur · iDC stöðugleikakerfi · Séstakur vínkælir · 19˝ LCD skjár · DVD spilari

Opið allar helgar frá **12-16**
á virkum dögum frá **10-18**

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihluti og margt fleira.

**Fosshals 5-9 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600**
**Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is**

Útilegu maðurinn®

# Öldungurinn rígheldur í völdin

**Þrátt fyrir að hafa lotið í lægra haldi í kosningum er Robert Mugabe ekki á þeim buxunum að sleppa valdataumunum í Simbabve sem hann hefur haldið um í 28 ár, skrifar *Auðunn Arnórsson*. Sívaxandi neyð er í landinu sem eitt sinn bauð upp á beztu lífskjör í Afríku.**



**LANDFLÓTTI** Kona frá Simbabve skríður með barn sitt á bakinu undir landamæragirðingu til að komast til Suður-Afríku. Fjórði hver íbúi Simbabve hefur flúið land. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningakreppan í Simbabve teygist á langinn. Þótt tvær vikur séu liðnar frá forsetakosningunum 29. marz hafa opinber úrslit þeirra enn ekki verið birt. Hinn 84 ára gamli forseti virðist vera að reyna að nýta tímann til að búa svo um hnúta að önnur umferð kosninganna verði látin fara fram þar sem tryggt sé að hann sigri.

Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir umheimsins bólaði nú fyrir helgina ekkert á opinberum úrslitum forsetakosninganna og þar af leiðandi ríkti enn algjör óvissa um hvort efnt yrði til úrslitaumferðar þar sem kosið yrði á milli Mugabe forseta og áskorandans Morgans Tsvangirai, leiðtoga Lýðræðishreyfingarinnar.

Hæstiréttur landsins tók á miðvikudag ekki afstöðu til flýtibeiðnar Lýðræðishreyfingarinnar um að úrslitin yrðu birt tafarlaust. Lögmaður kjörstjórnarinnar sagði við það tækifæri að skipun um tafarlausa birtingu væri hættuspil, þar sem henni yrði „hugsanlega ekki hlítt“. Dómstóllinn boðaði að úrskurðað yrði um beiðnina á mánudaginn.

### Spilað á tíma

Svo virðist sem Mugabe og stjórnarflokkur hans, Zanu-PF, séu með töfunum að kaupa sér tíma til að skipuleggja aðgerðir til að virkja áhangendur sína og hræða andstæðinga til að tryggja landsföðurnum til 28 ára sigur í síðari umferð kosninganna.

Stjórnarandstaðan hefur þegar lýst því yfir að frambjóðandi hennar, Tsvangirai, hafi hlotið hreinan meirihluta atkvæða í kosningunum 29. marz og því sé hann réttkjörinn forseti og engin þörf á úrslitaumferð. Mugabe og hans menn verði að viðurkenna þennan vilja þjóðarinnar og sleppa valdataumunum.

Það kemur ekki á óvart að öldungurinn á forsetastólnum og skjólstæðingar hans láti sér fátt um vilja almennings finnast. Síðustu daga hafa fréttir borizt af því að harðir fylgismenn Mugabe, einkum vopnaðir fyrrverandi liðsmenn skæruliðahreyfingar hans frá tíma sjálfstæðisstríðsins, hafi hafið nýja herferð til að flæma þá fáu hvítu bændur sem enn þrauka í landinu af jörðum sínum. Í héruðum þar sem vitað er að Tsvangirai nýtur mikils fylgis reyna menn Mugabe að hræða íbúana til að þeir muni ekki dirfast að greiða honum aftur atkvæði ef til síðari umferðar kosninganna kemur.

### Bráðafundur grannríkjaleiðtoga

Fyrir helgina hafði Mugabe og stjórn hans ekki brugðizt við áskorunum umheimsins um viðurkenningu kosningasigurs stjórnarandstöðunnar í þingkosningunum sem fram fóru jafnhliða forsetakosningunum, og um að úrslit forsetakosninganna yrðu birt. Að öðru leyti en því að láta jákvæð orð falla um sérboðaðan leiðtogafund landanna í sunnanverðri Afríku, þar sem ræða á ástandið í Simbabve. Fundurinn yrði kærkomið tækifæri fyrir Mugabe til að útskýra stöðuna, að sögn talsmanns Simbabvestjórnar, en hann tók fram að enginn kreppa væri í landinu þótt birting kosningaúrslita hefði dregizt.

Levy Mwanawasa Sambíuforseti átti frumkvæði að boðun bráðafundarins, en hann fer fram þar í landi í dag. Mwanawasa er svo til eini leiðtoginn í sunnanverðri Afríku sem hefur opinberlega gagnrýnt stefnu Mugabe. Í fyrra líkti hann efnahagsástandinu í Simbabve við „sökkvandi Titanic“. Hinir leiðtogarnir hafa farið að dæmi Thabo Mbeki, forseta Suður-Afríku – þungavigtarríkisins í heimshlutanum – og sagt sem minnst.

Tendai Biti, talsmaður Lýðræðishreyfingarinnar í Simbabve, skoraði á leiðtogana sem á fundinn mæta að þrýsta á Mugabe að segja af sér.

„Við skiljum ekki hvers vegna umheimurinn þarf að bíða eftir því að lík hrannist upp á götum Harare,“ sagði hann í vikunni. Hann gaf til kynna að stjórnarandstaðan kynni að sniðganga endurtekningu forsetakosninganna, skyldi verða boðað til úrslitaumferðar. Biti sakaði stjórnarflokkinn um að beita háttsettum mönnum úr hernum og lögreglunni til að „stýra kosningasvikaferlinu“ að því er AP hefur eftir honum.

„Forsetinn neitar að viðurkenna ósigur sinn í kosningum sem fóru að mestu rétt fram. Og þegar hið 21 dags töfratímabil er liðið, sem er fresturinn sem gefinn er til að halda úrslitaumferð kosninganna, mun hann að líkindum kalla nýja hörmungartíma yfir land okkar.“ Þetta skrifar rithöfundurinn Chenjerai Hove, sem árið 2001 var flæmdur í útlegð og býr nú í Bandaríkjunum, í grein undir yfirskriftinni „Konungsríki óttans“ í svissneska dagblaðinu *Neue Zürcher Zeitung*.

### Matarskortur og landflótti

Talsmenn Bændasamtaka Simbabve, ZCFU, saka stuðningsmenn stjórnarflokksins um árásir á jarðir hvítra bænda og rán og gripdeildir í húsum þeirra. Bændur benda á að áframhaldandi óreiða setji hveituppskeruna í hættu, en bregðist hún yki það alvarlega á matvælaskortinn í landinu sem þegar er mikill. Mjög stór hluti landbúnaðarlands er fallinn í órækt í kjölfar landtökuherferðar stjórnarinnar gegn hvítum bændum á síðustu árum, en flestir þeirra hafa nú flúið land. Reyndar eru um fimm milljónir Simbabvebúa, yfir fjórðungur landsmanna, taldar hafa flúið úr landi frá aldamótum. Matvælaframleiðsla hefur hrunið og landið er nú háð neyðarhjálparsendingum að utan. Efnahagsástandið heldur áfram að versna. Atvinnuleysi er áætlað um 80 prósent og óðaverðbólga geisar. Gizkað er á að hún sé nú um 150.000 prósent. Lífslíkur hafa lækkað niður fyrir 35 ár en þær voru yfir 60 árum fyrir hálfum öðrum áratug.

### Fangar gerræðis

Mugabe lætur sem þessi neyð eigin þegna sé ekki raunveruleg. Hann og hershöfðingjarnir í kringum hann ríghalda í völdin þar sem þeir óttast að vera að öðrum kosti látnir svara fyrir gerræði sitt og ótal mannréttindabrot á liðnum árum. Dæmi um slík brot er framganga hers og lögreglu gegn stuðningsmönnum stjórnarandstöðunnar eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna um stjórnarskrárbreytingar sem fram fór í upphafi þessa áratugar. Yfir 600 stjórnarandstæðingar voru myrtir. Tveir af hverjum fimm þingmönnum Lýðræðishreyfingarinnar sættu líkamsmeiðingum, þar á meðal Tsvangirai sjálfur. Valdhafarnir vita líka upp á sig ábyrgðina á aðgerðum sérsveitar Simbabvehers, sem hlaut þjálfun í Norður-Kóreu á níunda áratugnum og var beitt til að kveða niður uppreisn í héraðinu Matabelelelandi. Liðsmenn sveitarinnar myrtu tugþúsundir fjölskyldumeðlima uppreisnarmanna af Ndebele-ættbálknum. Og þannig mætti áfram telja.

Mugabe leggur rækt við tryggð ráðherra í ríkisstjórninni, flokksforkólfa og æðstu manna stjórnkerfisins með því að útdeila til þeirra bújörðum sem teknar hafa verið eignarnámi eða gjaldeyri úr hinum síminnkandi sjóðum ríkisins. Þessir skjólstæðingar óttast líka valdaskipti og leggja þess vegna sitt af mörkum til að halda öldungnum í forsetastólnum. Andstætt hinum allslausa meirihluta almennings í landinu hafa þeir einhverju að tapa ef Mugabe er flæmdur frá völdum eða safnast til feðra sinna.

## ➜ FRÁ SJÁLFSTÆÐISHETJU TIL EINRÆÐISHERRA



Robert Gabriel Mugabe fæddist 21. febrúar 1924 í þorpinu Matabiri norðaustur af bænum Salisbury í þáverandi Suður-Ródesíu. Hann var að mestu alinn upp í kaþólskri trúboðsmiðstöð og gekk í skóla sem reknir voru af jesúítum. Stjórnmálaferill hans hófst á sjöunda áratugnum þegar hann reis til metorða innan hreyfingar svartra sjálfstæðissinna, ZANU, sem rak skæruhernað gegn minnihlutastjórn hvítra. Hvíta minnihlutastjórnin, undir forystu Ians Smith, lýsti yfir einhliða sjálfstæði Ródesíu frá Bretaveldi árið 1965, en í samræmi við stefnu Bretlandsstjórnar um að viðurkenna aðeins sjálfstæði fyrrverandi nýlendna sinna er í þeim var komin til valda stjórn sem studdist við meirihluta heimamanna hlaut sú sjálfstæðisyfirlýsing ekki alþjóðlega viðurkenningu.

Árið 1964 var Mugabe hnepptur í varðhald fyrir „undirróður“ og eyddi næstu tíu árum í fangelsi. Í fangavistinni aflaði hann sér þriggja háskólagráða í fjarnámi við suður-afrískan háskóla. Árið 1974, er hann var enn í fangelsi, var Mugabe kjörinn til forystu fyrir ZANU. Laus úr fangelsi stýrði Mugabe ZANU úr útlegð í Mósambík. Eftir klofning samtakanna stýrði hann herskáum armi hennar.

Þegar leið á áttunda áratuginn sýndi stjórn Smiths vilja til samningaviðræðna við leiðtoga svarta meirihlutans. Úr varð að samþykkt var stjórnarskrá nýs lýðveldis undir nafninu Simbabve og nýtt þing var kosið í febrúar 1980. Svarti meirihlutinn fagnaði mjög heimkomu Mugabe úr útlegð í desember 1979 og hann varð forsætisráðherra í stjórninni sem mynduð var eftir fyrstu frjálsu kosningarnar. Árið 1987 var stjórnarskránni breytt þannig að embætti forsætisráðherra var aflagt en þess í stað fór forsetinn fyrir ríkisstjórninni. Um leið var Mugabe kjörinn forseti.

Um 60 prósent hvíta minnihlutans fluttu úr landi strax á níunda áratugnum. Nú eru innan við 20.000 hvítir eftir meðal hinna 12 milljóna íbúa landsins. Frá því árið 2000 hefur stjórn Mugabe kerfisbundið flæmt hvíta bændur af jörðum sínum sem hefur valdið hruni í matvælaframleiðslu. Þetta, ásamt annarri óstjórn og gerræði, hefur valdið algeru efnahagshruni í landinu.

## Mugabe víkur ekki

**Simbabvebúar gengu bæði til forseta- og þingkosninga hinn 29. mars sl. Stjórnarandstöðuflokkurinn Lýðræðishreyfingin (MDC) hafði betur en stjórnarflokkurinn Zanu-PF í þingkosningunum en opinber úrslit í forsetakosningunum hafa enn ekki verið birt. Samkvæmt lögum á að fara fram úrslitaumferð innan þriggja vikna ef enginn fær yfir fimmtíu prósent atkvæða í fyrri umferðinni.**



***Robert Mugabe forseti*** *Zanu-PF* — ***Simba Makoni*** *Óháður* — ***Morgan Tsvangirai*** *Lýðræðishreyfingin (MDC)*







Heimild: Zimbabwe Election Support Network Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS


Vaxtalaust tilboð
á sérsmíðuðum sófasettum
þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig
Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og Holtagörðum
TILBOÐ 13.000* kr/mán Fullt verð 156.000.-
Hornsófi 2+h+2 Paris
TILBOÐ 17.000* kr/mán Fullt verð 204.000.-
Sófasett 3+1+1 Nice
TILBOÐ 13.200* kr/mán Fullt verð 158.400.-
Sófasett 3+1+1 Rome
TILBOÐ 12.000* kr/mán Fullt verð 144.000.-
Hornsófi 2+h+2 Roma
TILBOÐ 17.000* kr/mán Fullt verð 204.000.-
Sófasett 3+1+1 Nice
OPIÐ til 20 alla daga
* Greiðsla á mánuði í 12 mánuði. Gildir til 19.04
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# NÚ ER ANNA




## ÞÖKKUM FRÁBÆRA
## JUST4KIDS EXPRESS




**STHÖRNURNAR SYNGJA FYRIR BÖRNIN**
Frábær diskur með flytjaendum eins og Ladda, Magna, Gunna og Felix og Ómari Ragnarssyni

**Kr. 990**
Þú sparar kr. 1000




**Kr. 6980**
Þú sparar kr. 8000






**LUV CUBS BANGSAR**
Yndislegir bangsar sem hjala og hreyfa sig. 3 tegundir.

**Kr. 2980**
Þú sparar kr. 3000



**Kr. 980**
Þú sparar kr. 1000



**JUST4KIDS FROSTPINNA 15 KR. STK**
HÁMARK 6 Á MAN

AÐEINS Í MIÐHRAUNI

**VÖFFLUR MEÐ RJÓMA 190 KR. STK.**

## MUNIÐ NAMMIBARINN




AÐEINS Í MIÐHRAUNI

**50% AFSLÁTTUR ALLAR HELGAR**

ÞEIR SEM VERSLA FYRIR 10.000 KR. EÐA MEIRA EIGA ÞESS KOST AÐ KAUPA PLAYSTATION 3 Á AÐEINS




**Kr. 34999**


AR Í OPNUN
AR VIÐTÖKUR VIÐ OPNUN
Í FAXAFENI SÍÐUSTU HELGI
Kr. 5980
Þú sparar kr. 3000
BRATZ
Kr. 1995
Þú sparar kr. 1000
Kr. 1190
Þú sparar kr. 700
AR
STK
Kr. 990
Þú sparar kr. 500
Kr. 980
Þú sparar kr. 1000
Kr. 1990
Þú sparar kr. 1500
TAKE APART FARARTÆKI
Hægt að skrúfa sundur og raða formum í viðeigandi göt.
Take Apart Shape Sorters
JUST 4 KIDS
JUST 4 KIDS express
FAXAFENI
VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA
OPIÐ ALLA DAGA KL. 11 - 19



MEÐ FRAKKLAND Á HEILANUM Rósa Ísfeld hlustar á Edith Piaf og hefur sungið á frönsku með Sometime. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON

# Ég er engin prímadonna

Hljómsveitin Sometime hefur notið mikilla vinsælda undanfarið og í kvöld stígur hún á svið ásamt Bloodgroup og Yunioshi á Organ. *Anna Margrét Björnsson* tók söngkonuna **Rósu Ísfeld** í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Rósa Birgitta Ísfeld

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Söngkona en ég tek mér ýmislegt annað fyrir hendur til að borga reikningana.

**FÆÐINGARÁR:** 1979 og afi minn sagði mér að Íranskeisari hafi verið hengdur þá.

**Hvenær varstu hamingjusömust?** Ég er mjög hamingjusöm yfir mörgu. Yfirleitt eru þessar stundir eitthvað sem tengist fjölskyldu eða vinum, þegar ég kynntist tveim bestu vinum mínum og að finna ástina. En svo er ég líka mjög hamingjusöm þegar ég syng.

**Ef þú værir ekki tónlistarmaður, hvað myndirðu vera?** Mig langaði alltaf til að vera stjörnufræðingur eða flugmaður.

**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?** Held að það sé tölvan mín.

**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Ég var einu sinni að rífast við mann sem bjó fyrir neðan mig og hann kallaði mig prímadonnu. Það var mjög neikvætt og situr ennþá í mér, mér fannst þetta mikil móðgun.

**Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa?** Frakklandi eða Marokkó.

**Draumahelgin þín í einni setningu?** Ætli það væri ekki að fara með kærastanum til Parísar og sýna honum uppáhaldsstaðina og haldast í hendur í Jardins de Luxembourg.

**Textarnir þínir fjalla mikið um ástina. Hver er stærsta ástin í lífi þínu?** Lífið og guðirnir en svo er líka Finnur.

**Hver er eftirminnilegasti kossinn?** Það er pínu leyndó en voða rómó.

**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?** Ég verð að segja þessi eina vakt sem ég tók sem barþjónn á Sólon fyrir löngu, sá sem var yfir vaktinni kenndi mér með því að skammast yfir öllu. Þetta voru lengstu þrír tímar ævi minnar. Mér var boðin vinnan en ég afþakkaði.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni?** Held það sé bara í Atlas-fjöllunum í Marokkó eða Þórsmörk. Svona svipuð mögnuð tilfinning sem hellist yfir mann á þessum stöðum.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta á mest í dag?** Ég hef alltaf verið mikið fyrir djass og svo elska ég sálartónlist, Ray Charles og þannig fíling. En undanfarið er ég búin að vera með Portishead 3 á „repeat“ á fóninum. Var búin að bíða eftir henni og allir væntingar mínar stóðust. En núna er Piaf á fóninum og eflaust hefur hún eitthvað með það að gera að ég sé með Frakkland á heilanum.

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?** Ætli ég myndi ekki fara á tónleika með Beethoven. Sjá hann flytja Tunglskinssónötuna og kannski þriðju sinfóníuna. Það væri eflaust mögnuð upplifun og ég yrði að muna að taka með mér svona fallegan kjól eins og dömurnar voru í á þeim tíma.

**Er eitthvað sem heldur fyrri þér vöku á nóttunni?** Bara hausinn á mér sem virðist endalaust hugsa. Og stundum draugar.

**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?** Ég myndi ekki vilja breyta neinu. Ég tel að allt sem hefur komið fyrir mig hafi verið reynsla sem mér hefur verið ætlað að ganga í gegnum og gerir mig að þeirri manneskju sem ég er í dag.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Ætli það hafi ekki verið með Ása vini mínum um daginn, hann er fyndnastur.

**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Mesta nautn mín er að liggja í rúminu og ég er mikið svefndýr en ég held að flestir sem þekkja mig viti það.

**Uppáhaldsbókin þessa stundina?** Ég er að lesa Bíbí og hún er ótrúleg.

**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?** Ég man ekki til þess að ég eigi núlifandi goð en vinir mínir í kringum mig eru að gera frábæra hluti. Það er gott að vera í kringum skapandi fólk, það er mjög hvetjandi.

**Uppáhaldsorðið þitt?** Ætli það sé ekki bara supercalifragilisticexpialidocius úr Mary Poppins. Ég hef haldið upp á það síðan ég var barn.

**Hvað er næst á döfinni hjá Sometime?** Við erum að spila í kvöld á Organ. Svo ætlum við að rúlla út fyrir landsteinana í maí og spila á The Great Escape-hátíðinni í Brighton og svo á Jolene bar í Köben.

**Hverjir eru framtíðardraumarnir?** Að geta lifað á tónlistinni og ferðast um allan heim og sungið fyrir sem flesta.



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Hnakkar.** Merzedes Club sýnir að það sem byrjaði sem djók er í fúlustu alvöru það sem á upp á pallborðið hjá almúganum. Búist við því að Rebekka og Gillz verði helstu fyrirmyndir átta ára krakka. Skerí.



**Sólin.** Vorið kemur grænt og hlýtt og hægt. Fjólur farnar að skjóta upp kollinum og börn sjást að leik í peysum einum fata fram eftir kvöldi.

**Glamúr.** Dragið fram háu hælana og blingbling sólgleraugun og spókið ykkur á Laugaveginum. Munið að Reykjavík á að heita hipp og kúl.

**Karlmenn í kúbuhælum.** Rokkabillígaurar og meira að segja Frakklandsforseti farnir að ganga í því sem kallast kúbverskir hælar. Samt meira töff ef menn eru hávaxnir fyrir.



**Neðanjarðarbyrgi.** Auðmenn Íslands eru farnir að grafa moldvörpugöng, vínkjallara og afþreyingarherbergi undir villurnar sínar í miðbænum.

### Á niðurleið

**Löggan.** Klappar vörubílstjórum kumpánlega á axlir á meðan þeir loka helstu stofnæðum borgarinnar og stofna borgurum í lífshættu. En nokkrir horaðir hippar með grænt skyr eru snúnir niður og hent í steininn.



**Indítónlist.** Aðeins einn tónleikastaður eftir í bænum og Monitor að verða meinstrím? Jaðarrokkarar mega liggja í þunglyndi með gítarana í niðurníddum miðbænum á meðan glimmerhnakkar bera bringurnar í Smáralind og Bláfjöllum.



**Munaður í matarkaupum.** Ferskar kryddjurtir í potti og dýrindis ólífuolíur falla í skuggann fyrir smjöri, Aromat og heimatilbúnum pizzum á krepputímum.

**Sambandsviðtöl.** Íslenskar „stjörnur“ rekja tilfinningar sínar, hjónabönd, óléttur og barneignir ásamt fótósjoppuðum myndum. Afsakið meðan við ælum.



**Sumarlitir.** Nú er sumartískan að detta inn í búðirnar og við mótmælum öllum pastellitum undir eins. Gera nákvæmlega ekkert fyrir íslenskt litarhaft skriðið undan löngum vetri.

SÉÐ OG HEYRT
Gerir lífið skemmtilegra!

# SÉÐ OG HEYRT ER MEIRA LESIÐ EN MOGGINN, 24 STUNDIR OG DAGSKRÁ VIKUNNAR!

**LESTUR:** 12–40 ÁRA Á ÖLLU LANDINU.




38,5% LESTUR

**MEST LESIÐ Í YNGSTA HÓPNUM**




# SÉÐ OG HEYRT HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA LESIÐ

Samkvæmt fjölmiðlakönnunum Capacent er **Séð og Heyrt** meira lesið en Morgunblaðið, 24 stundir og Dagskrá vikunnar meðal Íslendinga á aldrinum 12-40 ára. **Séð og heyrt er einnig meira lesið en Fréttablaðið í yngsta hópnum.**

Auglýsing í **Séð og Heyrt lifir lengur**, nær til **fleiri** og er **oftar lesin**. Valið er augljóst ef þú þarft að ná í þennan hóp.

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér áskriftarkjör í síma **515 5555** eða með því að senda okkur póst á netfangið **askrift@birtingur.is**

BIRTÍNGUR

DYNAMO REYKJAVÍK

Nýr Mazda6 birtir japanska fagurfræði í sinni skörpustu mynd. Samhljómur fegurðar og tækni Mazda6 er í takt við hugarfar þeirra sem vilja synda á móti straumnum. Búðu þig undir dýpri Mazda6. Upplifðu Zoom-Zoom tilfinninguna. Komdu í Brimborg í dag og finndu hversu gaman er að keyra nýjan, endurhannaðan Mazda6.

Nýr Mazda6. Dýpri bíll.

# Nýr Mazda6. Japanskur samhljómur.

**Mazda6 Advance**
2,0i 147 hö 184 Nm 5 dyra
5 þrepa sjálfskiptur
Frumsýningarverð: 3.550.000 kr.*
Bensínnotkun í blönduðum akstri
7,7 l/100 km. C02 losun 182 g/km



Segðu Zoom-Zoom. Vertu á hreyfingu, ferð og flugi. Vertu Mazda.

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


mazda
Reynsluaktu nýjum Mazda6 og þú ert í Happapotti Brimborgar. Þú getur unnið 50.000 kr. bensínúttekt hjá Olís.
Komdu í dag
frumsýning
Léttar veitingar, kaffi og kleinur
frá kl. 12 til 16
í Brimborg
Akureyri, Reykjavík
selja gamla
kaupa nýjan notaðan
Komdu einnig við í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma. Skoðaðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn þinn. Við gerum næstum allt fyrir þig.
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazda.is
ZOOM-ZOOM

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir ...

### ... Þorstein Guðmundsson



Hans hlutskipti var að vera hinum megin línunnar fyrir viku sem einn þeirra grínara sem lágu eftir á klippiborðinu þegar gengið var frá kvikmyndinni Stóra planið. En hann er að slá í gegn með spjallþátt sinn Svalbarða á Skjá einum. Sé miðað við tölur frá Capacent. Þorsteinn á misgóðu gengi að venjast og til að hafa vaðið fyrir neðan sig lagði hann það upp við sitt fólk að það gæfi skít fyrir áhorfstölur. Því var hann á erfiðu róli með að venda og svara spurningum með að segja þær skipta máli en einmitt bara þegar sólin skín.

### ... Unni Ösp Stefánsdóttur



Hún er nýsnúin heim aftur frá Englandi, ásamt sínum spúsa Birni Thors og leikkonunni Elvu Ósk Ólafsdóttur, eftir mikla sigurför um gervallar Bretlandseyjar. Þau hjónin og Elva léku í rómaðri sýningu Hamskiptanna og slógu í gegn. Hápunktinum var svo náð þegar leikið var fyrir sjálfan Harold Pinter – goðsögn í lifanda lífi og einn þeirra allra stærstu í leikbókmenntunum.

### ... Hannes Hólmstein Gissurarson



Aftur. Hann var líka hér á þessum stað fyrir viku! Þetta er góður hálfur mánuður fyrir Hannes þó ekkert hafi bent til þess fyrir skömmu. Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að söfnun honum til styrktar gengi fádæma vel. Friðbjörn Orri Ketilsson segir hundruð manna leggja fé af mörkum, allt frá menntskælingum til vel stæðra vina Hannesar. Og nú liggur fyrir að Hannes mun ekki þurfa að borga túkall í skaðabætur eða lögfræðingakostnað, hvorki í Jóns- né Laxness-málum. Sem er gott því Hannes er bara launamaður með hálfa millu á mánuði.

## Slæm vika fyrir

### ... Kristján Möller



Hörmuleg slys á Reykjanesbraut hafa beint sjónum manna að samgönguráðherra. Meðan hann er sagður í kjördæmapoti með jarðgangagerð og því að festa flugvöllinn í sessi ásamt umboðslausum borgarstjóra með samgöngumiðstöð sem enginn skilur hvaða hlutverki á að þjóna eru samgöngumál borgarinnar í fullkomnum ólestri. Kristjáni er núið því um nasir, meðal annarra af Sigmari Guðmundssyni í Kastljósi, að hafa sagt eitt í stjórnarandstöðu en annað komið inn við völd. Sem gerir hann að, hvað sagði Sigmar?, lýðskrumara?

### ... Bigga í Maus



Vitanlega má heita virðingarvert af Bigga sem ritstjóra að setja auglýsingastofunni Vatíkaninu stólinn fyrir dyrnar þegar þeir vildu troða efni inn í hið metnarfulla og ofurtöff tímarit Mónitor – efni sem líklegt er að laða að auglýsendur. En í stað þess að virða hina listrænu sýn Bigga og ritstjórnarlegt frelsi mátu eigendur Mónitors það svo að Biggi væri óraunsær draumóramaður. Leyfðu Bigga að fara og réðu barnungan blaðamann í hans stað. Þetta getur ekki talist góð vika fyrir Bigga.

### ... Davíð Oddsson



Stýrivaxtahækkun Seðlabankans þykir af sérfræðingum til marks um ráðaleysi seðlabankastjórans. Þrátt fyrir þennan stíl í rass braggast sjúklingurinn krónan ekki. Davíð, sem löngum hefur eldað grátt silfur við bankana og rifja menn nú upp þegar hann fór til að taka út sparifé sitt á sínum tíma til að mótmæla háum launum bankastjóra, er tæplega réttur maður á réttum stað. Þau ummæli hans að bankarnir geti bara bjargað sér sjálfir láta ekki eins vel í munni seðlabankastjóra og pólitíkusar sem kunni á pöpulinn.



**SILFUR OG GLAMÚR** Prinsessulegir silfurlitir hælar með svartri slaufu frá Karen Millen, Kringlunni.



**KINKÍ** Sexí lakkskór með mörgum sylgjum frá TopShop, Kringlunni.

# Kinkí hælar

Sumarið boðar hækkandi sól og hækkandi hælaskó. Um þessar mundir eru hönnuðir farnir að gerast framúrstefnulegri með skóhönnun og mátti sjá áhrif frá geimöld, frá Asíu og jafnvel frá „fetish"-teikningum frá sjötta áratugnum eins og til dæmis hjá Alexander McQueen og Balenciaga. Hægt er að nálgast fjölda fallegra skópara í Reykjavík um þessar mundir og um að gera að skella sér í fagurt og sexí skótau nú þegar snjórinn er vonandi á förum. - amb



**GAMALDAGS** Fallegir hælaskór með opinni tá og þríhyrndum hæl frá Kron.



**REIMAR** Fallega grænir reimaðir skór með opinni tá frá Kron.

## HELGARKROSSGÁTAN







Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# SJORTARINN

# JAMES PATTERSON




Ástríðufullt ævintýri endar skelfilega
þegar Lauren verður vitni að
ofbeldisglæp sem leiðir til dauða.
Hún þarf að upplýsa málið án þess
að leyndarmál hennar komi í ljós.
Smám saman áttar hún sig á
að sannleikurinn er annar en hún
heldur og örlagaríkur sjortari
verður æ dýrkeyptari.

**„Þig langar ekki til að hætta lestrinum fyrr en þú veist hvernig allt fer.“**
NightsandWeekends.com

**„Hasar? Ójá. Spenna? Í bílförmum. Rómantík? Já. Erótík? Ekki bara á kápumyndinni.“**
Bookreporter.com

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## ÁST, LOSTI OG SVIK

## VINSÆLASTI SPENNUSAGNAHÖFUNDUR Í HEIMI










# STUÐ MILLI STRÍÐA Hagstæð kaup og kynningar

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER** MIÐALDRA KARLMAÐUR



Ég held ég sé að breytast í miðaldra karl. Ég hef oft hugsað hvað það geti verið þægilegt að vera karlmaður af þeirri kynslóð sem litlar áhyggjur hefur af matseld og þvottum. Vel kvæntur reykir hann pípu í rólegheitum og les blöðin fyrir kvöldmatinn.

Reyndar þarf ég ekki að hafa miklar áhyggjur af matseld né þvottum á mínu heimili. Ég er vel gift. Það sannaðist fyrir mér um daginn þegar þvottadrengurinn tilkynnti mér að hann væri að fara á Tupperwarekynningu.

Drengurinn frétti af kynningunni gegnum krókaleiðir en þær fara leynt og ekki hlaupið að því fyrir karlmann að frétta af slíku. Hann var því ekki seinn að skrá sig, hlakkaði til og bollalagði hvaða ílát hann ætti að kaupa. Hvort boðið yrði upp á heitan rétt á eftir eða ostatertu og hversu miklu væri eðlilegt að eyða á svona kvöldi. Svo skellti hann á sig vellyktandi og dreif sig spenntur á kynninguna. Hún lukkaðist svona ljómandi vel. Hann stal senunni og heillaði allar konurnar upp úr skónum svona hnyttinn og hress.

Daginn eftir sagði hann mér ánægður hvað hefði verið gaman og hvað hann hafði gert góð kaup. Hann útskýrði fyrir mér hvernig ostaboxið heldur hárréttu rakastigi á ostinum og hvernig lofttæma má hin ýmsu ílát með einu handtaki svo allt helst ferskt inni í ísskáp dögum saman. Ég kinkaði kolli hrifin og hlakkaði til að borða ferskan ost. Eftir að hafa komið kvöldmatnum í ofninn skellti drengurinn í þvottavél. Á meðan hann braut saman það sem kom úr þurrkaranum tilkynnti hann mér að hann væri að fara í dagsferð til London í fyrramálið vegna vinnunnar. Hann ætlaði rétt að vona að hann fengi tíma til að skjótast í búðir, það væri svo hagstætt að versla barnaföt í London. Ég andvarpaði ánægð og lagði frá mér pípuna og blaðið. Kvöldmaturinn var kominn á borðið.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BLÁU AUGUN ÞÍN

## PERLUR ÍSLENSKU SÖNGVASKÁLDANNA

### GUNNARS ÞÓRÐARSONAR, ÓLAFS GAUKS OG ÓLAFS HAUKS

ALDARFJÓRÐUNGSAFMÆLISTÓNLEIKAR FTT, FÉLAGS TÓNSKÁLDA OG TEXTA-HÖFUNDA, Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI, FIMMTUDAGINN 17. APRÍL KL. 20.

Miðasala hefst í Íslensku óperunni og á midi.is kl. 10, laugardaginn 12. apríl. Miðaverð aðeins 2.900 kr.

Perlur íslensku söngvaskáldanna í flutningi eftirfarandi listamanna:

LAY LOW • HÖGNI EGILSSON • SVAVAR KNÚTUR • ÞORSTEINN EINARSSON • EYÞÓR GUNNARSSON • ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR • STEFÁN HILMARSSON • SIGRÍÐUR, ELÍSABET OG ELÍN ELLEN EYÞÓRSDÆTUR • KK • EYÞÓR INGI EYÞÓRSSON

GUNNAR ÞÓRÐARSON, ÓLAFUR GAUKUR ÞÓRHALLSSON OG ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON verða gerðir að heiðursfélögum FTT við lok tónleikanna.



HUGVERKASJÓÐUR ÍSLANDS — FÉLAG TÓNSKÁLDA OG TEXTAHÖFUNDA — TÓNSKÁLDASJÓÐUR 365




**839** kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Goða lambalæri - frosið




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.
Haribo hlaup




**99** kr/pk. áður 197 kr/pk.
Nettó samlokubrauð




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.
Nátturu vöfflumix




**99** kr/stk. áður 329 kr/stk.
Reach tannþráður

**99** kr/stk. áður 239 kr/stk.
Colgate total

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 10. apríl til 13. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

H.N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir




**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar




**1.499** kr/kg. áður 2.704 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur - ferskar




**999** kr/kg. áður 1.669 kr/kg.
Goða grísahnakkasneiðar bahamas




**1.099** kr/kg. áður 1.834 kr/kg.
Goða grísagúllas




**99** kr/pk. áður 199 kr/pk.
Tomma & Jenna blautklútar




**199** kr/stk. áður 398 kr/stk.
Wash & go 500 ml - 2 in 1

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

**Kl. 16**

*Kvikmyndasafn Íslands sýnir í dag kl. 16 sovésku kvikmyndina Hamlet frá árinu 1964 í leikstjórn Grigori Kozintsev. Kvikmyndin byggir á samnefndu leikriti eftir William Shakespeare sem oft hefur verið kvikmyndað. Þessi mynd Kozintsevs þykir þó oft, að öðrum Hamletmyndum ólöstuðum, fremst meðal jafningja. Sýningin fer fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði og er miðaverð 500 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Tónlist fyrir vestan*

Tónlistarfélag Ísafjarðar og Tónlistarskóli Ísafjarðar standa fyrir einstaklega skemmtilegum tónleikum í Hömrum í dag klukkan 15. Í tilefni af sextíu ára afmæli félagsins og skólans á þessu ári verður að þessu sinni boðið upp á fjölskyldutónleika þar sem flutt verða þekkt tónverk í máli og myndum auk tóna.

Á efnisskránni eru tvö verk. Það fyrra nefnist Myndir á sýningu og er eftir rússneska tónskáldið Modest Mussorgskí. Tónverkið samanstendur af köflum sem túlka tíu málverk eftir listmálarann Victor Hartmann. Seinna verkið sem flutt verður á tónleikunum er hið sívinsæla Pétur og úlfurinn eftir Sergei Prokofiev, samdi bæði texta og tónlist þessa fallega tónverks á aðeins einni viku árið 1936 í þeim tilgangi að kenna börnum að skilja og njóta tónlistar. Í Pétri og úlfinum er sögð saga af litlum dreng, afa hans, öndinni, úlfinum og fleirum og er sagan sögð með hljóðfærum auk sögumanns. Verkið hefur notið mikilla vinsælda æ síðan og hefur verið á verkefnaskrám hljómsveita um allan heim. Þess má til gamans geta að nýlega fékk teiknimynd gerð eftir Pétri og úlfinum Óskarsverðlaun í flokki stuttra teiknimynda.

Sögumaður á tónleikunum er leikarinn Sigurþór Albert Heimisson, en aðrir flytjendur eru hljóðfæraleikararnir Pamela De Sensi þverflautuleikari, Eydís Lára Franzdóttir óbóleikari, Rúnar Óskarsson klarínettuleikari, Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari og Emil Friðfinnsson hornleikari. Til að dýpka upplifun tónleikagesta verður myndum sem tengjast tónverkunum varpað á tjald meðan á flutningi stendur.

Tónleikarnir standa yfir í um klukkutíma og er aðgangseyrir 1.500 kr. en 800 kr. fyrir börn yngri en 16 ára. - vþ



**GLEÐJA VESTFIRSK EYRU** Hljóðfæraleikararnir sem koma fram á Ísafirði í dag.

# Flóin flutt suður í haust

**Franski farsinn Fló á skinni hefur gengið fyrir fullu húsi hjá Leikfélagi Akureyrar og stefnir í að sýningar verði sjötíu í lok apríl. Þá flyst Flóin með manni og mús suður yfir heiðar og kemur upp í Borgarleikhúsinu í haust.**

Leikfélag Reykjavíkur yfirtekur Flóna og hefur sýningar 5. september. Fjöldi áskorana barst LA um að flytja sýninguna suður og var þess gætt við hönnun leikmyndar, og þegar Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LA, tók við leikhússtjórastarfi hjá Leikfélagi Reykjavíkur lá beint við að kýla á flutninginn. Þetta verður þriðja sviðsetningin sem ráðist er í á hinum sígilda farsa Feydeau en hann var fyrst settur upp í Iðnó í tíð Vigdísar Finnbogadóttur og naut þá gífurlegra vinsælda. Sáu yfir fimmtíu þúsund áhorfendur þá sviðsetningu á fjórum leikárum. Aftur kom Flóin á svið á öðru ári Leikfélagsins í Borgarleikhúsinu og sáu hana þá yfir þrjátíu þúsund leikhúsgestir.

Leiksýningin Fló á skinni var frumsýnd 8. febrúar síðastliðinn hjá LA. Áhorfendur og gagnrýnendur hafa keppst um að lofa sýninguna og hefur hún notið gríðarlegra vinsælda, verið sýnd sex sinnum í viku og troðfullt hefur verið á allar sýningar. Í lok apríl verða um sjötíu sýningar afstaðnar og Flóin orðin aðsóknarmesta sýning á Akureyri frá upphafi.

Í samningi sem gerður hefur verið milli LA og LR yfirtekur Borgarleikhúsið sýninguna með öllu og stendur fyrir sýningarhaldi í Reykjavík. Með samningnum er tryggt að leikhúsgestum í Reykjavík standi þessi vinsæla sýning til boða og hann tryggir LA umtalsverðar tekjur á næsta leikári. Vonast leikhúsin bæði til að þessi samningur sé upphafið af nánu og góðu samstarfi LA og LR á næstu árum. Vinsælasta sýning LA frá upphafi að meðtöldum sýningum í Reykjavík er Fullkomið brúðkaup (2005-2006) en spennandi verður að sjá hvort Fló á skinni slái aðsóknarmet með sýningum í Reykjavík. Miðasala hefst í Borgarleikhúsinu í lok ágúst en hægt er að skrá sig á póstlista á www.borgarleikhus.is til að fá áminningu þegar sala hefst.



**LEIKLIST** Misskilningur á misskilning ofan. Ein uppákoman í hinni vinsælu sviðsetningu LA.

Er það rétt að í annálaðri fegurð Eyjafjarðar sé sveitasetrið Sveinbjarnargreiði griðastaður elskenda á laun? Hefur Saga Ringsted ástæðu til að gruna eiginmanninn um græsku eða hefur hún sjálf eitthvað að fela? Hver var konan sem bað forstjórann um blint stefnumót? Hélt Elli við konu Jóhannesar eða hélt hann bara upp á hana? Er Helmut Edelstein manískur kvennamaður eða bara þýskur ferðamaður?

Gísli Rúnar á heiðurinn af nýrri leikgerð á verki G. Feydeau en María Sigurðardóttir leikstýrði glæsilegum hópi leikara. Sprengjuhöllin samdi tónlistina, Björn Bergsteinn lýsti og Snorri Freyr Hilmarsson hannaði leikmynd og búninga.

pbb@frettabladid.is

# Draugur snýr aftur

Á miðvikudag var greint frá því á leikhúsvefnum enska að breski háðfuglinn Ben Elton væri ráðinn til að skrifa söguþráð fyrir Óperudrauginn – seinni hluta – sem Andrew Lloyd Webber er nú með í undirbúningi. Þeir unnu saman við söngleikinn The Beautiful Game. Þá hafði Elton getið sér gott orð fyrir svokallaðan söguþráð í söngsýningarnar We Will Rock You og Tonight's The Night.

Elton hefur þegar sett saman söguþráðinn en Glen Slater sem samdi texta fyrir Litlu hafmeyjuna mun ráðinn í ljóðasmíðina. Jack O'Brien, leikstjóri Hairspray, mun setja seinni draugaganginn á svið.

Andrew Lloyd Webber samdi Óperudrauginn í kappi við bandaríska tónskáldið Maury Yeston og hafði sigur af hólmi. Hann setti verkið upp í London til að byrja með og leikstýrði hinn virti Harold Prince sýningunni á Haymarket. Þar söng Garðar Cortes um sinn. Um tíma sóttust íslenskir leikhúsmenn eftir að fá verkið til sýningar í Þjóðleikhúsinu en ekki varð úr því.

The Phantom of the Opera er vinsælasti söngleikur sögunnar: tekjur af honum um heiminn allan hafa náð 3,2 milljörðum Bandaríkjadala. Minna má á að vinsælasta kvikmynd allra tíma, Titanic, aflaði framleiðendum sínum tekna um heim allan sem nam 1.2 milljörðum Bandaríkjadala. Óperudraugurinn hefur gengið lengst allra verka á Broadway, skaust fram úr Cats í janúar 2006 og hefur nú verið leikinn þar í meira en tvo áratugi. Frumsýning var þann 26. janúar 1988. Sýningar eru nú orðnar nærri 8.400. Kvikmynd eftir verkinu náði aftur litlum vinsældum.

Ekki er ljóst hvar Óperudraugurinn 2 verður frumsýndur en þetta er í fyrsta sinn í sögu söngleikja sem sem framhaldsverk er unnið. Það þekkist aftur í systur söngleiksins, óperunni, en þekktasta framhaldssagan í þeim geira er Niflungahringurinn. - pbb



**LEIKLIST** Andrew Lloyd Webber, höfundur söngleikja, snýr sér aftur að Óperudraugnum.


KVÆÐASAFN
ÞÓRARINS
ELDJÁRNS




SKÁLDSKAPAR-
FJÁRSJÓÐUR
Í VEGLEGRI BÓK

Allar útgefnar ljóðabækur Þórarins og úrval úr fimm barnaljóðabókum.

... hárbeittar ádeilur ... græskulaust gaman ... sorg og tregi ... heimspekilegar vangaveltur ... náttúrustemningar ... orðaleikir ... íhuganir um lífið, söguna, landið og tungumálið ...

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




**KYNSLÓÐIR MÆTAST** Þessa mynd má sjá á sýningunni Hið breiða holt.

# Leiðsögn um ljósmyndir

Þeir sem hafa áhuga á að skyggnast betur inn í þann heim sem birtist í ljósmyndasýningunni Hið breiða holt, sem nú stendur yfir í menningarmiðstöðinni Gerðubergi, ættu að taka morgundaginn frá þar sem sýningarstjórinn Berglind Jóna Hlynsdóttir býður upp á leiðsögn á morgun kl. 15. Að auki taka þau Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari og Sigrún Sigurðardóttir, menningarfræðingur og kennari við LHÍ, virkan þátt í spjalli um sýninguna og flytja sitt erindið hvort.

Á sýningunni gefur að líta myndir sem unnar eru í samstarfi myndlistarmanns, unglinga og eldri borgara í Breiðholti. Unglingur myndaði ömmu sína eða afa og öfugt, en sýningarstjórinn var síðan hið utanaðkomandi auga sem myndaði þau saman.

Titill sýningarinnar vísar til þess breiða bils eða holts sem oft er á milli kynslóðanna. Hið breiða holt vísar einnig til þess að fólk hefur breitt bak og rúm fyrir alla. - vþ


ÚTSÖLU
MARKAÐUR
SKÍFUNNAR
SKEIFUNNI 17
Fullt af frábærum titlum á enn betra verði
LOKA-HELGIN
OPIÐ ALLA HELGINA 11-18
999kr
Ótrúlegt úrval Leikja Frá
499kr
CD og DVD Frá
2999kr
XBOX leikir
2999kr
1999kr
S·K·Í·F·A·N

# Ný verk Ólafs

Hið flunkunýja sýningarrými Reykjavík Art Gallery, sem starfrækt er á Skúlagötu 28, þar sem áður var til húsa kexverksmiðjan Frón, slær ekkert af í sýningargleði heldur býður Reykvíkingum upp á, frá og með deginum í dag, sýningu á verkum Ólafs Lárussonar myndlistarmanns.

Á sýningunni má sjá myndir sem unnar eru með blandaðri tækni á pappír á árunum 2006 og 2007. Ólafur Lárusson nam myndlist við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík og við Atelier 63, Haarlem í Hollandi á áttunda áratug síðustu aldar. Hann hefur haldið tugi einkasýninga og tekið þátt í fjölda samsýninga og eru verk hans í eigu fjölmargra safna og opinberra stofnana. - vþ



**ÓLAFUR LÁRUSSON** Sýnir myndlist sína í Reykjavík Art Gallery frá og með morgundeginum.


KRINGLU KRÁIN
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Í samstarfi við Vesturport
ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ
10 - 11 - 17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga
ALLAR SÍÐUSTU SÝNINGAR
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

HVER$ VIRÐI €R ÉG?
NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!
Fyrst var það Hellisbúinn, síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?**
Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga.
Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

SÝNINGAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þri | 15/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Mið | 16/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Fös | 18/4 | Frumsýning - uppselt | kl. 21 |
| Lau | 19/4 | Uppselt | kl. 19 |
| Lau | 19/4 | | kl. 21 |
| Fös | 2/5 | | kl. 19 |
| Fös | 2/5 | | kl. 21 |
| Lau | 3/5 | | kl. 20 |
| Lau | 3/5 | | kl. 22 |
| Fös | 16/5 | | kl. 19 |
| Fös | 16/5 | | kl. 21 |
| Lau | 17/5 | | kl. 19 |
| Lau | 17/5 | | kl. 21 |

Sýnt í Salnum Kópavogi
Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr. 50% afsláttur er fyrir viðskiptavini Byrs (hámark 5 miðar) ef keypt er í miðasölunni í Salnum. **ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.**
DYNAMO REYKJAVÍK
TP THORSSON PRODUCTIONS
BYR SPARISJÓÐUR

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

**Hið breiða holt - Ljósmyndasýning**
Sunnudaginn 13. apríl kl. 15 munu Berglind Jóna Hlynsdóttir sýn.stjóri, Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari og Sigrún Sigurðardóttir, menningarfræðingur bjóða upp á leiðsögn og óformlegt spjall um sýninguna. Ókeypis aðgangur!

**Stefnumót við safnara III**
Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og hljóðfærasafnara!
Sýningarstjórn: Anik Todd og Una Stígsdóttir
Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa. s. 575 7700

**Sjö landa sýn - María Loftsdóttir**
Vatnslitastemmningar frá ferðalögum listakonunnar um Argentínu, Bólivíu, Brasilíu, Ísland, Japan, Perú og Skotland.

**Vissir þú...**
...að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur?
Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.
Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is, s. 575 7700.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is


## NÝJAR BÆKUR



Vaka-Helgafell endurútgefur nú ljóðasafn Steins Steinarr sem hefur verið ófáanlegt um skeið en birtist hér í nýjum búningi. Ljóðasafnið hefur að geyma öll þau ljóð sem Steinn bjó sjálfur til útgáfu auk ýmissa ljóða sem ekki komu út á bók fyrr en ríflega þremur áratugum eftir lát hans. Fremst í bókinni er jafnframt ritgerð Kristjáns Karlssonar um skáldskap Steins. Þegar Steinn lést á fimmtugasta aldursári vorið 1958 hafði hann öðlast sess sem eitt virtasta ljóðskáld Íslendinga á 20. öld. Í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu Steins og 50 ár frá dánardægri hans og má með sanni segja að ljóð hans hafi fundið hljómgrunn hjá hverri nýrri kynslóð í landinu og eigi alltaf erindi.



Vaka-Helgafell sendir nú frá sér kvæðasafn Þórarins Eldjárn sem hefur að geyma mikinn skáldskaparfjársjóð: allar útgefnar ljóðabækur hans, átta talsins, og úrval úr fimm barnaljóðabókum, hátt á fjórða hundrað kvæða alls. Hér má finna afar fjölbreytilegan ljóðaforða: hárbeittar ádeilur, græskulaust gaman, sorg og trega, heimspekilegar vangaveltur, náttúrustemningar, orðaleiki, íhuganir um lífið, söguna, landið og tungumálið. Mörg ljóðanna eru bundin í rím og stuðla en önnur lausbeislaðri í formi enda er skáldið jafnvígt á ýmis ólík stílbrögð orðlistarinnar. Þórarinn Eldjárn er fæddur 1949. Fyrsta ljóðabók hans kom út 1974 og vakti strax mikla athygli: hér var komið fram ungt skáld sem orti háttbundin ljóð og gekk þar mjög gegn tímans straumi. Með þessari þjóðlegu nálgun, ásamt beittu skopskyni og einstæðri leikni með íslenskt mál, ávann Þórarinn sér þegar í stað hylli landsmanna. Seinna kom á daginn að hann hefur ekki síður vald á óbundnum ljóðstíl. Ljóðabækur hans og ljóðskreytingar eru orðnar um tuttugu talsins. Að auki hefur hann sent frá sér smásagnasöfn, skáldsögur, leikverk og aðra texta af ýmsu tagi, ásamt margvíslegu þýddu efni.



Komin er út hjá Veröld ljóðabókin Agnarsmá brot úr eilífð eftir Ólaf Ragnarsson, bókaútgefanda og fréttamann. Ljóðin orti Ólafur síðustu tvö ár ævi sinnar eftir að hann greindist með MND-sjúkdóminn, hreyfitaugahrörnun, og missti málið af völdum hans. Þótt hann væri nánast alveg orðinn lamaður frá tungurótum og niður í tær er ljóst af ljóðunum að baráttuviljinn var óbilandi, hugurinn frjáls og flögraði víða. Ólafur Ragnarsson lést hinn 27. mars síðastliðinn en bókin kom úr prentverkinu nokkrum dögum áður. Agnarsmá brot úr eilífð er 61 blaðsíða að lengd. Ragnar Helgi Ólafsson hannaði útlit bókarinnar að utan jafnt sem innan en hún er prentuð í Odda.


Salurinn

**FIMMTUDAGUR 10. APRÍL KL. 20**
TIL FLUGS – SÖNGTÓNLEIKAR.
HÖRN HRAFNSDÓTTIR OG ANTONÍA HEVESI.
LÖG GUNNAR REYNIR OG LJÓÐ HRAFN HARÐARSON.

**FÖSTUDAGUR 11. APRÍL KL. 16**
FIÐLUTÓNLEIKAR – LHÍ.
GUÐNÝ ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR.
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir

**LAUGARDAGUR 12. APRÍL KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
IVAN KLÁNSKÝ.
TUNGLSKINSSÓNATAN,
NÆTURLJÓÐ CHOPINS O.FL.
SLAGHÖRPUSNILLD!

**SUNNUDAGUR 13. APRÍL KL. 16**
KLARÍNETTUTÓNLEIKAR - LHÍ
KRISTJÁN RÚNARSSON
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS




**MAXÍMÚS MÚSÍKÚS** Tónelsk mús sem lendir í hljómsveitarævintýri.

# Maxímús snýr aftur

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Valur Freyr Einarsson leikari fluttu í lok mars ævintýrið um músina tónelsku Maxímús Músíkús. Það er skemmst frá að segja að tónleikarnir slógu í gegn hjá áhorfendum jafnt sem gagnrýnendum og komust færri að en vildu. En þeir fjölmörgu sem misstu af þessum viðburði geta nú tekið gleði sína á ný, því laugardaginn 17. maí verða tónleikarnir endurteknir.

Tónleikarnir byggja á nýútkominni bók eftir tvo liðsmenn hljómsveitarinnar, þau Hallfríði Ólafsdóttur flautuleikara sem skrifaði söguna og Þórarin Má Baldursson víóluleikara sem teiknar myndirnar. Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina heitir bókin og trónir efst á metsölulistum bókabúðanna þessa dagana.

Í bókinni segir frá ævintýrum lítillar músar, Maxímúsar Músíkúsar, sem dettur heldur betur í lukkupottinn þegar hann rambar inn í tónlistarhús þar sem sinfóníuhljómsveit æfir sig fyrir tónleika. Maxímús þekkir tónlist mannfólksins úr frægðarsögum langafa síns en nú fær hann loksins að kynnast henni af eigin raun.

Í þessari fjörugu sögu er lesandinn leiddur inn í töfraheima tónlistarinnar í orði og tónum. Hljóðfærin eru kynnt eitt af öðru eftir því sem ævintýrum Maxímúsar vindur fram og lesendur læra að þekkja hljóðin sem þau gefa frá sér.

Á tónleikunum mun Valur Freyr flytja söguna og hljómsveitin búa til viðeigandi leikhljóð og leika síðan þau tónverk sem koma við sögu í bókinni, þeirra á meðal Bolero eftir Ravel, fyrsta þáttinn í fimmtu sinfóníu Beethovens og Á Sprengisandi í frábærri útsetningu Páls P. Pálssonar. Myndirnar úr bókinni leika og stórt hlutverk. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson.

Trúðurinn Barbara lítur líka við og telja má víst að Maxímús sjálfur muni kíkja í heimsókn.

Tónleikarnir verða laugardaginn 17. maí og hefjast kl. 14. Miðaverð er 1.400 kr.

# Ellefta einkasýning Jóhannesar

Myndlistarmaðurinn Jóhannes Dagsson opnar sýninguna Stöðumyndir í DaLí Gallery, Brekkugötu 9 á Akureyri, í dag kl. 17. Jóhannes leitar ekki langt yfir skammt eftir innblæstri heldur sækir hann efnivið í verk sín í tvö af fyrirferðarmeiri menningarfyrirbærum liðinnar aldar, modernisma og fótbolta. Stöðumyndir er ellefta einkasýning Jóhannesar og á hann einnig að baki þátttöku í fjölmörgum samsýningum.

Jóhannes lauk myndlistarnámi frá Myndlistaskólanum á Akureyri 1997 og námi í heimspeki og bókmenntum frá Háskóla Íslands 2000. Síðan lá leið hans til Skotlands til listnáms í Edinburgh College of Art sem hann lauk árið 2002, en í dag stundar hann meistaranám í heimspeki við Háskóla Íslands.

Sýningin Stöðumyndir stendur til 27. apríl. Sýningin er opin föstudaga og laugardaga kl. 14-17 og eftir samkomulagi. Allir eru velkomnir. - vþ



**MÓDERNISMI OG FÓTBOLTI** Verk eftir Jóhannes Dagsson.

# Heitir Pottar og Útihúsgögn

## -Núna er rétti tíminn-



**Hver þekkir ekki Stanislas Bohic!!!**

Komdu og hittu einn færasta landslagsarkitekt landsins. Stanislas verður með okkur alla helgina og veitir góðar og faglegar ráðleggingar um skipulagningu á garðinum þínum. Drífðu þig af stað og fáðu faglegar ráðleggingar með garðinn þinn.

**www.stan.is**

**Þegar þú getur valið og keypt það besta**



Til athugunar áður en þú fjárfestir í heitum potti.

*Hvað þolir lokið mörg kíló í burð?......**Arctic Spas lokið þolir 1000 kg, mikið öryggisatriði.**

*Er potturinn með trégólfi,plastgólfi eða Trefjaglersbotni?......**Arctic Spas er með Trefjaglersbotn, 100% músheldur.**

*Er skelin úr Plasti eða Trefjagleri?......**Skelin frá Arctic Spas er úr Trefjagleri, 100 ára ábyrgð**

*Hvernig er aðgangurinn að leiðslum í pottinum?......**Hjá Arctic Spas er hægt að opna allar hliðar, að sjálfsögðu.**



Bryggjuborð

Geggjuð dönsk útihúsgögn!

Dönsk hönnun, dönsk gæði.

**www.Thors-Design.dk**



Billiarborð & pókerborð



Panasonic Nuddstólar

CANADA'S 50 BEST MANAGED COMPANIES

BEST OF CLASS poolandspa.com®

**Arctic Spas** er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á heitum pottum í heiminum í dag. 25 ára gamalt fyrirtæki í Kanada. Eitt af 50 best reknu fyrirtækjum í Kanada. Það segir meira en mörg orð.

Arctic Spas®

**Opið**

Laugardag 9.00-18.00

Sunnudag 12.00-18.00

**Arctic Spas Faxafeni 9 Sími 554 7755**

**www.heitirpottar.is ath. Aðkoma í kjallara, bakhús.**

## > CARLA SELD FYRIR MILLJÓNIR



Fyrrum ofurfyrirsætan og núverandi forsetafrú Frakklands, Carla Bruni-Sarkozy, vakti mikla athygli í opinberri heimsókn til Bretlands fyrir skömmu. Athygli vakti einnig nektarmynd af Cörlu sem var tekin árið 1993 af ljósmyndaranum Michael Comte og var einmitt sett á uppboð hjá Christie's meðan á heimsókninni stóð. Bruni var sögðu æfareið yfir tímasetningunni en ljósmyndin, sem var metin á þrjú þúsund bresk pund, var seld fyrir himinháa upphæð – 45 þúsund pund. Kaupandinn er kínverskur listaverkasafnari.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



Loksins tölvuhulstur til að tolla í tískunni eftir Henrik Vibskov. Frá Kron-Kron, Laugavegi.

Klikkaða hælaskó frá Soniu Rykiel. Fást í Kron-Kron, Laugavegi.



Gamaldags og sexí sundbol nú þegar sól fer að hækka. Frá Fifi Chachnil, fæst í Þremur hæðum, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Tattúveraðar tennur og leghálslyftingar*

Ég er sem betur fer ekki farin að kvarta undan mörgum hrukkum enn þá en bíð hins vegar spennt eftir töfrakremi sem myndi afmá öll þreytumerki af andlitinu eða jafnvel bæta klukkustund við sólarhringinn. Þegar fréttir birtast hérlendis um að fjöldi manns bíði á biðlista eftir botox-meðferð fer maður ósjálfrátt að hugsa um hvort slíkt verði orðið eðlilegt eftir nokkur ár og að allir yfir þrjátíu ára aldurinn fái sér slíkt sprautufix á tveggja vikna fresti. Fyrir örfáum árum brá manni þegar maður sá fólk með bláhvítar tennur en nú er farið að selja hvíttunarkitt í næsta apóteki. Allt þetta er að verða partur af okkar hversdagslegu tilveru. Og svo eru alltaf nýjar meðferðir að dúkka upp úti í löndum. Bara í síðustu viku las ég í bresku dagblaði um ... haldið niðri í ykkur andanum ... leghálslyftingu. Það er sumsé ekki nóg með að konur séu farnar að strekkja og lyfta alla sýnilega parta heldur þá ósýnilegu líka. Það er meira að segja hægt að ganga inn á spa í London og fara í leghálslyftingu sem krefst ekki skurðaðgerðar. Hvernig það er framkvæmt fær mig til að kikna í hnjánum (af ógeði, ekki neinu öðru). Fyrir þá nýjungagjörnu eru líka komin tattú sem sett eru á tennur. Slíkt er sumsé mynd sem er sett á postulínskrónur sem eru svo festar á tennurnar. Sem betur fer er hægt að láta skrapa þetta af ef það eina sem maður fær upp úr þessu er fólk að benda manni á að maður sé með eitthvað fast á milli tannanna. En í alvöru talað, þá hefur fólk sést í Lundúnum með mynd af allt frá erni og drottningunni upp í Mikka mús á tönnunum. Persónulega hef ég litla trú á því að ég muni einhvern tíma hafa áhuga á, efni á eða tíma til hluta eins og botoxsprautunnar þar sem ég er svo slæm í þessum málum að læt ekki einu sinni lita á mér augnhárin, hvað þá að hafa tíma í einn Pilates-tíma. Ég lít lotningarfullum augum á þær gyðjur sem fara reglulega í nudd eða handsnyrtingu. En ég get ekki ímyndað mér hvernig sumir fara hreinlega að því að hafa tíma í allar þessar útlitspælingar, sérstaklega brúnkugengið sem þarf væntanlega að smyrja kroppinn á hverju kvöldi með tilheyrandi vökvum eða klútum. Ég er fullviss um að allt ofangreint verði hreinlega ávanabindandi og hver hefur tíma til þess?






NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**KARRÍGULT** Fallegur stuttur kjóll með slaufu frá Proenza Schouler.



**GLÆSILEGUR** Fagur dimmrauður silkikjóll frá Tommy Hilfiger.



**DÖMULEGT** Kvenleg dragt úr djúprauðu silki hjá Proenza Schouler.



**PLÓMULITT** Gyðjulegur kvöldkjóll í dökkfjólubláum tón frá Badgley Mischka.

## HÖNNUÐIR SÝNDU RÍKULEGA OG DJÚPA LITI FYRIR NÆSTA VETUR Í NEW YORK

# Glóandi gimsteinalitir

Bandarískir hönnuðir eins og Proenza Schouler, Donna Karan og Tommy Hilfiger sóttu innblástur í skartgripaskrínin þegar þeir sýndu haust- og vetrarlínu 2008. Litapallettan var ómótstæðileg - djúpir tónar af fjólubláu, grænu, karrígulu og dimmrauðu og efnin voru gjarnan skínandi satín eða silki. Sannarlega kærkomin tilbreyting frá svörtu.

amb@frettabladid.is



**FJÓLUBLÁTT** Glæsileg satínkápa frá Donnu Karan fyrir haust og vetur 2008.



**STELPULEGUR** Fjólublár og fallegur kjóll við karrígular sokkabuxur frá Proenza Schouler.



**GLAMÚR** Ríkmannlegur gulur kjóll ásamt dularfullu höfuðskrauti hjá Donnu Karan.



**SMARAGÐSGRÆNT** Gullfallegur kvöldkjóll með silfruðu skrauti frá Badgley Mischka.


Við erum
5 ára!
og þér er boðið
• Allir 5 ára krakkar fá veglega afmælisgjöf frá okkur
• Heppnir viðskiptavinir fá glaðning
• Andlitsmálun
• Teiknisamkeppni
Komdu í skemmtilega afmælisveislu :)
Afmælishátíðin stendur frá fimmtudegi til sunnudags.
next
Kringlunni · 551 3200





**lifa-design.com**

**lifa-design á Íslandi**

BYKO Breidd
200 Kópavogur
Sími: 515 4200


Nýtt á Íslandi
LIFA innréttingar fást í BYKO Breidd
NÝR OG GLÆSILEGUR
SÝNINGARSALUR Í BYKO BREIDD
lifa
design

> MUCCA Í HAM

Heather Mills heldur áfram að skjóta föstum skotum á fv. bónda sinn, Sir Paul McCartney. Í viðtali í morgunþættinum Breakfast TV sagði hún: „Ég held hann eigi þrjár kærustur núna og ég óska þeim alls hins besta. Frekar þær en ég.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# 50 Cent ber út eiginkonuna

Glæparapparinn 50 Cent segir fyrrverandi eiginkonu sína ekki vera þann engil sem kvikmyndin Get Rich or Die Tryin' sýni og ver þá ákvörðun að láta bera hana út af heimili sínu á Long Island í New York. 50 Cent á húseignina en Shaniqua Tompkins og tíu ára sonur þeirra Marquise hafa fengið að búa þar síðan parið skildi fyrir fimm árum. 50 Cent hefur nú fengið dómara í New York til að úrskurða að mæðginin eigi að vera farin um leið og skólinn klárast hjá stráknum á þessu ári.

Þessi ákvörðun hiphop-stjörnunnar hefur mælst fremur illa fyrir hjá aðdáendum hans og þeir skilja lítið í honum að vera svona vondur við konuna sem hjúkraði honum eftir skotárás árið 2000. Cent segir hins vegar að kvikmyndin dragi upp heldur fagra mynd af Tompkins sem eigi við lítil rök að styðjast. „Eitt er kvikmynd og annað er raunveruleiki. Hún var nú ekkert mikið fyrir að standa við sjúkrabeðið. Þessi kona hefur ekki gert handtak síðan 2001 og það er ég sem hef haldið henni uppi en nú er komið nóg,“ sagði rapparinn við blaðamenn, skömmu eftir úrskurðinn.



**EKKERT BULL** 50 Cent er ekkert sérstaklega þolinmóður náungi og ætlar að láta bera út fyrrverandi eiginkonu sína.

# Paula Abdul á lausu



Paula Abdul er hætt með kærastanum sínum. Vinir Idol-dómarans halda því fram að hún sé hætt með veitingamanninum JT Torregiani eftir tæplega árs samband. „JT tók þetta samband ekki alvarlega og var alveg sama,“ sagði einn vinur hans. Getgátur hafa verið uppi um að sambandið héngi á bláþræði eftir að Paula mætti ekki á opnun nýs veitingastaðar hans á dögunum. Það kvöld sást til JT í innilegum samræðum við aðrar konur. Á meðan hefur Paula, sem er 45 ára, rætt í viðtölum um að hún vilji eignast börn og fara að taka því rólega.

**AFTUR Á LAUSU** Paula Abdul er hætt með kærastanum.







www.17juni.is




Skemmtiatriði á 17. júní

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Auk hefðbundinna skemmtiatriða er áhugi á hópatriðum og sýningum og er leitað að leik-, tónlistar-, dans- og öðrum listhópum til að troða upp á útisviðum og á götunni. Einnig er óskað eftir hópum, félagasamtökum og öðrum sem vilja standa fyrir eigin dagskrá á sviðum eða í samkomutjöldum í samráði við þjóðhátíðarnefnd.

Umsóknir um flutning atriða, uppákomur og viðburði er hægt að fylla út á vefnum www.17juni.is en einnig er hægt að skila þeim í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást.
**Umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn 6. maí.**

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is 17juni.is


# Sveiflukóngurinn með hljómsveit í hverri höfn

**Það er alltaf nóg að gera hjá sveiflukónginum Geirmundi Valtýssyni. Hann spilar á Kringlukránni um helgina.**

„Nú er ég með tvær hljómsveitir, eina fyrir norðan og eina fyrir sunnan, en ég fer á milli,“ segir sveiflukóngurinn síkáti Geirmundur Valtýsson. Það er í nógu að snúast hjá Geirmundi, sem kemur til Reykjavíkur að minnsta kosti einu sinni í mánuði og spilar fyrir borgarbúa. Ef hann er ekki að spila fyrir sunnan er hann fyrir norðan að skemmta Norðlendingum. Þá er betra að vera með hljómsveit í hverri höfn.

Geirmundur mun leggja land undir fót þessa helgina. „Við erum á Kringlukránni um helgina,“ segir Geirmundur. „Þetta gengur alltaf jafn vel. Það eru margir sem koma oft að sjá okkur. Hugsa að það sé svona um hundrað manna hópur sem mætir reglulega fyrir utan alla hina.“

Hvernig ætli það gangi svo að stilla saman strengi með sitthvorri hljómsveitinni á víxl? „Blessaður vertu, það er ekkert mál. Ég og bandið sem ég er með fyrir sunnan vorum með stórt og gott prógramm sem við endurbættum. Annars eru ekki mörg hitt-lög sem koma fram nú á tímum,“ segir Geirmundur og á nú eflaust sína sök þar á því sjálfur hefur hann róast mikið í lagasmíðum með árunum. „Það er nú bara lífsins leið að róa sig niður með árunum,“ segir hann. Geirmundur á þó nóg af slögurum eftir sjálfan sig og aðra í handraðanum frá fyrri tíð og þarf því ekki að óttast að verða uppiskroppa með lög til að spila.

soli@frettabladid.is



**GEIRMUNDUR** Er með hljómsveit fyrir norðan og sunnan en flakkar sjálfur á milli.






**NÍSKUR?** Stílistinn Stacy Young segir Foxx ekki borga reikningana sína.

# Jamie Foxx borgar ekki

Bandaríski stílistinn Stacy Young hefur kært bandaríska Óskarsverðlaunahafann Jamie Foxx fyrir að greiða ekki sína reikninga. Young heldur því fram að hún hafi séð um klæðaburð leikarans við frumsýningar og aðra mikilvæga atburði en ekki fengið greitt fyrir ómakið.

Í kærunni kemur fram að Young hafi valið jakkafötinn sem Foxx klæddist við BEt-verðlaunin og svo klæðnaðinn fyrir frumsýningu Miami Vice. Hún heldur því fram að Foxx skuldi henni hvorki meira né minna en hálfa milljón íslenskra króna. Hún fer einnig fram á að Foxx greiði sér skaðabætur fyrir þau verkefni sem hún missti af vegna þjónustunnar við Foxx.



**UPP Í KOK** Diaz er flutt til New York frá Los Angeles.

# Diaz fær nóg

Bandaríska leikkonan Cameron Diaz er búin að fá nóg af Los Angeles og hefur sest að í New York. Ástæðuna segir hún vera stöðuga ásókn papparassa í sig og sitt einkalíf. Diaz hefur keypt sér íbúð á Manhattan og hefur sést vera að skoða fasteignir í West Village. Í samtali við W-tímaritið segir Diaz að hún njóti þess í ystu æsar að geta gengið um götur New York án þess að nokkur kippi sér upp við það. „Ég get farið út, skellt mér á söfn og fengið mér að borða án þess að vera elt af ljósmyndurum," segir Diaz.

# Hljómsveitakeppni á netinu

**Útgáfufyrirtækið Cod Music hefur sett í gang hljómsveitakeppni á netinu. Að því er fram kemur í fréttatilkynningu kostar ekkert að taka þátt í keppninni og eina skilyrðið sem uppfylla þarf er að lögin séu frumsamin. Hver hljómsveit eða listamaður sendir inn 2-4 lög ásamt mynd, upplýsingum um tengilið og fleira. Allar nánari upplýsingar má finna á Cod.is og þar senda áhugasamir jafnframt inn lög sín. Keppnin stendur fram til 6. maí og úrslit verða kynnt föstudaginn 16. maí.**



**LAY LOW** Lovísa Elísabet er í Cod-fjölskyldunni.

# Minningarsjóður stofnaður um Vilhjálm

Tekin hefur verið ákvörðun um að stofna minningarsjóð um söngvarann Vilhjálm heitinn Vilhjálmsson, sem hefði orðið 63 ára í gær. Sjóðnum er ætlað að styrkja þá söngvara sem hafa skarað fram úr ár hvert. Þeir sem að baki sjóðnum standa eru Þóra Guðmundsdóttir, ekkja Vilhjálms, og fjölskylda, Jón Ólafsson athafnamaður, Magnús Kjartansson og Sena. Munu þessir aðilar veita fé í stofnun sjóðsins og hefur Þóra Guðmundsdóttir ánafnað sjóðnum höfunda- og flytjendalaun Vilhjálms. Þá hefur Sena gert samning við minningarsjóðinn um öll verk Vilhjálms um ókomin ár.



**LADDI** Kemur til með að syngja um Einshljóðfærissinfóníuhljómsveit á tónleikunum.

Stórtónleikar verða haldnir í Laugardalshöllinni föstudaginn 29. ágúst í tilefni stofnunar sjóðsins. Tónleikarnir, sem haldnir eru í samstarfi við Concert, skarta nokkrum af mestu söngvurum þessa lands. Þeirra á meðal eru Bubbi, Björgvin Halldórsson, Diddú, Egill Ólafsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Laddi og fleiri góðir gestir. Á tónleikunum verður farið yfir ævi Vilhjálms í máli, myndum og tónum og mikið lagt í umgjörð þeirra. Til að mynda er stefnt að því að notast við nýjustu tækni í hljóð- og myndvinnslu til þess að hægt sé að bjóða gestum upp á nokkuð sem ekki hefur sést hér á landi áður. Hluti af hverjum seldum miða rennur svo í minningarsjóðinn. - shs



**VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON** Stofnaður hefur verið minningarsjóður til heiðurs Vilhjálmi.


Blues tónleikar

á Classic Rock



**Blues bandið Blues Akademían**

**verður með blues tónleika á Classic Rock**

**Ármúla 5, 12. Apríl kl: 22.00**

**Hljómsveitina skipa þeir:**

| | |
|---|---|
| Pjétur Stefánsson | *söngur og gítar* |
| Páll Pálsson | *bassi* |
| Tryggvi Huebner | *gítar* |
| Jón Borgar Loftsson | *trommur* |
| Sigurður Sigursson | *munnharpa og söngur* |

Efnisskráin samanstendur annars vegar af sígildur bluesverkum gömlu meistarana og hinsvegar frumsömdu Rokki og Blues verkum.

***Frítt* verður inn á þessa tónleika**



# Skapar sameiningarmusteri

**Rufus Wainwright spilar á tónleikum í Háskólabíói á morgun. Steinþór Helgi Arnsteinsson sló á þráðinn til kappans og ræddi við hann um meðal annars baráttu hans við gellur með stór brjóst, samkynhneigð og vandamál óperunnar.**



**SPILAR HÉRLENDIS** Rufus Wainwright ætlar að fara í gegnum allan sinn feril á tónleikum hér á landi annað kvöld en hann á að baki einkar forvitnilegan og farsælan feril.

Rufus er tónlistarmaður með magnaðan feril að baki. Fyrsta platan hans kom út árið 1998 og vakti strax mikla athygli vestanhafs. Síðan þá hafa komið út fjórar breiðskífur, meðal annars Want-þemaplöturnar og Release the Stars, mikið stórvirki og jafnframt hans nýjasta plata.

Í fyrstu einskorðuðust vinsældir Rufusar við Bandaríkin en fljótlega tóku Bretar við sér og í dag selur Rufus töluvert fleiri plötur í Bretlandi en Bandaríkjunum. „Ég held að það séu fleiri möguleikar í Bretlandi fyrir fjölbreytileika í tónlist. Í viðtalsþáttum í sjónvarpi á Englandi er tekið viðtal við mann og maður fær að spila tónlist. Í Bandaríkjunum fær maður hins vegar bara að taka lagið. Þar er frekar talað við gellur með stór brjóst,“ útskýrir Rufus.

### Mannréttindabarátta í gangi

Rufus gerir sér þó grein fyrir því að pressan sé mjög meðvituð um kynhneigð hans og hafi þess vegna áhuga á félagslegum þáttum í lífi hans. Sjálfur segist hann tilheyra sérstakri New York-senu, ásamt Scissor Sisters, Antony and the Johnsons og fleirum sem hafi sérstakan áhuga á kynferði. „Réttindabarátta samkynhneigðra er enn í fullum gangi í Bandaríkjunum. Alls kyns öfl hafa verið að berjast gegn okkur og við njótum ekki sömu grundvallarréttinda og aðrir. Ef út í það er farið er þetta spurning um mannréttindi. Fólk er drepið úti í hinum stóra heimi fyrir að vera samkynhneigt.“

### Vill vera áhugaverður

Rufus tekur samt skýrt fram að tónlistin skipti hann mestu máli en ekki að skaffa sér athygli út frá einkalífinu. „Ég var samt einn af þeim fyrstu, ef ekki fyrsti samkynhneigði tónlistarmaðurinn, til að hefja sinn feril án þess að vera enn inni í skápnum og vera alveg sáttur með það. Slíkt þekktist ekki í meginstraumnum.“

Af öllu ofangreindu að dæma má auðveldlega álykta að Rufusi finnist gaman að vera umdeildur. „[Hlátur] Mér líkar að vera áhugaverður.“

### Semur óperu

Rufus segist heillaður af alls kyns þemum sem endurspeglast skýrt í hans tónlist. Næsta verkefni hans verður heldur ekkert smá þemaverkefni því hann hyggst semja óperu. „Ég er að koma mér í gírinn til að endurvekja mjög staðnað listform,“ segir Rufus og hlær dátt. „Óperuna vantar nauðsynlega nýtt blóð. Ég var til dæmis í óperunni um daginn, leit niður af svölunum og sá eingöngu gráa kolla. Ekki að mér sé illa við gamalt fólk en arfleifðin þarf að flytjast til yngri kynslóða.“

Óperulögin verða þó ekki með Rufusi í farteskinu hingað til lands. „Á Íslandi fæ ég tækifæri til að renna í gegnum allan ferilinn minn og ég mun reyna að skapa einhvers konar sameiningarmusteri,“ segir Rufus að lokum og hlær dátt.





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 1 - 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| 21 LÚXUS | kl. 1 - 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| DEFINATELY MAYBE | kl. 5.30 - 8 | |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SHUTTER | kl. 10.30 | 16 |
| SPIDERWICK CRONICLES | kl. 1 - 3.15 | 7 |
| HORTON (AUKAKRÓNUR 5%) | kl. 1 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 3.20 - 6 - 9 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE OTHER BOYLEN GIRL | kl. 5.30 | 10 |
| THE KITE RUNNER | kl. 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| HORTON (AUKAKRÓNUR 5%) | kl. 3.30 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AIR I BREATHE | kl. 3 - 6 | | 16 |
| CARAMEL | kl. 3 | ENSKUR TEXTI | |
| LIVING LUMINARIES | kl. 3 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| SAND AND SORROW (MYNDVARPI) | kl. 3 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 | ENSKUR TEXTI | 16 |
| SURFWISE (MYNDVARPI) | kl. 6 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| THE BAND´S VISIT | kl. 6 - 8 | ENSKUR TEXTI | |
| BELLA | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | |
| THE AGE OF IGNORANCE | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | |
| BEAUFORT | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | 14 |
| WAR/DANCE (MYNDVARPI) | kl. 10.10 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 7 |
| LAKE OF FIRE (MYNDVARPI) | kl. 10.20 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 10 |
| THE KING OF KONG | kl. 10.20 | ÍSLENSKUR TEXTI | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 | 16 |
| THE ORPHANAGE (AUKAKRÓNUR 5%) | kl. 6 | 16 |
| THE EYE | kl. 10 | 16 |
| HORTON | kl. 4 (450 KR.) | |
| SPIDERWICK CRONICLES | kl. 4 (450 KR.) | 7 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE RUINS - POWER | kl. 8 og 10 | 16 |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 5.45, 8 og 10.15 | L |
| THE EYE | kl. 8 og 10 | 16 |
| SPIDERWICK CRONICLES | kl. 2, 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 2 | L |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHINE A LIGHT kl. 3D - 5:30D - 8D - (10:30D POWER) | | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| RUINS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| FOOL´S GOLD kl. 1:20 - 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 1 (3D) | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 3:30 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 6 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| STEP UP 2 | kl. 1:30 - 3:40 | 7 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ kl. 1:30D - 3:30D - 6D - 8D - 10D | | 10 |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | L |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| HANNA MONTANA | kl. 2 (3D) - 4 (3D) | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| JUNO | kl. 6 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 - 8 | 10 |
| THE EYE | kl. 10:10 | 10 |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 8 - 10 | 12 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 - 10 | 10 |
| UNDERDOG ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| FOOL´S GOLD | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHINE A LIGHT kl. 8 - 10:30 (POWER) | | 12 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 | 10 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 - 6 | 7 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | L |
| SHUTTER | kl. 10:10 | 16 |
| HORTON M/ÍSL TALI | kl. 4 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU











**ÓSVÍFIÐ PAR** Jimmy og Sarah Silverman láta ekki að sér hæða og fá stórstjörnur til að grínast með hvort annað.

# Samband Affleck og Kimmell á netið

**Spjallþáttastjórnandinn Jimmy Kimmell ákvað að svara gríni unnustu sinnar, Söruh Silverman, með heldur óhefðbundnum hætti. Svarið hefur vakið mikla athygli og yfir milljón manns hafa séð það á You Tube.**

Kimmel og Silverman eru einir vinsælustu grínarar Bandaríkjanna og hafa verið par síðan 2002. Fyrir nokkru birtist hún síðan í spjallþætti unnusta síns og sagðist hafa þagað yfir leyndarmáli í smá tíma. Í kjölfarið var síðan sýnt myndband sem bar hið skemmtilega nafn „I‘m fucking Matt Damon“ og þar mátti sjá Söruh og Damon lýsa bólförum sínum undir þéttu rokklagi. Myndband Söruh vakti mikla kátínu þar vestra og varð áhuginn svo mikill að vefsíða ABC-sjónvarpsstöðvarinnar lét nánast undan og nokkrar milljónir hafa horft á það á You Tube.

En ekki minnkaði álagið þegar Kimmell frumsýndi sitt myndband og svar í febrúar og kvikmyndablaðið Empire fjallar lítillega um. Lag grínarans heitir „I‘m fucking Ben Affleck“ og er varla hægt að þverfóta fyrir stórstjörnum sem láta þar ljós sitt skína. Kimmell og Affleck eiga þar í ástarsambandi en eins og flestir ættu að vita eru Affleck og Damon bestu vinir og unnu meðal annars Óskarinn fyrir handrit sitt að Good Will Hunting. Meðal þeirra sem koma við sögu eru Brad Pitt í hlutverki Fedex-sendils og Harrison Ford sem miðaldra hommi. Þeir sem syngja kórraddir eru síðan stórstjörnur á borð við Robin Williams, Cameron Diaz og Don Cheadle auk þess sem Ford lætur í sér heyra.



**FÓSTBRÆÐUR** Matt Damon og Ben Affleck eru miklir vinir og leika elskhuga þeirra Kimmells og Silverman í vinsælum myndböndum á You Tube.







## > Ólafur kominn í úrslitaleikinn



Ólafur Stefánsson og félagar í spænska liðinu Ciudad Real tryggðu sér í gærkvöld þátttökurétt í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í handbolta. Ciudad Real tapaði þá seinni leik sínum gegn þýska liðinu Hamburg 32-26 í Þýskalandi en Ciudad Real vann hins vegar fyrri leik liðanna á Spáni 34-27 og því einvígið samanlagt 60-59. Ólafur fór á kostum í gærkvöld og skoraði átta mörk í leiknum. Ciudad Real mætir líklega Kiel í úrslitaleiknum en þýska liðið rassskellti Barcelona 41-31 í fyrri leik liðanna á dögunum. Seinni leikur liðanna fer fram á morgun.

**sport**
sport@frettabladid.is

**VARNARMAÐURINN RAGNAR SIGURÐSSON:** HELDUR ÁFRAM AÐ SLÁ Í GEGN MEÐ IFK GAUTABORG Í SVÍÞJÓÐ

# *Hlakka til þess að mæta Garðari Gunnlaugssyni*



Landsliðsmiðvörðurinn Ragnar Sigurðsson hjá sænska meistaraliðinu IFK Gautaborg hefur haldið uppteknum hætti með liði sínu á þessu tímabili eftir að hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir frábæra spilamennsku í fyrra. Nú þegar þremur umferðum er lokið í Allsvenskan-deildinni hefur Ragnar til að mynda tvisvar sinnum verið valinn í lið umferðarinnar hjá sænska netmiðlinum Sportal og jafnan verið með hæstu mönnum í einkunargjöf sænsku dagblaðanna. IFK Gautaborg hefur farið ágætlega af stað í deildinni og er í fimmta sæti eftir að hafa gert tvö jafntefli á útivelli og unnið sinn eina heimaleik til þessa. Ragnar telur að liðið sé á réttri leið.

„Væntingarnar fyrir tímabilið hjá leikmönnum og stuðningsmönnum IFK Gautaborgar eru náttúrlega miklar eftir frábært tímabil í fyrra en að sama skapi erum við liðið sem öll hin liðin vilja vinna þannig að þetta verður hörð barátta. Ég tel að við eigum eftir að verða í toppbaráttunni aftur í ár en það eru mörg góð lið í deildinni sem verða þarna uppi líka, lið eins og Helsingborg, Kalmar, Elfsborg og Djurgården. Varnarlínan okkar var vægast sagt léleg í fyrsta leik tímbilsins en við erum allir að koma til og við þurfum að komast í sama gír og í fyrra til þess að blanda okkur í toppbaráttuna,“ sagði Ragnar, sem kann vel við breytingar þær sem fjölgun liða í sænsku deildinni hefur í för með sér.

„Það er spilað mjög stíft í deildinni núna eftir að liðunum var fjölgað úr fjórtán upp í sextán og ég er bara hæstánægður með það, þar sem það skemmtilegasta við fótboltann er náttúrlega að spila leikina. Við erum líka bókað best þjálfaða liðið í deildinni þar sem við erum búnir að æfa eins og skepnur á undirbúningstímabilinu og það á eftir að skila sér þegar líður á tímabilið,“ sagði Ragnar, sem mætir að öllu óbreyttu Garðari Gunnlaugssyni og félögum í Norrköping í dag.

„Ég meiddist örlítið í síðasta leik okkar og er tæpur fyrir leikinn gegn Norrköping. Ég reikna samt með því að spila frekar en ekki. Ég hlakka til þess að mæta Garðari aftur, þar sem ég spilaði á móti honum nokkrum sinnum þegar við vorum báðir að spila á Íslandi. En ólíkt því sem áður var, þá er ég núna í betra liði en hann,“ sagði Ragnar í léttum dúr.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

Keflavík-ÍR 106-73 (51-37)

**Stig Keflavíkur:** Bobby Walker 23, Tommy Johnson 22, Jón Norðdal Hafsteinsson 18, Magnús Þór Gunnarssson 16, Þröstur Jóhannsson 11, Gunnar Einarsson 6, Arnar Jónsson 4, Sigfús Árnason 4, Anthony Susnjara 2.

**Stig ÍR:** Nate Brown 18, Tahirou Sani 17, Sveinbjörn Claessen 14, Eiríkur Önundarson 8, Ómar Örn Sævarsson 6, Hreggviður Magnússon 6, Steinar Arason 2, Ólafur Sigurðsson 2.

### *N1-deild Karla*

Haukar-Fram 41-30 (17-12)

**Mörk Hauka (skot):** Elías Már Halldórsson 11 (12), Freyr Brynjarsson 7 (8), Andri Stefan 7 (14), Gunnar Berg Viktorsson 5/2 (5/2), Sigurbergur Sveinsson 5/2 (7/2), Þröstur Þráinsson 2 (2), Kári Kristján Kristjánsson 2 (3), Jón Karl Björnsson 1 (2/1), Gísli Jón Þórisson 1 (1), Halldór Ingólfsson (5/2)

**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 8 (28/3 28,6%), Gísli Guðmundsson 3 (13 23,1%)

**Hraðaupphlaup:** 15 (Elías 6, Freyr 3, Andri 2, Þröstur 2, Gunnar, Kári),

**Fiskuð víti:** 8 (Kári 5, Elías, Gísli, Gunnar)

**Utan vallar:** 8 mínútur

**Mörk Fram:** Rúnar Kárason 11/2 (18/2), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (5), Einar Ingi Hrafnsson 4 (6), Jón Björgvin Pétursson 4 (6), Daníel Berg Grétarsson 4 (6), Andri Berg Haraldsson 2/1 (4/2), Filip Kliszczyk 1 (4), Björn Guðmundsson (1), Jóhann Gunnar Einarsson (1), Hjörtur Hinriksson (2)

**Varin skot:** Magnús Gunnar Erlendsson 3 (16/2 18,8%), Björgvin Páll Gústavsson 14/3 (42/5 33,3%)

**Hraðaupphlaup:** 9 (Stefán 3, Jón 2, Daníel 2, Einar, Filip)

**Fiskuð víti:** 4 (Einar 2, Jóhann, Rúnar)

**Utan vallar:** 8 mínútur

Leikmenn ársins tilnefndir:

## Bara einn frá toppliðunum

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo er eini leikmaðurinn frá toppliðunum tveimur í ensku úrvalsdeildinni sem er tilnefndur sem besti leikmaður ársins.

Aðrir sem koma til greina eru Cesc Fabregas og Emmanuel Adebayor hjá Arsenal, Steven Gerrard og Fernando Torres hjá Liverpool og svo David James markvörður Portsmouth. - óój

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 12. apríl
Digranes kl. 14:00
HK - Stjarnan
Seltjarnarnes kl. 16.00
Grótta - Fram
Fylkishöll kl. 16.15
Fylkir - Haukar

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 12. mars
Mýrin kl. 14.00
Stjarnan - ÍBV
Varmá kl. 16.00
Afturelding - Valur

# Haukar Íslandsmeistarar 2008

**Lið Hauka úr Hafnarfirði varð Íslandsmeistari í N1-deild karla í handbolta í gærkvöldi þegar liðið sigraði Fram auðveldlega, 41-30, að Ásvöllum. Haukarnir búnir að bera af í vetur og eru vel að titlinum komnir.**



**FÖGNUÐUR** Haukarnir fögnuðu Íslandsmeistaratitlinum að Ásvöllum í gærkvöld eins og sjá má eftir auðveldan 41-30 sigur gegn Fram sem átti erfitt uppdráttar í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**HANDBOLTI** Haukar tryggðu sér í gær Íslandsmeistaratitilinn í handbolta í N1 deild karla þrátt fyrir að enn séu fjórar umferðir eftir af mótinu. Haukar rúlluðu yfir Fram, 41-30, þar sem liðið lék eins og Íslandsmeisturum sæmir.

Haukar hófu leikinn af krafti og náðu strax undirtökunum í leiknum. Þegar tíu mínútur voru liðnar munaði sjö mörkum á liðunum, 12-5. Því forskoti héldu Haukar allt þar til Sigurbergur Sveinsson meiddist rétt fyrir leikhlé, 17-10. Haukar misstu dampinn í sóknarleiknum við þetta áfall og Fram skoraði tvö síðustu mörk hálfleiksins og þau tvö fyrstu í þeim síðari.

Haukar svöruðu því með fjórum mörkum í röð og náðu aftur þægilegu sjö marka forskoti, 21-14. Fram náði að gera eina atlögu enn að forystu Hauka þegar liðið skoraði fimm mörk á tveimur mínútum um miðbik hálfleiksins og munurinn kominn niður í fjögur mörk, 28-24.

Haukar voru ekki á því að gera leikinn spennandi og skoruðu 12 mörk gegn 6 síðustu þrettán mínútur leiksins og unnu að lokum öruggan ellefu marka sigur, 41-30.

Liðsheildin var gríðarlega öflug hjá Haukum en fyrir henni fór Elías Már Halldórsson með 11 mörk. Elías átti erfitt uppdráttar í fyrstu leikjunum með Haukum eftir að hafa komið heim úr atvinnumennsku í janúar. „Það voru gríðarleg vonbrigði fyrir mig að koma heim og ég var smá tíma að ná áttum. Ég var óöruggur. Þetta hefur verið vaxandi og ég held að ég hafi sýnt öllum hvað ég get í kvöld [gærkvöld]. Það kom aldrei neitt annað til greina en klára þetta gegn Fram. Það sýnir karakterinn í þessu liði hvernig við klárum þetta. Menn vildu þetta mikið og við erum ekki hættir. Við ætlum að klára þessa fjóra leiki sem eftir eru með stæl.“



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Aron Kristjánsson hefur gert frábæra hluti með Haukaliðið í vetur. FRÉTTABLADID/DANÍEL

Elías er með samning við Hauka fram á sumarið. „Það er ekkert ákveðið með framhaldið. Það heillar mjög mikið að vera áfram í Haukum og fara í Meistaradeildina,“ sagði Elías kátur í leikslok.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var ekki síður glaðbeittur að leik loknum og vildi sérstaklega þakka umgjörðinni hjá Haukum að titillinn hafi komið í hús á hans fyrsta tímabili með liðið. „Það var stíll yfir þessu. Við klárum mótið þegar fjórar umferðir eru eftir. Strákarnir hafa staðið sig gríðarlega vel. Liðsheildin hefur virkað frábærlega í vetur. Menn hafa stigið upp til skiptis og ótrúlega samheldni í hópnum. Allir í kringum félagið hafa stigið upp og unnið frábært starf og við erum að uppskera eftir því,“ sagði Aron sem bjóst við jafnara móti í vetur. - gmi

Keflavík minnkaði muninn í 2-1 í einvíginu eftir 33 stiga sigur á ÍR í Sláturhúsinu í Keflavík í gærkvöld:

# Erum bestir þegar við spilum vel

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar vöknuðu af værum blundi og unnu sannfærandi 33 stiga sigur, 106-73, á ÍR í þriðja undanúrslitaleik liðanna í Iceland Express-deild karla.

Keflvíkingurinn Tommy Johnson var settur á bekkinn og svaraði því með því að skora jafnmörg stig í gær og hann hafði gert í fyrstu tveimur leikjunum.

„Þetta var upp á líf og dauða og það var ekki um annað að ræða en að koma til baka í kvöld. Það skipti engu máli hvort ég byrjaði á bekknum eða ekki,“ sagði Tommy. Spurður hver var helsti munurinn á liðinu sagði hann: „Við vorum miklu grimmari í vörninni og fundum aftur viljann til þess að vinna,“ sagði Tommy.

Sigurður Ingimundarson, breytti eins og áður kom fram byrjunarliðinu og það gekk fullkomlega upp og ekki síst það að setja Arnar Frey Jónsson inn í byrjunarliðið. Arnar Freyr átti 13 stoðsendingar og stal 5 boltum og stjórnaði Keflavíkursókninni með glæsibrag.

„Stuðningsmennirnir sungu í lokin að Risinn væri vaknaður en við ætluðum bara að koma og stúta þeim. Það er ekki möguleiki að Keflavík tapi þremur leikjum í röð,“ sagði Arnar Freyr.

„Við ætluðum að koma brjálaðir til leiks og við sýndum að við erum bestir þegar við spilum vel og erum með hausinn á réttum stað. Keflavík hefur aldrei lent í þessari stöðu áður og við ætlum að vera fyrstir til þess að koma til baka,“ sagði Arnar Freyr.

ÍR-ingar gengu hreinlega á vegg í gær og þá sérstaklega Hreggviður Magnússon sem lenti í útistöðum strax í byrjun leiks sem virtust ná honum úr jafnvægi enda fór svo að hann skoraði ekki sitt fyrsta stig fyrr en 1:37 var eftir af þriðja leikhlutanum.

„Við mættum hingað til þess að spila körfubolta eins og við höfum verið að gera en þetta var glíma til þess að byrja með. Það er voðalega erfitt að spila á móti svona. Þeir spiluðu hrikalega fast og við vorum ekki nógu harðir að taka á móti því. Það er ekki nýtt í íslenskum körfubolta að menn fái svona móttökur hérna en þá reynir á liðið að taka á móti af sama krafti og láta þetta ekki setja sig út af laginu,“ sagði Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari ÍR. - óój



**EKKI HÆTTIR** Magnús Þór Gunnarsson átti fínan leik í gær. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Jim Carrey

„Áður en Ace Ventura varð til hafði engum leikara dottið í hug að tala í gegnum rassinn á sér," sagði leikarinn Jim Carrey einu sinni, þó ekki í gegnum rassinn á sér. Carrey leikur í myndinni Fun with Dick and Jane sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: KAREN KJARTANSDÓTTIR SAKNAR UMRÆÐNA UM FRIENDS OG BEÐMÁL Í BORGINNI**

## *Það vantar hetjuna í handritið*

Einu sinni var auðvelt að ræða við vini og kunningja. Helstu umræðuefnin voru sjónvarpsþættir og hlegið var að uppátækjum persónanna í Friends og tálkvendanna í Beðmálum í borginni. Þetta voru góðir tímar en nú er öldin önnur því nær allir virðast félagar mínir hafa fengið áhuga á fjármálum og bankastarfsemi.

Mér finnst hálf ógeðfellt að heyra orð eins og vogunarsjóði og skortstöðu nefnd í partíum en reyni þó alltaf mitt besta til þess að vera fyndin og sjá hlutina í spaugilegu ljósi. Þegar einhver segir til dæmis sorgmæddur: „Það er bara skelfilegt að einhverjir fulltrúar vogunarsjóða sjái sér hag í því að koma Íslandi á hausinn með því að tala niður íslenskt efnhagslíf," þá flissa ég innra með mér og ímynda mér ljót nörd með vatnsgreitt hár sem skyndilega setja á sig kúrekahatt og stæla svip Clints Eastwood. Í hugskotssjónum mínum segja þeir með sjálfum sér: „Það talar enginn um



þjóðarmorðin í Armeníu vegna þess að öllum stendur á sama um Armena, það vita samt allir að þau áttu sér stað," síðan kurrar í þeim af hlátri og þeir setja tannstöngul í annað munnvikið og segja: „Ég ætla að koma Íslandi á hausinn, allir munu vita það en öllum á eftir að standa á sama." Ég sé þetta fyrir mér eins og bráðspennandi bíómynd og verð æst. Verst er að persónan sem ég þarf að notast við í hlutverki hetjunnar er bara Davíð Oddsson. Hann er bara ekki heppilegur í hlutverkið. Honum virðist slétt sama um bankana og þegar hann hækkar stýrivexti, sem virðist hans eina vopn gegn árásum, dugar það ekki til, sama hversu oft það er gert. Ég óska eftir öðrum manni í hlutverkið því þó að ég hafi ekkert sérstakan áhuga á þessum málum vil ég að yfirfærsla mín úr raunveruleikanum yfir á óskrifað kvikmyndahandrit í huga mér sé trúverðug. Davíð er ekki trúverðugur.

## EKKI MISSA AF



▶ **13.50 Bolton-West Ham** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **15.40 Keflavík-ÍR** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.10 Matilda** STÖÐ 2



▶ **22.45 Material Girls** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.50 Boondocks** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn, Skúli skelfir, Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar

**10.00 Einu sinni var... - Maðurinn**

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan**

**11.45 07/08 bíó leikhús**

**12.15 Jörðin og náttúruöflin** (5:5)

**13.10 Leyndarmál kynjanna** (2:3)

**14.05 Íslandsmótið í atskák 2007**

**15.50 Brúðuheimilið verður til**

**16.55 Ofvitinn** (18:23)

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.10 Söngkeppni framhaldsskólanna 2008** Bein útsending frá Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fer í Íþróttahöllinni á Akureyri.

▶**22.45 Tildurrófur** (Material Girls) Bandarísk gamanmynd frá 2006. Tvær ríkar systur, erfingjar snyrtivörufyrirtækis, vakna upp við vondan draum þegar þær missa auð sinn vegna hneykslismáls. Leikstjóri er Martha Coolidge og meðal leikenda eru Hilary Duff, Haylie Duff, Maria Conchita Alonso, Anjelica Huston og Lukas Haas.

**00.20 Raddir að handan** (White Noise)

**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Dear Frankie**

**08.00 Melinda and Melinda**

**10.00 The Mupptet´s Wizard of Oz**

**12.00 Fun With Dick and Jane**

**14.00 Dear Frankie**

**16.00 Melinda and Melinda**

**18.00 The Mupptet´s Wizard of Oz**

**20.00 Fun With Dick and Jane** Sprenghlægileg gamanmynd.

**22.00 War of the Worlds** Stórmynd frá Steven Spielberg, byggð á margfrægri vísindaskáldsögu H.G. Wells, með Tom Cruise.

**00.00 Transporter 2**

**02.00 State Property**

**04.00 War of the Worlds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney**

**07.25 Krakkarnir í næsta húsi**

**07.50 Fífí**

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo, Louie og Tomma og Jenna

**10.30 Good Boy!** (Góður strákur!)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.10 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.50 Bold and the Beautiful**

**14.15 American Idol** (26:42)

**15.00 American Idol** (27:42)

**15.50 Friends** (4:24) (Vinir)

**16.10 Friends** (5:24) (Vinir)

**16.35 Tim Gunn´s Guide to Style** (1:8)

**17.25 Sjáðu**

**17.55 Sjálfstætt fólk**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

▶**19.10 Matilda** Matthildur er stúlka sem býr yfir einstökum hæfileikum. Hún er fær um að ná árangri í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Hæfileikarnir eru þó enn öllum huldir því foreldrar hennar eru of uppteknir við sitt. Það er ekki fyrr en Matthildur fer í skóla sem ástandið batnar og boltinn fer að rúlla. Einn kennaranna sér strax að hún er um margt ólík öðrum börnum og hefur alla burði til að láta gott af sér leiða. Aðalhlutverk: Danny Devito, Rhea Perlman, Embeth Davidtz og Pam Ferris. 1996. Leyfð öllum aldurshópum.

**20.50 Rebound** (Frákast)

**22.15 Sylvia** Sannsöguleg rómantísk ástarsaga með Gwyneth Paltrow og Daniel Craig. Myndin lýsir á afar áhrifaríkan hátt eldheitu ástarsambandi ljóðskáldanna Sylviu Plath og Ted Hughes en tilfinningasemi hennar og sálarkreppa bar ástina og hjónaband þeirra ofurliði . Aðalhlutverk. Gwyneth Paltrow, Jared Harris, Daniel Craig. Leikstjóri. Christine Jeffs. 2003. Bönnuð börnum.

**23.50 Kill Bill**

**01.40 The Machinist**

**03.20 The Singing Detective**

**05.05 Tim Gunn´s Guide to Style** (1:8)

**05.50 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.50 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Arsenal)

**09.30 NBA körfuboltinn** (Houston - Phoenix)

**11.30 Utan vallar**

**12.20 Augusta Masters 2008** Útsending frá Augusta Masters mótinu í golfi.

**14.15 Inside Sport**

**14.40 World Supercross GP**

▶**15.40 Iceland Expressdeildin 2008** (Keflavík - ÍR) Bein útsending frá þriðja leikÚÚtsending frá leik Keflavíkur og ÍR í úrslitakeppni Iceland Express deildarinnar.

**17.20 Spænski boltinn** (Betis-Barcelona)

**19.00 Augusta Masters Official Film**

**20.00 Augusta Masters 2008** Bein útsending frá Augusta Masters mótinu í golfi þar sem Tiger Woods mætir til leiks og reynir að skáka sigurvegara síðasta árs, Zach Johnson.

**23.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik Recreativo og Barcelona í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.55.

**00.40 Box - Felix Trinidad - Roy Jones Jr.** Útsending frá bardaga Roy Jones Jr. og Felix Trinidad sem fór fram laugardagskvöldið 19. janúar.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.10 Arsenal - Liverpool**

**09.50 Premier League World**

**10.20 PL Classic Matches**

**10.50 PL Classic Matches**

**11.20 PL Classic Matches**

**11.50 PL Classic Matches**

**12.20 Goals of the season**

**13.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

▶**13.50 Bolton - West Ham** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Bolton og West Ham. Sport 3. Reading - Fulham Sport 4. Birmingham - Everton Sport 5. Tottenham - Middlesbrough Sport 6. Sunderland - Man. City

**16.00 Portsmouth - Newcastle** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Portsmouth og Newcastle.

**18.10 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina.

**19.30 4 4 2**

**20.50 4 4 2**

**22.10 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

## SKJÁREINN

**11.00 Vörutorg**

**12.00 World Cup of Pool 2007** (23:31)

**12.50 Rachael Ray** (e)

**15.50 Top Gear** (e)

**16.40 Skólahreysti** (e)

**17.30 Psych** (e)

**18.20 Survivor. Micronesia** (e) Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendunum úr fyrri Survivor-seríum.

**19.10 Game tíví** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 Jericho** (e) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríkum smábæ sem einangraðist frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.

**21.00 Boston Legal** (e) Carl Sack og Katie Lloyd verja fyrirtækið í skaðabótamáli sem umhverfissamtök höfða eftir að Denny Crane laug til um hversu umhverfisvæn lögfræðistofan væri. Alan Shore aðstoðar Clarence Bell í baráttu við bankastofnun og Whitney Rome mætir 14 ára strák í réttarsalnum.

**22.00 Life (e)** Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.

▶**22.50 The Boondocks - Lokaþáttur** Bráðfyndin teiknimyndasería með kolsvörtum húmor fyrir fullorðna. Aðalsöguhetjurnar eru bræðurnir Huey og Riley og afi þeirra, Robert. Bræðurnir alast upp í einu hættulegasta og grófasta hverfi Chicago en flytja í úthverfi með afa sínum og finna ólíkar aðferðir til að aðlagast breytingunni.

**23.15 Svalbarði (**e)

**00.05 C.S.I.** (e)

**00.55 Law & Order**

**01.45 Professional Poker Tour**

**03.10 C.S.I.**

**04.00 C.S.I.**

**04.50 Vörutorg**

**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Rebound



Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Martin Lawrence. Hann leikur þjálfara háskólakörfuboltaliðs sem missir stjórn á skapi sínu og hlýtur þá refsingu að taka að sér þjálfun grunnskólaliðs. Með önnur hlutverk í þessari skemmtilegu mynd fara Megan Mullally úr Will and Grace og Breckin Meyers úr Garfield.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Söngkeppni framhaldsskólanna

**Sjónvarpið kl. 20.10**

Í kvöld verður bein útsending frá hinni árlegu Söngkeppni framhaldsskólanema sem fram fer í Íþróttahöllinni á Akureyri. Mikið er lagt í keppnina eins og endranær og glæsilegir fulltrúar 32 framhaldsskóla leika þar listir sínar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Að rækta fólk
**15.25** Vorhret í sólskinskistunni
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og augýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Smásaga: Miðillinn
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Á hljóðbergi: Wall Street Sweetie
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.00 Hollyoaks**
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**18.00 Skífulistinn**
**19.00 Talk Show With Spike Feresten**
**19.30 Comedy Inc.** (10:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**20.00 Hæðin** (4:8)
**20.45 Entourage** (1:20) Ari reynir að takast á við fjárhagserfiðleika og hið nýja skrifstofurými, sem er ólíkt því sem hann er vanur. Leitin að hinu fullkomna stefnumóti fyrir Vince fer á fullt.
**21.15 The Class** (1:19) The Class er bráðskemmtilegur nýr gamanþáttur úr smiðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
**21.45 Talk Show With Spike Feresten**
**22.10 Comedy Inc.** (10:22)
**22.35 Hæðin** (4:8) Í þessum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð.
**23.25 Entourage** (1:20)
**23.50 The Class** (1:19)
**00.25 Skífulistinn**
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**9.30** EastEnders **10.00** The Weakest Link **11.00** Big Cat Diary **11.30** Big Cat Diary **12.00** Wildlife Specials **13.00** Wild Indonesia **14.00** Animal Crime Scene **15.00** Animal Park: Wild in Africa **15.30** Animal Park: Wild in Africa **16.00** Ray Mears' Extreme Survival **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** The Weakest Link **19.00** The Murder Room **20.30** Next of Kin **21.00** Only Fools and Horses **21.30** Coupling **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** The Murder Room **0.30** Next of Kin **1.00** Only Fools and Horses **1.30** Coupling **2.00** The Murder Room

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **11.35** Family Guy **12.00** Her kommer eliten **12.30** Truslen fra dybet **13.10** Nationen **13.30** Miss Marple: **16:50** fra Paddington **15.05** OBS **15.10** Før Søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hvaffor en hånd **16.00** Løgnhalsen som tandlæge **16.30** TV Avisen med Vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Boogie Prisen **19.30** Kriminalkommissær Barnaby **21.05** Kodenavn: Jane Doe **22.25** Conviction

## NRK 1

**9.15** Gjensynet: Anne Marie Ottersen **10.15** Bedre enn sitt rykte **11.40** Kunnskapskanalen 2008: Hannah Arendt: Politikk og filosofi **12.10** Nordiske kunstnere: Jesper Just **12.15** Kampen om sannheten **13.00** Hornsleths prosjekt **14.35** Drømmerollen **15.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **16.00** Barnas supershow **16.30** Fra 7-ende til 8-ende **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Åpningsgalla Den Norske Opera & Ballett **19.25** Kafé Opera **19.55** Åpningsgalla Den Norske Opera & Ballett **21.20** Kveldsnytt **21.35** Vera Drakes hemmelegheit **23.35** Dansefot jukeboks med chat **2.00** Country jukeboks

## SVT 1

**10.15** Barnmorskorna **10.45** Morgonsoffan **11.15** Kobra **11.45** Andra Avenyn **12.15** Andra Avenyn **12.45** Andra Avenyn **13.15** Uppdrag Granskning **14.15** Häxdansen **15.00** Så ska det låta **16.00** Bolibompa **16.05** Disneydags **17.00** Eva och Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Glasklart **19.00** Sixties **19.30** Svindlarna **20.25** The Human Stain **22.10** Rapport **22.15** Karl för sin kilt


CITROËN



Reynsluaktu Jumper
frá kl. 12 til 16
frumsýning
Akureyri Reykjavík
Fáðu þér Kaffi og kleinur

**Nýr vinnustaður.**
**Nýr sendibíll.**
**Nýr Citroën Jumper.**

Prófaðu nýja sendibílinn frá Citroën. Citroën Jumper er hagkvæmur kostur fyrir kröfuharða rekstraraðila. Jumper er afkastamikill vinnustaður í alla staði. 2,2 lítra túrbóvélin er 100 hestafla og togar 250 Nm. Þú velur á milli stærða: Jumper L1H1 og L2H1. Taktu eftir að Jumper er mjög vel útbúinn vinnustaður. Öflugt öryggiskerfi með stöðugleikastýrikerfi. Frábærum þægindabúnaði eins og sjálfvirki Webasto miðstöð. Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg í dag.

**Sjáðu tegundir og verð**

**Citroën Jumper L1H1:**
2,2 HDi 100 hö 250 Nm 5 gíra beinskiptur
6 dyra vinnustaður á hjólum
8 rúmmetra hleðslurými 1.155 kg burðargeta
Verð 3.590.000 kr.*
Dísilnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km
CO2 losun 193 g/km

**Citroën Jumper L2H1:**
2,2 HDi 100 hö 250 Nm 5 gíra beinskiptur
6 dyra vinnustaður vinnustaður á hjólum
10 rúmmetra hleðslurými 1.115 kg burðargeta
Verð 3.690.000 kr.*
Dísilnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km
CO2 losun 193 g/km

**Staðalbúnaður fyrir kröfuharða**

- Stöðugleikastýrikerfi
- Tímastillanleg Webasto miðstöð
- Hringrásarstilling á miðstöð
- Frjókornasía í miðstöð
- Rennihurðir beggja vegna án glugga
- Tvískiptar afturhurðir með 180° opnun
- Rúður í afturhurðum
- Hiti í báðum afturrúðum
- Samlæsing fyrir allar hurðir
- Fjarstýrð samlæsing
- Rafdrifnir hliðarspeglar
- Stefnuljós í hliðarspeglum
- Tauáklæði á sætum
- Sæti fyrir einn hjá ökumanni
- Fjölstillanlegt ökumannssæti
- Hiti í framsætum
- Öryggispúðar í stýri og mælaborði fyrir farþega
- Öryggispúði farþega aftengjanlegur
- Viðvörunarljós vegna öryggispúða
- 3ja punkta öryggisbelti í báðum sætum
- Hæðarstillanleg öryggisbelti
- Rafstýrðir bílbeltastrekkjarar
- Spólvörn
- Hemlaljós fyrir ofan afturhurð
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- Ræsitengd þjófavörn
- Höfuðpúðar á sætum
- Armpúði á ökumannssæti
- Armpúði á farþegasæti
- Rafmagnsmiðstöð í farþegarými
- Aðdraganlegt stýrishjól
- Gírstöng í mælaborði
- Snúningshraðamælir
- Dagljósabúnaður
- Hæðarstillanleg aðalljós
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki
- Útvarp
- Geislaspilari
- 4 hátalarar
- Aurhlífar að framan og aftan
- Hlífðarpanna að framan
- 15" stálfelgur
- Sýnilegt verksmiðjunúmer

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## PERSÓNAN

*Sveinbjörn Claessen*



**Aldur:** 22 ára.
**Starf:** Laganemi við Háskólann í Reykjavík.
**Fjölskylda:** Í sambúð með Örnu Hlín Daníelsdóttur.
**Foreldrar:** Gunnlaugur Claessen og Guðrún Sveinbjörnsdóttir.
**Búseta:** Kapellustígur 3 í Grafarholti.
**Stjörnumerki:** Fiskar

Sveinbjörn Claessen hefur farið mikinn með liði sínu ÍR í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfuknattleik.

# Lukkujakki Stjórnarinnar til Belgrad

„Ég ætla að grafa þennan jakka upp og hann fær að fljóta með í ferðatöskunni sem lukkugripur," segir Grétar Örvarsson, aðspurður hvort að blómajakkinn góði sem hann klæddist í Eurovision-forkeppni Ríkissjónvarpsins fari ekki með til Belgrad. Grétar dustar sem kunnugt er rykið af Eurovision-skónum eftir sextán ára hlé og syngur bakraddir hjá þeim Friðriki Ómari og Regínu Ósk á stóra sviðinu í Serbíu. Síðast var Grétar í eldlínunni þegar lagið Nei eða já náði 7. sætinu í Malmö árið 1992 en besta árangrinum náði hann hins vegar tveimur árum áður þegar Stjórnin söng sig í fjórða sætið í Zagreb, þá höfuðborg gömlu Júgóslavíu.

Grétar tók sér ekki langan tíma til umhugsunar þegar kallið kom frá þeim Friðriki og Regínu enda þekkir hann vel til þeirra beggja. „ Já-svarið kom eiginlega bara strax," segir Grétar, sem hefur góða tilfinningu fyrir gengi Eurobandsins. „Þau eru bara svo rosalega flottir og kraftmiklir flytjendur að það er eiginlega ekkert annað hægt." Auk bakraddasöngvaranna verður sjálft Eurobandið með en það mun spila undir þegar hópurinn treður upp „live". „Við vildum hafa það með og ég held að við séum eitt örfárra atriða sem er með alvöru hljómsveit með okkur," útskýrir Grétar, sem er þó ekkert að stressa sig um of þótt íslenska þjóðin fari yfirleitt á límingunum þegar flautað er til leiks.

Grétar viðurkennir hins vegar að hann sé enginn sérstakur Eurovision-aðdáandi og hann hafi ekkert lagt sig í líma við að fylgjast með þróun keppninnar. Hann segir hins vegar að annar blær sé yfir keppninni en tekur þó ekki undir að Eurovision sé eitthvert „frík-sjó". „Lagið sem vann í fyrra var til að mynda mjög lágstemmt og vel flutt lag og ég held að þær vestrænu þjóðir sem senda kalkúna og aðra slíka hluti séu bara svekkt yfir lélegu gengi undanfarinna ára." **-fgg**



**KLÁR Í SLAGINN** Grétar Örvarsson státar af bestum samanlögðum árangri í Eurovision en hann hefur náð bæði fjórða sæti og því sjöunda. Jakkinn góði fer með til Belgrad.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** langar **6.** eftir hádegi **8.** mánuður **9.** lítið býli **11.** tveir eins **12.** klór **14.** smápeningar **16.** pípa **17.** iðka **18.** kvabb **20.** persónufornafn **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þilfar **3.** 999 **4.** peningar **5.** tala **7.** holdlaus **10.** þvottur **13.** útsæði **15.** réttur **16.** egna **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vilt, **6.** eh, **8.** maí, **9.** kot, **11.** uu, **12.** krafs, **14.** aurar, **16.** æð, **17.** æfa, **18.** suð, **20.** ég, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** dekk, **3.** im, **4.** lausafé, **5.** tíu, **7.** horaður, **10.** tau, **13.** fræ, **15.** rağú, **16.** æsa, **19.** ðð.

NEYTENDASTOFA: AUGLÝSINGAR SKULU EKKI SIGLA UNDIR FÖLSKU FLAGGI

# Jón Gnarr á gráu svæði

Nýtt myndband Merzedes Club hefur vakið athygli og hlotið með ólíkindum mikla spilun á You Tube. „50 þúsund heimsóknir á innan við sólarhring en ekkert vídeó hefur fengið svo margar heimsóknir," segir Egill Einarsson í MC harla ánægður. Eftir frumsýningu myndbandsins og mikla umfjöllun, þar sem það var auglýst sem kynþokkafyllsta og dýrasta myndband sögunnar, kom á daginn að því er ekki ætlað að vekja athygli á listrænum afrekum Merzedes Club heldur er liður í markaðsherferð Símans og Frelsiskorti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostaði myndbandið hátt í tíu milljónir króna. Maðurinn á bak við auglýsinguna er Jón Gnarr hjá Enn-Emm auglýsingastofu. Hann samdi jafnframt textann við lagið ásamt höfundi þess Barða Jóhannssyni.

Að auglýsing sigli undir fölsku flaggi er á gráu svæði og varðar við lög. Hjá Neytendastofu, neytendaréttarsviði, er Matthildur Sveinsdóttir. Hún segist ekki geta tjáð sig um þetta einstaka tilvik því hún hafi ekki séð myndbandið. Og engar kvartanir hafi borist þess vegna enn sem komið er. En í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, sem Neytendastofa starfar eftir, er skýrt á kveðið um að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingu sé að ræða. „Í fyrstu málsgrein segir að þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla."

Í siðareglum SÍA, Samtaka íslenskra auglýsingastofa, er einnig talað um þetta sem og í 16. grein þar sem segir: „Villandi auglýsing skal ekki réttlætt með því að benda á að auglýsandi hafi síðar séð neytendum fyrir réttri vitneskju."

„Dulbúin auglýsing... Já, ég veit það ekki. Mér finnst þetta fyrst og fremst fyndið," segir Jón Gnarr sem einmitt komst í deigluna þegar hann gerði mjög umdeilda auglýsingu einmitt fyrir Símann sem byggði á síðustu kvöldmáltíðinni.

„Ég hef verið að leita nýrra leiða með að gera óvenjulegar og skapandi auglýsingar og forsvarsmenn Símans eru framsýnir og nýjungagjarnir. Auglýsingin er óheftbundin en fyrst og fremst fyndin. Koma aftan að fólki? Það er heila málið."

Jón segir aðspurður þeirrar skoðunar að þetta sé siðlegt. „Þó ég sé ekki síkópati. Ég hef farið í próf á netinu og það er allt í lagi með það." Jón játar fúslega að auglýsingin sé á gráu svæði en einmitt þar finnst honum skemmtilegast að vera. „Mín ættjörð. Grá svæðið. Sífellt erfiðara er, í þessum auglýsingaheimi, að finna leiðir. Þetta er tilraun til þess og ég mun halda því áfram," segir Jón Gnarr. **jakob@frettabladid.is**



**AUGLÝSING Í DULARGERVI** Víst er að vídeóið sem reyndist auglýsing brýtur í bága við lög og ýmis ákvæði. Hitt er hvort einhver nennir að elta ólar við það.



**JÓN GNARR** Segir auglýsinguna ekki siðlausa en Jón tók próf á netinu sem leiddi í ljós að hann sé ekki síkópati.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Uppfærsla Vesturports á kvikmynd Lukasar Moodysson, Kommúnan, var frumsýnd í Mexíkó í gær. Sýningin hefur vakið mikla athygli þar í landi enda leikur ein helsta stjarna landsins, **Gael Garcia Bernal**, eitt aðalhlutverkanna. Bernal mátti hlaupa undan blaðamönnum og aðdáendum sem vildu fá að spyrja hann um dvölina á Íslandi en ekki gekk þrautarlaust að koma hópnum inn í landið því bæði leikmyndin og búningarnar festust í tollinum.



**Auðunn Blöndal** er að færa sig eilítið meir yfir íþróttasviðið og íþróttafréttamennsku. Eins og mörgum ætti að vera kunnugt hefur Auðunn verið drifkrafturinn í stuðningsmannaklúbbi íslenska landsliðsins í handbolta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er grínistinn nú að fara á fullt með nýja þætti þar sem hann hyggst fylgja eftir íslenskum atvinnumönnum í körfubolta, handknattleik og fótbolta á þeirra heimaslóðum og spyrja þá spurninga sem engum öðrum en honum gæti dottið í hug.

Leikritið Mammamamma var frumsýnt í gærkvöldi við mikla viðhöfn. Leikstjóri sýningarinnar er Charlotte Böving en leikverkið tekur á því viðkvæma sambandi sem er milli mæðra og dætra. Sjálf á Charlotte von á tvíburastelpum með eiginmanni sínum **Benedikt Erlingssyni** en hún er þó ekki sú eina sem ber barn undir belti í sýningunni því ein aðalleikkona sýningarinnar, Birgitta Birgisdóttir, er kona ekki einsömul eins og greint hefur verið frá. **- fgg**




PENZIM

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana



Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND



Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is


# Kalli Lú sér um Norðurlandatúr Bocelli

„Við erum að fara með hann í tónleikaferð í október um Norðurlöndin," segir Karl Lúðvíksson, einn eigenda fyrirtækisins Fabulus ehf. Fyrirtækinu hefur verið falið það verkefni að sjá um Norðurlandatúr söngvarans Andrea Bocelli. „Þetta kom nú bara fyrst til umræðu í bíl á leiðinni niður á Sjávarkjallara eftir tónleikana hans hérna heima. Þau voru svo ánægð með hvernig við stóðum að þessu og sögðu að þetta væri í standard sem þau hefðu ekki kynnst á ferðum sínum um heiminn," segir Karl.

Viðkomustaðir Bocelli undir handleiðslu Kalla og félaga verða Parken í Kaupmannahöfn, Globen í Stokkhólmi, Spectrum í Osló og svo Hartwall Arena í Helsinki.

Kalli stóð einn að því að flytja inn Bocelli til Íslands en hefur fengið fleiri manns inn í fyrirtækið með sér – enda viðfangsmiklir hlutir upp á teningnum. Bocelli mun fylgja sami mannskapur og á Íslandi fyrir utan eina söngkonu sem er stórt nafn að sögn Karls, og er ekki frá Norðurlöndunum.

Fagmannleg vinnubrögð Karls og félaga hjá Fabulus hafa spurst út til plöturisans Universal, sem gefur út plötur Bocelli. „Þeir hafa viðrað það við okkur hvort við hefðum áhuga á að taka að okkur tónleikahald fleiri stórra nafna á þeirra vegum."

Formleg miðasala á tónleikaröðina í október er ekki hafin en þó er byrjað að selja fyrirtækjum miða á viðburðina. Kalli segir að þó nokkuð sé um að íslensk fyrirtæki með skrifstofur í viðkomandi löndum séu að bóka miða á tónleikana. „Þetta gengur vel og hittir líka skemmtilega á að hann verður nýbúinn að senda frá sér plötu í október." **- shs**



**ANDREA BOCELLI** Stólar á Kalla Lú.



**KARL LÚÐVÍKSSON** Sér um Norðurlandatúr Andrea Bocelli.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Komdu og upplifðu

veröld hvíldar



Fermingartilboð
**Chiro Standard**
120 x 200 cm
82.900 kr.
*Dýna, leðurklæddur botn og lappir*



Rúmumgjörð
**Super Z TM-Line**
180 x 200 cm
152.800 kr.
*Gafl og rammi í svörtum ask*



Stillanlegt rúm
**Gravity Zero PT**
2 x 90 x 200 cm
693.910 kr.
*Aukahlutir á mynd:*
*náttborð og heilsukoddar*



Svefnsófatilboð
**Senseo - svefnsófi**
Dýna: 140 x 200 cm
179.900 kr.
*Mikið úrval*

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar


## *Með trukki en líka dýfu*

Þegar hátt bensínverð og ósanngjarnar vinnureglur tóku að renna flutningabílstjórum til rifja gerðu þeir sér lítið fyrir, lögðu stóru trukkunum sínum úti á mikilvægum umferðargötum á annatíma og tepptu þar með alla umferð. Bílarnir eru atvinnutæki þeirra og þar af leiðandi skiptir bensínverð þá miklu máli. Þeim finnst þeir líka eiga það skilið að stjórnvöld hlusti á kröfur þeirra því annars er þeim að mæta. Í krafti samstöðu sinnar og bílanna stóru geta þeir líka valdið talsverðum óskunda.

**ÞEGAR** bílstjórunum hugnaðist loksins að halda aftur af stað óku þeir beinustu leið niður í Kirkjustræti þar sem bílflautið drundi svo minnti á gömlu almannavarnarflauturnar. Vitaskuld hafa margir fundið til með konunni sem beið fyrir aftan þessa þrautgóðu flutningabílstjóra og hafði verið á leiðinni á slysavarðstofuna með handleggsbrotið barn en þegar bensínverð er orðið of hátt verða allir að leggjast á árar – hvort sem þeir eru handleggsbrotnir eða ekki. Hátt bensínverð nær náttúrlega ekki nokkurri átt! Þá fyrst fær maður nóg!

**HINN** 3. apríl birti Morgunblaðið eftirfarandi fyrirsögn: „Eitt hjól til taks ef illa skyldi fara“ og mynd sýndi slökkvi- og sjúkraflutningamann á mótorhjóli. „Í löngum biðröðum getur ýmislegt komið upp á, hvort sem er fæðing eða hjartastopp og þá felst öryggi í að einhver komist til að veita fyrstu hjálp,“ fullyrðir maðurinn sem í fréttinni er sagður hafa „verið á sveimi á hjólinu í tengslum við mótmæli atvinnubílstjóra undanfarna daga“. Kannski einhver hafi róast við að vita af þessum súpermanni á mótorhjóli en á aðra hafði fréttin þveröfug áhrif. Hún sýndi svart á hvítu hverjar afleiðingarnar geta orðið þegar mikilvægar umferðaræðar teppast.

**HÉR** á landi er til fullt af fólki sem finnst það órétti beitt. Það fær til dæmis lág laun og þarf að vinna langan vinnudag til að hafa í sig og á. Og börn þess líða fyrir. Samt sem áður hættir þetta fólk ekki lífi og limum annarra til að reyna að bæta kjör sín. Næst þegar ég á leið framhjá Alþingishúsinu ætla ég að hugsa til þessa fólks á meðan ég legg barnavagninum – ekki úti á götu auðvitað, heldur bara uppi á gangstétt. Síðan mynda ég stút á varirnar og flauta.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 12. apríl, 103. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.05 | 13.28 | 20.53 |
| Akureyri | 5.44 | 13.13 | 20.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


